Á sviði mennta og menningar gerir ný ríkisstjórn talsverðar breytingar til hækkunar, sé miðað við forsendur fjármálaáætlunar. Þar má nefna 450 m.kr. framlag til máltækniverkefnis og þá eru framlög til framhaldsskóla aukin um 400 m.kr. og framlög til háskóla um 1 ma.kr. Er þetta liður í að auka gæði náms á þessum skólastigum og er markmiðið að hækka framlög á hvern ársnemenda háskólanna þar til þau verða orðin sambærileg við OECD ríkin árið 2020 og síðan við Norðurlöndin árið 2025.

Alls aukast framlög til mennta-, menningar- og íþróttamála um 5,5 ma.kr. milli fjárlaga 2017 og 2018.

Veruleg aukning er til ýmissa verkefna á sviði samgöngu- og fjarskiptamála, samtals 3,6 ma.kr., og til umhverfismála eða 1,7 ma.kr. til að vinna upp málahalla úrskurðarnefndar, byggja upp innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, til átaksverkefnis um friðlýsingar og til að stofna loftslagsráð. Einnig er veitt 90 m.kr. framlag til vöktunar á ám vegna mögulegrar erfðablöndunar frá laxeldi í sjókvíum.

Að auki er gert ráð fyrir fjárheimildum til að standa vörð um hagsmuni Íslands vegna útgöngu Breta úr ESB og til að greiða sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, í samræmi við stefnu ríkisstjórnar um að efla Alþingi. Framlög eru skilgreind til að fylgja eftir og greina áherslumál; aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu; undirbúa heilbrigðisstefnu og kerfisbreytingar í heilbrigðismálum; og auka vinnslu og miðlun upplýsinga og tölfræði um ferðaþjónustu, húsnæðismál og hagvísa menningar.

## Skattbreytingar

Ný ríkisstjórn stefnir að því að halda áfram að draga úr álögum, gera skattheimtu sanngjarnari og tryggja skilvirkt skatteftirlit. Ríkisstjórnin hyggst leggja áherslu á lækkun tekjuskatts í neðra skattþrepi á kjörtímabilinu, en umfang og tímasetningar ráðast af framvindu samninga á vinnumarkaði. Þá er það einnig forgangsmál á kjörtímabilinu að lækka tryggingagjald.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar talsverðar breytingar á skattaumhverfinu til hagsbóta fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þessar breytingar ásamt ýmsum ytri áhrifum hafa stuðlað að verulegri aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna og gert verslun á Íslandi samkeppnishæfa í alþjóðlegum samanburði. Jafnframt hefur vægi virðisaukaskatts sem skattstofns vaxið.



Í svokölluðum bandormi, frumvarpi um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps, sem fylgir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018, er lögð til hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 20% í 22%. Markmiðið er að gera skattkerfið réttlátara óháð uppruna tekna. Í framhaldinu verður skattstofn fjármagnstekjuskatts tekinn til endurskoðunar, með það fyrir augum að raunverulegur ávinningur af fjármagni verði skattlagður og alþjóðlegur samanburður verður um leið auðveldari. Áhrif hækkunarinnar koma ekki að fullu inn á fyrsta ári vegna eftirá-álagningar, en gert er ráð fyrir að hún skili 1,6 ma.kr. á árinu 2018.

Undanþága umhverfisvænni bifreiða, s.s. rafmagns- og tengiltvinnbifreiða, frá virðisaukaskatti verður framlengd en unnið er að heildarúttekt á skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Stendur sú vinna yfir í starfshópi sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í febrúar 2016 en honum er ætlað að gera tillögur um framtíðarstefnu stjórnvalda í þessum efnum. Tillögur hans eiga meðal annars að taka mið af því að skattlagningin stuðli að minni losun gróðurhúsalofttegunda, tryggi ríkissjóði nægar tekjur til að standa undir viðhaldi og uppbyggingu samgöngumannvirkja og dragi úr skattlagningu við eign og öflun ökutækja. Kolefnisgjald verður hækkað um 50% í stað 100% eins og gert var ráð fyrir í fjármála-áætlun fyrir árin 2018–2022 en mun hækka á næstu árum í takt við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Fallið er frá fyrri áformum um tekjuöflun samhliða jöfnun olíugjalds við bensíngjald og hægt verður á afnámi ívilnunar vörugjalds af bílaleigubílum.

Ýmsar aðrar skattabreytingar koma til skoðunar á fyrsta starfsári nýrrar ríkisstjórnar svo sem virðisaukaskattur á íslenskt ritmál, tónlist og bækur, skattalegt umhverfi fjölmiðla og skattlagning höfundarréttargreiðslna.

**Vinnumarkaður**

Á undanförnum árum hefur kaupmáttur á Íslandi aukist mun meira en í nokkru öðru OECD-ríki. Ríkisstjórnin hefur í fyrirrúmi að verja þennan góða árangur og sækja enn frekar fram.

Sátt á vinnumarkaði er nauðsynleg forsenda þess að stuðla að stöðugu verðlagi og jafnvægi og skapa þannig efnahagsleg skilyrði til lægra vaxtastigs og bættra lífskjara. Breytt umgjörð kjarasamninga mun ráða miklu um hvort mögulegt reynist að viðhalda bættum lífskjörum til langframa. Ríkisstjórnin leggur því mikla áherslu á að fá aðila vinnu-markaðarins til samstarfs um framtíðarskipulag kjaraviðræðna.




Væntingar um það svigrúm sem er til launahækkana á vinnumarkaði þurfa að vera raunhæfar og byggja á traustum gögnum, meðal annars um vöxt framleiðni í hagkerfinu sem þarf til að standa undir launahækkunum, launatölfræði auk annara þátta. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sést ríkur vilji stjórnarflokkanna til að leggja sitt af mörkum í komandi kjaraviðræðum. Til að styðja við farsæla niðurstöðu hyggst ríkisstjórnin leggja áherslu á fjármálastefnu sem stuðlar að efnahagslegu jafnvægi, lækkun tekjuskatts í neðra skattþrepi, aðgerðir til að tryggja félagslegan stöðugleika, velsæld og ábyrgan vinnumarkað auk annarra leiða sem geta stutt við skynsamlega útkomu í komandi kjaraviðræðum.



**Útgjaldaendurmat og betri ríkisrekstur**

Vöxtur útgjalda hins opinbera hefur verið mikill síðustu ár. Það getur ekki verið markmið í sjálfu sér, heldur hlýtur það að vera keppikefli á hverjum tíma að tryggja að fjármunir nýtist til þeirra verkefna sem eru þörf og þarfari en önnur. Hafa þarf í huga að aukið fjármagn án umbóta og viðeigandi árangurskrafna getur leitt til aukinnar sóunar. Í þessu fjárlagafrumvarpi er boðað að kerfisbundið verði farið í að greina og endurmeta útgjöld ríkisins. Meta þarf hvaða verkefni séu þarfari fyrir samfélagið en önnur og hvað megi gera betur – sjálfvirkni í útgjöldum er ekki til þess fallin að tryggja almenna velferð heldur verður að forgangsraða verkefnum með virkum hætti í þágu skilgreindra markmiða.

Ríkið gegnir stóru og mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi og gildir þá einu hvort litið er til stærðar þess í efnahagslegu tilliti, þýðingar góðrar þjónustu fyrir borgarana eða skilyrða sem ríkisvaldið skapar atvinnurekstri. Opinber þjónusta (samneysla) stendur undir um fimmtungi af framleiðslu hagkerfisins og tekur til um fjórðungs starfa á landinu. Á undanförnum misserum hefur ágætur árangur náðst í að tryggja að fjármunir hins opinbera nýtist með sem skilvirkustum hætti – þannig hafa breytt vinnubrögð við opinber innkaup tryggt mun betri innkaupakjör og sparað háar fjárhæðir. Áfram verður haldið á þeirri braut og á næstu misserum verður kynnt sérstakt átak – Betri rekstur – sem miðar einmitt að því marki að tryggja bættan opinberan rekstur til hagsbóta fyrir alla.

# 1 Lög um opinber fjármál

Nú eru liðin tvö ár síðan lög nr. 123/2015 um opinber fjármál voru samþykkt á Alþingi eftir ítarlega meðferð þingsins á frumvarpinu. Lögin tóku gildi 1. janúar 2016 og þau fela í sér umfangsmiklar breytingar á fjármálum hins opinbera og viðteknum verkferlum og verkaskiptingu þeirra sem að þeim koma. Í lögunum er lögð áhersla á stefnumótun til lengri tíma, skilyrði sköpuð fyrir samþættingu markmiða í efnahagsmálum og fjármálum hins opinbera. Þá er aðkoma Alþingis að markmiðssetningu í fjármálum ríkisins og hins opinbera treyst. Í lögunum eru skilgreind fimm grunngildi opinberra fjármála, sem eru sjálfbærni, varfærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi, og framkvæmd laganna á að endurspegla þessi grunngildi í einu og öllu. Breytingarnar sem lögin hafa í för með sér snerta Alþingi, ráðuneyti, stofnanir og almenning, og ljóst er að eins umfangsmiklar og víðfeðmar breytingar sem þessar þurfa aðlögunartíma. Frá upphafi var ljóst að lögin sjálf væru einungis einn hluti af þessu ferli og að þörf væri á skýrri umgjörð utan um ferlið allt, ættu lögin að þjóna tilgangi sínum. Innleiðing laganna hefur verið lykilverkefni í fjármála- og efnahagsráðuneytinu síðustu árin og hefur teygt anga sína víða um stjórnkerfið. Af þeirri augljósu ástæðu ber hún þess sérstaklega merki að fjölmargir hafa komið að því verki, enda nauðsynlegt í verkefni sem snertir vinnu margra að haft sé víðtækt samráð.

**Innleiðing laganna**

Innleiðing laganna hófst formlega snemma árs 2015 þegar verkefnisstjórn um innleiðingu laga um opinber fjármál var sett á fót. Með þessu fyrirkomulagi var leitast við að fastmóta innleiðingarferlið fyrirfram, en eðli verkefnisins hefur verið þannig að ferlið hefur tekið þó nokkrum breytingum á tímabilinu. Verkefnisstjórnin undirbjó innleiðinguna í aðdraganda gildistöku laganna og fylgdist með fimm vinnuhópum sem hver og einn útfærði afmarkaða þætti laganna. Í vinnuhópunum áttu sæti fulltrúar ráðuneyta og stofnana og starfsmenn fjárlaganefndar sem áheyrnarfulltrúar. Hóparnir skiluðu allir tillögum í lok árs 2015 sem síðan voru útfærðar nánar eftir að lögin voru samþykkt á Alþingi. Eftir að vinnuhóparnir sem störfuðu undir verkefnisstjórninni höfðu lokið sinni vinnu og lögin tekið gildi var ákveðið að endurskoða skipulag innleiðingarinnar í því augnamiði að færa hana nær þeim sem ætlað er á grundvelli laganna að útfæra og vinna samkvæmt breyttu verklagi. Vinnunni er nú hagað þannig að allir þættir laganna sem fela í sér breytt verklag eru tilgreindir í heildstæðri innleiðingaráætlun á lögum um opinber fjármál en hana má finna á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Áætlunin skiptist í 13 kafla sem allir fela í sér nokkra undirverkþætti með tilgreindum ábyrgðaraðila og skilgreindri tímalínu. Eftirfylgni með framgangi áætlunarinnar er þannig háttað að verkefnisstjórn fundar vikulega um framgang áætlunarinnar en með þessu vinnulagi er auðvelt að hafa yfirsýn og bregðast fljótt við

ef upp koma vandamál. Til að tryggja aðkomu allra ráðuneyta að ferlinu hittast fulltrúar allra ráðuneyta aðra hverja viku og fara yfir framgang innleiðingarinnar. Einnig hefur aðkoma Alþingis að innleiðingunni verið tryggð með virkri upplýsingamiðlun.

**Næstu skref**

Nú þegar tvö ár eru liðin frá gildistöku laga um opinber fjármál er æskilegt að staldra við og meta stöðuna. Þar sem nær ómögulegt hefði verið að skipuleggja útfærslu allra þátta laganna fyrirfram hafa þær afurðir sem unnar hafa verið skv. lögunum þurft nokkurn tíma til að þroskast. Má í þessu sambandi nefna fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjárlaga-frumvarp, en framsetning þeirra hefur tekið umtalsverðum breytingum milli ára. Ljóst er að reglulegt endurmat og samráð er besta leiðin að farsælli innleiðingu laganna og útfærslu ýmissa þátta. Þrátt fyrir að framkvæmd laganna sé enn í mótun, og verði það næstu árin, hefur heilmikið áunnist á þessum tíma. Má þar nefna skýrari umgjörð um fjármál hins opinbera og stefnumótun málefnasviða og málaflokka, sem aftur hefur leitt til markvissari upplýsingamiðlunar fyrir umræður um málefni ríkisins og fjármál hins opinbera á Alþingi og hjá almenningi.

Sú stefnumótun ráðuneyta sem birtist í fjármálaáætlun hefur varpað ljósi á nauðsyn þess að samþætta betur áætlanagerð, stefnumótun og fjárhagslega burði hins opinbera, enda óæskilegt og ekki til þess fallið að skapa markvissar umræður að margar stefnur sem tengjast sama málefninu séu í gildi eða að fjármögnun þeirra sé háð mikilli óvissu. Litið er svo á að til lengri tíma verði sú stefnumótun sem birtist í fjármálaáætlun einungis útdráttur úr heildstæðari stefnum þar sem mun ítarlegri umfjöllun, sem nær jafnvel til lengri tíma en fimm ára, verði sett fram. Þá er ljóst að bæta þarf eftirfylgni með markmiðssetningu og mælikvörðum sem settir eru fram fyrir málefnasvið og málaflokka. Það mun auðvelda Alþingi og öðrum að fylgja eftir þeim framgangi þeirra mælikvarða sem settir eru fram í fjármálaáætlun og tryggja samfellu í áætlanagerð. Með þessu móti verður Alþingi jafnframt gert betur kleift að meta árangur af þeim fjármunum sem það veitir til verkefna ríkisins. Ekki er þó ætlunin að leggja fram breytta stefnu fyrir málefnasvið ár hvert heldur verður frekar leitast við að fjalla um framgang markmiða og mælikvarða milli ára. Þessu tengd eru tvö áherslumál innleiðingarinnar á árinu 2018, þ.e. samþætting stefna í ráðuneytum og uppsetning á mælaborði sem mun auðvelda þessa eftirfylgni. Önnur forgangsverkefni innleiðingarinnar eru áframhaldandi vinna við uppbyggingu og endurbætur þjóðhagslíkans, útfærsla reglugerða skv. 67. gr. laganna, umbætur á upplýsingakerfum og framsetningu rafrænna upplýsinga, undirbúningur fyrir ársskýrslur ráðherra, og svo mætti áfram telja.

**Álit fjármálaráðs og fjárlaganefndar**

Í lögum um opinber fjármál er kveðið á um að ráðherra skuli skipa þrjá menn í fjármálaráð. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþingis og formaður samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra.

Hlutverk ráðsins er að leggja mat á það hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun fylgi þeim grunngildum og fjármálareglum sem kveðið er á um í lögunum. Ráðið skal senda Alþingi umsögn sína eigi síðar en tveimur vikum eftir framlagningu fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Í umsögnum fjármálaráðs um þingsályktunartillögurnar komu fram ýmsar gagnlegar athugasemdir og ábendingar, t.a.m. hvað varðar tölulega framsetningu og tengsl áætlunarinnar við grunngildi laganna, áhættugreiningar og efnahagsspár. Í nefndarálitum fjárlaganefndar sem lögð voru fyrir Alþingi eftir umfjöllun nefndarinnar um þingsályktanirnar voru einnig settar fram ábendingar sem ástæða þótti til að skoða betur. Í framhaldi af því vann fjármála- og efnahagsráðuneytið að því að greina þessar ábendingar og finna vinnu við úrbætur farveg svo bæta mætti framsetningu næstu fjármálaáætlunar eða fjármálastefnu. Ýmsar ábendingar ráðsins og fjárlaganefndar hafa verið færðar inn í innleiðingaráætlun laganna þar sem hver verkþáttur er afmarkaður m.t.t. tíma og ábyrgðar. Vinna að þeim er hafin í nokkrum tilvikum, s.s. við endurskoðun á uppbyggingu þjóðhagslíkans í samhengi við sviðsmyndir um þróun opinberra fjármála, en ljóst er að þróun líkansins er flókin og tímafrek þannig að úrbætur á áætlanagerðinni þurfa að eiga sér stað í áföngum. Áfram verður unnið að úrvinnslu og framgangi ábendinganna í haust samkvæmt þessu verklagi og er þess vænst að næsta fjármálaáætlun muni bera þess nokkur merki.

**Breytt reiknishaldsleg framsetning**

Lög um opinber fjármál kveða á um reikningsskil fyrir ríkisfjármálin og að framsetning þeirra skuli byggð á alþjóðlegum stöðlum. Í því felst umtalsverð breyting frá eldri lögum nr. 88/1997, lögum um fjárreiður ríkisins, sem kváðu á um að fylgja skyldi ákvæðum laga um ársreikninga, þó með veigamiklum undantekningum að því er varðaði meðferð á varanlegum rekstrarfjármunum og verðbótum. Nýju lögin kveða á um að reikningsskil fyrir ríkissjóð í heild skuli byggð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli um opinber fjármál, IPSAS (e. *International Public Sector Accounting Standard*). Hins vegar skuli reikningsskil einstakra ríkisaðila í A-hluta vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Þá er kveðið á um að framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál A-hluta ríkissjóðs skuli einnig vera samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli, svokölluðum GFS-staðli (e. *Government Finance Statistics Manual*). Í fjárlögum eru í 1. gr. sýndar upplýsingar um meginstærðir ríkisfjármálanna í fjárstreymisyfirliti samkvæmt GFS-staðli, en þar er sett fram sundurliðuð áætlun á tekjum og gjöldum eftir hagrænni flokkun ásamt breytingum á eignum og skuldum. Það yfirlit veitir góða sýn á efnahagsáhrif ríkisfjármálanna, svo sem á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu. Aðrar greinar fjárlaga sem varða fjármál A-hluta ríkissjóðs eru byggðar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IPSAS. Í ríkisreikningi skal sýna tengingu á milli niðurstaðna reikningsskila samkvæmt IPSAS-staðlinum við ofangreint fjárstreymisyfirlit A-hluta ríkissjóðs samkvæmt GFS-staðlinum.

Hér á eftir er gerð stutt grein annars vegar fyrir helstu breytingum sem felast í framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS-staðlinum samanborið við eldri lög og hins vegar helstu atriðunum sem valda mismun á framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS- og IPSAS- stöðlunum.

**Framsetning ríkisfjármála samkvæmt GFS-staðli**

Með lögum um opinber fjármál verða nokkrar breytingar varðandi framsetningu og meðferð tekna og gjalda hjá ríkissjóði í heild, þ.e. samstæðunni fyrir A-hluta ríkissjóðs. Fjárstreymisyfirlitið í 1. gr. fjárlaga er sem fyrr segir sett fram samkvæmt GFS-staðli en þar er lögð áhersla á að gefa heildarmynd af tekjum, gjöldum og efnahagshreyfingum hjá ríkissjóði (A-hluta) gagnvart öðrum aðilum hagkerfisins. Yfirlitið felur í sér veigamiklar breytingar samanborið við framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt eldri lögum, en í aðalatriðum eru þær eftirfarandi:

a) Rekstrartekjur ríkisstofnana eru innifaldar meðal tekna í stað þess að koma til frádráttar á gjaldahlið samkvæmt eldri framsetningu. Rekstrartekjurnar eru þó lækkaðar sem nemur innbyrðis viðskiptum milli ríkisstofnana í A-hluta en ekki var tekið tillit til slíkra viðskipta í eldri framsetningu.
b) Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á viðeigandi sköttum í stað þess að teljast meðal gjalda áður.
c) Tekjur af fjármagnstekjuskatti eru lækkaðar sem nemur eigin greiðslum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti í stað þess að færast meðal gjalda áður.
d) Verðbætur af innlendum bankainnstæðum, verðtryggðum innlendum veittum og teknum lánum færast hér eftir um rekstrarreikning meðal vaxtatekna og vaxtagjalda. Aftur á móti færist allur gengismunur af gengisbundnum bankainnstæðum, veittum og teknum lánum um endurmatsreikning yfir á efnahag. Samkvæmt fyrri uppgjörsaðferðum hafa allar verðbætur verið færðar utan rekstrarreiknings, þ.e. um endurmatsreikning yfir á efnahag. Áhrif þessa á rekstrarafkomu ríkissjóðs geta verið umtalsverð, einkum við verðbólguaðstæður.
e) Meðferð á breytingu lífeyrisskuldbindinga innan ársins breytist nokkuð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat yfir á efnahagsreikning. Staða lífeyrisskuldbindinga í árslok er aftur á móti hin sama í efnahagsreikningi. Samkvæmt GFS-staðli færast einungis breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna ávinnslu réttinda á árinu og reiknaðs vaxtakostnaðar af útistandandi lífeyrisskuldbindingum um rekstrarreikning. Aðrar breytingar á lífeyrisskuldbindingum svo sem vegna launabreytinga, breytinga á ávöxtunarprósentu, lífslíkum eða lífeyrisaldri, færast um endurmat yfir á efnahag. Samkvæmt eldri uppgjörsaðferðum voru breytingar á lífeyrisskuldbindingum sem mátti rekja til launabreytinga ársins færðar um endurmatsreikning á efnahag en aðrar breytingar færðar um rekstrarreikning.

f) Endurgreiðslur á virðisaukaskatti til opinberra aðila utan A-hluta, eins og sveitarfélaga, koma ekki til lækkunar á virðisaukaskatti heldur brúttófærast tekjumegin. Á móti koma tilfærslur til viðkomandi aðila á gjaldahlið. Þessi breytta framsetning þarfnast ítarlegrar skoðunar og undirbúnings og verður ekki framkvæmd að sinni.
g) Varanlegir rekstrarfjármunir teljast meðal eigna og afskrifast í samræmi við líftíma sinn. Í þessu felst að kaup og sala slíkra eigna færast ekki um rekstrarreikning eins og í fyrri reikningsskilum.
h) Gert er ráð fyrir að hlutdeildaraðferð verði beitt við mat á eignarhluta ríkissjóð í félögum og stofnunum. Er það töluverð breyting frá fyrri uppgjörsaðferðum sem almennt breyttu ekki eignamati á slíkum fyrirtækjum í efnahagsreikningi ríkissjóðs nema þegar hætt var við ofmati á virði eignarhlutar eða við sérstakar aðstæður.

**Helstu frávik á framsetningu ríkisfjármála samkvæmt GFS-staðli og IPSAS-staðli**

Í aðalatriðum sýna niðurstöður samkvæmt stöðlunum tveimur, GFS og IPSAS, sömu útkomu í efnahagsreikningi á hreinni eign í árslok. Hins vegar er í ákveðnum tilvikum mismunandi færslumeðferð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat á efnahagsreikning. Ræðst það einkum af ólíkum markmiðum staðlanna þar sem GFS-staðallinn dregur fyrst og fremst fram efnahagsleg áhrif viðkomandi einingar á hagkerfið en IPSAS-staðallinn miðast við að sýna fjárhagslega afkomu og stöðu viðkomandi rekstraraðila. Frávik á milli staðlanna eru í aðalatriðum eftirfarandi:

a) Allur gengismunur færist um endurmatsreikning yfir á efnahag samkvæmt GFS-staðli en samkvæmt IPSAS-staðli færist hann um rekstrarreikning.
b) IPSAS-staðallinn gerir almennt ráð fyrir að allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum ársins færist um rekstrarreikning, svo sem breytingar vegna áhrifa af ávinnslu nýrra réttinda á árinu, launabreytinga og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum. Færslumeðferð skv. GFS-staðli er lýst undir lið e) hér að framan en stærstu frávikin eru þau að þar eru áhrif launabreytinga á skuldbindingarnar færðar um endurmatsreikning yfir á efnahag. Staða lífeyrisskuldbindinga í efnahagsreikningi í árslok er hins vegar sú sama samkvæmt stöðlunum báðum.
c) Báðir staðlarnir gera kröfu um eignfærslu á varanlegum rekstrarfjármunum en frávik eru á eignamati þeirra. GFS-staðallinn miðar almennt við að markaðsverð eigna sé lagt til grundvallar á meðan IPSAS-staðallinn lítur til annarra aðferða svo sem afskrifaðs endurstofnverðs á fasteignum. Eignamat á varanlegum rekstrarfjármunum ríkissjóðs, þ.m.t. mannvirkjum á borð við vegakerfið, er umfangsmikið verkefni sem unnið er að en er ekki lokið.
d) Báðir staðlarnir gera almennt ráð fyrir að hlutdeildaraðferð sé beitt við mat á eignarhlutum í félögum og stofnunum. Niðurstöðutölur í árslok í efnahagsreikningi eru hinar sömu en frávik er á milli þess hvernig staðlarnir fara með breytingar ársins með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða endurmatsreikning yfir á efnahag. IPSAS-

staðallinn gerir kröfu um að öll breytingin færist um rekstrarreikning. GFS-staðallinn gerir hins vegar ráð fyrir að sá hluti breytingarinnar sem rekja má til viðskipta ársins færist um rekstrarreikning á meðan aðrar breytingar svo sem matsbreytingar færist um endurmatsreikning yfir á efnahag.

# 2 Efnahagshorfur

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar og fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 sem lögð er fram samhliða fjárlagafrumvarpinu er gerð grein fyrir helstu hagstjórnarmarkmiðum hennar og endurspeglast þau í því fjárlagafrumvarpi sem nú er lagt fram.

**Efnahagsforsendur frumvarpsins**

Efnahagsaðstæður um þessar mundir eru almennt afar hagfelldar og hefur hagvöxtur verið meiri en væntingar stóðu til. Þrátt fyrir talsverða raungengisstyrkingu krónunnar undanfarin tvö ár er ytra jafnvægi þjóðarbúsins gott. Mikill afgangur er á viðskiptajöfnuði þrátt fyrir umtalsverðan halla á vöruskiptajöfnuði og erlend staða þjóðarbúsins hefur batnað verulega. Þá stuðlaði afnám fjármagnshafta á einstaklinga og fyrirtæki í mars 2017 að eðlilegri verðmyndun íslensku krónunnar.

Spá Seðlabanka Íslands gerir ráð fyrir að framleiðsluspenna hafi náð hámarki árið 2016 og að hún minnki jafnt og þétt á næstu árum, án þess þó að útlit sé fyrir að slaki myndist í hagkerfinu á spátímanum. Þrátt fyrir það gætir enn nokkurrar spennu á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi er lágt, atvinnuþátttaka góð og erlent starfsfólk streymir til landsins. Fram kemur í *Peningamálum* (PM) 2017/4, riti Seðlabankans, að flest bendi til þess að áfram muni reyna á framleiðsluþætti þjóðarbúsins þó hægt hafi á vexti efnahagsumsvifa. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að tryggja nægilegt aðhaldsstig ríkisfjármála til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika, en ætla má að í hagrænu tilliti aukist svigrúm til útgjalda á síðari hluta gildistíma fjármálastefnunnar.




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fjárlagafrumvarp ársins 2018 byggir, nema annað sé tekið fram, á forsendum þjóðhagsspár Hagstofu Íslands fyrir árin 2017–2023, sem birt var 3. nóvember 2017. Lykilstærðir í þjóðhagsspánni koma fram í eftirfarandi töflu ásamt breytingum frá febrúarspá Hagstofunnar sem byggt var á við gerð fjármálaáætlunar fyrir árin 2018 til 2022 sem lögð var fram sl. vor. Nú er gert ráð fyrir 0,1% meiri hagvexti árið 2018 en í febrúarspánni og eru helstu breytingar eftirfarandi:

- Einkaneysla vex örar en áður var gert ráð fyrir, aðallega vegna aukinnar neyslu Íslendinga erlendis.
- Fjárfesting vex hraðar en áður var talið. Skýrist það aðallega af minni samdrætti atvinnuvegafjárfestingar en fyrri spá gerði ráð fyrir. Áfram er gert ráð fyrir mikilli fjárfestingu í íbúðarhúsnæði.
- Útflutningur breytist lítillega frá fyrri spá en innflutningur eykst verulega í takt við aukna einkaneyslu. Þá vaxa þjóðarútgjöld meira en reiknað var með.

**Þjóðhagsyfirlit 2017 til 2020, spá birt 3. nóvember 2017**

| Breytingar, % og mismunur frá febrúar spá | 2017 | Br frá feb. | 2018 | Br frá feb. | 2019 | Br frá feb. | 2020 | Br frá feb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Einkaneysla | 7,8 | 1,9 | 5,3 | 1,4 | 3,6 | 0,7 | 3,1 | 0,4 |
| Samneysla | 2,2 | 1,1 | 1,3 | -0,2 | 1,3 | -0,3 | 1,7 | 0,2 |
| Fjármunamyndun | 8,8 | -3,8 | 3,1 | 2,1 | 2,9 | -0,3 | 2,1 | -1,1 |
| Atvinnuvegafjárfesting | 5,6 | -6,2 | -0,9 | 2,7 | -0,7 | -1,7 | 0,1 | -1,8 |
| Íbúðarhúsnæði | 26,0 | 2,8 | 19,0 | -1,1 | 13,2 | 0,6 | 7,4 | -0,8 |
| Opinber fjárfesting | 9,9 | 0,5 | 6,4 | -0,1 | 6,6 | 3,7 | 3,9 | 1,1 |
| Útflutningur | 7,7 | 2,3 | 4,3 | 0,1 | 3,3 | -0,8 | 3,1 | -0,3 |
| Innflutningur | 12,5 | 2,6 | 6,2 | 2,7 | 4,2 | 0,3 | 3,4 | 0,4 |
| Verg landsframleiðsla | 4,9 | 0,6 | 3,1 | 0,1 | 2,6 | -0,2 | 2,5 | -0,2 |
| Þjóðarútgjöld | 6,9 | 0,6 | 3,9 | 1,3 | 3,0 | 0,3 | 2,6 | 0,1 |
| Vöru- og þjónustujöfn., % af VLF | 5,4 | 1,6 | 4,5 | 0,2 | 4,1 | -0,3 | 4,0 | -0,6 |
| Viðskiptajöfnuður, % af VLF | 5,5 | 2,8 | 3,9 | 0,8 | 3,8 | 0,5 | 3,8 | 0,3 |
| Neysluverðsvísitala | 1,8 | -0,4 | 2,9 | -0,3 | 2,9 | 0,1 | 2,6 | -0,1 |
| Gengisvísitala | -10,7 | -2,2 | -0,6 | -0,6 | -0,3 | -0,3 | 0,0 | 0,0 |
| Raungengi | 11,6 | 1,2 | 1,8 | 0,6 | 1,1 | 0,3 | 0,5 | -0,1 |
| Atvinnuleysi | 2,7 | -0,1 | 3,0 | -0,2 | 3,3 | -0,4 | 3,8 | -0,1 |
| Launavísitala | 6,8 | 0,0 | 6,3 | 0,0 | 5,9 | 0,1 | 4,6 | -0,1 |
| Verð útflutts áls | 18,7 | 12,8 | 1,5 | -0,9 | 1,4 | -0,7 | 1,4 | -0,9 |
| Olíuverð | 19,1 | 0,3 | 0,9 | -3,8 | 2,0 | -0,6 | 1,8 | -0,5 |

**Hagvöxtur** á seinni helmingi ársins 2016 nam 10,4% og 7,4% yfir árið í heild. Vöxturinn var umtalsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir og hefur það mikil áhrif á spána fyrir árið 2017. Nokkuð hefur hægt á vextinum og samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar jókst landsframleiðslan um 4,3% á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2017. Mikil aukning útflutnings, fjárfestingar og einkaneyslu skýrir kröftugan hagvöxt. Ljóst er

þó að framlag ferðaþjónustu til hagvaxtar undanfarin ár er mikið og áhrifa hennar gætir í flestum undirliðum hagvaxtar. Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir 4,9% hagvexti á árinu 2017, sem er 0,6 prósentustigi meiri vöxtur en febrúarspáin gerði ráð fyrir. Skýringa er fyrst og fremst að leita í aukinni einkaneyslu og auknum útflutningi, en þjóðarútgjöld, samtala neyslu og fjárfestingar, ársins 2017 fara vaxandi miðað við fyrri spá. Hagvaxtarspáin fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir 3,1% vexti sem er svipaður vöxtur og skv. febrúarspánni. Dregið hefur lítillega úr hagvaxtarspánni fyrir árin 2019 og 2020, sem skýrist aðallega af minni útflutningi og fjárfestingu.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimila hefur vaxið hratt undanfarin misseri þar sem launahækkanir síðustu ára hafa lagst á sveif með lágri verðbólgu. Heimilin hafa nýtt auknar tekjur til niðurgreiðslu skulda, en **einkaneysla** hefur einnig vaxið ört. Vöxtur hennar nam 7,1% árið 2016, sem er mesti vöxtur frá árinu 2007. Útlit er fyrir að vöxtur einkaneyslu nái hámarki árið 2017 og að hann verði áfram nokkuð hraður árið 2018, en síðan dragi úr vextinum. Gengisstyrking krónunnar undanfarin tvö ár hefur slegið á innlenda þenslu vegna ört vaxandi ferðaþjónustu og verulega bættra viðskiptakjara. Styrkingin hefur aukið kaupmátt heimila í erlendri mynt og þannig beint eftirspurn út úr þjóðarbúinu. Þetta kemur glöggt fram í auknum innflutningi neysluvara og fjölgun utanlandsferða, enda sýna kortaveltutölur að sá hluti einkaneyslu Íslendinga sem fram fer erlendis vex stöðugt, ýmist vegna aukinnar netverslunar eða aukinna ferðalaga erlendis. Þó neysla landsmanna á erlendri grundu sé til þess fallin að draga úr spennu í þjóðarbúskapnum á uppgangstímum þá leiðir hún jafnframt til minni skatttekna ríkissjóðs, einkum af neyslusköttum.

Gert er ráð fyrir að **samneysla** vaxi um 2,2% árið 2017 og 1,3% árið 2018. Hlutfall samneyslu af VLF var 23% árið 2016 og er gert ráð fyrir svipuðu hlutfalli á spátímanum.

**Fjárfesting** var kraftmikil árið 2016, einkum vegna atvinnuvegafjárfestingar og fjárfestingar í íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir að dragi úr hröðum vexti fjárfestingar árið 2017 og hann verði 3,1% árið 2018. Verulega hægir á vexti atvinnuvegafjárfestingar á spátímanum en áfram er gert ráð fyrir miklum vexti íbúðafjárfestingar og þá er einnig útlit fyrir aukna fjárfestingu hins opinbera.

Hægari vöxtur atvinnuvegafjárfestingar í ár og samdráttur á næstu árum skýrist einkum af minni fjárfestingu í stóriðju og öðrum sveiflukenndum liðum, s.s. skipum og flugvélum. Áfram er reiknað með góðri undirliggjandi atvinnuvegafjárfestingu, þó vöxturinn verði ekki viðlíka og verið hefur undanfarin ár enda er atvinnuvegafjárfesting í hlutfalli við VLF komin upp fyrir langtímameðaltal.

Þrátt fyrir mikinn vöxt íbúðafjárfestingar virðist enn vera skortur á húsnæði og hafa miklar verðhækkanir einkennt húsnæðismarkaðinn síðustu misseri, einkum á þéttbýlli svæðum landsins. Á síðustu mánuðum hafa komið fram vísbendingar um að hægt hafi á verðhækkunum og sölutími íbúða hefur lengst. Eins og fram kom að ofan er gert ráð fyrir ört vaxandi íbúðafjárfestingu á næstu árum og gera flestir greiningaraðilar ráð fyrir að áfram muni hægja á verðhækkunum á húsnæðismarkaði

Hlutur fjárfestingar hins opinbera í VLF verður að meðaltali 2,9% eða um 14% af heildarfjárfestingu á spátímanum og þar af nemur fjárfesting sveitarfélaga um 1,3% af VLF. Meðal stærstu fjárfestingarverkefna hins opinbera árið 2018 eru bygging nýs Landspítala, smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju og framkvæmdir við Dýrafjarðargöng. Á vegum sveitarfélaga er einkum aukning í gatna-, umhverfis- og byggingaframkvæmdum við skóla og íþróttamannvirki. Hlutur heildarfjárfestingar í VLF var í kringum langtímameðaltal árið 2016, eða 21%, og er gert ráð fyrir að það haldist stöðugt út spátímabilið.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Mikill vöxtur hefur verið í **útflutningi** síðustu ár, einkum þjónustuútflutningi sem drifinn hefur verið áfram af mikilli fjölgun ferðamanna. Áfram er reiknað með talsverðum vexti útflutnings en þó er hann nokkuð minni en fyrri spá gerði ráð fyrir. Hagstofan hækkaði spá ársins 2017 um vöxt útflutnings úr 5,4% í 7,7%, en spáin fyrir 2018 er nánast óbreytt og gerir ráð fyrir ríflega 4% vexti. Ein veigamesta breytingin frá febrúarspánni er sú að útlit er fyrir mun meiri **innflutning** í ár miðað við síðustu spá. Innflutningur mun áfram vaxa hratt árið 2018 skv. spánni, en síðan dregur heldur úr vextinum. Breytinguna milli spáa má einkum rekja til aukinna ferðalaga og meiri neyslu Íslendinga erlendis.

Spáin gerir ráð fyrir áframhaldandi góðu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Áfram er útlit fyrir ríflegan afgang á **vöru- og þjónustujöfnuði** sem og á **viðskiptajöfnuði**, þó nú sé gert ráð fyrir nokkuð minni afgangi en áður. Á árinu 2016 varð **erlend staða þjóðarbúsins** jákvæð í fyrsta sinn frá því að mælingar hófust og Ísland því orðið hreinn lánveitandi við útlönd. Erlenda staðan nam um 4,4% af VLF við lok september 2017 og gangi spár um utanríkisviðskipti eftir eru líkur á að erlenda staðan batni enn frekar.




Heimild: Hagstofa Íslands.

**Atvinnuleysi** hefur haldið áfram að minnka og útlit er fyrir að það nái lágmarki í 2,7% árið 2017, en gert er ráð fyrir að það verði á bilinu 3,0%−4,0% á spátímanum. Erlent vinnuafl streymir til landsins og í lok síðasta árs voru tæplega 21 þúsund erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði, eða 10,6% af vinnuaflinu. Mikið innstreymi erlends vinnuafls er til þess fallið að auka framleiðslugetu hagkerfisins og slá þannig á framleiðsluspennu. Í ljósi þess að framboð **íbúðarhúsnæðis** er af skornum skammti eftir litla íbúðafjárfestingu undanfarin ár hefur fjölgun erlends starfsfólks hins vegar aukið spennu á húsnæðismarkaði og lagst á sveif með öðrum þáttum sem stuðlað hafa að hækkun húsnæðisverðs undanfarin misseri.

**Verðbólga** hefur verið undir markmiði Seðlabankans í tæp fjögur ár. Samkvæmt spánni mun verðbólga skríða yfir markmið á næsta ári og verða 2,9% árin 2018 og 2019. Árið 2020 er gert ráð fyrir að verðbólgan lækki á ný og verði við verðbólgumarkmið Seðlabankans út spátímann. Áfram er því útlit fyrir stöðugt verðlag og að verðbólgan verði vel innan vikmarka verðbólgumarkmiðsins.

Dregið hefur úr sveiflum í gengi krónunnar á síðustu mánuðum ársins 2017 eftir að gengissveiflur jukust nokkuð í kjölfar afnáms fjármagnshafta í mars 2017. **Gengið** styrktist nokkuð á fyrri helmingi ársins 2017 en sú styrking hefur gengið til baka og var gengisvísitalan í október 2017 svipuð og í upphafi árs. Seðlabankinn hefur dregið úr gjaldeyriskaupum og námu nettókaup bankans um 70 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins eða 19% af allri veltu á millibankamarkaði með gjaldeyri. Árið 2016 námu nettókaup bankans 55% af allri veltu. Síðan í júní hefur gengið veikst og bæði nafngengi krónunnar og **raungengi** miðað við hlutfallslegt verðlag eru hér um bil óbreytt frá upphafi árs.




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Raungengi miðað við hlutfallslegan launakostnað hefur hækkað mun meira en miðað við verðlag og nam hækkunin um 20% á fyrri helmingi ársins. Hátt raungengi er til þess fallið að skerða samkeppnishæfni þjóðarbúsins. Við tilteknar aðstæður, þegar raungengi er lágt, getur hagkerfið þolað launahækkanir umfram framleiðnivöxt í ákveðinn tíma án þess að samkeppnishæfni þess sé skert verulega. Nú er svo komið að raungengi er nálægt sögulegu hámarki og launakostnaður hér á landi er orðinn mjög hár í alþjóðlegum samanburði. Svigrúm fyrirtækja, sérstaklega í útflutnings- og samkeppnisgeirum, til að taka á sig frekari kostnaðarhækkanir er líklega takmarkað og fyrirséð er að miklar launahækkanir fari hraðar og í ríkari mæli út í verðlag en í kjölfar síðustu kjarasamninga. Endurteknar launahækkanir umfram framleiðnivöxt og umfram launahækkanir annarra ríkja munu á endanum

kalla á aðlögun til að bæta samkeppnishæfni þjóðarbúsins. Líklegt er að sú aðlögun yrði í formi gengisfalls, sem leiddi til hærri verðbólgu en þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir.

Því er mikils virði að skapa sátt á vinnumarkaði og viðhalda þeirri miklu kaupmáttaraukningu sem áunnist hefur á undanförnum árum.

Staða efnahagsmála skapar um margt hagfellda umgjörð fyrir fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Hafa ber í huga að ávallt ríkir nokkur óvissa um framvindu efnahagsmála. Til að mynda nam skekkja í hagvaxtarspá Hagstofunnar í nóvember 2016, sem fjárlagafrumvarp ársins 2017 byggði á, 2,6 prósentustigum. Þá leiðir nýleg birting bráðabirgðatalna Hagstofunnar um vöxt landsframleiðslu á þriðja ársfjórðungi ársins 2017 líkum að því að spáin fyrir árið 2017 gæti reynst of bjartsýn. Jafnframt geta ófyrirséð efnahagsáföll, af innlendum eða erlendum uppruna, riðið yfir með stuttum fyrirvara og haft veruleg áhrif á efnahag lítilla opinna hagkerfa. Mikilvægt er því að tryggja traustar undirstöður ríkisfjármála svo unnt sé að milda áhrif slíkra áfalla. Stofnun Þjóðarsjóðs, þar sem arði af auðlindum þjóðarinnar er safnað, stuðlar að slíkri sveiflujöfnun ef um ávöxtun sjóðsins og úttektir úr honum gilda skýrar reglur. Einnig er nauðsynlegt að ríkisfjármálastefna styðji við peningastefnu Seðlabankans og dragi úr þörf á frekari peningalegu aðhaldi, enda getur mikill vaxtamunur við útlönd raskað efnahagslegum stöðugleika. Þá er sterk staða ríkisfjármála forsenda þess að unnt sé að ráðast í nauðsynlega innviðauppbyggingu, en höfuðmáli skiptir að opinber fjárfesting sé tímasett á ábyrgan máta og ryðji ekki annarri fjárfestingu úr vegi eða hafi önnur sveifluaukandi áhrif.

Fjárlagafrumvarp 2018 byggir á fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar og endurspeglar ofangreinda stöðu efnahagsmála og markmið stjórnarsáttmála hennar.

# 3 Markmið í ríkisfjármálum

Með lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, voru lögfest stefnumörkun í opinberum fjármálum. Í lögunum er m.a. kveðið á um að fjármála- og efnahagsráðherra leggi í því skyni fyrir Alþingi tvær þingsályktunartillögur, annars vegar fjármálastefnu, sem lögð er fram af sérhverri nýrri ríkisstjórn, og hins vegar er á grunni hennar lögð fram á ári hverju fjármálaáætlun til fimm ára, sem lýtur reglulegri endurskoðun. Mikilvægt er að stefnumörkun í opinberum fjármálum sé heildstæð og styðji við almenn hagstjórnarmarkmið en fjármálastefnan er annað af megin hagstjórnartækjum stjórnvalda ásamt peningamálastefnunni.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2018 byggir á fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar sem lögð er fram samhliða frumvarpinu og nær yfir tímabilið 2018-2022. Í stefnunni er fjallað ítarlega um markmið og horfur í ríkisfjármálum og fjármálum hins opinbera, efnahagshorfur og stefnumarkandi áhersluþætti til næstu ára. Vísað er til þeirrar umfjöllunar, en í þessum hluta frumvarpsins er einungis fjallað um þessi markmið og horfur í stuttu máli sem og helstu niðurstöður frumvarpsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 2018, þ.e. þess árs sem fjárlögin taka til. Að öðru leyti er fjallað nánar um efnahagshorfur, tekju- og útgjaldahlið frumvarpsins og skuldaþróun í öðrum köflum greinargerðar frumvarpsins og vísast til umfjöllunar þar.

## 3.1 Markmið og horfur í ríkisfjármálum

Þegar litið er til baka yfir þróun ríkisfjármála síðastliðinn áratug, eða frá hruni fjármálakerfisins haustið 2008, er ljóst að algjör viðsnúningur hefur átt sér stað í ríkisfjármálum hvað varðar afkomu, stöðu og efnahag ríkissjóðs. Þannig var meginmarkmið stjórnvalda árin 2009−2013 að ná jöfnuði í ríkisfjármálum eftir verulegan hallarekstur og ógnvænlega skuldasöfnun í kjölfar bankahrunsins 2008. Við núverandi efnahagshorfur er á hinn bóginn mikilvægt að stjórnvöld sýni staðfestu og aðhald til að vega á móti hefðbundinni eftirspurnarþenslu í hagkerfinu á sama tíma og kröfur eru uppi um að framlög séu aukin til flestra málaflokka, einkum heilbrigðis- og menntamála og til innviðauppbyggingar af ýmsum toga.

Afkoma ríkissjóðs hefur farið batnandi nánast stöðugt frá árinu 2009 þar sem saman hefur farið raunlækkun útgjalda framan af og umtalsverð tekjuaukning í takt við aukinn hagvöxt á liðnum árum. Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað ár frá ári frá því þær náðu hámarki árið 2012, en lækkunina má að hluta til rekja til bættrar greiðsluafkomu ríkissjóðs. Fyrst og fremst má þó rekja lækkun skulda til einskiptis og tímabundinna tekna, einkum í formi arðgreiðslna og stöðugleikaframlaga sem notuð hafa verið til að lækka skuldir ríkissjóðs. Aukinn hagvöxtur á líka þátt í því að skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF lækka.




Auk viðsnúnings í afkomu ríkissjóðs og niðurgreiðslu skulda hefur á undanförnum árum einnig verið dregið mjög verulega úr áhættuskuldbindingum og þá aðallega Íbúðalánasjóði og Landsvirkjun. Þá hefur óvissu um fjármögnun A-deildar LSR nánast verið eytt með breytingum á skipulagi A-deildar LSR í árslok 2016 þar sem samhliða var greitt einskiptis framlag úr ríkissjóði til að fullfjármagna sjóðinn til framtíðar. Loks var á þessu ári hafin aftur innborgun á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR en þær skuldbindingar hafa aukist verulega á undanförnum árum.

Bættur ríkisrekstur á undanförnum árum hefur m.a. birst í því að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs hefur farið batnandi. Frekari hækkun lánshæfiseinkunnar er möguleg með því að fylgja áfram meginstefnu um lækkun skulda ríkisins, tryggja hóflegt aðhald í ríkisfjármálum og varfærna hagstjórn. Á hinn bóginn kann lánshæfiseinkunn að lækka komi til ofhitnunar hagkerfisins af völdum óvarlegrar og óhyggilegrar fjármálastefnu með tilheyrandi víxlverkun launa og verðlags og minna aðhaldi í fjármálum hins opinbera. Úrlausnarefni framtíðarinnar kalla því á að áfram verði góður afgangur í opinber fjármálum, sem hægi á heildareftirspurn og skili jafnt og þétt sjóðstreymi til að lækka skuldastöðuna eftir því sem árin líða.

Að framansögðu er staða efnahagsmála og fjármála ríkissjóðs og hins opinbera að mörgu leyti öfundsverð í alþjóðlegum samanburði. Því til stuðnings má benda á að miðað við bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands fyrir árið 2016 var frumjöfnuður hins opinbera og hagvöxtur mestur á Íslandi[1] samanborið við ESB-löndin. Rétt er þó að geta þess í því samhengi að vaxtajöfnuður hins opinbera hefur eftir bankahrunið verið neikvæður um 2,7-3,8% af VLF.

---

[1] Tölur um frumjöfnuð hins opinbera eru frá Eurostat en tölur um hagvöxt frá OECD. Fyrir Ísland hefur frumjöfnuður hins opinbera fyrir árið 2016 verið leiðréttur annars vegar fyrir 384,2 ma.kr. tekjum af stöðugleikaframlögum og hins vegar fyrir 105,1 ma.kr. fjármagnstilfærslu frá ríkissjóði til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Án leiðréttingar nemur frumjöfnuðurinn 15,7% af VLF.




Þrátt fyrir að efnahagsleg skilyrði séu hagfelld og afkoma ríkissjóðs og hins opinbera hafi batnað á undanförnum árum þá þarf að hafa í huga að staða og horfur geta breyst á skömmum tíma. Ísland er lítið og sveiflukennt hagkerfi og sveiflujöfnun í ríkisfjármálum hér á landi hefur að mestu leyti átt sér stað á tekjuhlið ríkissjóðs. Á útgjaldahlið ríkissjóðs hafa það fyrst og fremst verið útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, auk barna- og vaxtabóta, sem hafa tekið breytingum í takt við hagsveifluna, en að öðru leyti eru útgjöldin að miklu leyti tregbreytileg til skamms tíma. Brottfall nokkurra tekjustofna á undanförnum árum gerir það einnig að verkum að þunginn er orðinn mjög mikill á meginskattstofna eins og virðisaukaskatt, tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald. Það felur í sér að þegar um hægist í efnahagslífinu taka tekjurnar stærri dýfu en útgjöldin með tilheyrandi áhrifum á afkomuna til hins verra og skuldasöfnun hefst að nýju. Sömuleiðis geta ýmsir áhættuþættir valdið því að afkomu- og skuldaþróun ríkissjóðs og hins opinbera verði önnur en fram kemur í fjármálastefnunni sem lögð er fram samhliða frumvarpinu.

Við núverandi aðstæður eru þó ekki sterkar vísbendingar um að markmiðum stjórnvalda verði raskað á næstu misserum en engu að síður er mikilvægt að sýnd sé varfærni og aðhaldssemi í ríkisfjármálum og fjármálum hins opinbera með hagstjórnarleg markmið að leiðarljósi til að tryggja sem besta aðlögun þegar samdráttur verður í efnahagslífinu. Líkt og fjallað er um í öðrum kafla frumvarpsins eru efnahagshorfur almennt hagfelldar þótt farið sé að hægja á hagvextinum, en rétt er að benda á að hagvaxtarhorfur í ríkjum OECD hafa víða farið mjög batnandi. Vísbendingar eru uppi um að spennan í þjóðarbúskapnum hafi náð hámarki líkt og kemur fram í Peningamálum Seðlabanka Íslands í nóvember. Peningastefnunefnd bankans ákvað þá að halda stýrivöxtum óbreyttum um sinn en þróun stýrivaxta á komandi misserum mun m.a. ráðast stefnu í opinberum fjármálum og niðurstöðum kjarasamninga á næsta ári en úrlausn þeirra er ein megin áskorun nýrrar ríkisstjórnar.

Framangreind sjónarmið liggja til grundvallar þeirri fjármálastefnu sem lögð er fram samhliða frumvarpinu. Þar er sett stefna um að afgangur á heildarafkomu ríkissjóðs verði að lágmarki 1,2% af VLF árið 2018 eða sem svarar til um 33 ma.kr. Það er 0,2% betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2017. Áætluð afkoma í frumvarpinu er þó nokkru hærri líkt og farið er yfir hér á eftir eða ríflega 35 ma.kr. sem svarar til 1,3% af VLF. Af varfærnissjónarmiðum er mikilvægt að til staðar sé svigrúm í áætlaðri afkomu samanborið við fjármálastefnuna komi til þess að einhver frávik verði í tekju- og útgjalda-áætlunum án þess að grípa þurfi til verulegra ráðstafana til að tryggja að heildarafkoma ríkissjóðs verði í takt við fyrirliggjandi stefnu. Er í því sambandi rétt að vísa til þess að mat á hagþróun til skemmri tíma hefur verið breytilegt og ýmsar vísbendingar eru um að nú sljákki í vexti útflutningsgreina.

**Afkomuhorfur ársins 2017**

Með setningu fjárlaga 2017 var gert ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs yrði 91 ma.kr. sem svarar til 3,5% af VLF en að vaxtajöfnuður ríkissjóðs yrði neikvæður um 66,3 ma.kr. eða 2,5% af VLF. Það fól í sér að heildarafgangur á rekstri ríkissjóðs var jákvæður um 24,7 ma.kr. eða sem nemur 1% af VLF.

Við undirbúning og vinnslu fjárlagafrumvarpsins 2018 í nóvember og desember hefur farið fram endurmat á tekju- og útgjaldahorfum yfirstandandi árs og vísast til umfjöllunar um það endurmat í köflum 4.2 og 5.4 í greinargerð frumvarpsins. Líkt og kemur þar fram er gert ráð fyrir að útgjöld yfirstandandi árs verði hærri en gildandi fjárlög gerðu ráð fyrir eða sem nemur tæplega 16 ma.kr. Skýrist það einkum af umframútgjöldum í sjúkratryggingum, almannatryggingum og vegna málefna hælisleitenda, auk einskiptis fjármagnskostnaðar í kjölfar þess að ríkissjóður keypti til baka í apríl eigin skuldabréf að nafnvirði 877 m. Bandaríkjadala. Á móti þessari útgjaldaaukningu vegur hins vegar veruleg tekjuaukning eða sem nemur tæplega 39 ma.kr. Sú aukning skýrist einkum af hærri arðgreiðslum en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir eða sem nemur ríflega 20 ma.kr. Auk þess hefur efnahagsþróun og endurskoðun tekna af einstökum skattstofnum áhrif til hækkunar. Samanlagt er gert ráð fyrir að afgangur á heildarafkomu ríkissjóðs verði um 48 ma.kr. eða 1,9% af VLF á yfirstandandi ári. Það er talsvert betri afkoma en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir eða um 23 ma.kr. sem svarar til 0,9% af VLF. Að frátöldum auknum arðgreiðslum er afkoman hins vegar áþekk og í fjárlögum eða um 1,1% af VLF.

| Þjóðhagsgrunnur | ma.kr. Fjárlög 2017 | Áætlun 2017 | br. | % af VLF Fjárlög 2017 | Áætlun 2017 | br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 760,6 | 800,6 | 40,0 | 29,3 | 31,1 | 1,8 |
| Frumgjöld | 669,6 | 680,7 | 11,2 | 25,8 | 26,4 | 0,7 |
| **Frumjöfnuður** | **91,0** | **119,8** | **28,8** | **3,5** | **4,7** | **1,2** |
| Vaxtatekjur | 15,4 | 14,4 | -1,1 | 0,6 | 0,6 | 0,0 |
| Vaxtagjöld | 81,7 | 86,3 | 4,6 | 3,1 | 3,4 | 0,2 |
| **Vaxtajöfnuður** | **-66,3** | **-72,0** | **-5,7** | **-2,5** | **-2,8** | **-0,2** |
| Heildartekjur | 776,0 | 814,9 | 38,9 | 29,8 | 31,6 | 1,8 |
| Heildargjöld | 751,3 | 767,0 | 15,8 | 28,9 | 29,8 | 0,9 |
| **Heildarjöfnuður** | **24,7** | **47,9** | **23,2** | **1,0** | **1,9** | **0,9** |

## Afkoma ársins 2018 og breytingar frá fjármálaáætlun

Líkt og kemur fram í öðrum kafla frumvarpsins byggir fjárlagafrumvarpið á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í nóvember sl. Auk þess byggir talnahluti frumvarpsins á endurskoðaðri tekjuáætlun frá því sem gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni sl. vor og uppfærðum áætlunum um lánsfjármál. Þá hafa verið gerðar breytingar á útgjaldahlið ríkissjóðs frá forsendum fjármálaáætlunarinnar til samræmis við áherslur ríkisstjórnarinnar og loks er búið að gera ráð fyrir endanlegri niðurstöðu í launa- og verðlagsreikningi fyrir komandi fjárlagaár.

Í frumvarpinu er áætlað að frumtekjur ríkissjóðs aukist um 3,9 ma.kr. frá forsendum fjármálaáætlunarinnar og verði 827,5 ma.kr. sem svarar til 30,3% af VLF. Þar vegast á nokkrir þættir til hækkunar og lækkunar. Þyngst vegur ákvörðun um að áform um tilfærslu ferðaþjónustutengdrar starfsemi úr neðra þrepi virðisaukaskatts í almenna þrepið, sem kynnt voru í fjármálaáætluninni verða lögð til hliðar.

| Þjóðhagsgrunnur | ma.kr. Fjármála-áætlun 2018 | Frumvarp 2018 | br. | % af VLF Fjármála-áætlun 2018 | Frumvarp 2018 | br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 823,6 | 827,5 | 3,9 | 30,1 | 30,3 | 0,2 |
| Frumgjöld | 718,7 | 733,1 | 14,4 | 26,3 | 26,9 | 0,6 |
| **Frumjöfnuður** | **104,9** | **94,4** | **-10,5** | **3,8** | **3,5** | **-0,4** |
| Vaxtatekjur | 12,7 | 12,9 | 0,2 | 0,5 | 0,5 | 0,0 |
| Vaxtagjöld | 77,8 | 72,1 | -5,7 | 2,8 | 2,6 | -0,2 |
| **Vaxtajöfnuður** | **-65,1** | **-59,2** | **5,9** | **-2,4** | **-2,2** | **0,2** |
| Heildartekjur | 836,3 | 840,4 | 4,1 | 30,6 | 30,8 | 0,2 |
| Heildargjöld | 796,5 | 805,2 | 8,7 | 29,1 | 29,5 | 0,4 |
| **Heildarjöfnuður** | **39,8** | **35,2** | **-4,6** | **1,5** | **1,3** | **-0,2** |

Sú breyting lækkar tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2018 frá því sem var í fjármálaáætlun um tæpa 9 ma.kr. Þá er gert ráð fyrir að aðrar skattkerfisbreytingar leiði til tæplega 4 ma.kr. lægri afkomu en í fjármálaáætluninni en á móti framangreindu vegur endurmat skattstofna og endurmat annarra tekna sem samanlagt nemur um 18 ma.kr. Nánar er fjallað um helstu breytingar á tekjuáætluninni frá fjármálaáætluninni í kafla 4.4.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að frumgjöld ríkissjóðs verði 733,5 ma.kr., eða sem nemur 26,9% af VLF, og hækki um 14,4 ma.kr. frá forsendum fjármálaáætlunarinnar. Þar vegur þyngst til aukningar útgjaldaáhrif af ýmsum áherslumálum nýrrar ríkisstjórnar s.s. aukin framlög til heilbrigðis-, mennta- og samgöngumála. Auk þess er um að ræða nokkrar útgjaldabreytingar til aukningar útgjalda sem ekki lágu fyrir við afgreiðslu fjármálaáætlunarinnar og fjallað er um í kafla 5.5.4. en á móti vegur til lækkunar að verðlagsreikningur frumvarpsins er talsvert lægri en gert var ráð fyrir í forsendum fjármálaáætlunar líkt og fjallað er um í kafla 5.2.

Miðað við þessar forsendur versnar frumjöfnuður ríkissjóðs í frumvarpinu um 10,5 ma.kr. frá fjármálaáætluninni og nemur hann ríflega 94 ma.kr. í stað tæpra 105 ma.kr. Á mælikvarða VLF verður frumjöfnuðurinn 3,5% og versnar um 0,3-0,4% af VLF frá því sem gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni.

Á móti lakari frumjöfnuði hefur vaxtajöfnuðurinn batnað umtalsvert, eða um tæplega 6 ma.kr. Það skýrist að stærstum hluta af því að ríkissjóður keypti í apríl 2017 til baka eigin skuldabréf að nafnvirði 99 ma.kr. Áætlað er að fjármagnskostnaður á árinu 2017 aukist um tæplega 11 ma.kr. vegna þessa en á móti vegur að gert er ráð fyrir að vaxtagjöldin verði tæplega 6 ma.kr. lægri á ári til ársins 2022 frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í áætluninni.

Að meðtöldum bata í vaxtajöfnuðinum er áætlað að heildarafkoma ríkissjóðs verði jákvæð um ríflega 35 ma.kr. Það er 4,6 ma.kr. lægri afkoma en gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni eða sem svarar til 0,2% af VLF. Þrátt fyrir að verulega hafi verið bætt í útgjaldahlið ríkissjóðs til samræmis við áherslur nýrrar ríkisstjórnar, þá er sú útgjaldaaukning að miklu leyti vegin upp af auknum tekjum og bættum fjármagnsjöfnuði þannig að heildarafkoma ríkissjóðs breytist ekki mikið frá forsendum fjármálaáætlunarinnar sl. vor.

### 3.2 Fjármálareglur - framvinda

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skulu markmið fjármálastefnu og fjármálaáætlunar sem Alþingi samþykkir um afkomu og efnahag hins opinbera, þ.e. fyrir A-hluta ríkissjóðs og A-hluta sveitarfélaga, samræmast tölulegum skilyrðum eða fjármálareglum. Þær reglur eru reistar á grunngildum laganna um *sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi.* Fjármálareglurnar eru þríþættar og eru eftirfarandi:

1. Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu (**Afkomuregla**).
2. Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að

frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en nemur 30% af vergri landsframleiðslu (**Skuldaregla**).

3. Sé skuldahlutfallið skv. 2. tölulið hærra en 30% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% (1/20) á hverju ári (**Skuldalækkunarregla**).

**Afkomuregla**. Líkt og kemur fram í kaflanum hér að framan er heildarafkoma ríkissjóðs í frumvarpinu í takt við fyrirliggjandi stefnumörkun um að afgangur af rekstri ríkissjóðs verði aukinn á næsta ári samanborið við gildandi fjárlögum og gert er ráð fyrir að hann verði um 35 ma.kr. eða sem nemur 1,3% af VLF. Þá er rétt að geta þess að afkoma sveitarfélaga á árinu 2016 á þjóðhagsgrunni, sem er grundvöllur afkomureglunnar, reyndist vera nokkuð betri en áætlað var í aðdraganda fjármálaáætlunarinnar sl. vor. Samkvæmt bráðabirgðamati fyrir árið 2017 er áætlað að afkoma sveitarfélaga á yfirstandandi ári muni verða í jafnvægi og aukast smám á komandi árum. Að framansögðu mun afkoma hins opinbera að óbreyttu uppfylla skilyrði afkomureglunnar fyrir árið 2018.

**Skuldaregla og skuldalækkunarregla**. Samkvæmt endurmati á horfum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að heildarskuldir hins opinbera, mældar á þann kvarða sem lög um opinber fjármál mæla fyrir um, verði nálægt 36% af VLF í árslok 2017, eða 6% af VLF umfram skilyrði laganna. Fyrrgreind skuldalækkunarregla felur í sér að í árslok 2022 ættu heildarskuldir hins opinbera að vera komnar niður í 35% af VLF (lækkun um 0,24–0,3 prósentustig árlega). Á hinn bóginn var í fjármálaáætluninni, sem Alþingi samþykkti sl. vor, mörkuð stefna um að lækka heildarskuldir hins opinbera nokkuð hraðar, eða niður í 23% af VLF árið 2022. Það svarar til 13 prósentustiga lækkunar skulda af VLF frá árslokum 2017. Sú skuldalækkun byggist að stórum hluta á tilteknum forsendum um ráðstöfun óreglulegra tekna á borð við arðgreiðslur og aðgerðum í efnahagsreikningi. Þannig hefur verið gert ráð fyrir að umfang sérstakra ráðstafana til niðurgreiðslu skulda verði 140 ma.kr. og dreifist jafnt á árin 2018-2021 eða sem svarar til 35 ma.kr. ár hvert.

Líkt vikið er að í kafla 7 þá hefur gengið hraðar að greiða niður skuldir ríkissjóðs á yfirstandandi ári en reiknað hafði verið með í fyrri forsendum og útlit fyrir að árslokastaða áranna 2017 og 2018 verði betri en gert var ráð fyrir. Áfram er þó gert ráð fyrir í forsendum frumvarpsins að til komi 35 ma.kr. óreglulegt fjárstreymi á árinu 2018 til niðurgreiðslu skulda og með því verði skuldir ríkissjóðs komnar undir 27% af VLF í árslok 2018. Að meðtöldum skuldum sveitarfélaga er áætlað að skuldahlutfallið fyrir hið opinbera verði nálægt 36% af VLF í árslok 2017 og um 32-33% af VLF í árslok 2018 og hafi því lækkað um hátt í tíu prósentustig á tveimur árum. Þessi lækkunarferill er í samræmi við áður sett markmið um lækkun skulda og standa vonir til að hægt verði að ná markmiðum um að skuldir hins opinbera verði komnar undir 30% af VLF í árslok 2019.

# 4 Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2018, forsendum hennar og niðurstöðum. Þar skipta endanlegar tekjur ársins 2016 samkvæmt ríkisreikningi og uppfærð tekjuáætlun fyrir yfirstandandi ár miklu máli og því nauðsynlegt að gera þeim nokkur skil. Jafnframt er lýst helstu breytingum sem orðið hafa frá fyrri tekjuáætlun ársins 2018 sem birt var í fjármálaáætlun 2018–2022 í lok mars síðastliðins. Að lokum er fjallað um áætlaða skattastyrki fyrir fjárlagaárið eins og áskilið er í lögum um opinber fjármál.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2017 voru innleiddar veigamiklar breytingar á framsetningu tekjuáætlunarinnar í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál. Þær fólust einkum í breyttri meðferð á afskriftum skattkrafna, sértekjum stofnana og fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs. Engar frekari breytingar eru gerðar á framsetningunni í þessu fjárlagafrumvarpi og allar tölur eru því sambærilegar á milli áranna 2017 og 2018. Innleiðing laganna heldur þó áfram næstu misserin eins og fjallað er um í kafla 1 í frumvarpinu.

### 4.1 Tekjuuppgjör 2016

Heildartekjur síðasta árs samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings námu samtals 1.163 ma.kr. og voru 1 ma.kr. undir áætlun fjáraukalaga. Þrátt fyrir að heildartekjur hafi verið í góðu samræmi við áætlun fjáraukalaga voru marktæk frávik í einstökum tekjustofnum. Skattar á tekjur og hagnað voru undir áætlun, en á móti var frávik til tekjuaukningar í sköttum á vöru og þjónustu, þar sem frávik í virðisaukaskatti vóg þyngst. Samdráttur í stofni bankaskatts vegna uppgjörs slitabúa vóg mjög þungt og því drógust skatttekjur og tryggingagjöld sem hlutfall af VLF saman um 0,6 prósentustig milli ára og námu 27,3% samanborið við 27,9% árið 2015. Samanlagt voru skatttekjur og tryggingagjöld 2,9 ma.kr. undir áætlun fjár-aukalaga.

Tekjur sem ekki teljast til skatttekna voru samtals 1,9 ma.kr. umfram áætlun. Viðbótar-iðgjöld hjúkrunarheimila vegna lífeyrisskuldbindinga námu um 2 ma.kr. en ekki var gert ráð fyrir þeim tekjum í áætlun fjáraukalaga þar sem ákvörðun um uppgjörið lá ekki fyrir. Þá var töluvert frávik í tekjum af peningalegum eignum sem má rekja til endurheimtar á yfirtekinni ríkisábyrgð sem ekki var fyrirséð við áætlunargerðina. Nokkur frávik voru í einstökum óreglulegum liðum, s.s. arði og stöðugleikaframlagi, án þess þó að þau hafi bein áhrif á áætlun ársins 2018.

### 4.2 Endurmetin tekjuáætlun 2017

**Helstu forsendur og niðurstöður.** Efnahagsþróunin á yfirstandandi ári hefur verið kröftugri en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar fjárlaga 2017. Í þjóðhagsspánni frá því í nóvember síðastliðnum er spáð 4,9% hagvexti samanborið við 4,4% í þeirri þjóðhagsspá sem fjárlög 2017 byggðust á. Aukinn hagvöxtur er drifinn áfram af innlendri eftirspurn, sér

í lagi einkaneyslu, en vöxtur hennar fer úr 5,7% í 7,8%. Jafnframt eru horfur á minni verðbólgu en hún stefnir í 1,8% í endurskoðuðum forsendum í stað 2,4%. Nafnlaun hækka lítillega frá þeirri spá sem fjárlög 2017 byggðust á en á móti er vinnuaflseftirspurn nokkru minni. Minni verðbólga hefur hins vegar haft í för með sér áframhaldandi aukningu kaupmáttar og þar með meiri einkaneyslu eins og áður var nefnt. Innheimta skatttekna það sem af er ári endurspeglar þessi auknu umsvif í hagkerfinu sem fram koma í endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir yfirstandandi ár.

Endurskoðuð þjóðhagsspá Hagstofunnar, niðurstaða ríkisreiknings fyrir árið 2016 og upplýsingar um álagningu og innheimtu einstakra skattstofna það sem af er ári eru grundvallarforsendur fyrir endurskoðun tekjuáætlunar fjárlaga. Þegar líður á árið hafa raungögn, þ.e. álagning og innheimta einstakra tekjustofna, meira vægi við áætlunargerðina en á móti minnkar vægi þjóðhagsspár.




Í fjárlögum ársins 2017 voru heildartekjur áætlaðar 776 ma.kr. en sú áætlun hefur nú verið hækkuð í tæplega 815 ma.kr., eða um samtals 39 ma.kr. Þar af voru skatttekjur og tryggingagjöld áætluð 697 ma.kr. en sú áætlun hækkar um tæplega 19 ma.kr., eða 2,7%. Að baki þeirri hækkun eru mismunandi breytingar á einstökum skattstofnum eins og fjallað verður um hér á eftir. Efnahagsþróunin hefur mest að segja um endurmat tekna af einstökum skattstofnum. Eins og áður kom fram er einkaneysla á yfirstandandi ári meiri en var spáð við gerð fjárlaga, sem endurspeglast í auknum tekjum af virðisaukaskatti og öðrum veltusköttum. Sé litið til skattkerfisbreytinga þá eru áhrif þeirra til lækkunar heldur meiri en áætlað var í upphaflegri áætlun fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Munar þar mest um síðari áfanga breytinga á tekjuskatti einstaklinga þegar þrepum var fækkað úr þremur í tvö. Áætlun um arðgreiðslur er hækkuð um liðlega 20 ma.kr., vegna aukinna arðgreiðslna

banka, en sú aukning hefur hins vegar ekki varanleg áhrif á tekjuáætlun til framtíðar. Endurmetnar vaxtatekjur lækka um 1,1 ma.kr. og veiðigjöld hækka um 0,5 ma.kr.

**Einstakir tekjustofnar.** Næst verður farið nánar yfir helstu forsendur að baki endurmati á áætluðum tekjum af einstökum tekjustofnum á árinu 2017.

**Skattar á tekjur og hagnað.** Við endurmatið eru áætlaðar tekjur af sköttum á tekjur og hagnað hækkaðar um 12,5 ma.kr. frá fjárlögum 2017 og nema samtals 282,4 ma.kr.

Reiknað er með að tekjur af tekjuskatti einstaklinga hækki um 7,3 ma.kr. frá fjárlögum 2017, eða um 4,6%. Sú hækkun grundvallast að mestu á innheimtu skattsins það sem af er ári. Hækkun nafnlauna umfram fyrri spár er einnig höfð til hliðsjónar. Sjómannaverkfallið sem hófst í desember á síðasta ári hafði nokkur áhrif á tekjuskattstofninn fyrstu mánuði ársins, en úr þeim dró þegar leið á árið. Áhrif af skattfrádrætti vegna hlutabréfakaupa og nýtingu séreignarsparnaðar til kaupa á íbúðarhúsnæði hafa verið minni en búist var við og gæti þar munað 0,4 ma.kr. Kröftugri vinnumarkaður á yfirstandandi ári en reiknað var með í fjárlögum er því meginskýring þeirrar aukningar sem fram kemur í endurmati á tekjuskatti einstaklinga.

Áætlaðar tekjur af tekjuskatti lögaðila eru hækkaðar um 0,8 ma.kr. frá áætlun fjárlaga og nema samkvæmt því 79,3 ma.kr. á árinu 2017. Sú aukning byggist á álagningu tekjuskatts á lögaðila vegna rekstrarársins 2016, sem lá fyrir í lok október. Niðurstöður hennar gefa til kynna nokkru betri afkomu fyrirtækja á síðasta ári en miðað hafði verið við. Þá ber þess að geta að skil framtala hafa aldrei verið betri en nú og færri sæta því áætlunum í ár en áður, sem hefur jákvæð áhrif á endurmat skattteknanna. Á móti kemur að tekjur af sérstökum fjársýsluskatti lækka en færri aðilar greiða skattinn í ár en í fyrra.

Áætlun um fjármagnstekjuskatt einstaklinga er hækkuð um 4,4 ma.kr. við endurmat fjárlaga. Hækkunin er einkum komin til vegna þess að mun lægri fjárhæð var endurgreidd við álagningu lögaðila í ár en gert var ráð fyrir. Þá var álagning á einstaklinga í júlí síðastliðnum einnig heldur hærri en búist var við. Rétt er að taka fram að fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði hefur ekki lengur áhrif á áætlunina vegna breyttrar framsetningar hans á grundvelli laga um opinber fjármál.

**Skattar á laun og vinnuafl.** Áætlaðar tekjur af þessum flokki skatta lækka um 0,1 ma.kr. frá fjárlögum. Undir hann falla fjársýsluskattur, markaðsgjald og gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

**Eignarskattar.** Við endurmat á eignarsköttum eru tekjur hækkaðar um 0,6 ma.kr. frá fjárlögum. Er hækkunin öll til komin af erfðafjárskatti en innheimta hans á fyrstu tíu mánuðum ársins var 0,6 ma.kr. umfram áætlun.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Áætlaðar tekjur af sköttum á vöru og þjónustu eru hækkaðar um 6,9 ma.kr. en samtals nema umræddir skattar 311,5 ma.kr., eða liðlega 38% af heildartekjum ríkissjóðs. Frávik frá áætlun fjárlaga er þó einungis 2,3%. Þar af eru tekjur af virðisaukaskatti (VSK) hækkaðar um 6 ma.kr. og byggist endurmatið fyrst og fremst á álagningu og innheimtu VSK það sem af er ári. Hækkunin samræmist því að raunvöxtur

einkaneyslu hefur verið umtalsvert meiri en spáð var undir lok síðasta árs, en VSK er neysluskattur sem er lagður á um 2/3 hluta einkaneyslunnar. Á móti vegur þó lægra verðlag og aukin einkaneysla erlendis. Þessi þróun sést glöggt þegar einkaneysluútgjöld nóvember-spár Hagstofunnar eru skoðuð, en þau eru talin verða lægri í krónum talið en í þjóðhags-spánni í október 2016, en hún var grunnurinn að tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2017.

Vörugjöld af ökutækjum hækka um 1,3 ma.kr. frá fjárlögum, en innflutningur fólks-bifreiða hefur verið umfram spár það sem af er ári. Þá eru tekjur af olíugjaldi hækkaðar um 0,7 ma.kr. frá fjárlögum á grundvelli gagna um innheimtu. Tekjur af tóbaksgjaldi eru aftur á móti lækkaðar um tæplega 0,7 ma.kr. vegna meiri samdráttar í sölu tóbaks á árinu en búist var við. Aðrir skattar á vöru og þjónustu en þeir sem hér hafa verið nefndir breytast lítið frá áætlun fjárlaga.

**Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti.** Tekjur af tollum eru hækkaðar um 1 ma.kr. frá fjárlögum. Hækkunin er tilkomin vegna meiri innflutnings á mat- og drykkjarvörum en fyrirséð var. Er hér aðallega um að ræða innflutning landbúnaðarvara. Rétt er að nefna að frá ársbyrjun 2017 er tollur einungis lagður á nokkrar tegundir matvara.

**Aðrir skattar.** Endurmat á þessum flokki skatta leiðir til þess að tekjur af honum lækka um 340 m.kr. frá fjárlögum. Lækkun á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki, svokölluðum bankaskatti, vegur þar þyngst en tekjur af honum lækka um 450 m.kr. Á móti hækka hinir svokölluðu nefskattar um 110 m.kr. en þar flokkast gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald.

**Tryggingagjald.** Áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi eru lækkaðar um 1,7 ma.kr. frá fjárlögum í takt við lækkað mat á tryggingagjaldsstofni ársins. Það skýrist að hluta af lægri stofni fyrir árið 2016 samkvæmt ríkisreikningi en auk þess er staðgreiðsla tryggingagjalds það sem af er ári nokkru undir áætlun fjárlaga gagnstætt því sem gildir um tekjuskatt einstaklinga. Viðbætur við stofninn vegna hækkunar mótframlags hjá stórum hópi launa-greiðenda í lífeyrissjóð, þ.e. þann 1. júlí 2016 og 1. júlí 2017 um alls 2 prósentustig, kunna að hafa verið ofmetnar í áætluðum stofni gjaldsins fyrir yfirstandandi ár.

**Aðrar tekjur.** Endurmat á áætlun fyrir aðrar tekjur en skatttekjur og tryggingagjöld, s.s. tekjur af vöxtum, arði og veiðigjaldi, leiðir til 20 ma.kr. hækkunar. Arðgreiðslur eiga þar stærstan hlut að máli en þær hækka um 20,3 ma.kr. frá fjárlögum, sem má alfarið rekja til aukins arðs af eignarhlut ríkissjóðs í viðskiptabönkunum. Þar af er arður frá Lands-bankanum hækkaður um 17,3 ma.kr. og Íslandsbanka um 3,9 ma.kr., en á móti kemur að ekki verður greiddur 0,8 ma.kr. arður frá Arion banka á þessu ári eins og ráð var fyrir gert í áætlun fjárlaga.

Samkvæmt endurmatinu lækka vaxtatekjur yfirstandandi árs um rúman 1 ma.kr. frá áætlun fjárlaga. Lækkunina má helst rekja til lægri stýrivaxta en gert var ráð fyrir. Eru það einkum vaxtatekjur af innstæðum sem lækka á milli áætlana, eða um 680 m.kr. Þá lækka dráttarvextir af ógreiddum sköttum um 230 m.kr. og vaxtatekjur af veittum lánum um 170 m.kr.

Áætlaðar tekjur af veiðigjaldi hækka um tæplega 0,5 ma.kr. frá fjárlögum sem skýrist að mestu af hærra veiðigjaldi á botnfisk en gert var ráð fyrir í lok síðasta árs.

**Sala eigna og fjárframlög.** Sala eigna og fjárframlög breytast óverulega frá áætlun fjárlaga.

Sjá má yfirlit um tekjuáætlun 2017 og 2018 í meðfylgjandi töflu. Í töflu 3 í töfluviðauka er birt nánari sundurliðun á tekjuáætlun 2017 og 2018. Sundurliðun 1 í fremsta hluta frumvarpsins birtir nákvæma sundurliðun á tekjum ársins 2018.

| | Endurmetin | Áætlun 2018 | | | % af VLF | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrargrunnur, m.kr. | áætlun 2017 | Fjármála-áætlun | Fjárlaga-frumvarp | br. 2017–2018 | 2017 | 2018 | br. |
| **Skatttekjur** | **627.003** | **654.136** | **661.621** | **34.618** | **24,4%** | **24,2%** | **-0,1%** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 282.400 | 278.290 | 295.630 | 13.230 | 11,0% | 10,8% | -0,1% |
| þ.a. tekjuskattur einstaklinga | 167.100 | 177.367 | 181.230 | 14.130 | 6,5% | 6,6% | 0,1% |
| Skattar á launagr. og vinnuafl | 7.864 | 8.681 | 8.310 | 445 | 0,3% | 0,3% | 0,0% |
| Eignarskattar | 4.948 | 5.310 | 5.410 | 462 | 0,2% | 0,2% | 0,0% |
| Skattar á vöru og þjónustu | 311.465 | 342.425 | 333.341 | 21.876 | 12,1% | 12,2% | 0,1% |
| þ.a. VSK | 224.000 | 244.470 | 241.200 | 17.200 | 8,7% | 8,8% | 0,1% |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 3.572 | 2.422 | 1.972 | -1.600 | 0,1% | 0,1% | -0,1% |
| Aðrir skattar | 16.753 | 17.008 | 16.958 | 205 | 0,7% | 0,6% | 0,0% |
| **Tryggingagjöld** | **89.125** | **99.401** | **96.444** | **7.319** | **3,5%** | **3,5%** | **0,1%** |
| **Fjárframlög** | **4.948** | **5.282** | **5.126** | **178** | **0,2%** | **0,2%** | **0,0%** |
| **Aðrar tekjur** | **93.855** | **77.543** | **77.200** | **-16.655** | **3,6%** | **2,8%** | **-0,8%** |
| Eignatekjur | 60.253 | 42.590 | 41.782 | -18.471 | 2,3% | 1,5% | -0,8% |
| Vaxtatekjur | 14.355 | 12.725 | 12.901 | -1.454 | 0,6% | 0,5% | -0,1% |
| Arður og hluti af tekjum ríkisft. | 39.754 | 19.884 | 18.730 | -21.024 | 1,5% | 0,7% | -0,9% |
| Veiðigjald | 6.022 | 9.853 | 10.033 | 4.012 | 0,2% | 0,4% | 0,1% |
| Aðrar eignatekjur | 122 | 128 | 118 | -5 | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Sala á vöru og þjónustu | 29.211 | 30.522 | 30.670 | 1.459 | 1,1% | 1,1% | 0,0% |
| Ýmsar tekjur | 4.391 | 4.431 | 4.748 | 357 | 0,2% | 0,2% | 0,0% |
| **Heildartekjur ríkissjóðs** | **814.930** | **836.361** | **840.390** | **25.460** | **31,6%** | **30,8%** | **-0,9%** |

## 4.3 Tekjuáætlun 2018

**Efnahagsforsendur.** Tekjuáætlun ársins 2018 byggist að grunni til á uppfærðri tekjuáætlun ársins 2017 og þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í nóvember síðastliðnum um almennar efnahagsforsendur fyrir næsta ár. Horfur eru á að þær stærðir sem mestu skipta fyrir stærstu skattstofna ríkisins vaxi áfram af krafti á næsta ári, bæði launastofninn vegna aukins vinnumagns sem og einkaneyslan, en raunaukning hennar fer úr 3,9% samkvæmt febrúarspá Hagstofunnar, sem var undirstaða fjármálaáætlunar, í 5,3% í nóvemberspá stofnunarinnar. Varðandi framvindu efnahagsmála og þjóðhagsspána vísast nánar til 2. kafla.

**Skattabreytingar.** Ýmsar kerfisbreytingar setja svip sinn á áætlun um skatttekjur næsta árs, annars vegar þær breytingar sem nú þegar hafa verið lögfestar og hins vegar áform um breytingar sem gert er ráð fyrir að verði lögfestar fyrir árslok.

Fyrst má nefna lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð sem öðluðust gildi þann 1. júlí 2017. Úrræðið, sem oft er nefnt „fyrsta fasteign“ í daglegu tali, veitir einstaklingum, sem kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn heimild til að taka út þau viðbótarlífeyrisiðgjöld sem viðkomandi hefur greitt inn á séreignarsjóð. Nýta má úttektina með tvennum hætti; annars vegar til íbúðarkaupa eða byggingaframkvæmda og hins vegar til að greiða iðgjald mánaðarlega inn á veðlán sem tekið hefur verið til að kaupa eða byggja eigið húsnæði. Lækkun tekna ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga vegna úrræðisins er metin 0,7 ma.kr árið 2018. Rétt er að taka fram að þetta mat er mikilli óvissu háð þar sem hægar hefur gengið að koma þessu úrræði til framkvæmda á þessu ári en vonast hafði verið til. Þar af leiðandi kunna þessi áhrif að vera vanmetin þar sem nú þegar bíður nokkur hópur umsækjenda eftir afgreiðslu sem að öllum líkindum flyst yfir á næsta ár.

Álagning tekjuskatts á einstaklinga árið 2018 mun byggjast á tveggja þrepa tekjuskattskerfi en breytingin er þegar komin til framkvæmda í staðgreiðslu. Í lok árs 2016 samþykkti Alþingi þá breytingu að tiltekin samsköttun milli hjóna/sambúðarfólks sem heimil var milli annars og þriðja þreps yrði nú heimil milli fyrsta og annars þreps í nýju kerfi. Sú breyting fól í sér aukið vægi þessarar heimildar og þar með umtalsverða tekjulækkun fyrir ríkissjóð, en við útfærslu tveggja þrepa kerfisins hafði verið miðað við að umrædd samsköttun félli niður. Heildaráhrif af samnýtingu skattþrepa í tekjuskatti einstaklinga á afkomu ríkissjóðs eru metin neikvæð um 2,7 ma.kr. á árinu 2018, þar af er framangreind breyting áætluð 0,8 ma.kr.

Þá koma áhrif af hækkun gistináttaskatts úr 100 krónum í 300 krónur, sem kom til framkvæmda 1. september 2017, að fullu fram á næsta ári. Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar verður skoðað hvort færa eigi gjaldið til sveitafélaga, en ekki er gert ráð fyrir breytingum af því tagi í þessu fjárlagafrumvarpi.

| Tekjuáhrif skattabreytinga á ríkissjóð, ma.kr. [1] | Fjárm.áætl. | Frumvarp | Breyting |
|---|---|---|---|
| ***Lögfestar breytingar*** | | | |
| Stuðningur til kaupa á fyrstu íbúð | -0,7 | -0,7 | 0,0 |
| Samnýting skattþrepa samskattaðra einstaklinga | -0,8 | -0,8 | 0,0 |
| Þreföldun gistináttaskatts | 1,2 | 1,2 | 0,0 |
| **Samtals** | **-0,3** | **-0,3** | **0,0** |
| ***Ólögfestar breytingar*** | | | |
| Tilfærsla ferðaþj.tengdrar starfsemi í almennt VSK þrep felld brott | 8,9 | 0,0 | -8,9 |
| Afnám afsláttar af vörugjaldi bílaleiga | 3,0 | 1,5 | -1,5 |
| Kolefnisgjald hækkað um helming í stað tvöföldunar | 4,0 | 2,0 | -2,0 |
| VSK undanþága rafmagns-, tengiltvinnbifreiða o.fl. framlengd | 0,0 | -2,0 | -2,0 |
| Hækkun fjármagnstekjuskatts úr 20% í 22% | 0,0 | 1,6 | 1,6 |
| **Samtals** | **15,9** | **3,1** | **-12,8** |

[1] Fjárhæðir tákna áhrif hverrar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2018. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á VSK.

Áform um tilfærslu ferðaþjónustutengdrar starfsemi úr neðra þrepi virðisaukaskatts í almenna þrepið, sem kynnt voru í fjármálaáætluninni verða lögð til hliðar. Sú breyting lækkar tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2018 frá því sem var í fjármálaáætlun um tæpa 9 ma.kr. Með þessu er komið til móts við þá gagnrýni ferðaþjónustuaðila að kerfisbreytingin hafi íþyngjandi áhrif á afkomu greinarinnar í heild sem farið hafi versnandi m.a. vegna styrkingar krónunnar og launahækkana. Þess í stað verða aðrar leiðir til gjaldtöku skoðaðar í samráði við hagsmunaaðila, m.a. álagning komu- eða brottfarargjalds en engin ákvörðun er tekin varðandi útfærslu á því í þessu fjárlagafrumvarpi.

Bílaleigur hafa um árabil notið afsláttar af vörugjöldum á ökutæki umfram það sem gildir um fólksbifreiðar almennt. Lögfest var árið 2015 að afnema afsláttinn í ársbyrjun 2018. Nú eru uppi þau áform að ívilnunin verði afnumin í tveimur jöfnum áföngum þannig að hámark ívilnunar á hvern bíl lækki úr 500 þús. í 250 þús. í ársbyrjun 2018 og hún verði að fullu afnumin í ársbyrjun 2019. Áætlað er að tekjur verði um 3 ma.kr. meiri en í núverandi kerfi þegar afnám afsláttarins hefur tekið gildi í ársbyrjun 2019, að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Framlenging afsláttarins og helmingslækkun hámarksins um næstu áramót lækkar áætlaðar tekjur af gjaldinu um 1,5 ma.kr. á næsta ári samanborið við tekjuáætlun fjármálaáætlunar sem samþykkt var í júní sl. Nái framangreind áform fram að ganga munu bílaleigur njóta áfram um 1,5 ma.kr. ívilnunar á næsta ári, sem er ein tegund af skattastyrk á málefnasviði ferðaþjónustu (sjá kafla 4.5).

Áform um tvöföldun kolefnisgjalds sem lagt er á jarðefnaeldsneyti og jarðgas voru kynnt í fjármálaáætlun. Þessum áformum hefur verið breytt að því leyti að gjaldið verði hækkað um 50% og áætluð tekjuáhrif því 2 ma.kr. lægri á árinu 2018 að meðtöldum hliðaráhrifum á VSK eða helmingi minni en í fjármálaáætlun. Áhrif á vísitölu neysluverðs eru metin um 0,03% til hækkunar. Aðgerðin beinist gegn losun koltvísýrings í andrúmsloftið og er í takt við stefnu og skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Ennfremur er stefnt að því að undanþága frá VSK við innflutning og sölu nýrra rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða, sem gilt hefur frá árinu 2013, verði fest í sessi næstu þrjú ár. Samanlögð fjárhæð ívilnunarinnar hefur aukist mjög undanfarið vegna fjölgunar slíkra bíla og er gert ráð fyrir að hún nemi rúmlega 2 ma.kr. árið 2018. Strax á næsta ári verður farið í greiningu á því hver áhrif umræddrar ívilnunar hafa verið í því skyni að meta þörfina fyrir framhald hennar næstu árin.

Þá bætast við ný áform um hækkun skattprósentu fjármagnstekjuskatts úr 20% í 22%. Með þeirri breytingu er verið að draga úr mismunun í skattlagningu fjármagnstekna annars vegar og launatekna hins vegar. Þar sem fjármagnstekjuskattur er bæði greiddur í staðgreiðslu og eftirágreiðslu þá munu áhrif hækkunarinnar ekki koma að fullu fram fyrr en á árinu 2019. Áætlað er að tekjur hækki um 1,6 ma.kr. á árinu 2018 og um 2,6 ma.kr. árlega þar á eftir.

Að lokum er gert ráð fyrir að svokölluð krónutölugjöld, sem eru föst krónutala á magneiningu, hækki miðað við almennar verðlagshækkanir. Verðlagsuppfærslan, sem taka

mun gildi í ársbyrjun 2018 að óbreyttu, tekur mið af áætlaðri verðbólgu yfir árið 2017 eða sem nemur 2%. Hér er um að ræða bensíngjald, olíugjald, áfengisgjald, tóbaksgjald, bifreiðagjald og kílómetragjald. Jafnframt er miðað við að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald hækki um 2%. Verðlagsuppfærslan eykur áætlaðar tekjur ríkissjóðs um tæplega 1,5 ma.kr. að meðtöldum hliðaráhrifum á VSK.

**Skattundanskot og skattsvik.** Í byrjun þessa árs hófst undirbúningur að því mikilvæga verkefni að vinna áfram gegn skattundanskotum, þar með talið í skattaskjólum. Skipaðir voru tveir starfshópar til að skoða tvo þætti þeirra sérstaklega, annars vegar milliverðlagningu í viðskiptum tengdra aðila og hins vegar skattundanskot og skattsvik. Skýrslum starfshópanna var skilað í júní síðastliðnum, en þær innihalda margvíslegar tillögur og ábendingar um aðgerðir sem ættu að geta nýst skattyfirvöldum vel í baráttunni gegn skattsvikum. Þá hefur starfshópur, sem skoðaði skattskyldu af erlendri ferðaþjónustustarfsemi hér á landi, einnig skilað skýrslu um aðgerðir til að jafna samkeppnisstöðu innlendrar ferðaþjónustu gagnvart þeirri erlendu í skattalegu tilliti. Sérfræðingar fjármála- og efnahagsráðuneytisins eru nú að útfæra tillögur framangreindra þriggja skýrslna að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir skattkerfisins, en fyrir liggur að tillögurnar snúa bæði að mögulegum laga- og reglugerðarbreytingum og skattframkvæmd á ýmsum sviðum. Stefnt er að því að þeirri yfirferð verði lokið á fyrstu mánuðum ársins með drögum að lagafrumvarpi um hertar aðgerðir og endurbætt tæki í baráttunni gegn skattundanskotum og skattsvikum. Þessi áætlun er í samræmi við þau áform sem er að finna í stjórnarsáttmálanum að „ [á]framhaldandi áhersla þarf að vera á alþjóðlegt samstarf gegn skattundanskotum og skattsvikum þannig að Ísland skipi sér í fremstu röð ríkja sem berjast gegn skattaskjólum“.

Hvorki er gert ráð fyrir auknum tekjum né auknum stofn- eða rekstrarkostnaði hjá skattyfirvöldum vegna væntanlegra lagabreytinga í þessu fjárlagafrumvarpi, en við gerð fjármálaáætlunar til ársins 2023 verður horft til væntra áhrifa af fyrirhuguðum aðgerðum, bæði á tekju- og gjaldahlið.

**Einstakir tekjustofnar.** Næst verður farið nánar yfir helstu forsendur að baki áætluðum tekjum af einstökum tekjustofnum á árinu 2018.




**Skattar á tekjur og hagnað.** Skattar á tekjur og hagnað nema samtals 295,6 ma.kr. í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2018. Þar af er stærsti liðurinn tekjuskattur einstaklinga sem er áætlaður 181,2 ma.kr. en hann hækkar um 3,9 ma.kr. frá fjármálaáætlun. Sú áætlun byggist m.a. á forsendum úr þjóðhagsspá Hagstofunnar frá í nóvember, þar sem gert er ráð fyrir hækkun nafnlauna um 6,3% milli áranna 2017 og 2018 og sömuleiðis fjölgun heildarvinnustunda um nálægt 1,5% á sama tímabili. Á móti þessu vega ýmsir liðir til lækkunar. Þar má m.a. nefna stuðningsaðgerðir stjórnvalda vegna kaupa á fyrstu fasteign, sem og samsköttun hjóna/sambúðarfólks eins og komið hefur verið inn á í umfjölluninni hér að framan.

Áætlaðar tekjur af tekjuskatti lögaðila eru 77,3 ma.kr. sem er hækkun um 4,4 ma.kr. frá fjármálaáætlun. Áætlunin tekur mið af afkomu helstu atvinnuvega á árinu 2016, þróun landsframleiðslu sem og niðurstöðum í álagningu opinberra gjalda á lögaðila sem birt var í lok október sl. Sérstakur fjársýsluskattur flokkast með tekjuskatti lögaðila og er hann áætlaður 3,8 ma.kr.

Fjármagnstekjuskattur er áætlaður 37,1 ma.kr. en stofn hans er að langstærstum hluta fjármagnstekjur einstaklinga, ýmist á árinu 2017 eða 2018 eftir því hvort um staðgreiðslu er að ræða eða eftirágreiðslu. Arður og söluhagnaður jukust mjög mikið á árinu 2016, arður um 25% og söluhagnaður um 39% og námu þessar tvær tegundir um 65% allra fjármagnstekna einstaklinga. Vaxtatekjur og leigutekjur jukust einnig ríflega. Leigutekjur eru að mestum hluta vegna útleigu íbúðarhúsnæðis og er helmingur þeirra frádráttarbær og virkt skatthlutfall á stofn leigutekna ársins 2018 því 11% í stað 22%. Áform um hækkun skattprósentunnar úr 20% í 22% í ársbyrjun 2018 leiða til áætlaðrar 1,6 ma.kr. tekjuaukningar á árinu 2018. Tekjur af fjármagnstekjuskatti 2018 eru nú áætlaðar um 9 ma.kr. meiri en í fjármálaáætlun og skýrist það að stórum hluta af endurmati vegna nýrra

upplýsinga um skattstofn áranna 2016 og 2017, þar sem byggt er á gögnum úr álagningu á einstaklinga, uppgjöri á afdreginni staðgreiðslu af lögaðilum 2016 og loks staðgreiðslustofni það sem af er ári 2017.

**Skattar á laun og vinnuafl.** Áætlað er að heildartekjur af sköttum á laun og vinnuafl nemi um 8,3 ma.kr. sem er lækkun um tæplega 0,4 ma.kr. frá fjármálaáætlun. Þar af er gert ráð fyrir að almennur fjársýsluskattur nemi 3,1 ma.kr. og að markaðsgjald og hluti lífeyrissjóða í tryggingagjaldi vegna jöfnunar örorkubyrði verði 5,2 ma.kr.

**Eignarskattar.** Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar um 5,4 ma.kr. á komandi ári og hækka lítillega frá fjármálaáætlun. Stærsti einstaki liðurinn er erfðafjárskattur og er áætlað að tekjur af honum skili ríkissjóði 4,4 ma.kr. Aðrir liðir eru skipulagsgjald, brunabótamatsgjald og fasteignamatsgjald. Gert er ráð fyrir að þeir nemi samtals rúmlega 1 ma.kr.

**Skattar á vöru og þjónustu.** Tekjur af þessum skattflokki eru nú áætlaðar 333,3 ma.kr. á næsta ári sem er 9 ma.kr. minna en í fjármálaáætluninni. Þar munar mest um lækkun á tekjum af VSK sem fyrst og fremst má rekja til þess að ekki er lengur gert ráð fyrir að ferðaþjónustugreinar muni færast í almenna skattþrepið á árinu 2018 eins og áformað var. Í fjármálaáætlun var ráðgert að tilfærslan yrði á miðju ári 2018 og myndi skila 8,9 ma.kr. tekjuauka á því ári. Engin meiriháttar tekjuáhrif verða því á næsta ári af nýjum kerfisbreytingum í VSK. Í frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu fjárlagafrumvarpi er þó að finna þrenns konar breytingar sem hafa bæði bein áhrif og hliðaráhrif á tekjur af VSK. Í fyrsta lagi verður undanþága frá VSK fyrir raf-, vetnis- og tengiltvinnbifreiðir sem gilt hefur frá árinu 2013 framlengd til næstu þriggja ára. Neikvæð tekjuáhrif (skattastyrkur) vegna hennar hefur hækkað mjög á árunum 2016 og 2017 vegna fjölgunar slíkra bíla og er gert ráð fyrir að þau verði rúmlega 2 ma.kr. árið 2018. Í öðru lagi eru hliðaráhrif af 50% hækkun kolefnisgjaldsins áætluð tæpir 0,4 ma.kr. í viðbótartekjum af VSK. Í þriðja lagi eru áætluð 0,3 ma.kr. hliðaráhrif til lækkunar á VSK þar sem hætt er við að afnema afslátt af vörugjaldi af bílaleigubílum.

Helstu efnahagslegu forsendur að baki áætluðum VSK á næsta ári eru aukin einkaneysla og hærra verðlag, en nafnverð hennar hækkar alls um 8,3% milli ára í stað 7,1% í fjármálaáætlun. Gangi þetta eftir verður eftirspurn í hagkerfinu talsvert meiri en búist var við í fjármálaáætlun. Þá liggur fyrir að skilvirkni VSK hefur batnað nokkuð á undanförnum árum. Þegar allt er lagt saman er áætlað að þessi stærsti tekjustofn ríkissjóðs skili rúmlega 241 ma.kr. á komandi ári. Sú fjárhæð samsvarar 8,8% af VLF og hefur það hlutfall ekki mælst hærra síðan árið 2007. Bætta skilvirkni má m.a. rekja til kerfisbreytinga áranna 2015 og 2016 þegar skattþrepum VSK var breytt og bilið á milli þeirra minnkað og skattstofninn breikkaður. Auk þess hafa kröftug einkaneysla og neysla erlendra ferðamanna haft þessi jákvæðu áhrif á tekjur af VSK.

Áætlaðar tekjur af stimpilgjaldi eru tæplega 5,1 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. lækkun frá fjármálaáætlun, en innheimta þess hefur verið undir áætlun mestan hluta ársins 2017 þrátt fyrir líflegan fasteignamarkað. Tekjur af vörugjöldum á ökutæki eru áætlaðar 7,9 ma.kr. á

næsta ári sem er 1,9 ma.kr. minna en í fjármálaáætlun. Lækkunin skýrist einna helst af breyttum áformum hvað varðar afnám afsláttar sem bílaleigur hafa fengið af vörugjöldum. Sem fyrr segir er lagt til að fresta gildistöku laganna um eitt ár en á móti lækkar afsláttarþakið um helming. Ennfremur er gengið út frá því að innflutningur á vistvænum bifreiðum aukist meira en áætlað var í fjármálaáætlun, m.a. á rafbílum en það hefur þau áhrif að tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum verða minni en ella. Tekjur af bensín- og olíugjaldi lækka lítillega frá fjármálaáætlun og eru áætluð um 24,7 ma.kr. Gert er ráð fyrir að kaupmáttaraukning ásamt fjölgun ferðamanna segi til sín í 1,5% aukningu bensínsölu og 3% aukningu dísilsölu. Jafnframt hækka gjöldin um 2% í ársbyrjun 2018 eins og önnur krónutölugjöld. Þá er áætlað að tekjur af kolefnisgjaldi verði 5,6 ma.kr. Lagt er til að hækka gjaldið um helming í ársbyrjun 2018 í stað þess að tvöfalda það líkt og fjármálaáætlun gerði ráð fyrir. Verði sú tillaga að lögum aukast tekjur ríkissjóðs af kolefnisgjaldi um 1,6 ma.kr. að viðbættum hliðaráhrifum á VSK miðað við óbreytt kerfi.

Áætlaðar tekjur af áfengisgjaldi eru 18,6 ma.kr. á næsta ári og er það að mestu óbreytt frá fjármálaáætlun. Áætlað er að kaupmáttaraukning og fjölgun ferðamanna segi til sín í 2,6% söluaukningu á áfengi en einnig er tekið tillit til 2% verðlagsuppfærslu gjaldsins. Þá eru tekjur af tóbaksgjaldi áætlaðar 6,1 ma.kr. á næsta ári sem er töluverð lækkun frá fjármálaáætlun. Dregið hefur verulega úr tóbakssölu á yfirstandandi ári og innheimta gjaldsins á fyrstu þremur ársfjórðungum er undir áætlun. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í tóbaksneyslu.

Tekjur af gistináttaskatti eru áætlaðar 1,4 ma.kr. sem er umtalsverð hækkun frá áætlun yfirstandandi árs. Eins og fram er komið hækkaði gjaldið úr 100 kr. í 300 kr. á hverja gistináttaeiningu þann 1. september síðastliðinn og gildir hærra gjaldið því allt árið 2018. Líkt og fram hefur komið er til skoðunar að færa tekjustofninn til sveitafélaga.

**Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti.** Áætlaðar tekjur af tollum eru samtals 2 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. lækkun frá fjármálaáætlun. Lækkunina má m.a. rekja til gengisþróunar eins og hún er áætluð í þjóðhagsspá Hagstofunnar. Áætlunin tekur einnig mið af endurgreiðslu ríkissjóðs vegna útboðsgjalda sem gert er ráð fyrir að komi til frádráttar á tekjum ársins 2018.

**Aðrir skattar.** Gert er ráð fyrir að heildartekjur af öðrum sköttum verði 17 ma.kr. Stærsti liðurinn þar er sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, oft nefndur bankaskattur. Áætlað er að tekjur af honum nemi 9,2 ma.kr. og lækki um tæplega 0,4 ma.kr. frá fjármálaáætlun. Aðrir liðir eru gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald að upphæð annars vegar 2,5 ma.kr. og hins vegar 4,2 ma.kr. en gert er ráð fyrir að gjöldin hækki um 2% frá árinu í ár. Þá nema ýmsir skattar á atvinnurekstur í þessum flokki 1 ma.kr.

**Tryggingagjald** er lagt á öll laun og ígildi þeirra og er þriðji stærsti tekjustofn ríkisins. Launa- og atvinnustig eru því ráðandi þættir fyrir tryggingagjaldsstofninn. Í þjóðhagsspánni frá í nóvember er gert ráð fyrir að nafnlaun hækki um 6,3% árið 2018 og vinnuaflseftirspurn aukist um nálægt 1,5%, en í því felst að gjaldstofninn hækkar um tæp 8%. Iðgjald

sem launagreiðandi greiðir sem mótframlag í lífeyrissjóð launþega er hluti af launakjörum og þar með hluti af tryggingagjaldsstofninum. Hækkun á framlagi launagreiðenda úr 8% í 11,5% í þremur áföngum á árunum 2016–2018 hefur því þau áhrif að gjaldstofninn hækkar meira en sem nemur einungis hækkun launa á þessu tímabili. Þriðji og síðasti áfanginn er hækkun um 1,5 prósentustig 1. júlí 2018. Á grundvelli framangreinds er tryggingagjaldsstofn ársins 2018 áætlaður 1.493 ma.kr. og er það hækkun um 8,2% frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir óbreyttu gjaldhlutfalli tryggingagjalds en það skiptist í 5,4% almennt tryggingagjald og 1,35% atvinnutryggingagjald. Séu markaðsgjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa, sem lögð eru á sama stofn, einnig meðtalin er gjaldhlutfallið 6,85%. Áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi nema samtals 96,4 ma.kr. á árinu 2018 m.v. framangreindar forsendur. Það er 3 ma.kr. minna en í fjármálaáætlun sem skýrist einkum af grunnáhrifum vegna endurmats á launastofni ársins 2017.

| Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja 2017 og 2018 (m.kr.) | Áætlun 2017 | Frumvarp 2018 |
|---|---|---|
| *Arður* | | |
| Viðskiptabankar | 34.745 | 14.430 |
| Íslandsbanki hf. | 10.000 | 5.600 |
| Landsbankinn hf. | 24.745 | 7.900 |
| Arion banki hf. | 0 | 930 |
| Landsvirkjun | 1.500 | 1.500 |
| Aðrir | 579 | 620 |
| **Arður alls** | **36.824** | **16.550** |
| *Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja* | | |
| ÁTVR | 1.750 | 1.000 |
| Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands | 1.180 | 1.180 |
| **Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls** | **2.930** | **2.180** |
| **Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls** | **39.754** | **18.730** |

**Aðrar rekstrartekjur.** Í þennan flokk falla tekjur sem ríkissjóður hefur af eignum sínum og fleiri tegundir tekna, eins og vaxtatekjur, arður, leigutekjur, veiðigjald, tekjur af sölu vöru og þjónustu, sektir og fleira.

Vaxtatekjur ríkissjóðs munu nema 12,9 ma.kr. á næsta ári skv. áætluninni og er það 0,2 ma.kr. meira en í fjármálaáætlun.

Hluti ríkisins af hagnaði B-hluta félaga og arðgreiðslur frá félögum eru áætlaðar alls 18,7 ma.kr. á næsta ári líkt og kemur fram í töflunni hér að framan. Þar af eru 14,4 ma.kr. samanlagt frá viðskiptabönkunum þremur. Þá er reiknað með óbreyttum eignarhlut ríkisins frá því sem var í árslok 2016, eða 13% eignarhlut í Arion, 100% í Íslandsbanka og 98,2% í Landsbankanum. Aðrar helstu arðgreiðslur eru frá ÁTVR og Landsvirkjun.

Áætlað er að tekjur af veiðigjöldum muni aukast um 4 ma.kr. frá árinu 2017 og verði nálægt 10 ma.kr. Aukninguna má rekja til meiri framlegðar af fiskveiðum á árinu 2015 sem

leiðir til þess að stofn veiðigjalds fyrir botnfisk tvöfaldast á fiskveiðiárinu 2017/2018. Þá hefur réttur til lækkunar á veiðigjaldi vegna vaxtaberandi skulda við kaup á aflahlutdeild verið afnuminn, sem leiðir til þess að tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi aukast um 650 m.kr.

### 4.4 Samantekt á breytingum á tekjuáætlun ársins 2018 frá fjármálaáætlun

Í frumvarpinu eru heildartekjur ársins 2018 áætlaðar 840,4 ma.kr. eða 4 ma.kr. hærri en í fjármálaáætluninni sem samþykkt var í júní sl. Greint var frá meginforsendum þeirrar áætlunar í kaflanum hér að framan en á meðfylgjandi mynd má sjá samandregnar breytingar fjárlagafrumvarps 2018 frá fjármálaáætlun eftir því hvers eðlis hinar breyttu forsendur eru.




Endurmat skattstofna leiddi til 17,4 ma.kr. hækkunar á tekjum frá fjármálaáætlun, en það getur bæði stafað af breyttum forsendum um efnahagslega þróun yfirstandandi árs og næsta árs. Sama gildir um endurmat annarra tekna en skatttekna sem lækka um 0,6 ma.kr. frá fjármálaáætlun.

Í fjármálaáætlun var gert ráð fyrir tveimur nýjum skattabreytingum á árinu 2018, í fyrsta lagi tilfærslu ferðaþjónustutengdrar starfsemi úr neðra þrepi VSK í almenna þrepið um mitt ár 2018 og í öðru lagi tvöföldun kolefnisgjalds í ársbyrjun 2018. Ekki er lengur gert ráð fyrir að ferðaþjónustugreinar muni færast í almenna skattþrepið sem lækkar áætlaðar tekjur ríkissjóðs um 8,9 ma.kr. árið 2018. Þá hefur áformum um tvöföldun kolefnisgjalds hefur verið breytt að því leyti að nú er gert ráð fyrir að gjaldið hækki um helming. Sú breyting lækkar tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2018 frá því sem var í fjármálaáætlun um 2 ma.kr.

Í þessu fjárlagafrumvarpi eru einnig lagðar fram nýjar tillögur um skattbreytingar sem áhrif hafa á árið 2018. Áform um að hækka hlutfall fjármagnstekjuskatts úr 20% í 22% skila ríkissjóði 1,6 ma.kr. í tekjur árið 2018. Þá er einnig lagt til að afnema afslátt bílaleiga

af vörugjöldum af ökutækjum í tveimur jöfnum skrefum. Upphaflega var gert ráð fyrir að afnema afsláttinn í ásbyrjun 2018 en nú er lagt til að lækka afsláttarþakið um helming í ársbyrjun 2018 og fella það brott að fullu í ársbyrjun 2019. Breytingin lækkar tekjur ríkissjóðs um 1,5 ma.kr. frá fjármálaáætlun að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Að lokum er lagt til að framlengja undanþágu virðisaukaskatts við innflutning og sölu nýrra rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða, sem gilt hefur frá árinu 2013 sem lækkar tekjur ríkissjóðs um 2 ma.kr. frá fjármálaáætlun.

**4.5 Skattastyrkir**

Í lögum um opinber fjármál er gerð sú krafa að yfirlit um skattastyrki fylgi frumvarpi til fjárlaga. Samkvæmt því er nú í annað sinn birt skattastyrkjayfirlit fyrir komandi fjárlagaár. Með yfirlitinu er minnt á tilvist ívilnana í skattkerfinu og upplýsingar um áhrif þeirra dregnar fram og gerðar aðgengilegar. Um leið er tilgangurinn sá að hvetja til þess að skattastyrkir séu settir í samhengi við stefnumið í ríkisfjármálum og stöðugt metið hvort ástæða sé til að gera á þeim breytingar eins og hverjum öðrum áhrifaþætti í fjármálum hins opinbera. Þannig gegnir skattastyrkjagreining mikilvægu hlutverki í virkri fjármálastjórn ríkisins, á sama hátt og greining á hinum ýmsu útgjaldaliðum.

Þær aðferðir sem notaðar eru við að meta skattastyrki í þessu yfirliti taka mið af leiðbeiningum alþjóðastofnana og verklagi annarra ríkja sem birt hafa slíkar upplýsingar, mörg um langa hríð, en eiginlegur alþjóðlegur staðall er ekki til. Umfang skattastyrkja eftir ríkjum er afar mismunandi sem skýrist bæði af mismunandi löggjöf og því hversu víðtækri skilgreiningu hvert ríki kýs að beita. Notagildi þess að meta skattastyrki felst enda fremur í skoðun inn á við en samanburði út á við; skattastyrkina ber að skoða út frá stefnu stjórnvalda í viðkomandi ríki í hinum ýmsu málaflokkum og hvaða leiðir eru skynsamlegar í ríkisfjármálastjórninni.

Vakin er athygli á því að í kafla 4.7 í fjárlagafrumvarpi 2017 er að finna ítarlega umfjöllun um skattastyrki.

**Áætlaðir skattastyrkir 2018**

Umfang skattastyrkja er áætlað um 89 ma.kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 2018 eins og fram kemur í töflunni hér á eftir. Það er sú lækkun á skatttekjum sem stafar af frávikum frá grunngerð skattkerfisins. Til samanburðar eru skatttekjur ríkisins áætlaðar um 662 ma.kr. á næsta ári þannig að áætlaðir skattastyrkir svara til 13,4% af heildarskatttekjum. Að baki slíkum frávikum frá grunngerð eru margvísleg góð og gild markmið stjórnvalda um nauðsynlegan stuðning sem getur hentað vel að ná fram í gegnum skattkerfið um skemmri eða lengri tíma. Þau birtast í ákvæðum skattalaga, til dæmis sem sérstök undanþága frá skattskyldu, lækkun á skattstofni, lægra skatthlutfall, afsláttur eða endurgreiðsla á skatti eða með öðrum hætti. Notast þarf við tiltekna skilgreiningu á grunngerð skattkerfisins til þess að skýrt sé hvenær um skattastyrk er að ræða. Frávikin eiga það sameiginlegt að vera

yfirleitt ívilnandi fyrir skattgreiðandann og tekjur ríkisins af skattlagningunni verða því minni en ella. Heildarumfang skattastyrkja 2018 nemur um 3,2% af VLF. Umfang skattastyrkja er víðast hvar meira í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það skýrist þó að hluta af því að í þessu skattastyrkjayfirliti er enn sem komið er ekki lagt mat á nokkra algenga skattastyrki sem vega þungt í uppgjöri annarra ríkja, einkum má þar nefna meðferð lífeyrissjóðsiðgjalda og reiknaðrar húsaleigu vegna búsetu í eigin húsnæði.

Skattastyrkir 2018 (áætlaðar fjárhæðir í m.kr.)

| **Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund ívilnunar** | | **Skattastyrkir flokkaðir eftir málefnasviði** | |
|---|---|---|---|
| Undanþága frá skattskyldu | 11.886 | 7. Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál | 117 |
| Frádráttur (e. allowance) | 6.990 | 8. Sveitarfélög og byggðamál | 8 |
| Frádráttarheimild (e. deduction) | 3.215 | 9. Almanna- og réttaröryggi | 171 |
| Lægri skattprósenta | 65.249 | 11. Samgöngu- og fjarskiptamál | 1.141 |
| Afsláttur af reiknuðum skatti (e. credit) | 1.339 | 13. Sjávarútvegur og fiskeldi | 0 |
| Frestun skattgreiðslu | 0 | 14. Ferðaþjónusta | 26.558 |
| **Alls** | **88.677** | 15. Orku- og eldsneytismál | 47 |
| | | 17. Umhverfismál | 2.468 |
| **Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts** | | 18. Menning og listir | 2.818 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 3.770 | 20. Framhaldsskólastig | 1.569 |
| Tekjuskattur lögaðila | 998 | 21. Háskólastig | 257 |
| Fjármagnstekjuskattur | 3.390 | 23. Sjúkrahúsþjónusta | 330 |
| Eignarskattar | 350 | 27. Örorka og málefni fatlaðs fólks | 611 |
| VSK | 73.415 | 29. Fjölskyldumál | 33.446 |
| Vörugjöld og aðrir neysluskattar | 6.756 | 30. Vinnumál og atvinnuleysi | 431 |
| **Alls** | **88.677** | 31. Húsnæðisstuðningur | 7.537 |
| | | Vantar flokkun | 5.458 |
| | | Tæknileg/framkvæmdaleg ástæða | 5.710 |
| **Alls, % af VLF** | **3,2%** | **Alls** | **88.677** |

Í töflunni hér að framan má sjá þrenns konar flokkun á skattastyrkjum. Sýnt er hvernig þeir skiptast á eftirfarandi mismunandi vegu:

- eftir tegundum skatta
- eftir því hvernig ívilnunin er útfærð
- eftir hlutdeild hvers málefnasviðs í skattastyrkjum

Skipting eftir hlutdeild málaefnasviðs byggist á því að greina markmiðið að baki hverju tilviki skattastyrks. Ekki er alltaf unnt að tengja skattastyrk við eitt tiltekið málefnasvið og er honum þá skipt upp ef hægt er, ellegar engin tenging sett við málefnasvið og eru það um 5,5 ma.kr. eins og sést neðst í þriðja yfirliti töflunnar.

Tegundafjöldi skattastyrkja sem mældir eru í yfirlitinu er 59, nokkru færri en 2017. Á allra síðustu árum hefur skattastyrkjum fækkað vegna einföldunar skattkerfisins. Hafa ber í huga að ef ívilnun hefur áhrif á fleiri en eitt málefnasvið er sérhvert þeirra talið enda eru þar ólík markmið að baki. Fjárhæðir einstakra skattastyrkja geta því verið allt frá innan við 1

milljón upp í yfir 10 milljarða króna. Þá eru til skattastyrkir sem ekki eru taldir með í yfirlitinu því enn sem komið er mat á þeim ófullnægjandi.

Stærsta einstaka tegund skattastyrks í þessu yfirliti er 11% skattþrepið í VSK, alls um 60 ma.kr. Neðra þrep VSK er almennt talið skattastyrkur hjá öðrum ríkjum, á þeim forsendum að einstakar tegundir skattskyldrar starfsemi búa þar með við mismunandi skattþrep og ríkið hefur því bein áhrif á verðlagningu vöru og þjónustu. Tekjuviðmiðun einstakra þrepa, fjöldi þeirra og persónuafsláttur í tekjuskatti einstaklinga er aftur á móti annars eðlis. Þar búa allir við sama kerfið og engum er ívilnað umfram annan. Annað dæmi er áfengi sem er í neðra VSK-þrepinu ásamt annarri mat- og drykkjarvöru til manneldis, en um leið og áfengi var fært í neðra þrepið árið 2016 var áfengisgjald hækkað til mótvægis, þar sem myndaðist því eins konar neikvæður skattastyrkur sem vó upp þann jákvæða sem myndaðist vegna lægra VSK-þreps.

Skattastyrkir 2018 nema áþekkri fjárhæð að nafnvirði og árið 2017 en þeir dragast sem fyrr segir heldur saman sem hlutfall af VLF milli ára og tilvikunum fækkar. Hins vegar eykst umfang skattastyrkja í VSK, enda er spáð talsverðri aukningu einkaneyslu. Engir nýir stórir skattastyrkir bætast við á næsta ári. Hins vegar fellur brott sérstakur afsláttur af veiðigjaldi vegna skulda á næsta ári. Þá er nú lagt til að fresta afnámi afsláttar bílaleigubíla af vörugjöldum um eitt ár en afslátturinn hefur talist skattastyrkur til ferðaþjónustunnar.

# 5 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2018, helstu áherslumál á útgjaldahlið frumvarpsins og skiptingu útgjalda hagrænt eftir málefnasviðum og málaflokkum. Fyrst er farið yfir hvernig framsetningu gjaldahliðar A-hluta ríkissjóðs er háttað í frumvarpinu og því næst er gerð grein fyrir verðlagsforsendum gjaldahliðarinnar ásamt því að farið er yfir niðurstöður um gjöld ársins 2016. Jafnframt er kynnt endurskoðuð áætlun um útgjöld ríkissjóðs á yfirstandandi ári og helstu breytingar sem horfur eru á að verði á þeim frá gildandi fjárlögum. Síðan er farið yfir meginbreytingar á gjaldahliðinni árið 2018, samkvæmt frumvarpinu, eftir helstu útgjaldatilefnum, hagrænni skiptingu og einstökum málefnasviðum. Þá er umfjöllun um bættan ríkisrekstur, kynjaða fjárlagagerð og skuldbindingar vegna þjónustu- og styrktarsamninga, auk þess sem farið er yfir reglur um varasjóði og millifærslur fjárveitinga.

## 5.1 Reikningshaldsleg framsetning gjaldahliðar

Í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, er mælt fyrir um að frumvarp til fjárlaga skuli sett fram á rekstrargrunni. Samkvæmt lögunum eru fjárheimildir flokkaðar eftir útgjöldum til málefnasviða og málaflokka, en nánari skipting fjárheimilda málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna í A-hluta er hins vegar birt í sérstöku fylgiriti með frumvarpinu. Flokkun fjárheimilda eftir málefnasviðum og málaflokkum styður við markmið frumvarpsins um heildstæðari stefnumörkun í opinberum fjármálum, en með þeirri framsetningu er Alþingi gert betur kleift að meta stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum í efnahagslegu samhengi ásamt því að meta skiptingu útgjaldanna, stefnu og forgangsröðun eftir málefnasviðum og málaflokkum.

Við sundurliðun og flokkun gjalda í 1. gr. frumvarpsins er stuðst við framsetningu ríkisfjármála á þjóðhagsgrunni samkvæmt svonefndum GFS-hagskýrslustaðli. Í 2. gr er áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs með yfirliti um innheimtar tekjur og greidd rekstrargjöld, fjárfestingarhreyfingar og lánahreyfingar og breytingu á handbæru fé. Framsetning á útgjaldaheimildum frumvarpsins í 3. og 4. gr. þess, ásamt sundurliðun 2, er gerð á rekstrargrunni samkvæmt svonefndum IPSAS-reikningsskilastaði. Þessi tvíþætta framsetning er í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál um reikningsskil en frekari skýringar á henni er að finna í sérstökum undirkafla í frumvarpinu, 5.5.2. Útgjaldabreytingar 2018 – eftir hagrænni skiptingu.

Nánar tiltekið er í 3. gr. frumvarpsins birt yfirlit um fjárheimildir fyrir 34 málefnasvið A-hluta ríkissjóðs. Fjárheimildirnar eru greindar niður eftir hagrænni skiptingu útgjalda A-hlutans í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Tilfærsluframlögin fara annars vegar til rekstrar annarra aðila og hins

vegar til fjárfestinga þeirra. Í yfirlitinu er einnig sýnd fjármögnun útgjaldanna með rekstrartekjum ríkisaðila og framlagi úr ríkissjóði. Heildargjöld á rekstrargrunni samkvæmt framsetningu IPSAS-staðalsins eru áætluð 818,2 ma.kr. en heildargjöld samkvæmt GFS-framsetningu eru 805,0 ma.kr. Aftast í yfirlitinu í 3. gr. kemur fram hvaða viðbætur og aðlaganir eru gerðar á gjaldahliðinni samkvæmt IPSAS-reikningsstaðlinum til að setja útgjöldin fram samkvæmt GFS-hagskýrslustaðlinum.

Í 4. gr. er birt yfirlit um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka, sundurliðaðar eftir ráðuneytum. Markmið greinarinnar er að draga fram heildargjöld hvers málefnasviðs og málaflokks og þau ráðuneyti sem ábyrgð bera á viðkomandi málaflokki. Vakin er athygli á því að samkvæmt forsetaúrskurði nr. 85/2017, um skiptingu starfa ráðherra, fara tveir ráðherrar með málefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og tveir ráðherrar með málefni sem heyra undir velferðarráðuneyti. Sú verkaskipting hefur ekki áhrif á skiptingu fjárheimilda milli ráðuneyta í frumvarpinu.

Í sundurliðun 2 í frumvarpinu er sýnd skipting á fjárheimildum málefnasviða milli málaflokka og skipting á fjárheimildum málaflokka milli ráðuneyta ásamt upplýsingum um fjármögnun útgjaldanna með rekstrartekjum eða framlagi úr ríkissjóði. Nánari skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna og í varasjóði málaflokka er sett fram í fylgiriti með frumvarpinu. Í fylgiritinu er yfirlit um útgjaldaheimildir einstakra ríkisaðila og verkefna á rekstrargrunni og fjármögnun þessara útgjalda með rekstrartekjum ríkisaðila eða beinu framlagi úr ríkissjóði og er sú framsetning gerð á IPSAS-reikningsskilastaðlinum á sama hátt og á við um 3. og 4. gr. og sundurliðun 2 í frumvarpinu.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 51. gr. laga um opinber fjármál skal færa allar tekjur ríkissjóðs í yfirlit um tekjur ríkissjóðs í heild, en í reikninga einstakra ríkisaðila í A-hluta skal einungis færa rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að skatttekjur, sem hingað til hafa verið markaðar tilteknum stofnunum, færist nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir að tekjustofn sé tengdur málaflokki í heild sinni en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta tekjurnar af honum renna í ríkissjóð, en það sé hlutverk Alþingis að ákveða með fjárheimildum í fjárlögum hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks hverju sinni. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2018 er sett fram á þessum forsendum í samræmi við markmið og ákvæði laga um opinber fjármál hvað þetta varðar. Vegna þessa er gert ráð fyrir að gera þurfi breytingar á ákvæðum fjölmargra sérlaga sem kveða á um mörkun skatttekna, sbr. frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs sem lagt verður fram samhliða frumvarpi til fjárlaga.

Gildistaka laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, hefur áhrif á reikningsskil bæði hjá ríkissjóði og einstökum ríkisaðilum í A-hluta. Breytingar verða bæði á framsetningu og innihaldi efnahagsreikninga hjá þeim, sérstaklega er varðar meðferð varanlegra rekstrarfjármuna sem í stað þess að gjaldfærast við kaup verða nú eignfærðir. Á móti

eignfærslunni færist eignamyndunarframlag í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag. Yfir líftíma eignarinnar er hún síðan afskrifuð árlega og á móti þeirri gjaldfærslu er jafnan tekjufærður sambærilegur hluti af eignarmyndunarframlaginu. Í árlegum reikningsskilum fyrir þessar eignir er því lögð áhersla á að jafna saman gjöldum og tekjum í rekstrarreikningi og eignum og skuldum í efnahagsreikningi yfir líftíma viðkomandi eignar.

### 5.2 Verðlagsforsendur útgjaldahliðar

Fjárheimildir og útgjöld málefnasviða og málaflokka eru sett fram á áætluðu verðlagi ársins 2018 í frumvarpinu. Verðlagsbreytingar milli áranna 2017 og 2018 taka meðal annars mið af þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og breytingu á gengi helstu gjaldmiðla samanborið við síðustu fjárlög. Þá byggja breytingar á fjárheimildum vegna launa á launahækkunum í fyrirliggjandi kjarasamningum ásamt spá um áætlaðar launahækkanir á árinu 2018 í kjarasamningum við stéttarfélög ríkisstarfsmanna sem eru lausir á þessu ári og þeirra sem verða lausir á því næsta.

**Launaforsendur.** Launahækkun fjárheimilda innan málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 er tvíþætt.

Annars vegar er um að ræða endurmat á launaforsendum fjárlaga 2017 sem taka mið af fyrirliggjandi kjarasamningum við starfsmenn ríkisins. Launahækkanir yfirstandandi árs, sem flestar tóku gildi 1. júní sl., hafa aukin áhrif á launakostnað ársins 2018 þar sem þær gilda á ársgrundvelli. Í forsendum fjárlaga 2017 var gert ráð fyrir 3,3% veginni meðalhækkun launa að teknu tilliti til þess að þær giltu í flestum tilvikum aðeins fyrir sjö mánuði ársins. Með launa- og verðlagsútreikningum fjárlaga fyrir árið 2018 voru þessar forsendur endurmetnar til að fá sem réttastan grunn fyrir launafjárheimildir stofnana og er áætlað að launahækkanir ársins 2017 nemi 5,1% á ársgrundvelli; hækkar því launagrunnur fjárlagafrumvarpsins sem nemur mismuninum en það svarar til um 3,2 ma.kr.

Hins vegar eru reiknuð inn áhrif af spá um launahækkanir á árinu 2018. Byggjast þær forsendur á mati á launahækkunum í fyrirliggjandi kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem eru lausir á árinu 2017 og spá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins um launahækkanir fyrir stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Kjarasamningar um þriðjungs starfsmanna ríkisins komu til endurskoðunar á yfirstandandi ári. Má þar nefna að gildistími úrskurðar gerðardóms frá árinu 2015 um launakjör 18 aðildarfélaga innan Bandalags háskólamanna (BHM) rann út í lok ágúst og kjarasamningur Kennarasambands Íslands vegna um 1.300 kennara í ríkisreknum framhaldsskólum rann út í lok október. Við mat á launahækkunum fyrir fjárlagafrumvarpið 2018 er miðað við launahækkanir í fyrirliggjandi kjarasamningum þar sem við á en að öðru leyti er gengið út frá 3% launahækkun sem miðað er við að taki gildi 1. júní á næsta ári, en það er sama hækkun og á launatöxtum á almenna vinnumarkaðinum. Kostnaðaráhrif þessara hækkana koma þó ekki að fullu fram á ársgrundvelli fyrr en á árinu 2019. Að teknu tilliti til þess nemur áætluð vegin meðallaunahækkun fyrir árið 2018, miðað við hlutdeild hvers stéttarfélags í launakostnaði ríkisins, 2,1%.

Beinn launakostnaður ríkisins ásamt hluta aðkeyptrar þjónustu, s.s. með þjónustusamningum, nemur um 35% af heildargjöldum ríkisins. Samanlagt er áætlað að framangreindar launabreytingar auki brúttó launakostnað ríkisins um ríflega 10,1 ma.kr. á næsta ári. Þar af eru 3,2 ma.kr. vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2017, og þá nema áhrif af áætluðum launahækkunum ársins 2018 6,7 ma.kr. Loks er gert ráð fyrir að útgjöld vegna nokkurra sérbókana í kjarasamningum áranna 2015–2016 nemi 0,2 ma.kr.

**Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að prósentuhækkun bóta almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris ásamt bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, verði 4,7% frá og með 1. janúar 2018. Ákvörðun um hækkun bótanna tekur mið af spá Hagstofu Íslands um þróun launavísitölu milli áranna 2017 og 2018 að frádregnu launaskriði. Það er til samræmis við 69. gr. almannatryggingalaga, þar sem kveðið er á um að bæturnar skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni en ákvörðun um hækkun bótanna taki mið af launaþróun en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Á hinn bóginn er vakin athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að bætur elli- og örorkulífeyrisþega sem halda einir heimili hækki um 2,4% til viðbótar og verði 300 þús.kr. frá og með 1. janúar 2018. Sú hækkun er í samræmi við yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar vegna breytinga á almannatryggingakerfinu frá því í október 2016. Líkt og venja hefur verið er gert ráð fyrir að sama prósentuhækkun, þ.e. 4,7% hækkun, verði á atvinnuleysisbótum frá og með 1. janúar 2018.

Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs við 4,7% hækkun bótafjárhæða nemi 6,7 ma.kr. en þar af eru 5,7 ma.kr. vegna hækkunar á bótum almannatrygginga. Áætluð útgjöld vegna viðbótarhækkunarinnar til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem halda einir heimili nema 700–800 m.kr., en ekki er litið svo á að þau útgjöld séu hluti af eiginlegum launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins heldur hluti af bundnum útgjaldaskuldbindingum frumvarpsins.

**Almennar verðlagsforsendur.** Verðlagsreikningur frumvarpsins var framkvæmdur á haustmánuðum miðað við þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í maí. Verðlagsforsendur nýrrar þjóðhagsspár frá því í byrjun nóvember gefur ekki tilefni til breytinga frá fyrri útreikningum. Í forsendum fjárlaga 2017 var gert ráð fyrir 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs milli áranna 2016 og 2017. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í maí sl. er hins vegar gert ráð fyrir að vísitalan hækki talsvert minna eða um 1,9% en síðan um 2,7% milli áranna 2017 og 2018. Ekki er gert ráð fyrir að ofmat á verðbólgu verði leiðrétt með lækkun á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka á yfirstandandi ári. Hins vegar er leiðrétt fyrir þessu ofmati í verðlagsreikningi talnagrunns fjárlagafrumvarpsins 2018 til frambúðar þannig að verðlagshækkunin milli áranna 2017 og 2018 nemi 2,2% í stað 2,7%. Um er að ræða sama fyrirkomulag og venjan er þegar fram hefur komið ofmat eða vanmat í verðbólguforsendum fjárlaga.

Í frumvarpinu er þannig gert ráð fyrir að önnur rekstrargjöld en laun hækki um 2,2% milli áranna 2017 og 2018. Algengt er að þau nemi um 20–30% af rekstrarveltu stofnana. Þetta þýðir að almenn rekstrarútgjöld stofnana, önnur en launakostnaður, hækka sem þessu

nemur. Gengið er út frá því, eins og undanfarin ár, að sama hækkun eigi yfirleitt við um rekstrartekjur stofnana. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er fjármögnuð að verulegum hluta eða að fullu með rekstrartekjum hefur hins vegar lengi verið gengið út frá því í verðlagsreikningi fjárlaga að rekstrartekjur hækki í takt við launakostnað í samræmi við vægi hans í veltunni enda algengt að um sé að ræða útselda þjónustu. Þessar forsendur miða að því að hjá stofnunum sem fjármagna verulegan hluta rekstrarútgjalda sinna með rekstrartekjum verði hlutfall tekjuöflunar af veltu það sama eftir verðlagsreikning og það var fyrir hann.

Gert er ráð fyrir að breytingar á almennum verðlagsforsendum fyrir árið 2018 hækki útgjöld um samtals 2,7 ma.kr.

**Gengisforsendur.** Í forsendum fjárlagafrumvarps hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur hefur undanfarin ár verið miðað við meðalgengi mánuðinn áður en talnabálki frumvarpsins er lokað. Í frumvarpinu fyrir árið 2018 miðast gengisforsendurnar við meðalgengi nóvembermánaðar 2017 en það er áþekkt meðalgengi fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Samkvæmt þeirri viðmiðun hefur gengi íslensku krónunnar tekið talsverðum breytingum frá forsendum fjárlaga 2017. Þannig er gengisvísitalan 7% lægri, gengi dollarans hefur lækkað um 9,2%, gengi breska pundsins um 8,7% og gengi evru gagnvart krónunni hefur lækkað um 4,9%.

Þessar breytingar á gengi gjaldmiðla leiða samtals til liðlega 1,2 ma.kr. brúttólækkunar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem tiltekin útgjöld eru beintengd við gjaldmiðla. Það á t.d. við um stóran hluta útgjalda í utanríkismálum og lyfjakostnaði.

Launa-, verðlags- og gengisbreytingar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2018 nema að framansögðu samtals 18,3 ma.kr. líkt og sjá má í meðfylgjandi töflu sem sýnir sundurliðun áætlaðra breytinga eftir tilefnum.

| Rekstrargrunnur | Útgjöld ma.kr. |
|---|---|
| **Launaforsendur** | |
| Endurmat á launaforsendum fjárlaga 2017 | 3,2 |
| Áætlaðar launahækkanir 2018 | 6,7 |
| Sérbókanir í kjarsamningum áranna 2015 og 2016 | 0,2 |
| **Samtals launahækkanir** | **10,1** |
| **Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga** | **6,7** |
| **Almennar verðlagsforsendur** | **2,7** |
| **Gengisforsendur** | **-1,2** |
| **Samtals launa-, verðlags- og gengisbreytingar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018** | **18,3** |

## 5.3 Útgjöld ársins 2016

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2016 námu samtals 921 ma.kr. en áætlun um útkomu ársins 2016 gerði á hinn bóginn ráð fyrir að útgjöldin á árinu yrðu 878 ma.kr. Endanleg

útkoma reyndist því vera 43 ma.kr umfram áætlun eða sem nemur um 4,9% af heildargjöldum. Stærsti hluti af umframútgjöldum ársins er til kominn vegna einskiptis og óreglulegra liða. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir nokkur helstu frávik frá útkomuspánni, bæði frávik sem eru umfram áætlun og undir áætlun.

Frávik einstakra málaflokka umfram áætlun voru samtals 76 ma.kr. og vega þar þyngst tveir liðir. Annars vegar reyndust útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs vera 27 ma.kr. umfram áætlun fjárlaga. Ástæður fráviksins eru fyrst og fremst auknar skuldbindingar vegna endurmats á lífslíkum í tryggingafræðilegu mati í árslok 2016, slakrar raunávöxtunar B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og loks launahækkana umfram forsendur í uppgjöri ríkisreiknings. Hins vegar er um að ræða gjaldfærslu vegna hallareksturs Seðlabanka Íslands á árinu 2016 en þau útgjöld voru 21 ma.kr. sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum né fjáraukalögum. Önnur frávik eru minni og skýrast mörg þeirra af því að bæði útgjöld og sértekjur reyndust vera umfram áætlanir. Má þar nefna að rekstrartekjur reyndust 11,3 ma.kr. hærri í ríkisreikningi en í áætlun fjárlaga en stærsta frávikið er vegna hærri rekstrartekna Landspítala.

| Helstu frávik frá útkomuáætlun fyrir árið 2016 | Útgjöld m.kr. |
|---|---|
| Heildarútgjöld skv. útkomuáætlun fyrir árið 2016 | 877.506 |
| Heildarútgjöld skv. ríkisreikningi fyrir árið 2016 | 920.812 |
| **Heildarbreyting frá fjárlögum 2016** | **43.306** |
| **Málaflokkar - frávik frumgjalda frá áætlun** | |
| Stjórnsýsla ríkisfjármála: Seðlabanki Íslands | 21.382 |
| Lífeyrisskuldbindingar: Endumat útgjalda lífeyrisskuldbindinga | 27.031 |
| Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir: Fjármagnstekjuskattur | -7.255 |
| Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir: Ófyrirséð útgjöld | -6.182 |
| Samgöngu- og fjarskiptamál: Vegagerðin | -1.702 |
| Húsnæðisstuðningur | -1.240 |
| Önnur frávik m.a. útgjöld sem eru fjármögnuð með auknum rekstrartekjum stofnana | 10.586 |
| **Samtals frávik frá áætlun** | **42.620** |
| Vaxtagjöld umfram áætlun | 686 |
| **Samtals heildargjöld umfram áætlun** | **43.306** |

Frávik undir áætlun nema samtals 33 ma.kr. Í fyrsta lagi var fjármagntekjuskattur 7,3 ma.kr. undir áætlun en ástæða þess er að gert var ráð fyrir fjármagnstekjuskatti af arði frá Íslandsbanka en hann færist til lækkunar tekna af stöðugleikaframlagi. Í öðru lagi voru ófyrirséð útgjöld 6,2 ma.kr. undir fjárheimild fjárlaga þar sem ekki þurfti að fullnýta fjárheimild ársins og í þriðja lagi voru útgjöld vegna Vegagerðarinnar 1,7 ma.kr. undir áætlun. Í fjórða lagi var húsnæðisstuðningur 1,2 ma.kr. undir áætlun fjárlaga sem skýrist af því að ekki reyndist þörf á að leggja Íbúðalánasjóði til rekstrarframlag úr ríkissjóði vegna sterkrar stöðu sjóðsins og bættrar afkomu. Vaxtagjöld ársins reyndust vera 686 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Að frátöldum vaxtagjöldum, umframútgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga og gjaldfærslu vegna Seðlabanka Íslands reyndust heildargjöld í ríkisreikningi vera 5,8 ma.kr undir áætlun fjárlaga.

**5.4 Endurmetin útgjöld yfirstandandi árs**

Útgjöld málefnasviða og málaflokka ríkissjóðs fyrir árið 2017 hafa verið endurmetin í ljósi breyttra forsendna og þróunar efnahagsmála á árinu. Við gerð endurmatsins er tekið mið af rauntölum reikningshaldsins fyrstu níu mánuði ársins, áhættumati vegna framkvæmdar fjárlaga ársins 2017 auk áætlana um þróun útgjalda til áramóta. Leitast er við að leggja mat á öll útgjöld sem horfur eru á að falli til á árinu, án tillits til þess hvenær eða hvort fjárheimildir hafa verið veittar til þeirra. Hafa þarf þann fyrirvara á að við endurmat útgjalda er enn óvissa um framvindu ýmissa þátta og framgang mála við framkvæmd fjárlaga á seinni hluta árs.

Leitast er við að hafa matið eins raunhæft og mögulegt er en jafnframt er gert ráð fyrir að ráðuneytin geri viðeigandi ráðstafanir vegna framkvæmdar fjárlaga til að taka á rekstrarhalla og bregðast við frávikum innan sinna málefnasviða og málaflokka. Þannig er heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks með millifærslum, hægt er að nýta varasjóði málaflokka til að mæta frávikum í rekstri ríkisaðila og verkefna. Gert er ráð fyrir að almennur varasjóður verði nýttur vegna hluta þessara útgjalda eins og venja stendur til og hefur verið tekið tillit til þess. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum á almenna varasjóðnum vegna eftirgreindra forsendna. Í fyrsta lagi er enn óljóst hvort samkomulag náist um að launaskriðstrygging gagnvart BSRB og ASÍ starfsmönnum, samkvæmt rammasamkomulagi dags. 27. október 2015, komist til framkvæmda. Í öðru lagi er ekki ljóst hvort og þá á hvaða forsendum það næst að semja við 17 stéttarfélög innan BHM fyrir áramót.

Endurmat útgjalda gerir ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs nemi 781,4 ma.kr. á árinu 2017 og hækki um 16,4 ma.kr. frá áætlun eða sem nemur 2%. Að frátöldum vaxtagjöldum er áætlað að frávikið nemi 1,5%. Samkvæmt endurmati útgjalda nema breytingar á útgjaldaskuldbindingum málefnasviða og málaflokka samtals 11,9 ma.kr.

Í fyrsta lagi má nefna að stærsta frávikið er vegna áætlaðra umframútgjalda sjúkratrygginga en áætlanir gera ráð fyrir að þau geti numið 5,3 ma.kr. á árinu. Áætlaður halli sjúkratrygginga á árinu á sér nokkrar skýringar og skiptist á nokkra málaflokka en er þó einkum vegna sérfræðiþjónustu og hjúkrunar, lyfja og hjálpartækja. Umtalsvert meiri aukning varð í notkun S-merktra lyfja en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, auk þess sem kostnaður við upptöku nýrra lyfja reyndist hærri en reiknað hafði verið með. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að halli vegna S-merktra lyfja nemi 1,8 ma.kr., að teknu tilliti til gengisáhrifa. Áætlanir gera enn fremur ráð fyrir því að halli vegna almennra lyfja nemi 1,2 ma.kr. á árinu, að teknu tilliti til gengisáhrifa sem skýrist m.a. af því að magnaukning almennra lyfja er umfram forsendur fjárlaga. Auk þess er útlit fyrir að aðrir liðir sjúkratrygginga stefni í halla og má þar helst nefna að halli vegna hjálpartækja er

áætlaður 1,1 ma.kr., umframútgjöld vegna lækniskostnaðar gæti numið um 360 ma.kr. og halli vegna brýnnar meðferðar erlendis er áætlaður 551 m.kr. Við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2018 er búið að gera ráð fyrir þessum frávikum að mestu leyti, en augljóst er að til framtíðar vantar markvissa stýringu á umfangi og kostnaði veittrar þjónustu og ber viðkomandi fagráðuneyti og Sjúkratryggingum Íslands sem ábyrgðaraðila að grípa til nauðsynlegra aðgerða, í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál, til að aðlaga útgjöld að þeim fjárheimildum sem veittar eru á fjárlögum á ári hverju. Mikilvægt er að stjórnvöld meti að staðaldri langtímahorfur um fjárhagslega framvindu fyrir einstök málefnasvið og málaflokka, greini áhættuþætti sem valdið geta frávikum og bregðist við þeim, sbr. 33. gr. laganna

| Rekstrargrunnur | Útgjöld m.kr. |
|---|---|
| **Heildarbreyting frá fjárlögum 2017** ........ | **15.795** |
| ***Þar af:*** | |
| ***Breytingar á útgjaldaskuldbindingum:*** ........ | **11.202** |
| Sjúkratryggingar (nokkrir málafl.): Áætluð umframútgj., einkum lækniskostn. og lyf með S-merkingu | 5.339 |
| Almannatryggingar (nokkrir málafl): Áætluð umframútgj. vegna elli- og örorkulífeyrisþega ........ | 2.740 |
| Útlendingamál: Áætluð umframútgjöld vegna stóraukins fjölda umsókna um hæli á Íslandi ........ | 2.418 |
| Samgöngur: Útgjöld umfram fjárveitingar vegna vegamála ........ | 1.448 |
| Húsnæðisstuðningur: Stofnframlög til félagslegs leiguhúsnæðis - endurmetin fjárþörf ........ | 600 |
| Kosningar: Kostnaður v. Aþingiskosninga ........ | 350 |
| Fæðingarorlof: Endurmat á útgjöldum ........ | 270 |
| Fjölskyldumál: Endurmat barnabóta ........ | -1.243 |
| Húsnæðisstuðningur: Endurmat vaxtabóta ........ | -1.638 |
| Aðrar breytingar málaflokka ........ | 919 |
| ***Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ársins*** ........ | **4.593** |

Í öðru lagi er áætlað að útgjöld almannatrygginga verði 2,7 ma.kr. umfram fjárheimildir á árinu. Stafar það annars vegar af því að fjölgun öryrkja hefur verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og hins vegar af því að kostnaður vegna nýlegra lagabreytinga á almannatryggingakerfinu var vanáætlaður.

Í þriðja lagi er áætlað að kostnaður vegna fjölgunar umsókna um hæli hér á landi muni nema um 2,4 ma.kr. umfram fjárheimildir. Kostnaður vegna málefna hælisleitenda felst annars vegar í þjónustu við hælisleitendur og uppihaldi þeirra en hins vegar í málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir auknum útgjöldum til vegamála sem gætu numið 1,4 ma.kr. M.a. er um að ræða viðbótarfjármagn vegna brýnna framkvæmda sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þar á meðal eru framkvæmdir vegna fjölgunar ferðamanna og vaxandi álags á þjóðvegum landsins, sem eiga að stuðla að bættu umferðaröryggi.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 1,5 ma.kr. auknum framlögum vegna stofnstyrkja til byggingar leiguhúsnæðis. Um er að ræða endurskoðun á áætlaðri fjárþörf til að tryggja framgang uppbyggingar á leiguhúsnæði, eða svokölluðum almennum íbúðum, til samræmis við yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar frá árinu 2015 um að byggðar yrðu 2.300 leiguíbúðir á árunum 2016–2019. Á móti þessu vegur að kostnaður vegna húsnæðisbóta lækkar um 900 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2017. Heildarendurmat á húsnæðisbótum vegna ársins nemur því 600 m.kr.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að endurmetin útgjöld fæðingarorlofssjóðs nemi 270 m.kr. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna fæðingarorlofs hækki um 550 m.kr. en gert er ráð fyrir að greiðslur til foreldra utan vinnumarkaðar lækki um 280 m.kr.

Á móti vegur helst til lækkunar að útlit er annars vegar fyrir að heildargreiðslur ríkissjóðs vegna barnabóta lækki um sem nemur 1,2 ma.kr. frá fjárlögum. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að tekjur barnafjölskyldna hækkuðu umtalsvert umfram viðmiðunarmörk tekna í barnabótakerfinu sem þó voru hækkuð um 12,5% frá árinu 2016, auk þess sem bótafjárhæðir voru hækkaðar um 3%. Einnig er áætlað að vaxtabætur til einstaklinga lækki um sem nemur 1,6 ma.kr. frá fjárlögum, sem skýrist að meginhluta til af bættri eiginfjárstöðu heimila, lægri vaxtabyrði og lækkun vaxta á fasteignalánum.

Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs gerir ráð fyrir að þau hækki um samtals 4,6 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2017. Þar vegast á ýmis tilefni, bæði til hækkunar og lækkunar innan ársins. Annars vegar eykst fjármagnskostnaður í kjölfar þess að í apríl keypti ríkissjóður til baka eigin skuldabréf að nafnvirði 877 milljónir Bandaríkjadala sem gefið var út árið 2012. Með kaupunum lækkuðu brúttóskuldir ríkissjóðs um 99 ma.kr. eða sem nemur 4% af VLF. Nettóskuldir breyttust ekki þar sem kaupin voru fjármögnuð með gjaldeyrisforða ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Kostnaður við kaupin nam 15 ma.kr. sem færist sem fjármagnskostnaður á árinu 2017. Á móti sparast vaxtakostnaður upp á 4,4 ma.kr. árið 2017 og 5,9 ma.kr. árlega árin 2018–2022. Núvirtur heildarsparnaður af uppkaupunum er því verulegur. Ekki var gert ráð fyrir uppkaupunum í fjárlögum ársins 2017. Lækkun annarra vaxtagjalda nemur 4,4 ma.kr. og munar þar mestu um lækkun annarra skulda á árinu en einnig sterkara gengi krónunnar og minni verðbólgu sem lækkar gjaldfærðar verðbætur um 1,4 ma.kr.

### 5.5 Umfjöllun um meginbreytingar gjaldahliðar 2018

Í þessum kafla er fjallað um helstu útgjaldabreytingar fjárlagafrumvarpsins samanborið við fjárlög fyrir árið 2017 og útgjaldaramma fjármálaáætlunar fyrir árið 2018. Hér er fjallað um breytingarnar út frá hagrænni skiptingu fjárheimilda, þ.e. rekstrarframlögum, rekstrartilfærslum, fjármagnstilfærslum og fjárfestingarframlögum. Í undirköflum er fjallað um útgjaldabreytingar frumvarpsins með eftirfarandi hætti:

- í kafla 5.5.1 er fjallað um útgjaldabreytingar eftir helstu tilefnum;
- í kafla 5.5.2 er fjallað um hagræn áhrif útgjaldabreytinganna á þjóðhagsgrunni;

- í kafla 5.5.3 er fjallað um útgjaldabreytingar eftir málefnasviðum;
- í kafla 5.5.4 er fjallað um breytingar sem orðið hafa á útgjöldum málefnasviða frá þeim útgjaldaramma sem ákveðinn var í fjármálaáætluninni sem samþykkt var í júní.

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2018 eru áætluð um 818 ma.kr. að meðtöldum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum, en þær nema 18,3 ma.kr. líkt og fjallað erum í kafla 5.2. Að þeim frátöldum hækka heildarútgjöld ríkssjóðs um tæplega 35 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2017 eða sem nemur eða 4,6%. Síðustu tvö ár hefur raunaukning heildarútgjalda ríkissjóð verið á bilinu 3,9%–5,6%. Ef miðað er við rammasett útgjöld[2] er vöxturinn 2018 7,7% samanborið við 4,8%–9.3% á árunum 2016 og 2017. Taflan hér á eftir sýnir breytingar á raunvirði milli fjárlaga ársins 2017 og fjárlagafrumvarpsins 2018, en undanskildar eru launa-, gengis- og verðlagsbreytingar í tölum fyrir árið 2018.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2017 | Frumvarp 2018[1] | Breyting m.kr. | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 435.091 | 441.991 | 6.901 | 1,6 |
| Rekstrarframlög án vaxtagjalda | 364.871 | 383.991 | 19.121 | 5,2 |
| Vaxtagjöld | 70.220 | 58.000 | -12.220 | -17,4 |
| Rekstrartilfærslur | 283.024 | 304.951 | 21.927 | 7,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 16.214 | 18.617 | 2.403 | 14,8 |
| Fjárfestingarframlög | 30.610 | 34.373 | 3.763 | 12,3 |
| **Heildargjöld** | **764.938** | **799.932** | **34.994** | **4,6** |
| Frumgjöld | 694.718 | 741.932 | 47.214 | 6,8 |
| Rekstrartekjur | -47.767 | -50.065 | -2.298 | 4,8 |
| **Samtals framlag úr ríkissjóði** | **717.171** | **749.867** | **32.696** | **4,6** |

[1] Án verðlagshækkana

Áætlað er að **rekstrarframlög** ríkisins hækki um 7 ma.kr að raunvirði á milli ára. Þar vegast á annars vegar lækkun vaxtagjalda og hins vegar aukin rekstrarframlög til ýmissa verkefna. Vaxtagjöld lækka um ríflega 12 ma.kr. á milli ára en á móti hækka rekstrarframlög um ríflega 19 ma.kr. Þyngst vega rekstrarframlög til að mæta kostnaði vegna innleiðingar nýrra lyfja svo og kostnaðar við S-merkt lyf, samtals 3,2 ma.kr. og auknum framlögum til að mæta fjölgun umsókna um hæli á Íslandi eða sem nemur 1,7 ma.kr.

**Rekstrartilfærslur** aukast að raunvirði um rúma 22 ma.kr. eða sem svarar til 7,7% á milli ára. Þyngst vegur aukning á rekstartilfærslum til sjúkra- og almannatrygginga sem nemur 16,7 ma.kr. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af áætluðum umframútgjöldum á yfirstandandi ári sem nema um 6,2 ma.kr. Á móti vegur lækkun á útgjöldum vaxtabótakerfisins um ríflega 2 ma.kr.

[2] Með rammasettum útgjöldum er átt við frumútgjöld að frádregnum liðum sem falla utan útgjaldarammans s.s. lífeyrisskuldbindingar, atvinnuleysisbætur og jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

**Fjármagnstilfærslur** hækka um 2,4 ma.kr. á milli ára eða 14,8% að raunvirði. Vegur þar þyngst 1,5 ma.kr. hækkun á stofnframlögum til byggingar og kaupa á svokölluðum almennum íbúðum, þ.e. íbúðarhúsnæði sem ætlað er til leigu á viðráðanlegu verði til leigjenda sem eru undir tilteknum tekju- og eignamörkum.

Loks aukast **fjárfestingarframlög** um 3,8 ma.kr. eða um 12,3% að raunvirði á milli ára. Þar vegast á ýmsar breytingar, bæði til hækkunar og lækkunar. Af helstu breytingum til hækkunar má nefna í fyrsta lagi 2 ma.kr. framlag til Dýrafjarðarganga og í öðru lagi 1,7 ma.kr. til aukinna vegaframkvæmda og hafnarbóta. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 1,5 ma.kr. framlag til áframhaldandi uppbyggingar nýs Landspítala, en í frumvarpinu er samanlagt gert ráð fyrir 2,8 ma.kr. fjárveitingum til byggingarframkvæmda vegna spítalans. Þá er í fjórða og síðasta lagi gert ráð fyrir 590 m.kr. auknum framlögum til byggingar Húss íslenskra fræða. Á móti vega til lækkunar framlög til framkvæmda við Norðfjarðargöng og Bakka um samtals um 2,6 ma.kr., en gert er ráð fyrir að þeim framkvæmdum ljúki á yfirstandandi ári. Rétt er að benda á að fjárfestingarframlög ríkissjóðs í fjárlögum verða samkvæmt reikningshaldslegri meðferð laga um opinber fjármál ekki gjaldfærð í ríkisreikningi heldur eignfærð og afskrifuð á líftíma fjárfestinganna. Nánar er fjallað um þessa breyttu framsetningu fjárlaga í kafla 1.

Heildarútgjöld ríkissjóðs aukast um tæplega 35 ma.kr. á milli ára eða sem nemur 4,6% á raunvirði. Frumgjöld, þ.e. heildarútgjöld að undanskildum vaxtagjöldum, aukast um 47,2 ma.kr. á milli ára eða sem nemur 6,8% að raunvirði.

Rekstrartekjur ríkissjóðs aukast um 2,3 ma.kr. á milli ára á eða um 4,8% á föstu verðlagi. Skýrist breytingin fyrst og fremst af endurmati á rekstrartekjum ríkisaðila.

Framangreindar breytingar þýða að framlag úr ríkissjóði hækkar úr 717,2 ma.kr. í 749,9 ma.kr. á milli ára.

### 5.5.1 Útgjaldabreytingar 2018 – eftir helstu tilefnum

Heildarútgjöld ríkissjóðs hækka um ríflega 53,3 ma.kr. á milli ára og er áætlað að þau verði 818,3 ma.kr. á árinu 2018. Frumvarpið gerir ráð fyrir að vaxtagjöld ríkissjóðs verði um 58 ma.kr og lækki um 12,2 ma.kr. frá gildandi fjárlögum. Einkum má rekja þá lækkun til niðurgreiðslu skulda og lægra vaxtastigs, en nánar er fjallað um þær breytingar í greinargerð málaflokks 33.10 í frumvarpinu. Að undanskildum vaxtagjöldum eru frumgjöld áætluð 760,2 ma.kr. árið 2018 og aukast um 65,5 ma.kr. frá núgildandi fjárlögum eða sem nemur 9,4%.




**Bundnar útgjaldaskuldbindingar.** Meginhluti fráviks frumútgjalda ríkissjóðs milli ára skýrist af hagrænum og kerfislægum breytingum á útgjaldaskuldbindingum, s.s. fjölgun aldraðra og breytingum sem bundnar eru í lögum, samningum eða leiða af ákvörðunum ríkisstjórnar. Samtals hækka slíkar útgjaldaskuldbindingar um 45,1 ma.kr. frá fjárlögum 2017 og vegast þar á ýmis útgjaldatilefni bæði til lækkunar og hækkunar.

Til hækkunar vega þyngst áætluð umframútgjöld á yfirstandandi ári vegna sjúkratrygginga og almannatrygginga og vegna mikils fjölda hælisleitenda umfram það sem gert var ráð fyrir í yfirstandandi fjárlögum. Samtals nemur aukning vegna þessara veikleika um 15,5 ma.kr. eða nálægt þriðjungi af hækkun útgjaldaskuldbindinga frá fjárlögum yfirstandandi árs. Nánar er fjallað um þessi umframútgjöld í kafla 5.4 hér að framan, en rétt er þó að nefna að varðandi sjúkratryggingar skýrast umframútgjöldin fyrst og fremst af auknum kostnaði við sérfræðiþjónustu og hjúkrun, lyf og hjálpartæki, samtals tæpir 7,7 ma.kr. Þar vega þyngst aukin útgjöld sjúkratrygginga vegna aukins lyfjakostnaðar 3,4 ma.kr. umfram það sem reiknað var með í forsendum fjárlaga 2017. Þá skýrast umframútgjöld almannatrygginga fyrst og fremst af fjölgun örorkulífeyrisþega umfram forsendur fjárlaga og einnig vanmati á áætluðum kostnaði vegna breytinga á almannatryggingakerfinu sem tóku gildi 1. janúar sl. Breytingarnar fólu m.a. í sér sameiningu bótaflokka fyrir ellilífeyrisþega og hækkun á lágmarksbótum til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa einir.

| Rekstrargrunnur | Útgjöld m.kr. |
|---|---|
| **Breytingar á útgjaldaskuldbindingum** | |
| Aukin útgjöld umfram forsendur fjárlaga 2017 | 15.530 |
| *þar af: Sjúkratryggingar (nokkrir málaflokkar) - m.a. magnvöxtur umfram forsendur fjárlaga* | *7.662* |
| *þar af: Almannatryggingar (nokkrir málafl.) - m.a. fjölgun örorkulíf.þega umfram forsendur* | *5.956* |
| *þar af: Útlendingamál - vegna mikillar fjölgunar umsókna um hæli á Íslandi* | *1.912* |
| Almannatryggingar (nokkrir málaflokkar): Fjölgun bótaþega á árinu 2018 | 2.672 |
| Samgöngur: Hækkun framlaga meðal annars vegna framkvæmda við Dýrafjarðargöng | 3.500 |
| Sjúkrahúsþjónusta: Hækkun framlaga m.a. vegna byggingar nýs Landspítala | 1.500 |
| Húsnæðisstuðningur: Hækkun stofnframlaga til bygginga og kaupa á félagslegu leiguhúsnæði | 1.500 |
| Vinnumarkaður: Útgjöld vegna atvinnuleysisbóta hækka m.v. endurskoðaða þjóðhagsspá | 1.454 |
| Fjölskyldumál: Aukin framlög til Fæðingarorlofssj. v/hækkunar hámarksgreiðslna og kjarasamn. | 1.092 |
| Hækkun framlaga til framhalds- og háskóla meðal annars til að auka gæði náms | 2.259 |
| Samgöngur: Lækkun framlaga í samræmi við verkáfanga framkv. við Norðfjarðargöng og Bakka | -2.553 |
| Húsnæðisstuðningur: Lækkun á útgjöldum vegna vaxtabóta | -2.015 |
| Önnur bundin útgjöld | 20.149 |
| ***Samtals breytingar á útgjaldaskuldbindingum*** | **45.087** |

Af öðrum útgjaldabreytingum er í fyrsta lagi gert ráð fyrir um 2,7 ma.kr. aukningu útgjalda í almannatryggingum vegna fjölgunar bótaþega af lýðfræðilegum ástæðum. Í öðru lagi 3,5 ma.kr. auknu framlagi til vegaframkvæmda meðal annars til Dýrafjarðarganga. Í þriðja lagi er 1,5 ma.kr. aukið framlag vegna byggingar nýs Landspítala. Í fjórða lagi hækkun stofnframlaga til uppbyggingar á leiguhúsnæði, eða svokölluðum almennum íbúðum, um 1,5 ma.kr. Í fimmta lagi hækka útgjöld vegna atvinnuleysisbóta um tæplega 1,5 ma.kr. frá forsendum fjárlaga 2017. Í sjötta lagi aukast framlög til Fæðingarorlofssjóðs vegna hækkunar hámarksgreiðslna til foreldra í fæðingarorlofi og áhrifa kjarasamninga á orlofsgreiðslur eða sem nemur um 1,1 ma.kr., í sjöunda og síðasta lagi hækka framlög til framhalds- og háskóla um 2,3 ma.kr.

Á móti auknum útgjaldaskuldbindingum lækka ýmis útgjöld og er hér gerð grein fyrir þeim tveimur veigamestu. Annars vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir 2,6 ma.kr. lækkun framlaga til samræmis við verkáfanga vegna stóriðjuframkvæmda á Bakka við Húsavík og vegna framkvæmda við Norðfjarðargöng sem lýkur á yfirstandandi ári. Hins vegar er gert ráð fyrir að útgjöld vaxtabótakerfisins lækki um 2 ma.kr. til samræmis við almennar launahækkanir og bætta eignastöðu heimila, en gert er ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðir og reiknireglur kerfisins verði óbreyttar.

**Niðurfelld tímabundin framlög.** Niðurfelld fjárframlög vegna ýmissa tímabundinna verkefna nema alls 3,4 ma.kr. í frumvarpinu. Annars vegar vegur þyngst niðurfelling á framlögum til háskólastigsins, samtals 748 m.kr., vegna tímabundinna verkefna sem sett voru inn í annarri umræðu fjárlagafrumvarpsins 2017. Hins vegar er um að ræða niðurfellingu á tímabundnu framlagi til hjúkrunar- og dvalarrýma, meðal annars til að mæta útskriftarvanda Landspítala á árinu 2017, samtals 700 m.kr.

**Aðhaldsráðstafanir.** Í fjármálaáætluninni var gert ráð fyrir tilteknu aðhaldsmarkmiði sem yrði hluti af útgjaldaramma málefnasviðanna en ráðuneyti ákvörðuðu með hvaða hætti markmiðinu yrði mætt í fjárlagafrumvarpinu. Útfærsla ráðuneyta á aðhaldsráðstöfunum á einstökum málefnasviðum felur í sér samtals 4,8 ma.kr. lækkun, og innan málefnasviða og málaflokka var útfærslan með þeim hætti að aðhaldsráðstöfunum var almennt dreift nokkuð jafnt á einstakar stofnanir og verkefni. Nánar er fjallað um útfærslu ráðuneytanna á aðhaldsráðstöfunum í köflum um einstök málefnasvið.

**Ný og aukin framlög.** Til viðbótar við auknar útgjaldaskuldbindingar ríkissjóðs er í frumvarpinu gert ráð fyrir samanlagt um 10,3 ma.kr. í ný og aukin framlög til ýmissa verkefna innan málefnasviða og málaflokka ráðuneyta. Þar má í fyrsta lagi nefna að gert er ráð fyrir ríflega 2,6 ma.kr. auknum framlögum til heilbrigðismála,[2] m.a. til að mæta útgjöldum sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum 2017. Í öðru lagi er gert ráð fyrir tæpum 1,6 ma.kr. í auknum framlögum til verkefna á sviði mennta- og menningarmála, s.s. til styrkingar á rekstrargrunni háskóla og framhaldsskóla. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir auknum framlögum til ýmissa verkefna á sviði samgöngu- og fjarskiptamála samtals 1,8 ma.kr.

**Launa-, verðlags- og gengisbreytingar.** Önnur stærsta útgjaldabreyting ríkissjóðs er vegna launa-, verðlags- og gengisbreytinga, bæði þeirra breytinga sem stafa af endurmati á verðlagsforsendum yfirstandandi árs og eins þeirra sem áætlað er að falli til á næsta ári. Samtals nema þessar breytingar 18,3 ma.kr. eða 28% af heildarbreytingum frumgjalda milli ára. Gætir hér einkum áætlaðra áhrifa af kjarasamningshækkunum og hækkunum bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Nánar er fjallað um verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.2.

### 5.5.2 Útgjaldabreytingar 2018 – eftir hagrænni skiptingu

Í umfjölluninni hér á undan var greint frá útgjaldabreytingum á komandi ári eftir helstu tilefnum samkvæmt frumvarpinu. Þær breytingar eru settar fram á grundvelli alþjóðlegs reikningsskilastaðals um opinber fjármál, svokallaðs IPSAS-staðals, og eru í samræmi við fjárheimildir málefnasviða og málaflokka sem birtar eru í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Í þessum kafla eru útgjöld ríkissjóðs hins vegar flokkuð eftir hagrænni skiptingu á þjóðhagsgrunni samkvæmt svonefndum GFS-staðli. Sú framsetning varpar betra ljósi á efnahagsleg áhrif ríkisfjármála s.s. á eftirspurn og framleiðslu, og birtist sú framsetning í 1. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt GFS-framsetningunni er heildarútgjöldum skipt í rekstrarútgjöld og í fastafjárútgjöld, þ.e. fjárfestingu í efnislegum eignum umfram áætlaðar afskriftir. Rekstrarútgjöld eru nánar sundurgreind með eftirfarandi hætti:

- Laun.
- Kaup á vöru og þjónustu.

---

[2] Vegna málefnasviða 23 – 26.

- Afskriftir (færast sem rekstrargjöld en koma einnig til frádráttar á móti fjárfestingum).
- Vaxtagjöld (til viðbótar vaxtagjöldum af lánum ríkissjóðs færast hér einnig verðbætur og reiknuð vaxtagjöld á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar).
- Framleiðslustyrkir, s.s. styrkir til búvöruframleiðslu og styrkir til nýsköpunarfyrirtækja.
- Fjárframlög, sem að stærstum hluta eru til almannatrygginga (s.s. lífeyristryggingar, félagslegar bætur og sjúkratryggingar) en einnig til sveitarfélaga og erlendra stjórnvalda.
- Félagslegar tilfærslur til heimila s.s. barnabætur og vaxtabætur.
- Önnur tilfærsluútgjöld, s.s. LÍN, jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða o.fl.

Munurinn á fjárhæðum útgjalda milli IPSAS- og GFS-framsetninganna er 13,2 ma.kr., þar sem IPSAS er hærri, sem skýrist af eftirfarandi atriðum, en nánar er fjallað um muninn á milli þessara framsetninga í fyrsta kafla frumvarpsins:

- Útgjöld skv. GFS-framsetningunni eru lækkuð sem nemur áætluðum innbyrðis viðskiptum milli A-hluta aðila þannig að ekki komi til tvítalningar útgjalda við mat á hagrænum áhrifum útgjalda ríkissjóðs.
- Útgjöld skv. GFS-framsetningunni eru lækkuð vegna mismunandi framsetningar á útgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga.
- Útgjöld skv. GFS-framsetningunni eru hækkuð vegna reiknaðra vaxtagjalda á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2018 samkvæmt GFS-framsetningu eru áætluð 805,2 ma.kr. borið saman við 751 ma.kr. í fjárlögum 2017, á verðlagi hvors árs fyrir sig. Aukning útgjalda milli ára nemur því tæplega 54 ma.kr. sem svarar til 7,2% aukningar milli ára á nafnvirði.

**Rekstrarútgjöld** ríkissjóðs aukast um 49 ma.kr. milli ára að nafnvirði eða sem nemur 6%. Þar vegur þyngst hækkun fjárframlaga um tæpa 35,4 ma.kr. Útgjöld almannatrygginga aukast umtalsvert frá fjárlögum 2017 sem skýrist af nokkrum tilefnum. Í fyrsta lagi aukast þau vegna áætlaðra umframútgjalda á yfirstandandi ári vegna örari fjölgunar örorkulífeyrisþega umfram þar sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2017 og hins vegar vanmati á áætluðum kostnaði vegna breytinga á almannatryggingakerfinu sem tóku gildi um síðustu áramót. Í öðru lagi vegna áætlunar um fjölgun bótaþega frá yfirstandandi ári, einkum elli- og örorkulífeyrisþega. Í þriðja lagi aukast framlög til almannatrygginga til samræmis við hækkun bótafjárhæða frá og með 1. janúar 2018. Í fjórða og síðasta lagi aukast framlög til sjúkratrygginga sem skýrast einkum af verulegum umframútgjöldum á þessu ári umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins, einkum í sérfræðiþjónustu og hjúkrun, lyfjum og hjálpartækjum. Nánari umfjöllun er í kafla 5.4.

| Þjóðhagsgrunnur, ma.kr. á verðlagi hvers árs | Fjárlög 2017 | Frumvarp 2018 | Breyting ma.kr. | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| **Heildargjöld** | **751,3** | **805,2** | **53,9** | **7,2** |
| **Rekstrarútgjöld** | **745,4** | **794,5** | **49,1** | **6,6** |
| Laun | 184,1 | 199,6 | 15,5 | 8,4 |
| Kaup á vöru og þjónustu | 111,2 | 115,3 | 4,0 | 3,6 |
| Afskriftir | 30,3 | 30,9 | 0,7 | 2,2 |
| Vaxtagjöld | 81,7 | 72,1 | -9,6 | -11,8 |
| Framleiðslustyrkir | 34,2 | 35,3 | 1,1 | 3,2 |
| Fjárframlög | 241,2 | 276,6 | 35,4 | 14,7 |
| Félagslegar tilfærslur til heimila | 23,6 | 21,1 | -2,5 | -10,5 |
| Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög | 38,9 | 43,5 | 4,5 | 11,6 |
| **Fastafjárútgjöld** | **5,9** | **10,8** | **4,9** | **82,7** |
| Fjárfesting í efnislegum eignum | 36,2 | 41,7 | 5,5 | 15,3 |
| Afkriftir (-) | -30,3 | -30,9 | -0,7 | 2,2 |

Hækkun launakostnaðar frá gildandi fjárlögum nemur tæpum 16 ma.kr. Megin hluti þeirrar aukningar skýrist af launahækkunum, þar sem annars vegar er um að ræða áhrif launahækkana á árinu 2017 á ársgrundvelli fyrir árið 2018 og áhrif áætlaðra launahækkana á árinu 2018. Nánar er fjallað um forsendur launabreytinga í kafla 5.2.

Vaxtagjöld ríkissjóðs lækka um 9,6 ma.kr. Þar vegast á tilefni bæði til hækkunar og lækkunar. Bein vaxtagjöld ríkissjóðs lækka um 12,2 ma.kr. sem rekja má til styrkingar krónunnar og lækkunar á nafnvirði skulda, s.s. vegna uppgreiðslu skulda á yfirstandandi ári. Hins vegar aukast reiknuð vaxtagjöld ríkissjóðs vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga um 2,6 ma.kr. frá gildandi fjárlögum. Skýrist sú aukning af því að ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar jukust verulega milli áranna 2015 og 2016 sem hefur áhrif á reiknuð vaxtagjöld ársins 2018.

Félagslegar tilfærslur til heimila lækka um 2,5 ma.kr. á milli ára samkvæmt frumvarpinu og þar vegur þyngst lækkun á vaxtabótum, en gert er ráð fyrir að þær lækki um 2 ma.kr. og er þá miðað við að viðmiðunarfjárhæðir og reiknireglur kerfisins verði óbreyttar frá þessu ári. Meginskýring lækkunarinnar er bætt eiginfjárstaða heimila, lægri vaxtabyrði og lækkandi vextir íbúðalána.

**Fastafjárútgjöld**, þ.e. áætluð fjárfesting umfram afskriftir, aukast um 4,9 ma.kr. milli ára. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar í efnislegum eignum aukist um 5,5 ma.kr. en afskriftir um 0,7 ma.kr. Fjallað er nánar um helstu breytingar á fjárfestingum í kafla 5.5.1.

### 5.5.3 Útgjaldabreytingar eftir málefnasviðum

Í þessum kafla eru borin saman útgjöld málefnasviða í fjárlögum ársins 2017 annars vegar og hins vegar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018. Launa-, gengis- og verðlagshækkanir ársins 2018, samtals 18,3 ma.kr., eru undanskildar í töflunni til að sýna breytingar að raunvirði. Í þessari umfjöllun er fjallað um helstu útgjaldabreytingar frá fjárlögum 2017

en að öðru leyti er vísað í nánari umfjöllun um útgjaldabreytingar málefnasviða og málaflokka í greinargerð viðkomandi málefnasviða.

Útgjöld aukast mest á málefnasviðinu *lyf og lyflækningavörur* og nemur hækkunin um 6 ma.kr. Skýrist sú hækkun fyrst og fremst af framlögum vegna umframútgjalda yfirstandandi árs, auk áætlaðs raunvaxtar. Gert er ráð fyrir um 3,2 ma.kr. hækkun vegna S-merktra lyfja auk þess sem framlög vegna annarra lyfja hækka um 1,5 ma.kr. og framlög vegna hjálpartækja um 1,3 ma.kr. Útgjöld aukast næst mest á málefnasviðinu *sjúkrahúsaþjónusta* eða um 5,9 ma.kr. en þar er meðtalin um 2,1 ma.kr. hækkun framlags til byggingar nýs Landspítala. Þriðja mesta útgjaldabreytingin er á málefnasviðinu *málefni aldraðra* og nemur hækkunin um 5,6 ma.kr. Helstu skýringar á þessari aukningu snúa í fyrsta lagi að ríflega 1,8 ma.kr. hækkun til að mæta áætlaðri fjölgun ellilífeyrisþega. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 1,5 ma.kr. framlagi vegna umframútgjalda á yfirstandandi ári sem rekja má til breytinga á almannatryggingakerfinu sem tók gildi 1. janúar 2017. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir um 1,1 ma.kr. hækkun á framlagi vegna hækkunar á frítekjumarki atvinnutekna ellilífeyrisþega. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir rúmlega 7 m.kr. framlagi vegna áhrifa af endurskoðun bóta almannatrygginga sem tóku gildi 1. janúar 2017, en breytingarnar fólust m.a. í einföldun bótakerfis og lækkun frítekjumarka. Fjórða mesta útgjaldabreytingin er á málefnasviðinu *heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* þar sem útgjöld aukast um 4,4 ma.kr. Þar munar mest um 1,3 ma.kr. hækkun framlags vegna sérfræðilækna auk ríflega 1 ma.kr. hækkun til heilsugæslunnar. Þá hækka framlög vegna tannlækninga um 800 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af 500 m.kr. framlagi til að draga úr kostnaði aldraðra og öryrkja við tannlæknaþjónustu. Fimmta mesta útgjaldahækkunin er á málefnasviðinu *samgöngur- og fjarskiptamál* þar sem framlög hækka um 3,3 ma.kr. Þar af er gert ráð fyrir 2 ma.kr. hækkun vegna framkvæmda við jarðgöng við Dýrafjörð en áætlað er að heildarkostnaður ganganna verði 12,3 ma.kr. og að framkvæmdum ljúki árið 2021.

Þegar hlutfallsleg raunaukning útgjalda er skoðuð er hækkunin mest á málefnasviðinu *lyf og lyflækningavörur* eða alls 35,2% en í umfjölluninni hér á undan var fjallað um helstu skýringar á þeirri hækkun. Þá hækka framlög til málefnasviðsins *æðsta stjórnsýsla* um 31,3% sem jafngildir 556 m.kr. raunhækkun en þar munar mest um 100 m.kr. framlag vegna nýrrar byggingar fyrir forsætisráðuneyti. Þá hækka framlög til málefnasviðsins *dómstólar* um 27,8% eða 663 m.kr. sem að mestu leyti snýr að um 6 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við rekstur nýs millidómsstigs, Landsréttar, sem tekur til starfa á árinu 2018.

Raunlækkun útgjalda er mest á málefnasviðinu *fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar* eða alls um ríflega 11,4 ma.kr. en þar vegur þyngst um 12,2 ma.kr. lækkun vaxtagjalda. Sú lækkun skýrist m.a. af niðurgreiðslu skulda en nánar er fjallað um þau mál í greinargerð málefnasviðsins.

Samanlagt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heildargjöld hækki um 35 ma.kr. milli ára. Það svarar til um 4,6% útgjaldahækkunar að raungildi þegar launa-, gengis- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru frátaldar.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2017 | Frumvarp[1] 2018 | Breyting m.kr. | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | 5.140 | 5.693 | 553 | 10,8 |
| 02 Dómstólar | 2.384 | 3.047 | 663 | 27,8 |
| 03 Æðsta stjórnsýsla | 1.778 | 2.334 | 556 | 31,3 |
| 04 Utanríkismál | 13.697 | 14.783 | 1.086 | 7,9 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 20.891 | 21.307 | 417 | 2,0 |
| 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 3.601 | 3.836 | 236 | 6,5 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 13.595 | 13.617 | 23 | 0,2 |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | 20.269 | 21.169 | 900 | 4,4 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | 23.422 | 24.351 | 929 | 4,0 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | 12.442 | 13.864 | 1.422 | 11,4 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | 34.754 | 38.068 | 3.314 | 9,5 |
| 12 Landbúnaður | 15.771 | 15.673 | -98 | -0,6 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | 6.307 | 6.545 | 238 | 3,8 |
| 14 Ferðaþjónusta | 1.711 | 2.134 | 423 | 24,7 |
| 15 Orkumál | 3.725 | 3.993 | 269 | 7,2 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | 4.362 | 4.568 | 206 | 4,7 |
| 17 Umhverfismál | 15.597 | 17.002 | 1.405 | 9,0 |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 12.216 | 13.598 | 1.382 | 11,3 |
| 19 Fjölmiðlun | 3.955 | 4.163 | 208 | 5,2 |
| 20 Framhaldsskólastig | 30.298 | 30.754 | 456 | 1,5 |
| 21 Háskólastig | 41.592 | 43.546 | 1.954 | 4,7 |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | 5.250 | 5.211 | -39 | -0,7 |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta | 82.999 | 88.899 | 5.900 | 7,1 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | 42.037 | 46.432 | 4.396 | 10,5 |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 45.472 | 45.364 | -108 | -0,2 |
| 26 Lyf og lækningavörur | 17.125 | 23.159 | 6.034 | 35,2 |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | 54.463 | 59.157 | 4.695 | 8,6 |
| 28 Málefni aldraðra | 67.333 | 72.913 | 5.580 | 8,3 |
| 29 Fjölskyldumál | 30.071 | 31.615 | 1.544 | 5,1 |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 16.880 | 18.463 | 1.583 | 9,4 |
| 31 Húsnæðisstuðningur | 14.350 | 13.390 | -959 | -6,7 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 8.303 | 8.568 | 265 | 3,2 |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar | 84.823 | 73.393 | -11.430 | -13,5 |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 8.327 | 9.321 | 994 | 11,9 |
| **Samtals** | **764.938** | **799.932** | **34.994** | **4,6** |

[1] Án verðlagshækkana

### 5.5.4 Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Í fjármálaáætluninni sem samþykkt var í byrjun júní voru settir fram útgjaldarammar fyrir 34 málefnasvið í rekstri ríkissjóðs fyrir tímabilið 2018–2022 á verðlagi ársins 2017. Gengið var út frá því að rammarnir héldust óbreyttir að raungildi í fjárlagagerð ráðuneyta og framkvæmd fjárlaga miðað við þær forsendur sem þeir voru reistir á. Í framhaldi af samþykkt áætlunarinnar útfærðu ráðuneytin útgjaldarammana nánar niður á 101 málaflokk fyrir fjárlagafrumvarp ársins 2018 og fjárveitingar niður á einstakar stofnanir og verkefni sem birtast í fylgiriti með frumvarpinu.

Rammasett útgjöld í fjármálaáætluninni fyrir málefnasviðin 34 námu 674,9 ma.kr. á verðlagi ársins 2017. Áætlaðar launa- og verðlagsbætur námu 23,3 ma.kr. þannig að rammasett frumgjöld námu alls 698,2 ma.kr. að frádregnum liðum sem falla utan útgjaldarammans (einkum óreglulegum liðum á borð við lífeyrisskuldbindingar og atvinnuleysisbætur, auk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga).

Samkvæmt útfærslu ráðuneyta er gert ráð fyrir að frumgjöldin verði ríflega 689 ma.kr. eða um 14,3 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun og má sjá sundurliðun þeirra breytinga eftir málefnasviðum í töflunni hér á eftir. Skýrist sú hækkun fyrst og fremst af áherslumálum nýrrar ríkisstjórnar eða sem nemur ríflega 12 ma.kr. Breytingar á útgjaldarömmum málefnasviða má skipta í þrjá þætti.

Í fyrsta lagi er um að ræða breyttar fjárheimildir vegna nokkurra útgjaldamála sem ekki lágu fyrir við vinnslu fjármálaáætlunarinnar og nema þær breytingar um 13,6 ma.kr. til hækkunar. Þar er helst um að ræða 1,7 ma.kr. til ýmissa samgönguverkefna á málefnasviðinu *samgöngu- fjarskiptamál* en þar er gert ráð fyrir að 1,5 ma.kr. fari til aukinna framkvæmda á vegakerfinu og 200 m.kr. til framkvæmda við hafnir. Þá er ráðgert að efla háskóla- og framhaldsskólastigið og hækka framlög til þess um alls 1,7 ma.kr. sem skiptist þannig að á málefnasviðinu *háskólastig* er gert ráð fyrir nærri 1,3 ma.kr hækkun og um 400 m.kr. á málefnasviðinu *framhaldsskólastig*. Á málefnasviðinu *sjúkrahúsaþjónusta* er gert ráð fyrir 1,5 ma.kr. auknu framlagi vegna byggingar nýs Landspítala frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Aðrar breytingar eru þær að samkvæmt endurmati á áætluðum útgjöldum almannatrygginga á málefnasviðinu *málefni aldraðra* er áætlað að útgjöldin verði um 1,5 ma.kr. hærri en ráð var fyrir gert. Það skýrist af vanmati á útgjöldum vegna ellilífeyrisþega í tengslum við breytingar á lögum um almannatryggingar sem tóku gildi 1. janúar 2017. Framlög hækka um 1,1 ma.kr. á málefnasviðinu *málefni aldraðra* vegna hækkunar á frítekjumarki atvinnutekna ellilífeyrisþega og um 1 ma.kr. á málefnasviðinu *sjúkrahúsaþjónusta* til viðgerða og nýbygginga vegna raka- og mygluskemmda á Landspítalanum en þar er annars vegar um að ræða viðgerð á húsnæði BUGL og hins vegar nýbyggingar fyrir tvær rannsóknarstofur. Þá má nefna 700 m.kr. hækkun á málefnasviðinu *lyf- og lyflækningavörur* til innleiðingar nýrra lyfja og 500 m.kr. á málefnasviðinu *heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* til að draga úr kostnaði aldraðra og öryrkja við tannlæknaþjónustu. Að lokum má nefna 450 m.kr. framlag á málefnasviðinu *menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál* vegna máltækniverkefnis sem snýr að því að íslensk tunga verði gjaldgeng í stafrænum heimi. Á móti er gert ráð fyrir samtals um 1,7 ma.kr. lækkun á framlögum vegna vaxtabóta á málefnasviðinu *húsnæðisstuðningur* sem skýrist af endurmetnum áætlunum með hliðsjón af álagningu ársins 2017.

Í öðru lagi skýrast breytingar á útgjaldarömmum málefnasviða af ýmsum tæknilegum leiðréttingum sem nema samtals 241 m.kr. til lækkunar og lágu ekki fyrir við vinnslu fjármálaáætlunarinnar. Hér getur verið um að ræða millifærslur milli málefnasviða innan

sama ráðuneytis, flutning verkefna milli málefnasviða og aðrar tæknilegar leiðréttingar á tölulegum forsendum fjármálaáætlunar.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Rammi - fjárm.áætl. 2018 | Rammi - frumvarp 2018 | br. frá fjármála-áætlun | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | 5.540 | 5.693 | 153 | 2,8 |
| 02 Dómstólar | 2.923 | 3.047 | 124 | 4,2 |
| 03 Æðsta stjórnsýsla | 1.992 | 2.334 | 342 | 17,2 |
| 04 Utanríkismál | 14.362 | 14.783 | 421 | 2,9 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 21.198 | 21.307 | 109 | 0,5 |
| 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 3.828 | 3.836 | 8 | 0,2 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 13.473 | 13.617 | 144 | 1,1 |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | 2.100 | 2.101 | 1 | 0,0 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | 23.967 | 24.351 | 384 | 1,6 |
| 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála | 14.742 | 13.864 | -878 | -6,0 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | 35.761 | 38.068 | 2.307 | 6,5 |
| 12 Landbúnaður | 15.592 | 15.673 | 81 | 0,5 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | 6.444 | 6.545 | 101 | 1,6 |
| 14 Ferðaþjónusta | 2.284 | 2.134 | -150 | -6,6 |
| 15 Orkumál | 3.695 | 3.993 | 298 | 8,1 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | 4.302 | 4.568 | 266 | 6,2 |
| 17 Umhverfismál | 16.583 | 17.002 | 419 | 2,5 |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 12.642 | 13.355 | 713 | 5,6 |
| 19 Fjölmiðlun | 4.153 | 4.163 | 10 | 0,2 |
| 20 Framhaldsskólastig | 30.354 | 30.754 | 400 | 1,3 |
| 21 Háskólastig | 42.252 | 43.546 | 1.294 | 3,1 |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála | 5.211 | 5.211 | 0 | 0,0 |
| 23 Sjúkrahúsaþjónusta | 83.337 | 88.899 | 5.562 | 6,7 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | 45.316 | 46.219 | 903 | 2,0 |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 45.930 | 45.364 | -566 | -1,2 |
| 26 Lyf og lækningavörur | 20.289 | 20.988 | 699 | 3,4 |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | 58.111 | 57.797 | -314 | -0,5 |
| 28 Málefni aldraðra | 69.513 | 72.113 | 2.600 | 3,7 |
| 29 Fjölskyldumál | 31.112 | 31.365 | 253 | 0,8 |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 5.150 | 5.195 | 45 | 0,9 |
| 31 Húsnæðisstuðningur | 15.047 | 13.390 | -1.657 | -11,0 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 8.331 | 8.568 | 237 | 2,8 |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 9.321 | 9.321 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **674.854** | **689.164** | **14.310** | **2,1** |

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir að fjárheimildir flytjist milli málefnasviða í tengslum við breytt skipulag Stjórnarráðsins. Þar munar mest um tilflutning verkefna af málefnasviðinu *réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála* yfir á málefnasviðið *samgöngu- og fjarskiptamál* vegna uppskiptingar innanríkisráðuneytisins í dómsmálaráðuneyti annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti hins vegar. Þá færast

neytendamál af málefnasviðinu *réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála* yfir á málefnasviðið *markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar*. Gert er ráð fyrir að flutningur fjárheimilda vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta frá 30. nóvember 2017, sbr. forsetaúrskurð nr. 84/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, verði gerðar við 2. umr. frumvarpsins.

**5.6. Umbætur í ríkisrekstri**

Ríkið gegnir mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi og gildir þá einu hvort litið er til stærðar þess í efnahagslegu tilliti, þýðingar opinberrar þjónustu við almenning eða þeirra skilyrða sem ríkisvaldið skapar atvinnurekstri. Fagleg og skilvirk opinber þjónusta stuðlar að aukinni velferð og styður við verðmætasköpun fyrirtækja. Það er því mikilvægt að þjónusta sé veitt með markvissum hætti og að þjónustukerfi séu þannig upp byggð að það skili árangri og að opinbert fé nýtist svo vel sem kostur er. Því verður að leita tækifæra til að auka skilvirkni og árangur í opinberri þjónustu með því að bæta umgjörð, skipulag, stýringu og stjórnun opinberrar þjónustu.

Sett hefur verið af stað átak sem miðar að því að bæta ríkisreksturinn og hefur því verið gefið vinnuheitið *Betri rekstur*. Stofnunum verður veitt ráðgjöf og stuðningur til að bæta rekstrarumhverfi sitt, t.d. með aukinni hagnýtingu upplýsingatækni og þannig gert kleift að efla þjónustu og starfsumhverfi. Gerðar verða greiningar á hópum stofnana og í kjölfarið verða til lykiltölur og viðmið um rekstur stofnana, nokkurs konar verkfærakista með bestu aðferðum, sem getur nýst ráðuneytum og stofnunum við skipulagningu og áætlunargerð.

Mikil tækifæri liggja í framþróun í upplýsingatækni bæði hjá ríkinu og í samfélaginu almennt. Undir merkjum íslenska upplýsingasamfélagsins er unnið að mótun stefnu og aðgerðaáætlunar sem tekur mið af örum tæknibreytingum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur að undanförnu unnið að greiningu á nýtingu upplýsingatækni og fyrirkomulagi á rekstri. Þessi greining leiðir í ljós að ná megi sparnaði sem hleypur á milljörðum króna með markvissum aðgerðum. Á árinu 2018 verður áfram unnið að því að koma á sameiginlegum innkaupum á tölvubúnaði og hugbúnaðarleyfum, m.a. á Microsoft-leyfum. Þá verður unnið að auknum samrekstri upplýsingatæknikerfa og högun upplýsingatækniumhverfis ríkisins skilgreind.

Umbætur í ríkisrekstri eru fjölþætt viðfangsefni sem unnið er að á fleiri en einum vettvangi. Lögð er áhersla á þrjú þemu til að auka árangur í ríkisrekstrinum sem eru:

- aukin samhæfing og framleiðni;
- stefna, stjórnun og árangur;
- gagnsæ stjórnsýsla.

Í samræmi við þessar áherslur verður m.a. unnið að eftirfarandi verkefnum á árinu 2018. Nánar er fjallað um hluta verkefnanna í greinargerð um viðeigandi málaflokk.

## Aukin samhæfing og framleiðni

| | Verkefni | Staða |
|---|---|---|
| **Aukin hagræðing með markvissri nýtingu sameiginlegra innviða** | Miðlæg innkaup á sviði upplýsingatækni | Miðlæg innkaup á sviði tölvubúnaðar hafa verið innleidd og unnið er að miðlægum innkaupum á hugbúnaði. |
| | Bætt umgjörð og eftirlit með gerð þjónustusamninga | Reglugerð um rekstrarverkefni og þjónustusamninga birt og unnið að frekari þróun verklags við kaup á þjónustu. |
| | Setja viðmið um samrekstur stofnana | Gerðar verða greiningar á rekstri stofnana og á grundvelli þeirra sett viðmið um samrekstur. |
| | Upptaka markaðsleigu | Ákvörðun um fyrirkomulag og útfærsla liggi fyrir við lok ársins 2018. |
| | Hagræðing á sviði upplýsingatækni m.a. með auknum samrekstri | Verkefnið er hafið og á árinu verður m.a. unnið að samrekstri í skýjum og sameiginlegum rekstri upplýsingatæknikerfa |
| **Bætt þjónusta, stýring og samhæfing** | Framkvæma þjónustukönnun hjá stofnunum | Framkvæmd verður könnun og greining á þjónustu stofnana ríkisins. Greind verða tækifæri til úrbóta. |
| | Skilgreina hlutverk, verksvið og ábyrgð ólíkra þjónustu- og stjórnsýslukerfa | Framkvæmdar verða greiningar á styrkleikum og veikleikum þjónustu- og stjórnsýslukerfa. |
| | Innleiða framleiðslutengda fjármögnun á Landspítala | Samningur hefur verið gerður á milli Sjúkratrygginga Íslands og LSH og kemur hann til framkvæmda á árinu 2018 |
| | Stuðla að því að sem flestir í samfélaginu séu virkir á vinnumarkaði og geti nýtt hæfileika sína | Unnið er að undirbúningi lagafrumvarpa þar sem gert er ráð fyrir stóraukinni áherslu á starfsendurhæfingu og að tekið verði upp starfsgetumat í stað læknisfræðilegs örorkumats þegar það getur átt við. |
| | Efling framhaldsskóla með endurmati á skipulagi | Hluti greiningar á styrkleikum og veikleikum þjónustu- og stjórnsýslukerfa. |
| | Sameining umsjónar með fasteignum ríkisins í miðlægum fasteignafélögum | Ákvörðun um fyrirkomulag og útfærsla á því liggi fyrir við lok ársins 2018. |
| **Efling nýsköpunar í ríkisrekstri** | Skapa vettvang fyrir almenning til að koma á framfæri hugmyndum | Á árinu 2018 verður kallað eftir tímaþjófum í stjórnsýslu frá ríkisaðilum og í kjölfarið frá almenningi. |

| | | |
|---|---|---|
| | Veita starfsfólki og stjórnendum fræðslu, hvatningu og stuðning til nýsköpunar. | Nýsköpunarverðlaun verða veitt og komið verður á samstarfsneti um nýsköpun. |
| | Nýta innkaupaaðferðir sem styðja við nýsköpun | Ríkiskaup aðstoði stofnanir við að nýta þær innkaupaaðferðir er styðja við nýsköpun t.d. nýsköpunarsamstarf, samkeppnisútboð og markaðskannanir. |
| **Bætt yfirsýn og mótun aðgerða til að efla framleiðni** | Greining á framleiðni í stærstu þjónustukerfum | Framleiðninefnd mun þróa viðmið um framleiðni-mælingar hjá hinu opinbera. |

## Stefna, stjórnun og árangur

| | **Verkefni** | **Staða** |
|---|---|---|
| **Markvissari stefnumótun** | Mótun heildstæðrar stefnu fyrir öll málefnasvið ríkisins | Unnið er að sniðmátum sem stefnumótun ráðuneyta mun byggja og mun hvert ráðuneyti vinna stefnu fyrir a.m.k. eitt málefnasvið á árinu 2018. |
| | Þróa og innleiða nýtt árangursstjórnunarkerfi. | Á grundvelli laga um opinber fjármál er unnið að þróun árangursstjórnunar. Ferli verða endurmetin á árinu 2018 út frá fenginni reynslu. |
| **Uppbygging mannauðs í samræmi við þarfir ríkisins til framtíðar** | Markmiðatengd mannaflaspá fyrir hverja stofnun | Hluti stofnana hefur unnið að gerð mannaflaspár og áfram verður unnið að þessu verkefni. |
| | Skilgreining hæfniþátta og menntunarkrafna til ólíkra starfa hjá ríkinu. | Hæfniþættir og menntunarkröfur skilgreind við endurskoðun stofnanasamninga. |
| | Innleiðing jafnlaunastaðals hjá ríkisstofnunum. | Um 10 ríkisstofnanir eru með fleiri en 250 starfsmenn og skulu hafa öðlast vottun við lok ársins 2018. |
| | Vinna að nýju skipulagi við gerð kjarasamninga á vinnumarkaði. | Næstu skref ráðast af því hvort samkomulag náist á vinnumarkaði. |
| **Efling stjórnenda ríkisstofnana** | Gerð heildstæðrar stjórnendastefnu og skilgreining almennra hæfniþátta fyrir forstöðu-menn ríkisstofnana. | Unnið er að skilgreiningu hæfniþátta fyrir forstöðumenn og stjórnendastefna verður gefin út í kjölfarið. |
| | Endurgjöf, fræðsla og þjálfun til eflingar leiðtogahæfileika forstöðumanna. | Innleiðing stjórnendasamtala og gerð starfsþróunaráætlana hefst á árinu 2018. |

**Gagnsæ stjórnsýsla**

| | Verkefni | Staða |
|---|---|---|
| **Bætt aðgengi að upplýsingum og aukið samráð** | Opnun vefsíðu með upplýsingum um greidda reikninga ráðuneyta og stofnana. | Upplýsingar um greidda reikninga ráðuneyta hafa verið gerðar aðgengilegar. Unnið er að því að gera bókhald ríkisins aðgengilegt á vef. |
| | Opna samráðsgátt þar sem birt verða drög að stefnu, lagafrumvörpum og reglugerðum. | Samráðsgáttin verður opnuð á árinu 2018. |

### 5.7 Kynjuð fjárlagagerð

Kynjuð fjárlagagerð hefur verið í þróun á Íslandi frá árinu 2009 með það að leiðarljósi að réttlæti og sanngirni haldist í hendur við efnahagslega velferð. Með kynjaðri fjárlagagerð er leitast við að taka mið af stöðu kynjanna við dreifingu gæða og fjár. Mótun stefnu í opinberu fjármálum felur í sér ákvarðanir um félagslega og efnahagslega forgangsröðun stjórnvalda. Vegna mismunandi stöðu fólks hefur tekjuöflun og ráðstöfun opinbers fjár ólík áhrif á kynin. Það getur til að mynda átt við um val fólks á búsetu, atvinnuþátttöku og fæðingartíðni. Kynjuð fjárlagagerð var lögfest með lögum um opinber fjármál sem tóku gildi í ársbyrjun 2016.

**Áherslur á árinu 2017.** Á árinu 2017 var lögð áhersla á eftirtalið: Jafnréttismat á frumvörpum, kyngreiningu tölfræðigagna, verkefni, fræðslu og samstarf. Sem dæmi um verkefni þá greindi fjármála- og efnahagsráðuneytið umfang samnýtingar skattþrepa eftir kyni fyrir tekjuárin 2010 til 2015. Í ljós kom að um 93% af upphæð skattaafsláttarins fyrir tímabilið nýttist til hækkunar ráðstöfunartekna karla. Þá var einnig reiknað áætlað umfang samnýtingar skattþrepa við álagningu tekjuskatts einstaklinga árið 2018. Mat ráðuneytisins er að skattaafsláttur verði um 2,7 ma.kr. vegna úrræðisins, eða 0,8 ma.kr. meira en ætla má að hann hefði verið ef þriggja þrepa tekjuskattskerfi væri enn við lýði. Áætlað er að 91% heildarupphæðar afsláttarins nýtist til hækkunar ráðstöfunartekna karla. Á vef Stjórnarráðsins má nú sjá nánari útlistun á verkefnum annarra ráðuneyta ásamt þeim niðurstöðum sem þegar liggja fyrir og munu nýtast við útfærslu aðgerða á komandi árum.

**Áherslur á árinu 2018.** Árið 2018 verður lögð áhersla á að uppfæra áætlun kynjaðrar fjárlagagerðar, greiningu á kynjaáhrifum málefnasviða og samþættingu jafnréttissjónarmiða við áætlanagerðina með vinnu við jafnréttismat á aðgerðum. Nánar er fjallað um markmið og aðgerðir hvers málaflokks síðar í umfjöllun um stefnumótun málefnasviða. Samstarf mun áfram skipa lykilsess á árinu 2018, bæði hérlendis sem og á alþjóðavettvangi. Í yfirlýsingu frá OECD, sem þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og jafnréttismálaráðherra undirrituðu í júní sl., er óskað eftir því að Ísland gegni leiðandi hlutverki í kynjaðri fjárlagagerð. Ísland er þó enn á lærdómsstigi þegar kemur að því að beita stjórntækinu og því er mikill ávinningur af samstarfi OECD-ríkjanna í þessum málaflokki.

1. **Uppfærð áætlun:** Árið 2018 verður unnið markvisst að því að samþætta kynjaða fjárlagagerð við breytt umhverfi í anda laga um opinber fjármál. Gera þarf ráð fyrir að fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem samþykkt var árið 2015 verði tekin upp á árinu 2018 og endurmótuð á grundvelli nýrra laga. Lögð verður áhersla á að greina kynjaáhrif málefnasviða og með slíkri greiningu á að vera hægt að forgangsraða og velja úr þau málefnasvið og þá málaflokka sem leggja þarf áherslu á. Skref hefur verið stigið í átt að samþættingu jafnréttissjónarmiða við áætlanagerðina með framlagningu þessa frumvarps þar sem jafnréttismati var beitt á aðgerðir valinna málaflokka.
2. **Jafnréttismat aðgerða:** Ráðuneytin unnu jafnréttismat á aðgerðum eins málaflokks vegna ársins 2018. Vinnan við matið varð til þess að nokkrar aðgerðir tóku breytingum. Matið er nú unnið eftir að aðgerðir hafa verið ákveðnar en gera má ráð fyrir að í framtíðinni verði það gert samhliða útfærslu aðgerða. Aðgerðirnar eru birtar í undirköflum málefnasviðanna en samandregnar niðurstöður vinnunnar eru birtar í töflu hér á eftir með þeim fyrirvara að um tilraunaár sé að ræða. Flestir eru að taka sín fyrstu skref í vinnubrögðum sem þessum, forskrift er í mótun og oftar en ekki kom í ljós skortur á kyngreindum gögnum. Til þess að fá frekari upplýsingar um aðgerðirnar er bent á viðeigandi málefnasvið í greinargerð frumvarpsins. Af niðurstöðum að dæma er mikilvægt næsta skref að leggja enn ríkari áherslu á söfnun kyngreindra gagna. Útfærsla aðgerða getur haft áhrif á jafnrétti eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

| Ráðuneyti | Málaflokkur | Möguleg áhrif á jafnrétti | Mögulega ekki áhrif á jafnrétti | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** | 14.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum | Aðgerðir: 1, 2, 3 | | Vantar frekari gögn. |
| **Dómsmálaráðuneyti** | 9.5 Fullnustumál | Aðgerðir: 1, 2 | Aðgerðir: 3, 5 | Útfærsla getur haft áhrif. |
| **Fjármála- og efnahagsráðuneyti** | 5.2 Eignaumsýsla | Aðgerðir: 1, 2, 3, 6 og 9 | Aðgerðir: 4, 5, 7, 8 | Skerpt á alm. Eigendastefnu og framkv.-áætlun. Skoða aðgerðir: 2, 3, 6, 7,9 |
| **Mennta- og menningarmála-ráðuneyti** | 21.1 Háskólar | Aðgerðir: 2, 3, 4 | Aðgerð: 1 | Niðurstöður nýttar til að þróa skilgreinda verkþætti. |
| **Samgöngu og sveitastjórnarráðuneyti** | 11.1 Samgöngur | Aðgerðir: 1, 5, 9 | Aðgerðir: 2, 3, 4, 6, 7, 8,10,11 | Útfærsla tekur mið af matinu. |
| **Umhverfis- og auðlindaráðuneyti** | 17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla | Aðgerð: 2 | Aðgerðir: 1, 3, 4 | Tryggja aðgengi ferðafólks. |
| **Utanríkisráðuneyti** | 4.4 Þróunar-samvinna | Aðgerðir: 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7,8, 9 | | |
| **Velferðarráðuneyti** | 25.1 Hjúkrunar-dvalar- og dagrými | Aðgerð: 3 | | Eftirlit og skráning bætt. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Velferðarráðuneyti** | 27.1 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar | Aðgerð: 3 | | Horft til atvinnumöguleika kynjanna og virkrar þátttöku í samfélaginu við innleiðingu starfsgetumats. |

## 5.8 Þjónustu- og styrktarsamningar

Árlega endurnýja ráðuneyti og stofnanir margvíslega samninga fyrir hönd ríkisins við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Skriflegir samningar eiga að vera til um öll lögbundin verkefni sem ráðuneyti og stofnanir hafa samið um og aðrir en ríkisaðilar inna af hendi. Almennt er óheimilt að skuldbinda ríkið til lengri tíma en eins árs, nema það sé sérstaklega heimilað með lögum enda eru fjárveitingar til einstakra verkefna veittar á grundvelli fjárheimildar sem Alþingi samþykkir til málefnasviða og málaflokka í fjárlögum til eins árs í senn.

Samkvæmt 40. grein laga um opinber fjármál er ráðherrum veitt heimild, með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, til þess að gera samninga um þjónustu- og rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs í senn en þó að hámarki til fimm ára. Með sömu lagagrein er stofnunum einnig veitt heimild til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni ef samanlögð árleg fjárskuldbinding stofnunarinnar vegna samninga fer ekki yfir 15% af árlegum heildarútgjöldum hennar. Það er á ábyrgð ráðherra að tryggja að útgjöld vegna samninga séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun og rúmist innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur veitt til þess málaflokks sem verkefnið fellur undir.

Nánar er sagt til um verklag við undirbúning og gerð þjónustusamninga í reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og stofnanir gera. Þar er m.a. fjallað um frumathugun sem er grundvöllur ákvarðanatöku um gerð þjónustusamnings, kröfur til verksala, eftirlit með samningum og endurnýjun samninga. Unnið er að endurskoðun á þessu verklagi og gerð nýrrar reglugerðar í samræmi við lög um opinber fjármál, og mun þeirri vinnu ljúka fyrir árslok 2017.

**Flokkun skuldbindandi samninga.** Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa straum af kostnaði við eða er liður í því að ríkisaðilar geti sinnt hlutverki sínu. Samningar um slík verkefni teljast vera rekstrar- og þjónustusamningar. Hámarkslengd samninga af þessum toga er fimm ár í senn og er einungis heimilt að semja til lengri tíma sé gerð krafa um kostnaðarsama uppbyggingu og búnað vegna verkefnisins. Þá er í gildandi lögum einnig kveðið á um að einkaaðilum verði ekki með samningi falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur fólks nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að breytist því ekki þó að ríkið feli öðrum aðila að sjá um lögbundinn rekstur eða þjónustu.

Ráðuneytin gera auk þess margvíslega styrktar- og samstarfssamninga um önnur verkefni sem ekki falla beinlínis undir lögbundin verkefni ríkisins. Markmið þeirra er að styrkja eða ganga til samstarfs við aðila um verkefni sem almennt eru uppbyggileg eða nauðsynleg í samfélaginu. Samkvæmt 42. gr. laga um opinber fjármála er fagráðherrum veitt heimild til þess að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem þeir bera ábyrgð á, að því tilskildu að gert sé ráð fyrir útgjöldum vegna verkefnanna í fjármálaáætlun og við skiptingu fjárheimilda í fjárveitingar. Á sama hátt og gildir um þjónustu- og rekstrarsamninga er skylt að gera skriflegan samning um einstakar styrkveitingar, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða minniháttar styrki.

**Heildarumfang skuldbindandi samninga**. Umfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert, bæði hvað varðar fjölda og fjárhagslegt umfang. Taflan hér á eftir sýnir heildarskuldbindingar og fjölda allra rekstrar- og þjónustusamninga annars vegar og styrktar- og samstarfssamninga hins vegar eftir málefnasviðum. Rétt er að vekja athygli á því að í yfirliti 6 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu eru sýndir allir skuldbindandi samningar eftir málefnasviðum og málaflokkum.

Skuldbindandi samningar sem í gildi eru á þessu ári eru alls 229 talsins. Þar af eru 98 vegna rekstrar- og þjónustuverkefna en 131 vegna styrktar- og samstarfsverkefna. Heildarútgjöld samninganna eru áætluð 96,6 ma.kr. eða sem nemur 14% af frumútgjöldum ríkissjóðs. Umfang samninga hefur nokkuð aukist á milli áranna 2016 og 2017 eða um 16,5 ma.kr. Skýrist breytingin af rammasamningum SÍ við sérfræðilækna, um barnatannlækningar og um sjúkraþjálfun, en heildarkostnaður þessara samninga nemur á þessu ári tæpum 14 ma.kr.

Þrjú málefnasvið skera sig úr hvað varðar hlutfallslegt umfang skuldbindandi samninga en það eru málefnasviðin *Landbúnaðarmál*, *Fjölmiðlun* og *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta*. Útgjöld vegna þjónustu- og styrktarsamninga sem falla undir þessi málefnasvið eru á bilinu 70–90% af heildarfjárheimildum málefnasviðanna. Fyrir málefnasviðið *Fjölmiðlun* skýrist það af þjónustusamningi við Ríkisútvarpið ohf. Í málefnasviðinu *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* er stærstur hluti vegna rammasamnings um hjúkrunarheimili sem gerður var í október 2016 um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila. Loks má rekja nær öll útgjöld málefnasviðsins *Landbúnaðarmál* til búvörusamnings sem gerður var á síðastliðnu ári og gildir til ársins 2026.

Af þeim 229 samningum sem eru skuldbundnir er gert ráð fyrir að liðlega þriðjungur, eða 65, verði endurnýjaðir á næsta ári. Þá er áætlað að umfang skuldbindandi samninga aukist um 2,8 ma.kr. frá yfirstandandi ári að nafnvirði eða sem nemur 2,9%.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Áb. | Fj. samn. | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrar- og þjónustusamningar** | | | | | | |
| 04 Utanríkismál | UTN | 1 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | FJR | 4 | 1.361 | 1.298 | 1.289 | 1.289 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | ANR | 7 | 151 | 103 | 88 | 88 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | DMR | 2 | 576 | 602 | 596 | 591 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | SRN | 1 | 69 | 69 | 69 | 69 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | DMR | 1 | 34 | 34 | 34 | 34 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | SRN | 10 | 3.694 | 3.753 | 3.303 | 3.303 |
| 12 Landbúnaður | ANR | 1 | 28 | 27 | 27 | 27 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | ANR | 4 | 482 | 466 | 466 | 466 |
| 14 Ferðaþjónusta | ANR | 1 | 15 | 15 | 15 | 15 |
| 15 Orkumál | ANR | 3 | 62 | 62 | 62 | 62 |
| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála | ANR | 6 | 79 | 81 | 81 | 81 |
| 19 Fjölmiðlun | MRN | 1 | 3.912 | 4.110 | 4.110 | 4.110 |
| 20 Framhaldsskólastig | MRN | 7 | 5.157 | 5.270 | 5.344 | 5.419 |
| 21 Háskólastig | ANR | 1 | 232 | 174 | 174 | 174 |
| 21 Háskólastig | MRN | 3 | 4.645 | 4.974 | 5.412 | 5.851 |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta | VEL | 1 | 100 | 102 | 102 | 102 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | VEL | 17 | 19.015 | 20.465 | 21.064 | 21.687 |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | VEL | 17 | 33.352 | 33.918 | 33.918 | 33.918 |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | VEL | 2 | 316 | 320 | 320 | 320 |
| 29 Fjölskyldumál | VEL | 2 | 267 | 156 | 150 | 123 |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | VEL | 2 | 139 | 139 | 139 | 139 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | VEL | 4 | 477 | 365 | 365 | 365 |
| **Samtals rekstrar- og þjónustusamningar** | | **98** | **74.164** | **76.504** | **77.130** | **78.234** |
| | | | | | | |
| **Styrktar- og samstarfssamningar** | | | | | | |
| 04 Utanríkismál | UTN | 25 | 1.569 | 1.621 | 1.609 | 1.387 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | FJR | 1 | 14 | 14 | 14 | 14 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | ANR | 4 | 26 | 3 | 1 | |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | DMR | 1 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | DMR | 2 | 2.091 | 2.135 | 2.115 | 2.095 |
| 12 Landbúnaður | ANR | 5 | 13.798 | 13.954 | 13.954 | 13.929 |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | ANR | 5 | 92 | 92 | 86 | 7 |
| 14 Ferðaþjónusta | ANR | 6 | 347 | 345 | 163 | 65 |
| 17 Umhverfismál | UAR | 1 | 35 | 35 | 35 | 35 |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | MRN | 38 | 1.982 | 2.144 | 2.241 | 2.226 |
| 20 Framhaldsskólastig | MRN | 10 | 1.081 | 1.111 | 1.085 | 1.085 |
| 21 Háskólastig | MRN | 10 | 244 | 250 | 250 | 250 |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | MRN | 19 | 795 | 803 | 803 | 803 |
| 29 Fjölskyldumál | VEL | 2 | 199 | 206 | 206 | 206 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | VEL | 1 | 80 | 81 | 81 | 81 |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi | FJR | 1 | 119 | 114 | 114 | 114 |
| **Samtals styrktar- og samstarfssamningar** | | **131** | **22.484** | **22.920** | **22.768** | **22.308** |
| | | | | | | |
| **Samtals skuldbindandi samningar** | | **229** | **96.648** | **99.424** | **99.898** | **100.542** |
| | | | | | | |
| **Hlutfall af frumútgjöldum** | | | **14%** | **13%** | **-** | **-** |

**5.9 Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda**

Í fjárlögum ár hvert ákveður Alþingi skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Þó er eðli máls samkvæmt heimilt að gera millifærslur á fjárheimildum málaflokka 34.10 Almennur varasjóður og 34.20 Sérstakar fjárráðstafanir, í samræmi við ákvarðanir um ráðstöfun þeirra, enda er fjárheimildum þessum ætlað að mæta ófyrirséðum útgjaldatilefnum án tillits til hvaða málaflokkur beri þau útgjöld.

**Almennur varasjóður.** Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál er almennum varasjóði ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiriháttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum.

**Sérstakar fjárráðstafanir.** Fjárheimild málaflokksins sérstakar fjárráðstafanir má millifæra, í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru um ráðstöfun þeirra, til þeirra málaflokka sem útgjöld eru færð til gjalda eða eftir atvikum eignfærð á.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og hefur umsjón með millifærslum fjárveitinga. Fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnir ákvarðanir um millifærslur til fjárlaganefndar Alþingis.

**Varasjóðir málaflokka.** Varasjóður málaflokks skal nýttur til að mæta frávikum í rekstri ríkisaðila og verkefna. Ef ekki koma fram slík frávik á fyrri helmingi ársins er hverjum ráðherra heimilt að ráðstafa úr varasjóði málaflokks í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi sem settar eru af fjármála- og efnahagsráðherra og í samræmi við stefnu þess málaflokks. Ráðstöfun á þriðja ársfjórðungi skal aldrei nema meira en helmingi af fjárveitingu varasjóðs. Að loknum þriðja ársfjórðungi og árslokaspá skal heimila ráðstöfun úr varasjóði málaflokks til að mæta fyrirséðum frávikum í rekstri og því sem eftir stendur til að vinna að stefnumálum þess málaflokks.

Við ráðstöfun málaflokka gildir verklag um millifærslur fjárveitinga innan málaflokks.

**Millifærsla fjárveitinga innan málaflokks.** Samkvæmt 29. gr. laga um opinber fjármál er hverjum ráðherra heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks frá því sem birt hefur verið í fylgiriti fjárlaga. Ráðuneyti skal rökstyðja ákvörðun sína og senda fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis ber að uppfæra rekstraráætlun til samræmis og skila ráðuneyti til staðfestingar innan þess frests sem gefinn er. Breytt rekstraráætlun skal færð í fjárhagskerfi ríkisins samhliða því að millifærslan er framkvæmd. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast birtingu ákvarðana og skal upplýsa fjárlaganefnd Alþingis áður en þær taka gildi. Ekki er heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga. Sé fjárveiting lækkuð skal ákvörðunin rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis með a.m.k. sex vikna fyrirvara.

# 6 Fjárreiður ríkisaðila í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í eigu ríkisins sem hvorki eru sameignar- né hlutafélög en eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin á ábyrgð ríkissjóðs. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja. Vegna sérstöðu sinnar eru fjármálafyrirtæki og sjóðir í B-hluta ekki meðtalin í umfjöllun um umfang og afkomu hins opinbera, sbr. umfjöllun í fjármálaáætlun. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit um nokkrar lykilstærðir úr fjárreiðuáætlunum B-hluta samkvæmt frumvarpinu.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Hagnaður / Tap | Arður til ríkissjóðs | Fjár-festingar | Tekin langtímalán | Veitt langtímalán |
|---|---|---|---|---|---|
| Fyrirtæki | | | | | |
| Happdrætti Háskóla Íslands | 860,0 | | 10,0 | | |
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | 1.140,7 | 1.000,0 | 350,0 | | |
| Íslenskar orkurannsóknir | -30,6 | | 30,0 | | |
| Sjóðir | | | | | |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 5.360,8 | | 200,0 | 7.000,0 | 15.279,0 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | -140,0 | | | | 70,0 |
| Byggðastofnun | 53,7 | | 360,0 | 2.500,0 | 2.500,0 |
| Orkusjóður | 2,0 | | | | 24,0 |
| Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild | -173,0 | | | | |
| Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og hjúkrunarheimili | 499,1 | | | | 4.000,0 |
| Íbúðalánasjóður, viðbótarlán | -21,3 | | | | |
| Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkis og verkam. | -31,5 | | | | |
| Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild | -683,2 | | | | 4.500,0 |
| **Samtals** | **6.836,7** | **1.000,0** | **950,0** | **9.500,0** | **26.373,0** |

Framsetning á áætlunum aðila í B-hluta er eins og í reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri og reikningsskil þeirra skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga.

Rekstrartekjur fyrirtækja og lánastofnana í B-hluta á árinu 2018 eru áætlaðar samtals 42,6 ma.kr. sem er aukning um 1,2 ma.kr. frá fjárlögum 2017. Rekstrargjöld þessara aðila á árinu 2018 eru áætluð 43,4 ma.kr. og aukast um 1,4 ma.kr. frá fjárlögum 2017. Fjármunatekjur eru áætlaðar 55,8 ma.kr. samanborið við 59,7 ma.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkun fjármunatekna frá fjárlögum er 3,9 ma.kr. eða 6,7%. Fjármagnsgjöld eru áætluð 52,9 ma.kr. en eru 53,2 ma.kr. í fjárlögum 2017. Lækkun fjármagnsgjalda frá fjárlögum er 0,3 ma.kr. eða 0,6%. Er því áætlað að á árinu 2018 verði fjármunatekjur og fjármagnsgjöld í B-hluta í heildina nokkuð minni en í gildandi fjárlögum.

Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 4,3 ma.kr., eða rúm 16% af áætluðum heildarútlánum á árinu 2018, en í fjárlögum yfirstandandi árs nemur framlagið 4,5 ma.kr.

sem svarar til rúmlega 12% af áætluðum útlánum þess árs. Hækkun þessa hlutfalls milli ára skýrist einkum af auknum framlögum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og minni útlánum Íbúðalánasjóðs.

Gangi framangreint eftir er áætlað að á árinu 2018 verði hagnaður B-hluta í heild 6,9 ma.kr. Það er 3,6 m.kr. lakari afkoma en í fjárlögum yfirstandandi árs þar sem gert er ráð fyrir 10,5 ma.kr. hagnaði. Munar þar mest um 3,2 m.kr. lakari afkomu Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Framlög úr A-hluta ríkissjóðs til B-hluta aðila á árinu 2018 eru áætluð 9 ma.kr. og eru nánast óbreytt frá fjárlögum 2017. Að teknu tilliti til rekstrarliða, sem ekki hafa áhrif á handbært fé, og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að á árinu 2018 verði handbært fé frá rekstri B-hluta aðila 8,1 ma.kr., eða 0,5 ma.kr. minna en í fjárlögum yfirstandandi árs.

Gert er ráð fyrir því að á næsta ári nemi veitt löng lán B-hluta aðila samtals 26,4 ma.kr. Það er 10,8 ma.kr. minni lánveitingar en áætlaðar eru í fjárlögum 2017 og nemur hlutfallsleg lækkun 29%. Mest munar um minni lánveitingar Íbúðalánasjóðs sem áætlaðar eru 8,5 ma.kr. á næsta ári en í fjárlögum yfirstandandi árs eru lánveitingar sjóðsins áætlaðar 19,5 ma.kr. Samkvæmt því er talið að lánveitingar sjóðsins á næsta ári verði 11 ma.kr. minni en reiknað var með við afgreiðslu gildandi fjárlaga og nemur lækkunin 56%. Á fyrri árshelmingi 2017 námu útlán Íbúðalánasjóðs samtals 4,6 ma.kr. Verði lánveitingar sjóðsins á seinni árshelmingi svipaðar og á þeim fyrri er ljóst að þær hafa verið talsvert ofáætlaðar við afgreiðslu gildandi fjárlaga. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna á næsta ári eru áætlaðar 15,3 ma.kr. sem er svipað og í fjárlögum 2017.

Afborganir á næsta ári af veittum löngum lánum eru áætlaðar 66,4 ma.kr. Það er 5,8 ma.kr. meiri innheimta en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins í ár. Munar þar mest um 4,1 ma.kr. meiri innheimtu hjá Íbúðalánasjóði og 1,3 ma.kr. meiri innheimtu hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar 950 m.kr. en aðrar fjárfestingar eru óverulegar.

Lántökur B-hluta aðila á árinu 2018 eru áætlaðar 9,5 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. minni lántökur en reiknað er með í fjárlögum 2017. Lækkunin er 1 ma.kr. hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og 0,5 ma.kr. hjá Byggðastofnun. Íbúðalánasjóður fyrirhugar ekki nýjar lántökur á næsta ári frekar en í ár því reiknað er með að uppgreiðslur og afborganir af veittum lánum sjóðsins standi undir fjárþörf til nýrra útlána.

Arðgreiðsla B-hluta aðila í ríkissjóð á árinu 2018 er áætluð 1.000 m.kr. og lækkar um 750 m.kr. miðað við fjárlög 2017. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð. Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2018 nemi það framlag 1.180 m.kr. sem er jafn hátt framlag og í fjárlögum yfirstandandi árs.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að á árinu 2018 muni handbært fé B-hluta aðila aukast um samtals 24,4 ma.kr. og verða rúmlega 180 ma.kr. í árslok. Þar munar mest um Íbúðalánasjóð, en áætlað er að handbært fé sjóðsins aukist um 24 ma.kr. á árinu 2018 og verði um 170 ma.kr. í árslok. Í töflunni hér á eftir er samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit B-hluta aðila.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2017 | Frumvarp 2018 |
|---|---|---|
| **Rekstraráætlun:** | | |
| Rekstrartekjur | 41.409,4 | 42.583,8 |
| Rekstrargjöld | -41.979,6 | -43.371,6 |
| Fjármunatekjur | 59.733,3 | 55.751,5 |
| Fjármagnsgjöld | -53.187,7 | -52.867,7 |
| Framlög í afskriftasjóð útlána | -4.509,0 | -4.300,0 |
| **Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi** | **1.466,4** | **-2.204,0** |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði | 9.013,4 | 9.040,7 |
| **Hagnaður (-tap)** | **10.479,8** | **6.836,7** |
| **Sjóðstreymi:** | | |
| Hagnaður (-tap) | 10.479,8 | 6.836,7 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé | -1.323,8 | 2.244,3 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | -583,0 | -995,0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **8.573,0** | **8.086,0** |
| Veitt löng lán | -37.193,0 | -26.373,0 |
| Afborganir af veittum löngum lánum | 60.607,3 | 66.433,9 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó | -903,5 | -944,4 |
| Áhættufjármunir, nettó | 110,0 | 225,0 |
| Sala fullnustueigna | 4.198,0 | 0,0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar, samtals** | **26.818,8** | **39.341,5** |
| Tekin löng lán | 11.000,0 | 9.500,0 |
| Afborganir af teknum löngum lánum | -44.054,6 | -30.321,2 |
| Arðgreiðsla í ríkissjóð | -1.750,0 | -1.000,0 |
| Greitt til Háskóla Íslands | -1.180,0 | -1.180,0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **-35.984,6** | **-23.001,2** |
| **Breyting á handbæru fé** | **-592,8** | **24.426,3** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 153.821,2 | 156.038,1 |
| Handbært fé í árslok | 153.228,4 | 180.464,4 |

# 7 Efnahagur, lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta og öðrum aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 5. gr. frumvarpsins.

**7.1 Horfur fyrir árið 2017**

Í fjárlögum 2017 var gert ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs yrðu lækkaðar um 140 ma.kr. á milli ára og nema um 1.004 ma.kr. í lok árs. Það markmið átti að nást með því að ráðstafa stöðugleikaframlögum slitabúa föllnu bankanna og innstæðum ríkissjóðs umfram 40 ma.kr. viðmið til niðurgreiðslu þeirra. Í áætlunum var gert ráð fyrir að halda áfram uppkaupum á RIKH 18 skuldabréfaflokknum og greiða að fullu upp skuldabréf sem ríkissjóður gaf út til að styrkja eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands í kjölfar fjármálaáfallsins. Það skuldabréf stóð í 28,5 ma.kr. og var að fullu uppgreitt í maí 2017. Á fyrri árshelmingi lækkaði útistandandi fjárhæð RIKH 18 um 32,5 ma.kr. að nafnvirði, bæði vegna uppkaupa ríkissjóðs á bréfunum og með arðgreiðslu frá Íslandsbanka. Lækkun flokksins er mikilvægt skref í að takmarka endurfjármögnunaráhættu ríkissjóðs. Þá lækkuðu erlendar skuldir ríkissjóðs vegna uppkaupa á útistandandi skuldabréfum útgefnum í Bandaríkjadölum árið 2012 með gjalddaga 2022. Sem lið í lausa- og skuldafjárstýringu gerði ríkissjóður eigendum bréfanna tilboð í alla útistandandi fjárhæð flokksins og var tilboðum tekið fyrir 895 milljónir Bandaríkjadala í apríl s.l. eða um 90% útgáfunnar. Svarar það til um 99 ma.kr. Bréfin voru afturkölluð og lækkaði þá skuldastaða ríkissjóðs að sama skapi um umrædda fjárhæð. Í október keypti ríkissjóður til viðbótar bréf að nafnvirði 31 milljón Bandaríkjadala. Eftirstöðvar útgáfunnar eru því 92 milljónir Bandaríkjadala. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 940 ma.kr. í lok fyrri árshelmings, sem var vel undir áætlaðri skuldastöðu í árslok samkvæmt fjárlögum 2017.

Lækkun skulda hélt áfram á síðari helmingi ársins, fyrst og fremst vegna uppkaupa á RIKH 18. Alls keypti ríkissjóður til baka 52 ma.kr. að nafnvirði á síðari hluta ársins. Hluta stöðugleikaframlaga var ráðstafað til uppkaupanna en að auki voru þau fjármögnuð af innstæðum ríkissjóðs umfram viðmið. Í áætlunum var ekki gert ráð fyrir miklum tekjum af seldum stöðugleikaeignum í umsýslu Lindarhvols ehf. á síðari hluta ársins. Lyfja hf. var sett aftur í söluferli í nóvember en niðurstöðu úr því ferli er ekki að vænta fyrr en í byrjun árs 2018. Í fjárlögum var gert ráð fyrir sölu og skráningu Arion banka á árinu. Sem hluta af stöðugleikaframlagi gaf Kaupþing út skuldabréf að fjárhæð 84 ma.kr. til ríkissjóðs og var það með veði í hlutafé Arion banka. Á vormánuðum var um 29% hlutur í bankanum seldur og var söluandvirðinu, 49 ma.kr., skilað til ríkissjóðs sem greiðslu inn á skuldabréf Kaupþings. Að þeirri sölu lokinni var miðað við að skrá bankann á hlutabréfamarkað á

haustmánuðum. Við frekari sölu á hlutafé Arion banka hefði ríkissjóður fengið skuldabréfið greitt upp að fullu. Af þessu varð þó ekki því tekinn var ákvörðun um að fresta frekari sölu og skráningu fram á næsta ár. Einnig hefur verið unnið að því að minnka útistandandi fjárhæð skuldabréfaflokksins RIKB 19 með skiptiútboðum. Endurmetin áætlun fyrir yfirstandandi ár gerir ráð fyrir að skuldastaða í árslok nemi 907 ma.kr. eða rétt um 97 ma.kr. lægri en fjárlög 2017 gerðu ráð fyrir. Nánar er vikið að lánamálum ríkissjóðs og horfum fyrir árið 2018 í undirkafla *7.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs.*

## 7.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2018

Áætlað er að á árinu 2018 verði heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða í B-hluta og Landsvirkjunar samtals 97,5 ma.kr. Afborganir þessara aðila af lánum eru áætlaðar 186,7 ma.kr. Er því reiknað með að heildarskuldir þeirra muni lækka um 89,2 ma.kr. á árinu.

| | Horfur 2017 | | | Frumvarp 2018 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Í milljörðum króna | Innlent | Erlent | Samtals | Innlent | Erlent | Samtals |
| **Lántökur** | **47,0** | **33,0** | **80,0** | **-** | **-** | **97,5** |
| Ríki | 47,0 | 0,0 | 47,0 | - | - | 42,5 |
| A-hluti | 45,0 | 0,0 | 45,0 | - | - | 40,0 |
| B-hluti | 2,0 | 0,0 | 2,0 | - | - | 2,5 |
| Landsvirkjun | 0,0 | 33,0 | 33,0 | - | - | 55,0 |
| **Afborganir** | **194,8** | **135,6** | **330,4** | **-** | **-** | **186,7** |
| Ríki | 194,8 | 103,7 | 298,5 | - | - | 123,4 |
| A-hluti | 159,5 | 102,7 | 262,2 | - | - | 99,8 |
| B-hluti | 35,3 | 1,0 | 36,3 | - | - | 23,6 |
| Landsvirkjun | 0,0 | 31,9 | 31,9 | - | - | 63,3 |
| **Hrein lánsfjárþörf** | **-147,8** | **-102,6** | **-250,4** | **-** | **-** | **-89,2** |
| **Hlutfall af vergri landsframleiðslu** | **-5,7%** | **-4,0%** | **-9,7%** | **-** | **-** | **-3,3%** |

Langtímalántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2018 eru áætlaðar 40 ma.kr. og afborganir af teknum lánum 99,8 ma.kr. Er því reiknað með að skuldir A-hluta ríkissjóðs muni lækka um tæpa 60 ma.kr. á næsta ári. Gert ráð fyrir því að í ár verði afborganir 217 ma.kr. umfram lántökur, og langtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs muni því lækka um samtals 277 ma.kr. á þessum tveimur árum. Skuldalækkunin verður fjármögnuð með stöðugleikaframlögum og með lækkun handbærs fjár. Reiknað er með að nýta stöðugleikaframlög til að greiða niður skuldir um 60 ma.kr. á árinu 2017 og um 62 ma.kr. á árinu 2018.

Áætlað er að á árinu 2018 muni lántökur fyrirtækja og sjóða í B-hluta, sem hafa heimild til lántöku í sérlögum, og lántökur Landsvirkjunar nema samtals 57,5 ma.kr. Á móti er gert ráð fyrir að afborganir sömu aðila af útistandandi skuldum muni nema tæpum 87 ma.kr. Gangi áætlanir eftir munu þessir aðilar því minnka skuldir sínar um 29,4 ma.kr. á næsta ári. Áætlað er að Íbúðalánasjóður muni greiða niður skuldir um 22,4 ma.kr. og

Landsvirkjun um 8,3 ma.kr. en að skuldir Byggðastofnunar aukist um 1,3 ma.kr. Horfur eru á að í ár muni þessir aðilar greiða niður skuldir upp á samtals 33,2 ma.kr. Nánari grein er gerð fyrir lántökuáformum einstakra fyrirtækja og sjóða í undirkafla *7.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða – ríkisábyrgðir*.

Á heildina litið er því áætlað að á árinu 2018 verði afborganir umfram lántökur A-hluta ríkissjóðs 59,8 ma.kr. Afborganir fyrirtækja og sjóða í B-hluta og Landsvirkjunar umfram nýjar lántökur eru áætlaðar 29,4 ma.kr. Er því áætlað að samtals greiði þessir aðilar niður skuldir um 89,2 ma.kr. á næsta ári eða sem nemur 3,3% af vergri landsframleiðslu.

**7.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A- hluta ríkissjóðs**

Áætlað er að á árinu 2018 verði handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs jákvætt um 117,1 ma.kr. Það er breyting um 23 ma.kr. til lækkunar milli ára miðað við endurskoðaða áætlun um rekstrarfærðar tekjur og gjöld á árinu 2017.

Vakin er athygli á því að frá og með ársbyrjun 2017 eru fjárfestingarframlög ekki færð um rekstrarreikning ríkissjóðs eins og áður heldur eru þau eignfærð í efnahagsreikning og afskrifuð yfir líftíma viðkomandi eigna. Fjárfestingarframlög eru því ekki lengur talin meðal rekstrarhreyfinga í reikningum ríkissjóðs heldur fara þau um fjárfestingarhreyfingar sjóðstreymis. Einnig er vakin athygli á því að í fjárfestingarhreyfingar í sjóðstreymi ríkissjóðs í þessu frumvarpi er færð 35 ma.kr. áætluð innkoma af óreglulegu fjárstreymi vegna félaga í ríkiseigu en slíkt fjárstreymi verður mögulega í formi arðgreiðslna eða sölu á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum á næsta ári. Gert var ráð fyrir þessu óreglulega fjárstreymi í fjármálaáætluninni en það er mikilvæg forsenda áætlana um áframhaldandi niðurgreiðslu skulda. Áætlað er að fjárfestingarhreyfingar á næsta ári verði í heild neikvæðar um 11,1 ma.kr.

Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður ársins 2018 verði jákvæður um 106 ma.kr. því að eins og áður segir er áætlað að handbært fé frá rekstri verði jákvætt um 117,1 ma.kr. en fjárfestingarhreyfingar neikvæðar um 11,1 ma.kr. Reiknað er með að hreinn lánsfjár-jöfnuður í ár verði 5,8 ma.kr. lakari.

Nýjar langtímalántökur á næsta ári eru áætlaðar 40 ma.kr., afborganir af teknum langtímalánum 95,8 ma.kr. og gert er ráð fyrir að staða ríkisvíxla verði lækkuð um 4 ma.kr. Áætlun um afborganir miðast við að innleystar stöðugleikaeignir á næsta ári að andvirði 62 ma.kr. verði nýttar til að greiða niður skuldir. Samkvæmt þessu er áætlað að fjármögnunar-hreyfingar næsta árs verði neikvæðar um 59,8 ma.kr. sem endurspeglar áform um áfram-haldandi niðurgreiðslur á skuldum ríkissjóðs. Gangi framangreindar áætlanir eftir er reiknað með að handbært fé ríkissjóðs aukist um 46,2 ma.kr. á árinu 2018.

| m.kr. | Horfur 2017 | Frumvarp 2018 |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | **140.153** | **117.141** |
| Fjárfestingarhreyfingar: | | |
| Fjárfestingarframlög | -31.893 | -34.310 |
| Sala fasteigna, jarða og réttinda | 810 | 810 |
| Veitt löng lán | -7.400 | -10.700 |
| Afborganir veittra lána | 4.400 | 4.000 |
| Hlutabréfakaup og eiginfjárframlög | -800 | -900 |
| Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | -5.000 | -5.000 |
| Óreglulegt fjárstreymi vegna félaga í ríkiseigu | 0 | 35.000 |
| **Fjárfestingarhreyfingar samtals** | **-39.883** | **-11.100** |
| **Hreinn lánsfjárjöfnuður** | **100.270** | **106.042** |
| Fjármögnunarhreyfingar: | | |
| Skammtímalán, breyting | -5.400 | -4.000 |
| Tekin löng lán | 45.000 | 40.000 |
| Afborganir af teknum lánum | -256.800 | -95.800 |
| **Fjármögnunarhreyfingar samtals** | **-217.200** | **-59.800** |
| **Breyting á handbæru fé** | **-116.930** | **46.242** |

**Handbært fé frá rekstri.** Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi í rekstri ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri jákvætt um tæpa 140,2 ma.kr. og jákvætt um 117,1 ma.kr. á næsta ári. Breyting milli ára er eins og áður sagði 23 ma.kr. til lækkunar.

**Fjárfestingarframlög.** Framlög til eignakaupa og annarra fjárfestingarverkefna sem eru færð til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Fasteignakaup og mannvirkjagerð, svo sem húsbyggingar, vegagerð og önnur uppbygging innviða falla undir þennan lið. Áætlað er að 34,3 ma.kr. verði varið til fjárfestingarverkefna á næsta ári, sem er 2,4 ma.kr. umfram það sem gert er ráð fyrir að verði varið til fjárfestingarverkefna í ár.

**Veitt langtímalán.** Í 2. tölul. 5. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilaðar verði 10,7 ma.kr. lánveitingar úr ríkissjóði til lengri tíma en eins árs. Gert er ráð fyrir 7 ma.kr. lánveitingu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 3,7 ma.kr. til Vaðlaheiðarganga hf. Í vor samþykkti Alþingi að hækka heimild til lánveitingar úr ríkissjóði til að fjármagna gerð jarðganga undir Vaðlaheiði um 4,7 ma.kr. Reiknað er með að u.þ.b. 1 ma.kr. af þessari hækkun verði nýttur á yfirstandandi ári og 3,7 ma.kr. á árinu 2018. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár er reiknað með 5 ma.kr. lánveitingu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 2,4 ma.kr. til Vaðlaheiðarganga hf.

**Afborganir veittra lána.** Gert er ráð fyrir að í ár verði 4,4 ma.kr. innheimtir í afborganir af veittum lánum ríkissjóðs en 4 ma.kr. á næsta ári. Hér er að stærstum hluta um að ræða afborganir frá Lánasjóði íslenskra námsmanna en gert er ráð fyrir að sjóðurinn

muni greiða ríkissjóði um 4 ma.kr. á þessu ári og 3,6 ma.kr. á næsta ári. Aðrar afborganir eru af ýmsum smærri lánum til fyrirtækja, atvinnuvega og sveitarfélaga.

**Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög.** Undir þennan lið falla eiginfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum sem eignfærð eru í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var gert ráð fyrir að í ár myndi ríkissjóður leggja allt að 800 m.kr. í slík framlög. Þar af voru 735 m.kr. til fjögurra alþjóðastofnana en auk þess var gert ráð fyrir 65 m.kr. svigrúmi vegna annarra ótilgreindra framlaga. Gert er ráð fyrir samtals 900 m.kr. framlögum vegna hlutabréfakaupa og stofnfjárframlaga á næsta ári. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir helstu eiginfjárframlög m.v. horfur fyrir árið í ár og áætlun um framlög á næsta ári.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Horfur 2017 | Frumvarp 2018 |
|---|---|---|
| Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) | 506 | 716 |
| Alþjóðabankinn (IBRD) og Alþjóðalánastofnunin (IFC) | 100 | 0 |
| Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) | 20 | 0 |
| Innviðafjárfestingabanki Asíu (AIIB) | 90 | 74 |
| Önnur hluta- og stofnfjárframlög | 84 | 110 |
| **Samtals** | **800** | **900** |

**Óreglulegt fjárstreymi vegna félaga í ríkiseigu.** Í frumvarpinu er reiknað með að óreglulegt fjárstreymi, s.s. sérstakar arðgreiðslur eða sala á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum muni skila 35 ma.kr. í ríkissjóð á næsta ári líkt og gert var ráð fyrir í forsendum fjármálaáætlunar sl. vor.

**Hreinn lánsfjárjöfnuður.** Hreinn lánsfjárjöfnuður er samtala handbærs fjár frá rekstri og fjárfestingarhreyfinga í sjóðstreymi. Jákvæður jöfnuður sýnir þá fjármuni sem rekstur og fjárfestingarhreyfingar ríkissjóðs skila og nýta má til að greiða niður skuldir án þess að ganga á handbært fé innan ársins. Neikvæður lánsfjárjöfnuður sýnir hins vegar þörf á aukinni lánsfjármögnun eða hve mikið ríkissjóður þarf að ganga á handbært fé á árinu að óbreyttri skuldastöðu. Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður í ár verði jákvæður um 100,3 ma.kr. og um 106 ma.kr. á næsta ári.

**Lántökur A-hluta ríkissjóðs.** Gert er ráð fyrir 40 ma.kr. lántökum ríkissjóðs á árinu 2018 og í 1. tölul. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir fjármála- og efnahagsráðherra til að taka þá fjárhæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga voru lántökur 2017 áætlaðar 45 ma.kr. og horfur eru á að sú áætlun standist. Nýjar lántökur ríkissjóðs minnka samkvæmt því um 5 ma.kr. milli áranna 2017 og 2018.

**Afborganir af teknum lánum.** Áætlað er að á árinu 2018 muni ríkissjóður greiða 95,8 ma.kr. í afborganir af teknum langtímalánum og lækka auk þess stöðu ríkisvíxla um 4 ma.kr. Horfur eru á að ríkissjóður muni greiða 256,8 ma.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu 2017 og lækka stöðu ríkisvíxla um 5,4 ma.kr. Gangi framangreindar áætlanir eftir

mun skuldastaða A-hluta ríkissjóðs lækka um 277 ma.kr. að nafnvirði á þessum tveimur árum.

### 7.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað hratt síðustu misserin og eru nú áætlaðar um 915 ma.kr. í árslok 2017 en þær numu hæst 1.500 ma.kr. í árslok 2012. Gert er ráð fyrir að brúttó skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu verði 35,5% í lok árs 2017 en skuldahlutfallið varð hæst 86% af landsframleiðslu árið 2011. Mikil lækkun skulda skýrist fyrst og fremst af ráðstöfun stöðugleikaframlaga slitabúa föllnu fjármálafyrirtækjanna til niðurgreiðslu skulda en einnig kemur til bætt afkoma ríkissjóðs og nýting sjóðsstöðu í Seðlabanka Íslands umfram viðmið. Út frá skuldareglu laga um opinber fjármál er gert ráð fyrir að skuldahlutfall ríkissjóðs verði undir 30% í lok árs 2017.




Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að skuldir lækki um 214 ma.kr. frá árslokum 2016 með jákvæðum lánsfjárjöfnuði, nýtingu stöðugleikaframlaga slitabúa auk lækkunar á innstæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Í fjárlögum ársins 2017 var gert ráð fyrir að skuldalækkun ársins næmi 140 ma.kr. eða rúmlega 70 ma.kr. minni en endurmetin áætlun gerir ráð fyrir. Skýringin á þessari miklu viðbótarlækkun eru uppkaup ríkissjóðs í apríl á eigin skuldabréfum útgefnum í Bandaríkjadölum árið 2012. Í fjárlögum var gert ráð fyrir óbreyttri stöðu þeirra á yfirstandandi ári. Sem lið í lausa- og skuldastýringu gerði ríkissjóður eigendum bréfanna tilboð í alla útistandandi fjárhæð flokksins og var tilboðum fyrir um 895 milljónir Bandaríkjadala tekið eða sem samsvarar um 100 ma.kr. Bréfin voru síðan afturkölluð og lækkaði þá skuldastaða ríkissjóðs að sama skapi um umrædda fjárhæð. Það var því ljóst snemma á vormánuðum að skuldalækkunarmarkmið ársins myndu nást.

Í fjárlögum var einnig gert ráð fyrir að nýta tekjur af stöðugleikaframlögum slitabúa til niðurgreiðslu skulda á árinu. Ekki var gert ráð fyrir miklum tekjum af seldum eignum þar

sem Lindarhvoll ehf., félag sem sérstaklega var stofnað til þess að umsýsla, endurheimta og selja stöðugleikaeignir, hafði að mestu lokið verkefnum á fyrri hluta ársins and undanskilinni sölu á Lyfju. Samkeppniseftirlitið hafnaði samruna Haga og Lyfju og því varð að endurtaka söluferlið á haustmánuðum. Ekki er gert ráð fyrir að niðurstaða liggi fyrir fyrr en í byrjun næsta árs. Stærstan hluta tekna af stöðugleikaframlögum á árinu 2017 má því rekja til sölu Kaupþings á hlutum í Arion banka og greiðslu inn á skuldabréf þess sem gefið var út til ríkissjóðs í tengslum við stöðugleikasamninga. Á vormánuðum seldi Kaupþing 29% hlut í bankanum og barst ríkissjóði inngreiðsla á skuldabréfið sem nam 49 ma.kr. Þeim fjármunum var að stærstum hluta varið í að greiða upp skuldabréf sem gefið var út til Seðlabanka Íslands í tengslum við endurfjármögnun bankans. Þá keypti ríkissjóður einnig til baka bréf í flokknum RIKH 18. Í fjárlögum ársins 2017 var gert ráð fyrir frekari sölu á hlutafé í Arion banka í tengslum við skráningu bankans á hlutabréfamarkað. Þau áform gengu ekki eftir og frestast því uppgreiðsla á skuldabréfi Kaupþings og nýting þeirra fjármuna til niðurgreiðslu skulda til næsta árs. Samkvæmt stefnu í lánamálum er stefnt að því að innstæður ríkissjóðs nemi um 40 ma.kr. á hverjum tíma. Vegna bættrar stöðu ríkisfjármála og tekna umfram áætlanir, reyndist unnt að grynnka enn frekar á útistandandi fjárhæð RIKH 18 í nóvember mánuði með því að nýta innstæður ríkissjóðs.

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun skulda enda þótt verulega dragi úr umfangi. Heildarskuldir ríkissjóðs eru áætlaðar 865 ma.kr. í lok árs 2018 eða um 50 ma.kr. lægri en í lok yfirstandandi árs. Hlutfall brúttó skulda sem hlutfall af VLF er áætlað 31,7%. Samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál er áætlað að skuldahlutfall ríkissjóðs verði tæplega 27% í lok árs 2018. Áætlanir gera ráð fyrir að skuldabréf sem gefið var út vegna eiginfjárframlaga til fjármálastofnana (RIKH 18), sem er á gjalddaga í október 2018, verði greitt upp, en eftirstöðvar þess verða um 87 ma.kr. í lok árs 2017. Þá er gert ráð fyrir að önnur innlend lán lækki um 6 ma.kr. Áætluð staða ríkisbréfa eykst hins vegar um 43 ma.kr. vegna verðbreytinga og nýrri lántöku og lántaka vegna gjaldeyrisforða eykst um 0,5 ma.kr. vegna gengisbreytinga. Jákvæður lánsfjárjöfnuður verður nýttur til niðurgreiðslu skulda auk þess sem gert er ráð fyrir að tekjur af stöðugleikaeignum verði nýttar til niðurgreiðslu skulda. Þá eru áform um að halda áfram með skiptiútboð til að draga úr endurfjármögnunaráhættu á næstu árum og er einkum horft til RIKB 19 í því sambandi en það eru bréf sem eru á gjalddaga í byrjun árs 2019. Sá fyrirvari er hafður á mati á skuldastöðu í lok árs 2018 að ekki komi til innköllunar á eigin fé Seðlabanka Íslands sem myndi hækka skuldastöðu ríkissjóðs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur árlega sett fram stefnu í lánamálum ríkisins þar sem fram koma áform um framkvæmd lánsfjármögnunar og skuldastýringar á tímabili fjármálaáætlunar. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárþörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu eins og nánar er vikið að í kafla 4.4 í fjármálaáætlun 2018–2022.

Í ársbyrjun 2017 tók ríkissjóður upp virka lausafjárstýringu en markmiðið með henni er bætt nýting fjármagns. Virk lausafjárstýring felur í sér að ríkissjóður geti tekið og veitt skammtímalán á markaði til að jafna út sveiflur á innstæðureikningum sínum. Miðað er við að innstæður skuli að jafnaði standa sem næst 40 ma.kr. sem er lækkun frá 60 til 70 ma.kr. viðmiði sem áður var. Tímabundin þörf fyrir hærri innstæður getur komið upp, t.a.m. þegar styttist í stóra gjalddaga á ríkisskuldabréfum en með lausafjárstýringu er hægt að lána út hluta innstæðna meðan á uppsöfnun þeirra stendur og fá greidda vexti fyrir. Fyrstu lánasamningarnir voru gerðir á fyrsta ársfjórðungi 2017 og hefur tíðni þeirra aukist smám saman á sama tíma og áætlanir um lausafjárstöðu ríkissjóðs hafa orðið nákvæmari, en þær byggjast á áætluðum daglegum tekjum og gjöldum ásamt hreyfingum í lánamálum. Lánasamningarnir hafa verið allt frá 1 til 6 ma.kr. með tímalengd frá einum og upp í tólf daga og hafa allt að þrír samningar verið í gildi samtímis. Til mikils er að vinna að þróa aðferðir til þess að ná fram skilvirkari nýtingu fjármagns og á sama tíma er öryggi í því fólgið að geta tekið lán til skamms tíma verði sjóðstaðan of lág.

Þá er stefnt að því að hefja útgáfu vaxtaskiptasamninga á næstu mánuðum. Markmiðið með samningunum er að stýra vaxtaáhættu ríkissjóðs. Heimilt er að gera slíka samninga fyrir 20–40 ma.kr. árlega. Ríkissjóður hefur um árabil gert vaxtaskiptasamninga í tengslum við erlendar lántökur en hingað til ekki gefið út slíka samninga á innanlandsmarkaði. Með vaxtaskiptasamningum verður unnt að breyta hlutfalli fastra og breytilegra vaxta í lánasafni auk þess sem unnt verður að stýra verðtryggingaráhættu ríkissjóðs með því að skipta á verðtryggðum vöxtum fyrir óverðtryggða. Við útgáfu vaxtaskiptasamninga verður tekið mið af markaðsaðstæðum hverju sinni, útiliti og horfum.

Í lok árs 2016 námu heildarskuldir ríkissjóðs 1.128 ma.kr. eða um 46,1% af vergri landsframleiðslu. Heildarskuldir í lok árs voru nokkuð lægri en áætlanir síðasta árs gerðu ráð fyrir m.a. vegna styrkingar krónunnar. Af heildarskuldum voru innlendar skuldir[4] 927 ma.kr. og erlendar 202 ma.kr. Kröfur ríkissjóðs og handbært fé nam 541 ma.kr. Hrein staða ríkissjóðs, þ.e. hreinar lántökur að viðbættum kröfum og handbæru fé, var því neikvæð um 588 ma.kr. eða sem nemur 24,0% af VLF. Að teknu tilliti til hlutabréfaeignar ríkissjóðs og stöðugleikaframlaga var hrein staða neikvæð um 85 ma.kr. eða 3,5% af VLF.

[4] Innlendar skuldir skiptast í markaðsbréf og ómarkaðshæfar skuldir. Til markaðsverðbréfa teljast ríkisvíxlar, verðtryggð og óverðtryggð ríkisbréf, auk RIKH 18. Stærst ómarkaðshæfra skulda ríkissjóðs var skuldabréf til að styrkja eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands, en það var uppgreitt á vormánuðum 2017. Aðrar ómarkaðshæfar skuldir eru að stærstum hluta lán vegna kaupa ríkissjóðs á hlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun auk lána með ríkisábyrgð sem ríkissjóður yfirtók 2012.

| Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers ár | 2016 | Áætlun 2017 | Frumvarp 2018 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir ríkissjóðs** | **1.128.471** | **914.800** | **864.700** |
| Ríkisbréf, ríkisvíxlar og spariskírteini | 676.374 | 677.900 | 720.800 |
| Vegna endurfjármögnunar Seðlabanka | 28.500 | 0 | 0 |
| Vegna eiginfjárframlags til fjármálastofnana | 171.714 | 87.000 | 0 |
| Aðrir innlendir aðilar | 49.934 | 47.800 | 41.300 |
| Lántaka vegna gjaldeyrisforða | 201.949 | 102.100 | 102.600 |
| Önnur erlend lán | 0 | 0 | 0 |
| **Kröfur ríkissjóðs** | **266.477** | **161.700** | **141.600** |
| Veitt lán | 162.350 | 89.000 | 60.900 |
| Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptareikningur, nettó | 104.127 | 72.700 | 80.700 |
| **Hreinar lántökur ríkissjóðs** | **861.994** | **753.100** | **723.100** |
| Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða | 185.972 | 71.000 | 71.100 |
| Handbært fé, annað, nettó | 88.267 | 80.000 | 59.000 |
| **Hrein staða ríkissjóðs** | **-587.755** | **-602.100** | **-593.000** |
| Hlutafé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög | 502.679 | 492.500 | 467.100 |
| **Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna** | **-85.076** | **-109.600** | **-125.900** |
| **Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu í lögum um opinber fjármál** | **854.232** | **763.800** | **734.600** |
| *Í hlutfalli af VLF (%)* | *35,0* | *29,7* | *26,9* |

Áætlanir gera ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2017 verði 915 ma.kr. eða 35,5% af VLF. Innlendar skuldir munu nema 813 ma.kr. og erlendar skuldir 102 ma.kr. Innlendar skuldir ríkissjóðs eru fyrst og fremst í útgefnum ríkisbréfum og víxlum en áætlað er að heildarnafnverð þeirra verði 678 ma.kr. í árslok. Rekja má stærstan hluta útistandandi ríkisbréfa til fjármögnunar á hallarekstri ríkissjóðs á árunum 2009 – 2013. Dregið hefur verulega úr útgáfu ríkisbréfa frá því á árinu 2014 vegna bættrar afkomu ríkissjóðs og útlit er fyrir að framhald verði þar á á næstu árum.

Lán ríkissjóðs í erlendri mynt voru tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Þau samanstanda nú fyrst og fremst af einni markaðsútgáfu í evrum, alls 750 milljónir, frá árinu 2014 sem er á gjalddaga 2020, en auk þess eru um 92 milljónir Bandaríkjadala eftirstandandi af 1 milljarðs útgáfu frá árinu 2012 sem ríkissjóður keypti til baka á vormánuðum, en þau bréf eru á gjalddaga 2022. Erlendar skuldir ríkissjóðs námu rúmum 100 ma.kr. í lok júní s.l. Nánar er fjallað um horfur í lánamálum á yfirstandandi ári í kafla 7.1 hér á undan.

Kröfur ríkissjóðs og handbært fé munu nema um 313 ma.kr. í lok árs 2017. Það lækkar verulega á milli ára, bæði vegna framsals á skuldabréfum LÍN til LSR í tengslum við breytingar á lögum um LSR nr. 129/2016 og afborgunar af skuldabréfi Kaupþings, en einnig vegna nýtingar á erlendri sjóðstöðu ríkissjóðs til þess að greiða niður erlendar skuldir. Hrein staða verður neikvæð um 602 ma.kr. eða 23% af VLF. Sé tekið tillit til hlutabréfaeignar ríkissjóðs og stöðugleikaframlaga verður hrein staða neikvæð um 110 ma.kr. sem samsvarar 4% af VLF.

Áætlað er að skuldir ríkissjóðs muni nema um 865 ma.kr. í árslok 2018 eða um 31,7% af VLF. Innlendar skuldir munu nema um 762 ma.kr. og erlendar skuldir um 103 ma.kr. Kröfur og handbært fé ríkissjóðs lækka um 41 ma.kr. milli ára og nema um 272 ma.kr. í lok árs 2018. Er það einkum vegna lægri sjóðsstöðu og uppgreiðslu lána, en á móti hækkar nettóstaða viðskiptareikninga. Hrein staða verður þá neikvæð um 593 ma.kr. og hrein staða að teknu tilliti til hlutabréfaeignar ríkissjóðs og stöðugleikaframlaga verður neikvæð um 126 ma.kr. eða tæp 5% af VLF.

Lánshæfismat ríkissjóðs hefur farið batnandi á síðustu misserum og er nú komið í A flokk hjá matsfyrirtækjunum þremur, Moody's, Standard & Poor's og Fitch Ratings. Ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum, hröð niðurgreiðsla skulda og afnám hafta hafa átt sinn þátt í því. Bætt lánshæfi leiðir að óbreyttu til bættra vaxtakjara ríkissjóðs og innlendra aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum.

Þrátt fyrir verulega lækkun skulda er vaxtakostnaður enn hár og því brýnt að halda áfram að greiða niður skuldir og vinna að bættum vaxtakjörum. Það er ekki síður mikilvægt að greiða niður skuldbindingar ríkissjóðs vegna lífeyrissjóða því þær eru verulegur áhættuþáttur fyrir afkomu ríkissjóðs. Samkvæmt nýjum reikningsskilastöðlum verða vextir af útistandandi fjárhæð ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga gjaldfærðir en voru það ekki áður.

### 7.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða - ríkisábyrgðir

Í 3. tölul. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda ríkisfyrirtækja og sjóða sem kveðið er á um í sérlögum. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár er talið að lántökur þessara aðila verði samtals 35 ma.kr. á árinu 2017 og í þessu frumvarpi er reiknað með 57,5 ma.kr. lántökum þessara aðila á árinu 2018. Lántökur þeirra aukast samkvæmt því um 22,5 ma.kr. milli ára. Hækkunin stafar einkum af auknum lántökuáformum Landsvirkjunar, sem að hluta til eru vegna endurfjármögnunar eldri lána ef hagstæðar aðstæður verða til þess.

Gert er ráð fyrir að í ár greiði ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ásamt Landsvirkjun allt að 68,1 ma.kr. í afborganir af teknum lánum en 86,9 ma.kr. á árinu 2018. Aukning afborgana milli ára er 18,8 ma.kr. Þar af eru 31,4 ma.kr. vegna áforma um auknar afborganir Landsvirkjunar en áætlað er að afborganir Íbúðalánasjóðs lækki um 12,6 ma.kr. Samkvæmt þessu er áætlað að B-hluta aðilar og Landsvirkjun greiði niður skuldir fyrir 33,1 ma.kr. í ár og 29,4 ma.kr. á árinu 2018. Gangi þessi áform eftir lækkar skuldastaða þessara aðila um 62,5 ma.kr. á nafnvirði á þessum tveimur árum. Lánasjóður íslenskra námsmanna tekur lán hjá ríkissjóði og því eru lántökur og afborganir hans ekki taldar með í þessum tölum.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tölul. 5. gr. Nánari greinargerð um fjárreiður ríkisaðila í B-hluta er í 6. kafla frumvarpsins.

**Landsvirkjun.** Landsvirkjun hefur 62,2 ma.kr. lántökuheimild í fjárlögum 2017 en áformað er að leggja til að sú heimild verði lækkuð í 33 ma.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga

fyrir árið 2017 þar sem horfur eru á að endurfjármögnun skulda verði minni en áður var áætlað. Við afgreiðslu gildandi fjárlaga var reiknað með að fyrirtækið myndi greiða allt að 68,4 ma.kr. í afborganir af teknum lánum en nú er reiknað með að afborganirnar verði 31,9 ma.kr. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimiluð allt að 55 ma.kr. lántaka á árinu 2018 og áætlað er að fyrirtækið muni greiða allt að 63,3 ma.kr. í afborganir af teknum lánum. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir möguleika á endurfjármögnun skulda en sem fyrr ríkir veruleg óvissa um þá fjárhæð. Gert er ráð fyrir að skuldastaða fyrirtækisins haldi áfram að lækka gangi þessar forsendur eftir.

**Byggðastofnun.** Í rekstraráætlun Byggðastofnunar er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi á árinu 2018 og er 2017. Sótt er um 2,5 ma.kr. lánsfjárheimild fyrir Byggðastofnun á árinu 2018 og gert er ráð fyrir að stofnunin taki 2 ma.kr. ný lán í ár í samræmi við heimild gildandi fjárlaga. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar rúmir 1,2 ma.kr., bæði í ár og á næsta ári. Miðað við það munu skuldir stofnunarinnar aukast um 2 ma.kr. á þessum tveimur árum. Áætlað er að stofnunin muni veita 2,5 ma.kr. lán í ár og á næsta ári.

**Íbúðalánasjóður.** Ekki er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður taki ný lán í ár og engar lántökur eru fyrirhugaðar á árinu 2018 því talið er að afborganir veittra lána muni standa undir fjárþörf til nýrra útlána. Ekki er því sótt um lánsfjárheimild fyrir sjóðinn í frumvarpinu.

# 8 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 46. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármála- og efnahagsráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær alls 95 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær heimildir eru til eftirgjafar gjalda, 17 til sölu húsnæðis, 14 til sölu eignarhluta í húsnæði, 22 til sölu lóða og jarða, 8 til kaupa og sölu hlutabréfa, 22 til kaupa og leigu á fasteignum og ýmsar heimildir eru 10 talsins. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna útgjalda, sem kunna að falla til vegna heimildagreinarinnar, nemi 308 m.kr.

Í fyrsta flokki er heimild til fjármála- og efnahagsráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er komin til vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila. Í þessum flokki er einnig að finna heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn sem er óbreytt frá fyrra ári.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um heimildir í þessum flokki má nefna 2.3 sem er almennt orðuð heimild til sölu á húsnæði dómstóla, lögreglu- og sýslumannsembætta og til kaupa eða leigu á öðru hentugra húsnæði. Heimildinni er ætlað að veita yfirvöldum svigrúm til að endurskipuleggja húsnæðismál þessara aðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem eiga sér stað í málaflokknum. Heimild 2.5 er til útleigu á fyrrum fangelsisbyggingu á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík en nú stendur yfir vinna við að finna húsnæðinu framtíðarhlutverk. Heimild 2.10 er til að selja á markaði að undangenginni auglýsingu eða ganga til samninga við hlutaðeigandi sveitarfélög um fasteignir sem þar voru áður nýttar sem flugstöðvar. Heimild 2.11 er til sölu á Rauðarárstíg 10 í Reykjavík. Hluti þeirra stofnana sem voru í húsnæðinu hafa flutt í annað húsnæði og áhugi er á því að skoða hvort rétt sé að flytja þá starfsemi sem enn er í húsnæðinu í annað hentugra húsnæði. Heimild 2.12 er til komin vegna sölu á fyrrum húsnæði heilsugæslu Norðurlands við Mývatn. Heimild 2.13 er vegna áforma dómsmálaráðuneytisins um að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóri samnýti hentugt húsnæði á nýjum stað. Heimild 2.14 er til sölu á Tollhúsinu við Tryggvagötu og kaupa eða leigja annað hentugt húsnæði fyrir embættið. Verið að skoða hvort hagkvæmt

geti verið að embætti Tollstjóra verði með í sameiginlegu húsnæði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og embætti Ríkislögreglustjóra. Heimild 2.16 er til komin vegna sölu á gömlu íbúðarhúsnæði í Grímsey sem áður var í leigu á vegum Jarðasjóðs. Heimild 2.17 er til komin vegna óska Skógræktar ríkisins um að selja íbúðarhús á jörðinni Stóra Kollabæ í Fljótshlíð og nýta andvirðið m.a. til kaupa á hlut Skorradalshrepps í jörðinni Vatnshorni í Skorradal. Ríkissjóður keypti stærstan hluta jarðarinnar Vatnshorns af hreppnum til afnota fyrir Skógrækt ríkisins fyrir rúmlega 20 árum. Hreppurinn á enn u.þ.b. 16% eignarhlut í jörðinni og er áhugi á því að ríkissjóður eignist einnig þann hluta jarðarinnar vegna afnota Skógræktarinnar. Heimild 3.9 er vegna sölu á Miðstræti 19, Bolungarvík en þar var áður sjúkraskýli og síðar hjúkrunarheimili aldraðra. Sú starfsemi hefur nú verið flutt í nýbyggt hjúkrunarheimili í Bolungarvík. Heimild 3.12 er til komin vegna áhuga á að kanna hvort rétt geti verið selja núverandi húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg og að starfsemi dómsins verði flutt í annað hentugra húsnæði. Heimild 3.13 er vegna sölu á hlut ríkissjóðs í fyrrum hjúkrunarheimili á Eskifirði en tekið hefur verið í notkun nýtt hjúkrunarheimili á staðnum. Heimild 3.14 er vegna sölu á húsnæði ríkisins við Laugaveg en þeim stofnunum ríkisins sem þar hafa haft aðsetur fer fækkandi.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Heimildirnar eru margar óbreyttar frá fyrra ári. Heimildir 4.5, 4.7, 4.8, 4.9, 4.10, 4.12, 4.13, 4.14, 4.15, 4.16, 4.17, 4.18, 4.19 og 4.20 eru til komnar vegna almennrar umsýslu Jarðasjóðs. Hér á árum áður var nokkuð um að ríkið úthlutaði byggingarlóðum, sumarhúsalóðum eða lóðum undir tiltekna starfsemi og leigði til margra áratuga. Þessar lóðir hafa haft í flestum tilvikum afar takmarkað gildi fyrir starfsemi ríkisins auk þess sem endurkaupaskylda hvílir oft á ríkissjóði á þeim eignum sem reistar hafa verið á lóðunum ef hafnað er að endurnýja slíka samninga eða þeim er sagt upp. Í heimild 4.21 er lagt til að hægt verði að selja slíkar eignir til leigjenda samkvæmt óháðu mati ef ljóst er að það þjónar ekki almannahagsmunum að ríkið eigi slíkar eignir áfram. Heimild 4.22 er til sölu lóðar við Frakkastíg 23, Reykjavík sem ríkið á að hluta á móti Reykjavíkurborg.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf og eru þær flestar óbreyttar frá núgildandi fjárlögum. Óskað er eftir heimildum til sölu á þeim eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækum og sparisjóðum sem ríkissjóður eignaðist í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008. Annars vegar er um að ræða eignarhluti í Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og eignarhluti ríkisins í Landsbankanum hf., umfram 70% hlut ríkissjóðs af heildarhlutafé bankans. Hins vegar er um að ræða eignarhluti ríkissjóðs í Sparisjóði Austurlands. Síðan heimild 5.2 um sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka var sett í fjárlög í fyrsta sinn hefur eignarhlutur ríkissjóðs aukist úr 5% í 100% í framhaldi af því að ríkissjóði var afhentur 95% eignarhlutur í bankanum sem hluti af stöðugleikaframlagi. Heimild 5.5 er til komin vegna þess að sameigendur ríkisins í Farice ehf. hafa lýst yfir áhuga á að losa um hluti sína í félaginu, sem voru aðallega tilkomnir vegna eftirmála efnahagshrunsins 2008. Samkvæmt hluthafasamkomulagi félagsins hefur ríkið annars vegar forkaupsrétt á

fölum hlutum í félaginu og hins vegar rétt til hlutfallslegrar þátttöku í sölu ("tag-along") og ákvæði um söluskyldu ("drag-along") við sölu á hlutum í félaginu. Tilteknir tímafrestir gilda um nýtingu slíks réttar eða skyldu. Ríkisábyrgð er á stærstum hluta lána félagsins og því hefur ríkið umtalsverða fjárhagslega hagsmuni af því að geta gripið inní eignarhald félagsins ef ástæða þykir til. Heimildaákvæði þetta tryggir að ríkið geti brugðist við í tíma ef upp koma kringumstæður þar sem ríkið hefur hagsmuni eða samningsbundin rétt eða skyldur til að selja eða auka við hlut sinn í félaginu og gefur einnig fyrirsjáanleika um þá getu. Haft yrði samráð við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sem fer með fjarskiptamál við mat á þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í heimildinni. Heimild 5.6 er til þess að tryggja að ríkið geti brugðist við í tíma ef upp koma kringumstæður þar sem ríkið hefur verulega hagsmuni eða ber skylda til að nýta kauprétt eða innlausnarrétt vegna fjármálafyrirtækja að hluta í eigu þess. Heimild 5.7 heimilar ríkinu að ganga til samninga við Landsvirkjun um yfirtöku ríkisins á 7,9% eignarhluta Landsvirkjunar í Neyðarlínunni. Áhugi er á því að einfalda eignarhald Neyðarlínunnar þannig að hluthafar hennar verði einungis opinberir aðilar. Heimild 5.8 er tilkomin vegna fyrirhugaðrar afhendingar á Hvalfjarðargöngum til ríkisins í samræmi við fyrirliggjandi samninga um byggingu og rekstur þeirra. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig staðið verður að yfirtökunni, en með heimildinni er opnað fyrir það að ríkið geti tekið yfir félagið Spöl hf. í stað þess að taka einungis yfir göngin verði það talið hentugra.

Í sjötta flokki eru heimildir til að kaupa og leigja fasteignir. Flestar þeirra eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Heimild 6.17 er til komin vegna áforma um kaup á landspildu við Dimmuborgir í því skyni að bæta aðkomu og bílastæði á staðnum vegna þeirrar miklu aukningar ferðamanna sem átt hefur sér stað. Heimild 6.18 er til að koma til móts við stórauknar þarfir Útlendingastofnunar fyrir skammtíma búsetuúrræði fyrir hælisleitendur á vegum stofnunarinnar. Heimild 6.19 er vegna skoðunar á því hvort rétt geti verið að ríkið gangi til samninga við Seltjarnarnesbæ um kaup á húsnæði sem byggt var fyrir lækningaminjasafn á sínum tíma. Heimild 6.20 er vegna nýrrar Dómstólasýslu sem sett hefur verið á fót með lögum. Heimild 6.21 er til komin vegna stóraukins fjölda landvarða í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum vegna fjölgunar ferðamanna. Heimild 6.22 er til þess að veita aukið svigrúm til að kaupa eða taka á leigu skrifstofu- eða atvinnuhúsnæði vegna þarfa einstakra ríkisstofnana verði það talið nauðsynlegt til að stuðla að bættri nýtingu og auknu hagræði í ríkisrekstrinum.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem langflestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig flestar sjálfar. Heimild 7.9 er til að ganga til formlegra samninga við Reykjavíkurborg um lóðir, lóðarréttindi, landssvæði og fasteignir á grundvelli viljayfirlýsingar fjármála- og efnahagsráðherra og borgarstjórans í Reykjavík sem undirrituð var hinn 2. júní 2017. Heimild 7.10 er til komin vegna opinbers útboðs á vottunarþjónustu fyrir framleiðslu, útgáfu og staðfestingu á rafrænum skilríkjum. Það hefur verið metið svo að hinn 5 ára samningstími sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015

sé of skammur samningstími. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. er óskað eftir heimild Alþingis til að semja til lengri tíma en fimm ára enda eiga þau skilyrði við sem þar koma fram.

# 9 Fjárhagsáhætta ríkissjóðs

Skuldbindingar og ýmsir aðrir breytilegir þættir geta haft fjárhagslega áhættu í för með sér fyrir ríkissjóð. Til beinna skuldbindinga teljast gjöld sem falla munu á ríkissjóð með fullri vissu og á ákveðnum tíma. Þær skuldbindingar sem mögulega falla á ríkissjóð við ákveðin skilyrði í framtíðinni, teljast óbeinar skuldbindingar enda ríkir óvissa um hvort og hvenær gjöldin falla til. Til áhættuskuldbindinga teljast einnig gjöld sem kunna að falla á ríkissjóð vegna stjórnvaldsákvarðana. Dæmi um slíkt gætu verið ákvarðanir er varða aðkomu að fjármögnun sveitarfélaga eða fyrirtækja sem gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu.

Auk beinna og óbeinna skuldbindinga ríkissjóðs er sú áhætta sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á hverjum tíma, tilkomin vegna ytri áhættuþátta. Þessir áhættuþættir geta verið af ýmsu tagi, s.s. efnahagsleg áföll, áföll í fjármálakerfinu, dómsmál og náttúruhamfarir. Þá getur ríkissjóður orðið fyrir tekjutapi eða kostnaði við mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áfalla eins og aflabrests í sjávarútvegi, samdráttar í mikilvægum atvinnugreinum, verðfalli á útflutningsmörkuðum eða efnahagslegra áfalla í helstu viðskiptalöndum. Þá hefur þróun gengis, verðlags, launakjara og vaxta einnig óvissu í för með sér fyrir afkomu ríkissjóðs. Við vinnslu fjárlagafrumvarpsins eru litlar vísbendingar um verulega áhættu af þessu tagi árið 2018. Mikilvægt er þó að stjórnvöld haldi árvekni sinni, greini mögulega áhættu tímanlega og komi í veg fyrir að hún raungerist.

Áhættuþáttum sem ríkissjóður stendur almennt frammi fyrir á hverjum tíma má einkum skipta í þrennt:

1) Beinar skuldbindingar
   - Lífeyrisskuldbindingar
2) Óbeinar skuldbindingar
   - Ríkisábyrgðir
   - Einkaframkvæmdir og aðild að félögum
   - Sveitarfélög
   - Seðlabanki Íslands
3) Aðrir áhættuþættir

Í umfjölluninni hér á eftir verður tæpt á áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á afkomu ríkissjóðs eða skuldir á árinu 2018. Þeir þættir eru lífeyrisskuldbindingar og eiginfjárstaða Seðlabanka Íslands auk ríkisábyrgða. Þá er niðurstaða á vinnumarkaði í komandi kjarasamningum og stöðugleiki íslensku krónunnar mikilvægir áhrifavaldar. Aðrir áhættuþættir eru ekki taldir ógna verulega afkomumarkmiði ríkissjóðs eða markmiðum um skuldaþróun á næsta ári en nánar var fjallað um þá þætti í fjármálaáætlun sem gefin var út s.l. vor.

**Lífeyrisskuldbindingar**. Ein helsta beina skuldbinding ríkissjóðs, sem getur verið ytri eða hagrænum breytingum háð, felst í lífeyrisskuldbindingum. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hækkuðu úr 508 ma.kr. í 611 ma.kr. á milli áranna 2015 og 2016. Hækkunin samsvarar 20% á milli ára. Sem hlutfall af VLF hækkuðu lífeyrisskuldbindingar úr 23% í 25% á milli ára. Helstu skýringar á mikilli hækkun skuldbindinga á milli ára eru launahækkanir, breyttar tryggingafræðilegar forsendur og yfirtökur á skuldbindingum nokkurra hjúkrunarheimila og sjálfseignarstofnana. Þá var gengið á eignir til að greiða lífeyri og ávöxtun lífeyrissjóðanna reyndist slök vegna þróunar á mörkuðum og gengis. Af lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs eru 515 ma.kr. vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), 62 ma.kr. eru vegna Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) og 34 ma.kr. vegna annarra sjóða. Áætlanir gera ráð fyrir 5 ma.kr. framlagi úr ríkissjóði til B-deildar LSR á ári frá og með 2017. Fleira þarf þó að koma til ef bæta á stöðuna verulega. Gert er ráð fyrir að ljúka framsali á óseldum eignum stöðugleikaframlaga til LSR fyrir árslok. Við þá ráðstöfun hækkar framlag til sjóðsins í 24 ma.kr. á yfirstandandi ári. LH og B-deild LSR verða sameinaðar frá og með 1.janúar 2018. Til þess að sameinaður sjóður geti staðið við skuldbindingar sínar m.v. forsendur við síðustu tryggingafræðilega úttekt þyrftu árleg framlög ríkissjóðs að vera 7 ma.kr. að jafnaði næstu 30 árin í stað 5 ma.kr. eins og nú er gert ráð fyrir á komandi árum og er þá tekið tillit til áætlaðs framsals stöðugleikaeigna á árinu.

Með lögum nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins var gerð breyting á öllu skipulagi A-deildar sjóðsins. Í árslok 2016 innti ríkissjóður af hendi nauðsynlegar greiðslur sem lagabreytingin fól í sér og þar með hefur óvissu hjá ríkissjóði gagnvart A-deild LSR að mestu leyti verið eytt. Afleiðingar kjarasamninga hafa þó veruleg áhrif og valda ákveðinni óvissu hvað þróun lífeyrisskuldbindinga varðar, einkanlega í B-deild LSR.

**Seðlabanki Íslands**. Á grundvelli 3. gr. laga nr. 124/2014, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, getur Seðlabankinn, ef eigið fé bankans fer undir ákveðið viðmið og afkomuhorfur hans eru þess eðlis að útlit er fyrir frekari lækkun eiginfjár, kallað eftir því að ríkissjóður leggi honum til aukið eigið fé, telji bankinn það nauðsynlegt til að uppfylla lágmarkskröfur um eigið fé. Eiginfjárframlagið getur orðið allt að 52 ma.kr. sem tryggðir eru með vísitölu neysluverðs frá desember 2014. Við mat á eiginfjármarkmiði skal horfa framhjá gengisbreytingum krónunnar. Seðlabankinn skal á hverju ári ákveða eiginfjármarkmið fyrir bankann sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé sem skv. 1. mgr. 3. gr. sömu laga tekur mið af:

- Kostnaði af rekstri bankans.
- Áhættu á efnahagsreikningi hans.
- Óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma.

Seðlabanki Íslands hefur byggt upp verulegan gjaldeyrisforða á síðustu árum. Gjaldeyrisforði Seðlabankans var um 815 ma.kr. í lok árs 2016 sem samsvarar 34% af VLF og jókst hann um 163 ma.kr. á árinu, einkum vegna gjaldeyriskaupa bankans á millibankamarkaði. Samsetning forðans hefur breyst mikið og er hann nú að mestu óskuldsettur. Hlutur ríkissjóðs í forðanum, þ.e. erlendar innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka sem fjármagnaður er með erlendum lántökum, nam í árslok 2016 um 185 ma.kr., en ríkissjóður keypti til baka stóran hluta gjaldeyrisskulda sinna í apríl s.l. og nýtti til þess hluta af gjaldeyriseign sinni hjá Seðlabankanum. Gjaldeyrisinnstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum námu 68 ma.kr. á miðju ári 2017. Sá hluti forðans sem fjármagnaður er í krónum, þ.e. gjaldeyrisforðinn að frátöldum hlut ríkissjóðs í honum, felur í sér verulegan vaxtakostnað eða hátt í 5% á ársgrundvelli, auk þess sem bókfært virði eigna í forðanum ræðst af gengisbreytingum. Vegna vaxtamunar og styrkingar krónunnar hefur afkoma bankans því farið versnandi síðustu misserin þrátt fyrir einskiptis tekjur af sölu á eignum Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ). Halli á rekstri Seðlabanka Íslands árið 2016 nam þannig 35 ma.kr. samkvæmt ársreikningi bankans sem fyrst og fremst má rekja til vaxtamunar vegna gjaldeyriskaupa. Þau námu samtals 386 ma.kr. á árinu 2016. Gengistap bankans nam 89 ma.kr. á árinu sem rekja má til samspils stórs gjaldeyrisforða og styrkingar krónunnar á árinu. Hrein vaxtagjöld námu 12 ma.kr., aðrar rekstrartekjur námu 62 ma.kr., þar af voru tekjur tengdar ESÍ 46 ma.kr. og gengishagnaður af aflandskrónuútboði nam 29 ma.kr. Neikvæður vaxtamunur er stærsti kostnaðarliður bankans og afkoman er mjög næm fyrir vaxtabreytingum. Ef vaxtamunur minnkar um 1% hefur það um 13 ma.kr. jákvæð áhrif á afkomu Seðlabanka Íslands. Dregið hefur úr vaxtamun á yfirstandandi ári með lækkun stýrivaxta.

Óvissa um afkomu Seðlabanka Íslands felur óhjákvæmlega í sér ákveðna fjárhagsáhættu fyrir ríkissjóð. Ef bankinn þyrfti að innkalla allt eiginfjárloforðið hefði það 52 ma.kr. aukna skuldsetningu í för með sér fyrir ríkissjóð og vaxtakostnaður myndi að óbreyttu aukast um 2–3 ma.kr. á ári. Áhætta ríkissjóðs vegna Seðlabanka Íslands felst í aukinni skuldsetningu sem kynni að hljótast af innköllun á eiginfjárloforði auk breyttrar framsetningar ríkisreiknings sem hefur bein áhrif á afkomu ríkissjóðs, en frá og með árinu 2017 mun ríkissjóður færa hlutdeild í afkomu bankans sem áður hefur ekki verið gert. Kostnaður vegna inngripa bankans á gjaldeyrismarkaði og forðasöfnunar, sem hefur leitt til halla í rekstri bankans, getur því haft bein og veruleg áhrif á ríkissjóð og framkvæmd fjármálastefnunnar.

Auk framangreindra þátta er ljóst að ríkissjóður á umtalsverðar eignir sem bundnar eru í hlutafé ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í ríkisreikningi 2016 er eignarhlutur ríkissjóðs í viðskiptabönkunum þremur færður á 329,3 ma.kr., en það svarar til 28,9% af eignum skv. ríkisreikningnum og jafngildir ennfremur um 42% af hreinum skuldum ríkissjóðs eins og þær eru áætlaðar í árslok 2017. Þessara eignarhluta var aflað með fjármögnun ríkissjóðs á nýju bönkunum eftir hrun viðskiptabankanna 2008 og hefur sú fjárfesting reynst ríkissjóði mjög hagstæð. Vægi þessara eigna í efnahag ríkissjóðs er hins vegar þungt og vega

eignarhlutir ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum margfalt á við það sem þekkist meðal annara vestrænna ríkja. Af þessu stafar ákveðin hætta því ljóst er að vandi eða áföll í efnahags- og fjármálakerfinu kynnu að rýra virði þessara eignarhluta, jafnvel skyndilega og þannig að ekki yrði við ráðið. Í þessu sambandi vakna einnig sjónarmið um það, hvort ríkið sé heppilegur eða fær eigandi að fjármálafyrirtækjum þegar til lengdar lætur. Ljóst er að draga má úr þessari áhættu með sölu á eignarhlutum og með því að verja söluhagnaðinum til lækkunar skulda ríkissjóðs. Af því fæst varanleg lækkun vaxtagjalda og tryggari fjárhags-staða fyrir ríkissjóð. Má minna á að góð skuldastaða ríkissjóðs við hrun fjármálakerfisins haustið 2008 var ein af forsendum þess að mögulegt var að viðhalda sjálfbærni ríkisfjár-málanna í kjölfar þess.

**Ríkisábyrgðir**. Óbeinar skuldbindingar ríkissjóðs felast fyrst og fremst í veittum ríkis-ábyrgðum, sbr. lög nr. 121/1997. Stærstu aðilarnir sem njóta ríkisábyrgðar eru Íbúðalána-sjóður og Landsvirkjun. Samtals nema ríkisábyrgðir vegna þeirra um 98% af öllum veittum ábyrgðum. Verulega hefur þó dregið úr áhættu ríkissjóðs vegna þeirra á síðustu árum. Staða ríkisábyrgða nam 1.040 ma.kr. í lok árs 2016 og hafði lækkað um 89 ma.kr. frá árinu áður. Sem hlutfall af VLF námu ríkisábyrgðir 43% í lok síðasta árs miðað við 57% á sama tíma árið áður.

| **Staða ríkisábyrgða** | **30.6.2017** | **31.12.2016** | **31.12.2015** |
|---|---|---|---|
| **Lánastofnanir** | **819.849** | **830.231** | **855.053** |
| Íbúðalánasjóður | 809.493 | 821.180 | 844.130 |
| Byggðastofnun | 10.356 | 9.051 | 10.923 |
| **Sameignar- og hlutafélög** | **171.054** | **207.073** | **271.548** |
| Landsvirkjun sf. | 159.487 | 195.048 | 257.155 |
| RARIK ohf. | 1.343 | 1.483 | 1.786 |
| Farice ehf. | 5.611 | 5.652 | 7.214 |
| Isavia ohf. | 1.255 | 1.401 | 1.749 |
| RÚV ohf. | 2.756 | 2.886 | 3.011 |
| Annað | 602 | 603 | 633 |
| **Atvinnuvegir** | **1.842** | **1.872** | **2.229** |
| Norræni fjárfestingabankinn | 1.842 | 1.862 | 2.209 |
| Annað | 0 | 10 | 20 |
| **Ríkisábyrgðir samtals** | **992.745** | **1.039.176** | **1.128.830** |

**Íbúðalánasjóður** starfar eftir lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál. Með breytingum á löggjöf og áherslum stjórnvalda var hlutverki sjóðsins breytt úr því að vera fyrst og fremst lánasjóður í stofnun sem ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðismála. Sjóðurinn átti í veruleg-um vandræðum á árunum í kjölfar efnahagshrunsins og þurfti ríkissjóður að leggja sjóðnum til um 52 ma.kr. til þess að styrkja eiginfjárhlutfall sjóðsins. Afkoma sjóðsins hefur batnað verulega með batnandi efnahagsaðstæðum og eiginfjárhlutfall hans nú hefur ekki verið hærra en frá stofnun og var um mitt ár 7,3% sem er vel yfir lágmarki. Ef eiginfjárhlutfall er lágt á sjóðurinn erfiðara með að mæta áhættuþáttum í rekstri og verður fjárhagsáhætta ríkis-

sjóðs því meiri undir þeim kringumstæðum. Áhættuþættir Íbúðalánasjóðs eru útlánaáhætta, uppgreiðsluáhætta, lausafjáráhætta, vaxta- og verðbólguáhætta, endurfjármögnunaráhætta og rekstraráhætta. Af þeim er útlánaáhættan veigamest vegna hættu á vanskilum. Á síðustu misserum hefur einnig dregið verulega úr uppgreiðslum á útistandandi lánum sjóðsins. Sjóðurinn getur ekki greitt upp skuldir sínar á móti þessum uppgreiðslum og því liggur áhætta sjóðsins í því að fjárfesta lausafé til að ná fram ásættanlegri ávöxtun. Í flestum tilvikum hefur uppgreiðsla lána neikvæð áhrif á vaxtamun sjóðsins og þar með afkomu hans. Rekstrarniðurstaða Íbúðalánasjóðs á árinu 2016 var jákvæð um 4,2 ma.kr. Heildareignir námu 787 ma.kr. í lok tímabils og þar af eru útlán 578 ma.kr. Eigið fé í lok júní var 23,5 ma.kr. Vaxtaberandi eignir utan lánasafns að meðtöldu lausafé jukust á milli ára og námu 197 ma.kr. í lok árs 2016. Staða Íbúðalánasjóðs hefur farið batnandi á síðustu árum og ekki er talin þörf á frekari rekstrarframlögum til sjóðsins á komandi árum.

Rekstur **Landsvirkjunar** hefur gengið vel á síðustu misserum. Eiginfjárhlutfall félagsins hefur styrkst á síðustu árum og er í dag með því hæsta í sögulegu samhengi eða 45,4%. Nettóskuldir Landsvirkjunar hafa lækkað verulega frá því á árinu 2012 og hefur það ásamt bættum lánskjörum haft jákvæð áhrif á afkomu félagsins. Nettó skuldir námu 1.960 milljónum Bandaríkjadala í árslok 2016. Fjármögnun Landsvirkjunar síðustu ár hafa verið án ríkisábyrgðar en enn er til staðar ríkisábyrgð á eldri lánum en staða þeirra fer hratt lækkandi með uppgreiðslu skulda. Hagnaður Landsvirkjunar fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 302 milljónum Bandaríkjadala á síðasta ári og handbært fé frá rekstri nam 230 milljónum Bandaríkjadala. Fjárhagsleg áhætta Landsvirkjunar samanstendur af markaðsáhættu, lausafjáráhættu og mótaðilaáhættu. Markaðsáhætta er einkum þrenns konar og lýtur að þróun álverðs, vöxtum og gjaldmiðlum. Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr markaðsáhættu félagsins bæði með afleiðusamningum, breytingum á lánasafni og breyttum áherslum í raforkusamningum. Mótaðilaáhætta félagsins verður fyrst og fremst til vegna raforkusamninga til iðnaðar og afleiðusamninga sem gerðir eru í áhættuvarnarskyni. Áhættan er takmörkuð með kröfum félagsins um gæði mótaðila.

Aðrar ríkisábyrgðir eru óverulegar í samhengi við umfang og rekstur ríkissjóðs. Í ljósi þessa og ofangreinds er ekki talið að afkomu ríkissjóðs stafi veruleg áhætta af þróun ríkisábyrgða á komandi ári.

# 10 Yfirlit yfir lagabreytingar

***Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:***

**Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu, með síðari breytingum.** Lagt verður til að sérstakt gjald til Ríkisútvarpsins hækki um 2% árið 2018, úr 16.800 kr. Í 17.100 kr., í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.** Lagt verður til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 2% árið 2018, úr 10.956 kr. í 11.175 kr., í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar.

**Lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting á því hlutfalli af álagningarstofni sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða miðað við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2018 með hliðsjón af áætlaðri stöðu í árslok 2017.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.** Lögð verður til hækkun á viðmiðunarfjárhæðum og tekjuviðmiðunarmörkum barnabóta í takt við launavísitölu sem komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2018.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.** Lagt verður til að tímabundin hækkun á vaxtabótum sem að óbreyttu hefði fallið niður um næstu áramót verði framlengd um eitt ár og að óbreytt ákvæði komi til framkvæmda við ákvörðun á fyrirframgreiðslu vaxtabóta og álagningu opinberra gjalda á árinu 2018.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.** Lögð verður til 2% hækkun á fjármagnstekjuskatti einstaklinga sem hækkar úr 20% í 22%.

**Lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum.** Lögð verður til 2% hækkun á fjármagnstekjuskatti einstaklinga sem hækkar úr 20% í 22%.

**Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum.** Lagt verður til að olíugjald, kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald hækki árið 2018 um 2% í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar.

**Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.** Lagt verður til að almennt og sérstakt vörugjald af bensíni hækki árið 2018 um 2% í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar.

**Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.** Lagt verður til að álagning vörugjalds á bifreiðar sem ætlaðar eru til útleigu hjá ökutækjaleigum fari samkvæmt undanþáguflokki (0–30%) árið 2018 en ekki samkvæmt aðalflokki (0–65%) frá 1. janúar 2018 eins orðið hefði að óbreyttu. Lækkunarþak vörugjalds á slíkar bifreiðar verði 250.000 kr. árið 2018.

**Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.** Lagt verður til að bifreiðagjald hækki árið 2018 um 2% í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar.

**Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.** Lagt verður til að áfengisgjald og tóbaksgjald hækki árið 2018 um 2% í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar.

**Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, með síðari breytingum.** Lögð verður til 50% hækkun á kolefnisgjaldi 1. janúar 2018 sem er liður í aðgerðum stjórnvalda gegn losun kolefnis út í andrúmsloftið.

**Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.** Lagt verður til að tímabundin heimild til að fella niður virðisaukaskatt eða telja til undanþeginnar veltu fjárhæð að ákveðnu hámarki við innflutning og skattskylda sölu rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiða verði framlengd um þrjú ár.

**Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.** Lagðar verða til breytingar á gjaldskrá ýmissa vottorða og leyfa í tengslum við vegabréf, dvalarleyfi og veitingu ríkisborgararéttar í samræmi við þróun á vísitölu neysluverðs frá árinu 2009 til júlí 2017 auk orðalagsbreytinga til samræmis við ný lög um útlendinga, nr. 80/2016.

**Lög nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.** Lagðar verða til breytingar á fjárhæð losunarheimilda fyrir hvert tonn gjaldskyldrar losunar.

***Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:***

**Lög nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum.** Lagt verður til að breytingar verði gerðar á greiðslum ríkisins til þjóðkirkjunnar og Kristnisjóðs. Jafnframt þarf að gera samsvarandi breytingu á samkomulagi ríkis og kirkju frá árinu 1997.

**Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld, með síðari breytingum.** Lagt verður til að festa fjárhæð sóknargjalda við 931 kr. á einstakling á mánuði en samkvæmt því mun ákvörðuð hækkun sóknargjaldsins nema um 1,2%.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.** Framlenging á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða sem heimilar Framkvæmdasjóði aldraðra að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.** Lögð verður til framlenging á ákvæði til bráðabirgða nr. XII um samanburð á útreikningi kostnaðarþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.** Lögð verður til framlenging á gildistíma 14. og 18. tölul. ákvæðis til bráðabirgða um fjárhæð frítekjumarks örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2018.

**Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2018.

**Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2018.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, sem felur meðal annars í sér breytingar á 17. gr. laganna þess efnis að lágmarkslífeyristökualdur, sem nú er 67 ár, hækki í skrefum í 70 ár. Hækkunin verði tveir mánuðir á ári fyrstu 12 árin og einn mánuður á ári næstu 12 ár. Lagt er til að breytingin öðlist gildi 1. janúar 2018 og að lífeyristökualdur í almannatryggingum verði orðinn 70 ár 24 árum síðar.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, sem felur meðal annars í sér breytingar á 23. gr. laganna þess efnis að sett verði sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega frá 1. janúar 2018.

**Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.** Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi í samræmi við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins.

**Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.** Frumvarpið kveður á um gerð strandsvæðisskipulags á strandsvæðum sem gert er ráð fyrir að verði fjármagnað af hálfu hins opinbera.

**Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.** Lögð er til framlenging á ákvæði til bráðabirgða IV við lögin sem kveður á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2018. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildi fyrir árin 2013, 2014, 2015, 2016 og 2017.

**Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, með síðari breytingum.** Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða III við lögin verði framlengt um eitt ár. Atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir munu því greiða áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds skv. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á árinu 2018 eins og á árunum 2016 og 2017 eða 0,10%.

**Lög nr. 132/2005, um fjarskiptasjóð, með síðari breytingum.** Lögð er til framlenging á gildistíma laga um fjarskiptasjóð út árið 2022.

**Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.** Lagðar verða til breytingar á ýmsum lögum þar sem felld verða niður ákvæði um að tilteknar skatttekjur skuli renna til fjármögnunar á tilgreindum verkefnum. Þess í stað er gert ráð fyrir að þessi verkefni fái fjárheimild á fjárlögum líkt og gert var í frumvarpi meirihluta fjárlaganefndar, 306. mál á þingskjali 588, sem lagt var fram á 143. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

# Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka

Hér á eftir fer umfjöllun um stefnumið, áform og aðgerðir fyrir þau 34 málefnasvið og 101 málaflokk sem frumvarpið tekur til og sem lúta að næsta fjárlagaári. Í umfjöllun um einstök málefnasvið er fyrst gerð grein fyrir starfsemi og ábyrgð á viðkomandi sviði, fjárheimildum sem veitt er til þess og helstu breytingum sem gerðar eru tillögu um frá gildandi fjárlögum eftir tilefnum og hagrænni skiptingu. Því næst er fjallað um markmið og helstu aðgerðir sem varða þá málaflokka sem heyra undir málefnasviðið og loks er greint frá helstu breytingum á heildarfjárheimildum til málaflokka frá gildandi fjárlögum. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að í nokkrum málefnasviðum og málaflokkum hafa reikningstölur fyrir árið 2016 og fjárlagatölur fyrir árið 2017 verið aðlagaðar að breyttri framsetningu og skipan verkefna í frumvarpinu. Er þar einkum um að ræða breytingar sem leiða af breyttri verkaskiptingu Stjórnarráðsins í byrjun þessa árs, svo sem uppskiptingu innanríkisráðuneytisins í dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og tilfærslu þjóðmenningarmála frá forsætisráðuneytinu til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Á hinn bóginn er vakin athygli á því að í frumvarpinu hafa ekki verið gerðar breytingar sem leiða af breyttri verkaskiptingu Stjórnarráðsins eftir að ný ríkisstjórn tók við í lok nóvember. Gert er ráð fyrir að þær breytingar verði gerðar við aðra umræðu frumvarpsins og mögulega aðrar tæknilegar lagfæringar sem kunna að varða fjárheimildir málefnasviða og málaflokka og skiptingu fjárveitingu til stofnana og verkefna.

Greinargerðin um málefnasviðin felur í sér nánari útfærslu á stefnumörkun og aðgerðum sem fram komu í fjármálaáætlun sem Alþingi samþykkti sl. vor fyrir tímabilið 2018–2022, en þar var fjallað um þróun innan einstakra málefnasviða og málaflokka til næstu fimm ára. Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir er hins vegar einungis gerð grein fyrir þeim verkefnum og aðgerðum sem taka til næsta fjárlagaárs og sundurliðun fjárheimilda eins og hún birtist í frumvarpinu.

Greinargerðin er töluvert frábrugðin og betur afmörkuð samanborð við þá greinargerð sem birtist í fjárlagafrumvarpi ársins 2017, en þar var sett fram ítarleg stefnumótun málaflokka til næstu ára. Ástæðan fyrir því er einkum sú að þar sem þegar hefur verið greint heildstætt frá stefnumótun málefnasviða og málaflokka til næstu ára í fjármálaáætluninni, sem Alþingi samþykkti sl. vor, er ekki talin þörf fyrir að endurtaka þá umfjöllun að verulegu leyti í frumvarpinu.

Með ítarlegri kynningu á stefnum fyrir málefnasvið í fjármálaáætlun að vori er leitast við að tryggja að Alþingi búi yfir sem greinarbestum upplýsingum um meginlínur og áherslur þegar það fjallar um áætlun sem er stefnumarkandi fyrir ríkisstarfsemina í heild sinni til meðallangs tíma. Þegar kemur að umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarp aðeins nokkrum mánuðum síðar stendur þessi fimm ára stefnumörkun að mestu óbreytt og því er

rökrétt að leggja áherslu á að veita þinginu til sem ítarlegastar upplýsingar og skýringar sem varða sérstaklega útfærslu og breytingar á fjárheimildum málaflokka á því fjárlagaári sem frumvarpið tekur til. Með þessu móti er stuðlað að því að umfjöllun og ákvarðanataka um starfsemi og verkefni á einstökum málefnasviðum og málaflokkum, við setningu fjárlaga til eins árs í senn, sé sett í skýrt samhengi við sett stefnumið fjármálaáætlunar til næstu fimm ára. Er það í samræmi við ákvæði og markmið laga um opinber fjármál og má fullyrða að með þessu fyrirkomulagi á greinargerðum með þingskjölunum fái Alþingi mun fyllri greiningu og stefnumiðaðri áætlanagerð um starfsemi á vegum ráðuneyta en tíðkaðist fyrir setningu laganna.

# 1 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð Alþingis. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Alþingi.
- Eftirlitsstofnanir Alþingis.

Forseti Alþingis ber ábyrgð á rekstri Alþingis, hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess og skipuleggur þinghaldið í samráði við forsætisnefnd. Forsætisnefnd hefur fjármálalega yfirumsjón með málefnasviðinu í heild, s.s. með afgreiðslu fjárlagatillagna en að öðru leyti eru eftirlitsstofnanir þess sjálfstæðar í störfum sínum.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **01.10 Alþingi** | **3.325,1** | **4.216,9** | **4.878,2** | **15,7** | **46,7** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 3.325,1 | 4.216,9 | 4.878,2 | 15,7 | 46,7 |
| **01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis** | **837,2** | **923,2** | **961,6** | **4,2** | **14,9** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 837,2 | 923,2 | 961,6 | 4,2 | 14,9 |
| **Samtals** | **4.162,3** | **5.140,1** | **5.839,8** | **13,6** | **40,3** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaðan getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 5.840 m.kr. og aukast um 552,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 10,8%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum nemur heildarhækkun útgjalda um 699,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 13,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 529 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög, alls 97 m.kr. Það er annars vegar framlag til ýmissa framkvæmda á Alþingisreit og til þingfararkaups utanþingsráðherra. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 432 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 29 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018–2022.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 150 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 147 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 5.840 m.kr. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.831,2 | 4.424,4 | 4.816,1 | 8,9 | 25,7 |
| Rekstrartilfærslur | 74,7 | 53,7 | 73,7 | 37,2 | -1,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 256,4 | 662,0 | 950,0 | 43,5 | 270,5 |
| **Heildarútgjöld** | **4.162,3** | **5.140,1** | **5.839,8** | **13,6** | **40,3** |
| Rekstrartekjur | - | 70,4 | 72,0 | 2,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.069,7 | 5.767,8 | 13,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.140,1** | **5.839,8** | **13,6** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 4.816,1 m.kr og hækka um 391,7 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 200 m.kr. framlag í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands árið 2018, biðlauna 67,5 m.kr. og 22,5 m.kr framlag til þingnefnda**.** Hækkun vegna almennrar launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins er 146,8 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** eru framlag til þingflokka og hækka þær um 20 m.kr. frá árinu 2017.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 950 m.kr. og er það 288 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til framkvæmda á Alþingisreit.

### 1.1 Alþingi

Undir þennan lið fellur bæði hin eiginlega þingstarfsemi og starfsemi skrifstofu þingsins. Meginhlutverk Alþingis er lagasetning og eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins. Skrifstofa Alþingis annast stjórnsýslu þingsins og hefur það verkefni að tryggja faglega umgjörð um starfsemi Alþingis þannig að þingmenn geti sinnt þeim verkefnum sem þeim er ætlað samkvæmt stjórnarskrá, þingsköpum og öðrum lögum. Í því skyni sinnir skrifstofan sérfræðiþjónustu við þingfundi, fastanefndir og alþjóðastarf og rekur upplýsinga og rannsóknarþjónustu. Skrifstofan annast auk þess fjölþætta aðra þjónustu sem nauðsynleg er fyrir rekstur þingsins. Einnig annast skrifstofan uppbyggingu og rekstur fasteigna á Alþingisreit. Þá er það hluti af stöðu Alþingis sem grunnstofnunar hinnar lýðræðislegu stjórnskipunar landsins að miðla upplýsingum um starfsemi Alþingis, m.a. með rekstri vefs, útgáfu og fræðslustarfsemi. Einnig hefur skrifstofan á hendi ýmis föst verkefni sem tengjast

Alþingi, m.a. rekstur Jónshúss í Kaupmannahöfn, Skólaþing (kennsluver Alþingis) auk þess að hafa á hendi ýmis tímabundin verkefni í tilefni af sérstökum viðburðum. Þegar Alþingi tekur ákvörðun um skipun rannsóknarnefnda skv. lögum nr. 68/2011, kemur það jafnframt í hlut skrifstofu þingsins að hafa á hendi umsýslu í tengslum við starfsemi rannsóknanefndanna.

**Markmið og aðgerðir**

Stefnt er að því að Alþingi geti sinnt að fullu þeim verkefnum sem því er ætlað í lýðræðissamfélagi. Í því skyni er þörf á fjölþættum endurbótum í starfsumhverfi Alþingis og þingmanna almennt auk þess sem endurskoða þarf rekstrargrunn stofnunarinnar. Þrjú markmið eru skilgreind sérstaklega:

1. Styrking löggjafarstarfsins með endurbótum á starfsumhverfi Alþingis og þingmanna.
2. Bæta aðstoð við þingflokka og þingmenn.
3. Auka afköst og öryggi gagna.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Á árinu 2018 verði hafist handa við byggingu skrifstofu- og nefndahúsnæðis á Alþingisreit að lokinni hönnun arkítekta og verkfræðinga og útboðs. | Forsætisnefnd Alþingis |
| 2 | 2 | Unnið verði áfram að verkefnum í samræmi við upplýsingatæknistefnu Alþingis. Samhliða því verði starfsemi upplýsingatæknideildarinnar styrkt | Skrifstofa Alþingis |
| 3 | 3 | Fyrstu skref í að auka sérfræðilega aðstoð við þingflokka og þingmenn verða stigin í lok árs 2018 heldur verkefnið áfram til 2020. | Skrifstofa Alþingis |

**Fjárheimildir**

| 01.10 Alþingi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.001,5 | 3.501,2 | 3.854,5 | 10,1 | 28,4 |
| Rekstrartilfærslur | 74,7 | 53,7 | 73,7 | 37,2 | -1,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 248,9 | 662,0 | 950,0 | 43,5 | 281,7 |
| **Heildarútgjöld** | **3.325,1** | **4.216,9** | **4.878,2** | **15,7** | **46,7** |
| Rekstrartekjur | - | 27,1 | 27,7 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.189,8 | 4.850,5 | 15,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **4.216,9** | **4.878,2** | **15,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.878,2 m.kr. og hækkar um 547,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlags-

breytingum en þær nema 114,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir 375 m.kr. tímabundnu framlagi í þrjú ár til að ljúka hönnun og hefja framkvæmdir við nýbyggingu á Alþingisreit, sbr. markmið 1. Á móti kemur að niður fellur 87 m.kr. tímabundið framlag sem m.a. var veitt til að ljúka endurgerð Skjaldbreiðar.
b. Framlag til málaflokksins er aukið um 200 m.kr. til að mæta útgjöldum við aldarafmæli sjálfsstjórnar á Íslandi árið 2018 auk 15 m.kr til þinghalds á Þingvöllum í júlí 2018. Framlag til biðlauna 2018 er 67,5 m.kr. auk þess sem veitt er 22,5 m.kr framlag til að styrkja löggjafar, fjárstjórnar- og eftirlitshlutverk Alþingis. Loks framlag til þingflokka 20 m.kr.
c. Á móti vegur til lækkunar að 27 m.kr. fjárveiting vegna yfirlesturs stjórnarskjala er flutt frá Alþingi til aðalskrifstofu forsætisráðuneytis og niður fellur 10 m.kr. framlag vegna þingfararkaups utanþingsráðherra.
d. Aðhaldskrafa á málaflokkinn er 29 m.kr. til lækkunar á fjárheimild.

### 1.2 Eftirlitsstofnanir Alþingis

Undir þennan málaflokk falla tvær eftirlitsstofnanir Alþingis, þ.e. Umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun. Báðar stofnanirnar heyra undir Alþingi en eru sjálfstæðar í störfum sínum. Þær sinna marghátttuðu eftirliti með stjórnsýslu og fjárreiðum hins opinbera. Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga í umboði Alþingis. Meginverkefni umboðsmanns er að taka við kvörtunum frá borgurum og láta uppi álit sitt um hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða sé andstæð vönduðum stjórnsýsluháttum eða tilgreindum siðareglum. Þá getur umboðsmaður að eigin frumkvæði tekið mál eða starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til athugunar. Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn.

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis og er hann trúnaðarmaður Alþingis og ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Ríkisendurskoðun, sem er skrifstofa hans, endurskoðar ríkisreikning og reikninga stofnana og fyrirtækja sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Hún framkvæmir stjórnsýsluendurskoðanir sem hafa það að markmiði að kanna hvort stjórnsýslan skili viðunandi hagsýni, skilvirkni og árangri. Þá hefur stofnunin það hlutverk að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og sinna eftirliti með tilteknum verkefnum sem henni eru falin með sérlögum, s.s. með fjárreiðum staðfestra sjóða, kirkjugarða og þjóðkirkjusafnaða og fjármálum stjórnmálasamtaka og frambjóðenda.

## Markmið og aðgerðir

Eftirfarandi markmið eru skilgreind annars vegar fyrir Umboðsmann Alþingis og hins vegar fyrir Ríkisendurskoðun:

Umboðsmaður Alþingis

1. Auka skilvirkni í afgreiðslu kvartana frá borgurum.
2. Fjölga frumkvæðisathugunum og vettvangsskoðunum.
3. Bæta og auka við upplýsingagjöf.

Ríkisendurskoðun

1. Að endurskoða allar A-hluta stofnanir árlega og kanna ráðstöfun framlaga til málefnasviða og málaflokka og hafa eftirlit með ríkistekjum
2. Að efla eftirlit með starfsemi og árangri ríkisaðila.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Bæta við einu ársverki til að styrkja afgreiðslu kvartana og frumkvæðis- og vettvangsathuganir | Umboðsmaður Alþingis |
| 2 | 3 | Bæta við einu ársverki til að auka upplýsingagjöf um niðurstöður mála hjá UA | Umboðsmaður Alþingis |
| 3 | 4 | Haga endurskoðun með tilliti til skilgreinds mats á mikilvægi og áhættu. Annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga með vísun til málefnasviða og málaflokka, sbr. lög um opinber fjármál.<br>Að taka saman og setja fram í skýrslum skýrar niðurstöður um endurskoðunina og ábendingar til úrbóta. | Ríkisendurskoðun |
| 4 | 5 | Gera verkefnaval, umfjöllun og ábendingar markvissari. | Ríkisendurskoðun |

## Fjárheimildir

| 01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 829,7 | 923,2 | 961,6 | 4,2 | 15,9 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 7,5 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **837,2** | **923,2** | **961,6** | **4,2** | **14,9** |
| Rekstrartekjur | - | 43,3 | 44,3 | 2,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 879,9 | 917,3 | 4,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **923,2** | **961,6** | **4,2** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 961,6 m.kr. og hækkar um 5,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingin snýr að alfarið styrkingu umboðsmanns skuldara. Almennar launa- og verðlagsbreytingar nema 32,5 m.kr.

# 2 Dómstólar

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Hæstiréttur.
- Héraðsdómstólar.
- Landsréttur.
- Dómstólasýslan.

Hlutverk dómstóla er að skera úr réttarágreiningi hvort heldur er á milli einstaklinga eða lögaðila, taka til meðferðar mál sem handhafar ákæruvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt og kveða upp úr um embættistakmörk yfirvalda.

Þann 1. janúar 2018 tekur ný dómstólaskipan gildi þegar nýr áfrýjunardómstóll, Landsréttur, tekur til starfa. Þá verða dómstigin þrjú, átta héraðsdómstólar, Landsréttur og Hæstiréttur Íslands. Jafnframt tekur ný stjórnsýslustofnun dómstólanna til starfa, dómstólasýslan. Dómstólaráð verður lagt niður.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 02 Dómstólar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **02.10 Hæstiréttur** | **458,2** | **438,5** | **452,9** | **3,3** | **-1,2** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 281,3 | 258,8 | 268,1 | 3,6 | -4,7 |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 176,9 | 179,7 | 184,8 | 2,8 | 4,5 |
| **02.20 Héraðsdómstólar** | **1.751,5** | **1.841,0** | **1.752,0** | **-4,8** | **0,0** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 1.751,5 | 1.841,0 | 1.752,0 | -4,8 | 0,0 |
| **02.30 Landsréttur** | **-** | **104,6** | **681,0** | **551,1** | **-** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | - | 104,6 | 681,0 | 551,1 | - |
| **02.40 Dómstólasýslan** | **-** | **-** | **257,7** | **-** | **-** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | - | - | 257,7 | - | - |
| **Samtals** | **2.209,7** | **2.384,1** | **3.143,6** | **31,9** | **42,3** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 3.144 m.kr. og aukast um 663 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 27,8%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 760 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 31,9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 565,1 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 2,3 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum útgjaldarammans var hins vegar 23,5 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 21,2 m.kr. af nýju útgjaldasvigrúmi í rammanum til að mæta aðhaldskröfunni fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
c. Gert er ráð fyrir 100 m.kr. útgjaldasvigrúmi í ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni eftir að svigrúmið hefur verið lækkað um 21,2 m.kr. aðhaldskröfu eins og áður greinir.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 97 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3.144 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa eru leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

### Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 02 Dómstólar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.207,5 | 2.384,1 | 3.143,6 | 31,9 | 42,4 |
| Rekstrartilfærslur | 2,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.209,7** | **2.384,1** | **3.143,6** | **31,9** | **42,3** |
| Rekstrartekjur | - | 20,2 | 20,6 | 2,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.363,9 | 3.123,0 | 32,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.384,1** | **3.143,6** | **31,9** | **-** |

Útgjöld á málefnasviðinu falla öll í flokkinn rekstrarframlög, en þar er einkum um að ræða kostnað við beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Af einstökum breytingum munar mest um 576,4 m.kr. framlag til að tryggja rekstur Landsréttar sem tekur til starfa 1. janúar 2018 og 65 m.kr. framlag til héraðsdómstóla sem að stærstum hluta er ætlað til endurnýjunar málaskrár.

### 2.1 Hæstiréttur

### Markmið og aðgerðir

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og þangað er unnt að skjóta úrlausnum Landsréttar í einstökum tilvikum og að fengnu leyfi Hæstaréttar. Við sérstakar aðstæður, s.s. ef þörf er á skjótri niðurstöðu í máli og að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum er unnt að áfrýja héraðsdómi í einkamáli beint til Hæstaréttar. Gert er ráð fyrir fækkun mála hjá Hæstarétti eftir að Landsréttur tekur til starfa.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt.
2. Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðs-lýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnananna. | DMR og Dómstólasýslan |
| 2 | 1 og 2 | Unnið að endurskipulagningu á starfsemi Hæstaréttar við tilkomu Landsréttar. | Hæstiréttur |

## Fjárheimildir

| 02.10 Hæstiréttur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 458,2 | 438,5 | 452,9 | 3,3 | -1,2 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **458,2** | **438,5** | **452,9** | **3,3** | **-1,2** |
| Rekstrartekjur | - | 1,2 | 1,2 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 437,3 | 451,7 | 3,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **438,5** | **452,9** | **3,3** | - |

Heildarfjárheimild málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 452,9 m.kr. og hækkar um 14,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Gerð er 0,4 m.kr. aðhaldskrafa á málaflokkinn en hækkun vegna almennrar launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins nemur 14,8 m.kr.

## 2.2 Héraðsdómstólar

### Markmið og aðgerðir

Héraðsdómstólar eru átta talsins og fara á fyrsta dómstigi með öll dómsmál sem eiga undir umdæmi þeirra.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt.
2. Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Endurnýjun á málaskrárkerfi. | Dómstólasýslan |
| 2 | 1 og 2 | Upptaka á hljóði og mynd í dómsölum. | Dómstólasýslan |
| 3 | 1 og 2 | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg, rafræn gagnasamskipti á milli stofnananna. | DMR og Dómstóla-sýslan |

## Fjárheimildir

| 02.20 Héraðsdómstólar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.749,3 | 1.841,0 | 1.752,0 | -4,8 | 0,2 |
| Rekstrartilfærslur | 2,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.751,5** | **1.841,0** | **1.752,0** | **-4,8** | **0,0** |
| Rekstrartekjur | - | 19,0 | 19,4 | 2,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.822,0 | 1.732,6 | -4,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.841,0** | **1.752,0** | **-4,8** | - |

Heildarfjárheimild málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.752 m.kr. og lækkar um 89 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga er 63,3 m.kr. og að henni frátaldri lækka framlög um 152,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru:

a. Fjárheimild er aukin tímabundið um 50 m.kr. til endurnýjunar á málaskrá héraðsdómstóla, skjalahreinsunar og frágangs skjala sbr. markmið nr. 1 og 2, og aðgerð 1.
b. Fjárheimild er lækkuð um 20 m.kr. vegna fækkunar héraðsdómara úr 43 í 42 í samræmi við lög um dómstóla nr. 50/2016 sem taka gildi 1. janúar 2018.
c. Fjárheimild er aukin tímabundið um 15 m.kr. til að uppfæra tölvur og húsbúnað.
d. Fjárheimild er lækkuð um 196 m.kr. vegna millifærslu framlags til Dómstólasýslunnar sem tekur til starfa 1. janúar 2018 sem svarar til reksturs Dómstólaráðs sem hættir starfsemi á sama tíma.

## 2.3 Landsréttur

### Markmið og aðgerðir

Til Landsréttar er unnt að skjóta úrlausnum héraðsdóms með sömu skilyrðum og nú gilda um málskot til Hæstaréttar og tekur málsmeðferð í Landsdómi mið af þeirri málsmeðferð sem var í Hæstarétti, þó þannig að í Landsrétti fer fram endurskoðun á sönnunarfærslu og unnt er að kalla til sérfróða meðdómendur.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt.
2. Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Unnið verður að stefnumótun og skipulagi Landsréttar. | Landsréttur |
| 2 | 1 og 2 | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðs-lýsingar fyrir tækni-lega lausn sem tryggir örugg, rafræn gagnasamskipti á milli stofnananna. | DMR og Dómstóla-sýslan |

## Fjárheimildir

| 02.30 Landsréttur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | - | 104,6 | 681,0 | 551,1 | - |
| Rekstrartilfærslur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | - | **104,6** | **681,0** | **551,1** | - |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 104,6 | 681,0 | 551,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **104,6** | **681,0** | **551,1** | - |

Heildarfjárheimild málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 681 m.kr. og hækkar um 576,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga er 13,5 m.kr. og að henni frátaldri eru framlög aukin um 562,9 m.kr. til að standa undir rekstri Landsréttar sem tekur til starfa 1. janúar 2018.

## 2.4 Dómstólasýslan

### Markmið og aðgerðir

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem annast sameiginlega stjórnsýslu dómstóla landsins. Henni eru falin ýmis verkefni, s.s. að leggja mat á og gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólanna. Þá er dómstólasýslan málsvari dómstólanna gagnvart stjórnvöldum og almenningi, annast skipulagningu símenntunar dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla. Hún annast einnig yfirstjórn upplýsinga- og tæknimála dómstólanna.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt.
2. Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Unnið verður að stefnumótun og skipulagi Dómstóla-sýslunnar. | Dómstólasýslan |
| 2 | 1 og 2 | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tækni-lega lausn sem tryggir örugg, rafræn gagnasamskipti á milli stofnananna. | DMR og Dómstóla-sýslan |

## Fjárheimildir

| 02.40 Dómstólasýslan | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | - | - | 257,7 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | - | - | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | - | - | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | - | - | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | - | - | **257,7** | - | - |
| Rekstrartekjur | - | - | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | - | 257,7 | - | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | - | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | - | **257,7** | - | - |

Þessi málaflokkur er nýr í fjárlögum. Heildarfjárheimild hans fyrir árið 2018 er áætluð 257,7 m.kr. og er henni ætlað að standa undir rekstri Dómstólasýslunnar sem tekur til starfa

# 3 Æðsta stjórnsýsla

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Embætti forseta Íslands.
- Ríkisstjórn.
- Forsætisráðuneyti.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 03 Æðsta stjórnsýsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **03.10 Embætti forseta Íslands** | **287,2** | **293,8** | **365,2** | **24,3** | **27,2** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 287,2 | 293,8 | 365,2 | 24,3 | 27,2 |
| **03.20 Ríkisstjórn** | **386,6** | **445,0** | **461,0** | **3,6** | **19,2** |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 386,6 | 445,0 | 461,0 | 3,6 | 19,2 |
| **03.30 Forsætisráðuneyti** | **967,5** | **1.039,6** | **1.560,3** | **50,1** | **61,3** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 967,5 | 1.039,6 | 1.560,3 | 50,1 | 61,3 |
| **Samtals** | **1.641,3** | **1.778,4** | **2.386,5** | **34,2** | **45,4** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** á málefnasviðinu árið 2018 eru áætluð 2.386,5 m.kr. og aukast um 555,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 31%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 608,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 34%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 nema alls 367 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 7 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 360 m.kr.
c. Aðhaldskrafa til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var 27 m.kr. en ákveðið var að mæta henni með lækkun á óskiptu útgjaldasvigrúmi rammans.
d. Gert er ráð fyrir 196 m.kr. útgjaldasvigrúmi í ramma málefnasviðsins til nýrra eða aukinna verkefna eftir að tekið hefur verið tillit til aðhaldskröfu.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 52,3 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 2.386,5 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

### Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 03 Æðsta stjórnsýsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.448,1 | 1.655,5 | 2.145,7 | 29,6 | 48,2 |
| Rekstrartilfærslur | 89,0 | 22,4 | 40,8 | 82,1 | -54,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 104,2 | 100,5 | 200,0 | 99,0 | 91,9 |
| **Heildarútgjöld** | **1.641,3** | **1.778,4** | **2.386,5** | **34,2** | **45,4** |
| Rekstrartekjur | - | 1,6 | 1,6 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.776,8 | 2.384,9 | 34,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.778,4** | **2.386,5** | **34,2** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Í þriðja og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 2.145,7 m.kr og hækka um 490,2 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 190 m.kr. vegna verkefna er snúa að ríkisstjórninni og Stjórnarráðinu öllu. Þeirra á meðal er aukin eftirfylgni og samhæfing innan Stjórnarráðsins hvað varðar framkvæmd stjórnarsáttmála, endurskoðun á ramma peningastefnu og stofnun þjóðarsjóðs**.** Einnig verður lögð áhersla á að efla vinnu við skráningu þjóðlendna og innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þá flytjast 29,4 m.kr. frá aðalskrifstofu forsætisráðuneytis til aðalskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna kostnaðar við umsýslu þeirra verkefna sem fluttust á milli ráðuneytanna við ríkisstjórnarskipti í janúar 2017. Þá eru áætlaðar 32 m.kr. í viðhaldsframkvæmdi á gestahúsi forseta Íslands að Laufásvegi 72. Í viðhald og endurbætur að Hrafnseyri við Arnarfjörð eru áætlaðar 25 m.kr. Vegna hátíðarhalda í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands þann 1. desember 2018 eru áætlaðar 65 m.kr. Þá flytjast 27 m.kr. frá skrifstofu Alþingis til forsætisráðuneytis samhliða verkefnaflutningi á yfirlestri stjórnarskjala til forsætisráðuneytis, einnig er gert ráð fyrir 13,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til þess að sinna því verki. Nánar er fjallað um einstaka tillögur undir hverjum málaflokki fyrir sig.

b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 18,4 m.kr. og verða 40,8 m.kr. en eru 22,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um 18 m.kr. tilfærslu á fjárveitingum

Hrafnseyrar við Arnarfjörð til forsætisráðuneytisins frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samræmi við breytingar á forsetaúrskurði.

c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 200 m.kr. og er það 99,5 m.kr. hækkun milli ára. Framlögin á næsta ári eru ætluð til að mæta undirbúningskostnaði vegna framkvæmdasamkeppni viðbyggingar fyrir forsætisráðuneytið á baklóð Stjórnarráðshússins auk undirbúningskostnaður vegna skipulagssamkeppni um uppbyggingu á Stjórnarráðsreit sem markast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg, Lindargötu, Sölvhólsgötu og Skuggasunds. Þá var framkvæmd tilfærsla á 50,5 m.kr. af fjárfestingaframlagi yfir á rekstrarframlög.

## 3.1 Embætti forseta Íslands

Undir þennan málaflokk fellur rekstur forsetaembættisins. Það er viðvarandi verkefni að treysta umgjörð embættisins í samræmi við stöðu forseta Íslands sem þjóðhöfðingja, æðsta handhafa framkvæmdarvalds og annars handhafa löggjafarvalds í landinu og tryggja þannig að forsetinn fái sinnt embættisskyldum sínum innanlands og erlendis af kostgæfni og virðuleik. Málaflokkurinn heyrir undir forsætisráðherra.

### Fjárheimildir

| 03.10 Embætti forseta Íslands | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 283,3 | 293,8 | 365,2 | 24,3 | 28,9 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 3,9 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **287,2** | **293,8** | **365,2** | **24,3** | **27,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 293,8 | 365,2 | 24,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **293,8** | **365,2** | **24,3** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 365,2 m.kr. og hækkar um 62,2 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 9,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir 32 m.kr. tímabundnu framlagi vegna viðhaldsframkvæmda á húseigninni að Laufásvegi 72, gestahúsi forseta. Brýnt er að gera við húsið að utanverðu til að fyrirbyggja frekari skemmdir og til að varðveita þær viðgerðir sem þegar hafa verið unnar.

b. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 25 m.kr. vegna fjölda ríkisheimsókna og væntrar móttöku erlendra þjóðhöfðingja á árinu 2018. Tengjast

þær meðal annars hátíðarhöldum vegna aldarafmælis fullveldis Íslands þann 1. desember 2018.

c. Með lögum nr.12/2009 urðu lögfestar þær breytingar á eftirlaunum forseta að lífeyrisréttindi hans fara samkvæmt almennum reglum og ber ríkissjóði samkvæmt þeim að greiða mótframlag í A-deild Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eða jafnhátt hlutfall og fyrir almenna sjóðfélaga sbr. 13.gr. laga um sjóðinn. Með lagabreytingunni voru lög nr. 141/2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara afnumin. Þau héldu þó gildi sínu gagnvart þáverandi forseta Íslands. Áætlaður kostnaður vegna þessa á ársgrundvelli er 5,2 m.kr. og hækka fjárveitingar til embættisins sem því nemur.

### 3.2 Ríkisstjórn

Undir þennan málaflokk falla laun ráðherra og aðstoðarmanna þeirra. Hlutverk ráðherra er að fara með og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu málefnasviði samkvæmt ákvæðum forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna. Málaflokkurinn heyrir undir forsætisráðherra.

**Fjárheimildir**

| 03.20 Ríkisstjórn | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 386,6 | 445,0 | 461,0 | 3,6 | 19,2 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **386,6** | **445,0** | **461,0** | **3,6** | **19,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 445,0 | 461,0 | 3,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **445,0** | **461,0** | **3,6** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 461 m.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 16 m.kr. sem nemur almennum launa- og verðlagsbreytingum.

### 3.3 Forsætisráðuneyti

Undir þennan málaflokk fellur aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins og tengd verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið og málaflokka.

Umfang og áherslur í starfsemi og rekstri forsætisráðuneytisins ráðast mjög af stefnumálum og áherslum ríkisstjórnar hverju sinni og verkaskiptingu samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Meginmarkmið forsætisráðuneytisins er að skapa forsætisráðherra trausta og faglega umgjörð þannig að hann fái sem best sinnt forystuhlutverki sínu í íslensku samfélagi, m.a. á vettvangi ríkisstjórnar, ráðherranefnda og á Alþingi og fyrir hönd þjóðarinnar á erlendum vettvangi og í alþjóðasamskiptum. Málaflokkurinn heyrir undir forsætisráðherra.

## Fjárheimildir

| 03.30 Forsætisráðuneyti | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 778,2 | 916,7 | 1.319,5 | 43,9 | 69,6 |
| Rekstrartilfærslur | 89,0 | 22,4 | 40,8 | 82,1 | -54,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 100,3 | 100,5 | 200,0 | 99,0 | 99,4 |
| **Heildarútgjöld** | **967,5** | **1.039,6** | **1.560,3** | **50,1** | **61,3** |
| Rekstrartekjur | - | 1,6 | 1,6 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.038,0 | 1.558,7 | 50,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.039,6** | **1.560,3** | **50,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.560,3 m.kr. og hækkar um 493,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 27,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárfestingarframlög vegna Stjórnarráðsbygginga eru áætluð 200 m.kr. á árinu 2018 og er það 150 m.kr. hækkun milli ára. Framlögin á næsta ári eru ætluð til að mæta undirbúningskostnaði vegna framkvæmdasamkeppni viðbyggingar fyrir forsætisráðuneytið á baklóð Stjórnarráðshússin auk undirbúningskostnaðar vegna skipulagssamkeppni um uppbyggingu á Stjórnarráðsreit sem markast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg, Lindargötu, Sölvhólsgötu og Skuggasunds. Frumathugun um nýbygginguna hefur þegar verið unnin og gerð frumathugunar um seinna verkefnið er á lokastigi. Í þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 13. október 2016 um hvernig minnast skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands er þess getið að fela ríkisstjórninni jafnframt af því tilefni að efna til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulags á Stjórnarráðsreit. Áformað er að niðurstöður beggja samkeppnanna verði kynntar á sýningu um verkefnin sem opnuð verði 1. desember 2018 í tilefni aldarafmælisins.
b. Áætlaðar eru 105 m.kr., þar af 20 m.kr. tímabundið í eitt ár, til að fylgja eftir áherslum ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að til staðar verði í forsætisráðuneytinu formlegur vettvangur samhæfingar áherslna stjórnarsáttmála innan Stjórnarráðsins sem hafi stöðuga langtímayfirsýn yfir stöðu allra verkefna sem tengjast meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar og umboð til eftirfylgni með þeim. Gert er ráð fyrir

að þetta krefjist eftir atvikum aðkomu sérhæfðs starfsfólks og ráðgjafa. Stefnuféð verður einnig nýtt í verkefni er tengjast þjóðaröryggi í samræmi við ný lög nr. 98/2016 um þjóðaröryggisráð sem forsætisráðherra fer fyrir, nýjum verkefnum á sviði hagsstjórnarmála, s.s. í tengslum við flutning Hagstofu Íslands til forsætisráðuneytisins, Þjóðhagsráði, vinnumarkaði, félagslegum stöðugleika og fleiri atriðum sem máli skipta fyrir framgang stjórnarsáttmálans.

c. Gert er ráð fyrir 85 m.kr. framlagi til að fjármagna skuldbindingar og vinna áfram viðamikil forgangsverkefni fyrri ríkisstjórnar. Hér er einkum átt við endurskoðun á ramma peningastefnu og stofnun þjóðarsjóðs. Bæði þessi verkefni voru hluti af stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar en í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar frá 30. nóvember 2017 er kveðið á um að halda skuli þessum verkefnum áfram. Framlag þetta skal einnig nota til að efla vinnu við skráningu þjóðlendna og innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
d. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á fullveldishátíð sem halda á þann 1. desember 2018 samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti 13. október 2016. Forsætisráðuneytið fer fyrir hátíðarviðburðum á þeim degi og verður erlendum þjóðhöfðingjum boðin þátttaka. Vinna við undirbúning og gerð viðburðardagskrár stendur yfir og gert er ráð fyrir að ráðinn verði tímabundið verkefnisstjóri til að skipuleggja, sjá um framkvæmd og að halda utan um hátíðarhöldin. Áætlaður kostnaður vegna viðburða sem eru í umsjá forsætisráðuneytis og utanumhalds er 65 m.kr.
e. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 27 m.kr. vegna millifærslu verkefna frá Alþingi við yfirlestur stjórnarskjala. Því til viðbótar er gert ráð fyrir 13,5 m.kr. hækkun fjárheimilda svo að hægt sé að sinna verkinu eins og nauðsynlegt er talið.
f. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. framlagi til að mæta útgjöldum vegna framkvæmda við heimreið og heimasvæði á Bessastöðum. Þá er gert ráð fyrir 15 m.kr. tímabundnu framlagi til að mæta kostnaði við undirbúningsvinnu, tillögugerð og hönnun til að bæta aðgengi fatlaðra á Bessastöðum.
g. Áætlað er að verja 25 m.kr. í endurbætur og viðhald á húsnæði, eignum og jörð á Hrafnseyri við Arnarfjörð.
h. Gert er ráð fyrir að verja 17,5 m.kr. til að styrkja öryggismál í Stjórnarráðinu í samræmi við tillögur Ríkislögreglustjóra.
i. Þá flytjast 29,4 m.kr. frá aðalskrifstofu forsætisráðuneytis til aðalskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna kostnaðar við umsýslu þeirra verkefna sem fluttust á milli ráðuneytanna við ríkisstjórnarskipti í janúar 2017.
j. Framlag til málaflokksins hækkar um 18 m.kr. með flutningi á málefnum Hrafnseyrar við Arnarfjörð til forsætisráðuneytis frá mennta- og menningarmálaráðuneyti í samræmi við breytingar á forsetaúrskurði.
k. Niður fellur 7 m.kr. framlag sem veitt var vegna öryggismyndavéla á Bessastöðum.

# 4 Utanríkismál

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð utanríkisráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka, en þeir eru:

- Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála.
- Utanríkisviðskipti.
- Samstarf um öryggis- og varnarmál.
- Þróunarsamvinna.
- Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 04 Utanríkismál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **04.10 Utanríkisþj. og stjórnsýsla utanrík.mála** | **4.923,9** | **5.009,5** | **5.323,8** | **6,3** | **8,1** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 4.923,9 | 5.009,5 | 5.323,8 | 6,3 | 8,1 |
| **04.20 Utanríkisviðskipti** | **620,1** | **686,0** | **752,0** | **9,6** | **21,3** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 620,1 | 686,0 | 752,0 | 9,6 | 21,3 |
| **04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál** | **981,5** | **1.549,7** | **1.891,7** | **22,1** | **92,7** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 981,5 | 1.549,7 | 1.891,7 | 22,1 | 92,7 |
| **04.40 Þróunarsamvinna** | **4.585,4** | **4.827,3** | **5.496,9** | **13,9** | **19,9** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 4.585,4 | 4.827,3 | 5.496,9 | 13,9 | 19,9 |
| **04.50 Samningsb. framlög v. fjölþj.samstarfs** | **1.731,4** | **1.624,5** | **1.474,5** | **-9,2** | **-14,8** |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 1.731,4 | 1.624,5 | 1.474,5 | -9,2 | -14,8 |
| **Samtals** | **12.842,3** | **13.697,0** | **14.938,9** | **9,1** | **16,3** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 14.939 m.kr. og aukast um 1.086 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 7,9%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.242 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,1%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.057 m.kr. til hækkunar.
b. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var 141 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 141 m.kr. af samtals 170 m.kr. óskiptu útgjaldasvigrúmi til nýrra verkefna í rammanum á móti aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 29 m.kr.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, eru áætlaðar um 156 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 14.939 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun til utanríkismála breytist milli ára sem hér segir:

| 04 Utanríkismál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 6.141,0 | 7.763,7 | 7.175,6 | -7,6 | 16,8 |
| Rekstrartilfærslur | 6.548,7 | 5.933,3 | 7.763,3 | 30,8 | 18,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 19,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 132,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **12.842,3** | **13.697,0** | **14.938,9** | **9,1** | **16,3** |
| Rekstrartekjur | - | 397,2 | 400,9 | 0,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 13.299,8 | 14.538,0 | 9,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **13.697,0** | **14.938,9** | **9,1** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 7.175,6 m.kr og lækka um 588,1 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um:

- Samstarf um öryggis- og varnarmál sem lækkar um 1.328 m.kr. að mestum hluta vegna breyttra framsetningar í fjárlögum úr rekstrarframlagi yfir í rekstrartilfærslur, til samræmis framsetningu í ríkisreikningi.
- Þróunarsamvinnu sem hækkar um 425,6 m.kr.
- Utanríkisþjónustu og stjórnsýslu utanríkismála sem hækkar um 314,3 m.kr.

b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 1.830,0 m.kr. og verða 7.776,3 m.kr. en eru 5.933,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um:

- Samstarf um öryggis- og varnarmál sem hækkar um 1.670 m.kr að mestum hluta vegna breyttrar framsetningar í fjárlögum úr rekstrarframlagi yfir í rekstrartilfærslur, til samræmis framsetningu í ríkisreikningi.
- Þróunarsamvinnu sem hækkar um 244 m.kr
- Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs sem lækka um 150 m.kr.
- Utanríkisviðskipti sem hækka um 66 m.kr.

## 4.1. Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla verkefni sem snúa að því að standa vörð um hag íslenskra ríkisborgara erlendis ásamt alþjóðlegri og svæðisbundinni samvinnu um frið og öryggi,

þjóðarétt, mannréttindi og auðlinda- og umhverfismál. Starfsemi málaflokksins fellur undir utanríkisráðuneytið en virkt samráð fer fram við fagráðuneytin.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að standa betur vörð um hag íslenskra ríkisborgara sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis.
2. Að standa betur vörð um grunngildi utanríkisstefnu Íslands, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.
3. Að standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, m.a. á norðurslóðum.

| **Nr.** | **Tengist markmiði nr.** | **Aðgerð** | **Framkvæmdaraðili** |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Eftirfylgni á endurskoðun stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar á forgangsröðun verkefna í utanríkis-þjónustunni. | UTN |
| 2 | 1 | Auka enn frekar virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun, t.d þegar hættuástand skapast. | UTN |
| 3 | 2 | Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu; bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði sbr. t.d. rakarastofuviðburði, og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga. | UTN |
| 4 | 2 | Tryggja virka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi, m.a. á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskauts-ráðinu og standa vel að undirbúningi fyrir formennsku í norrænu samstarfi (N5+NB8) 2019 og Norðurskautsráðinu 2019-2021. | UTN |
| 5 | 3 | Tryggja hagsmuni Íslands í málefnum er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátt-töku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnu-mótun þvert á fagráðuneyti. | UTN |
| 6 | 3 | Tryggja hagsmuni Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftlagsmál, þ.m.t. framfylgd Parísarsátt-málans og samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgða í loftslagsmálum. | UTN |
| 7 | 1, 2 og 3 | Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmuna-mál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnasviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis. | UTN |

## Fjárheimildir

| 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.700,8 | 4.913,2 | 5.227,5 | 6,4 | 11,2 |
| Rekstrartilfærslur | 90,3 | 96,3 | 96,3 | 0,0 | 6,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 132,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **4.923,9** | **5.009,5** | **5.323,8** | **6,3** | **8,1** |
| Rekstrartekjur | - | 151,1 | 149,4 | -1,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.858,4 | 5.174,4 | 6,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **5.009,5** | **5.323,8** | **6,3** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 5.323,8 m.kr. og hækkar um 230,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 83,6 m.kr. Fjárhæðin sem birtist undir þessum lið endurspeglar ekki útgjöld utanríkisþjónustunnar vegna málaflokksins þar sem stórum hluta fjárhæðinnar er varið í utanríkisviðskipti (sjá umfjöllun næsta málaflokks). Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 88,7 m.kr. til að efla sendiráð Íslands í Peking þar sem áætlanir gera ráð fyrir að vegabréfsáritunum þar fjölgi mikið milli ára vegna fjölgunar ferðamanna á leið til Íslands. Þessi aukning á framlögum til málaflokksins veldur ekki breytingum á heildarstöðu ríkissjóðs vegna þess að tekjur koma á móti.
b. Í samræmi við áform ríkisstjórnar er fjárheimild málaflokksins aukin tímabundið til þriggja ára um 62 m.kr. á ári til að gæta vel að hagsmunum Íslands við úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu. Fjárheimildin er í samræmi við aðgerð nr. 4 í málaflokknum *utanríkisviðskipti*.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 36 m.kr. til að endurnýja samning stjórnarráðsins við alþjóðlegt almannatengslafyrirtæki sbr. markmið nr. 3 og aðgerð nr. 7 og markmið nr. 1 og aðgerð nr. 6 í málaflokknum *utanríkisviðskipti*.
d. Gert er ráð fyrir að 29 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins verði varið til þess að hækka fjárheimildir málaflokksins í samræmi við ofangreind markmið og aðgerðir (sjá einnig markmið og aðgerðir málaflokksins utanríkisviðskipti).
e. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 15 m.kr. vegna undirbúnings formennsku í Norðurskautsráði 2019-2021 sbr. markmið nr. 2 og aðgerð nr.4.

## 4.2 Utanríkisviðskipti
## Markmið og aðgerðir

Meginverkefni málaflokksins er að standa vörð um efnahags- og viðskiptahagsmuni

Íslands erlendis. Unnið er að því með gerð og rekstri viðskiptasamninga, en þar er EES-samningurinn veigamestur, og viðskiptaþjónustu við fyrirtæki. Viðskiptaskrifstofa ráðuneytisins, Íslandsstofa og sendiskrifstofur vinna í samstarfi að viðskiptaþjónustu, ferðamálum og menningarkynningu en sérstakir viðskiptafulltrúar eru við störf í sumum sendiskrifstofum. Þá er unnið að því að efla utanríkisviðskipti í tvíhliða-, marghliða- og alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi EES, EFTA, WTO og OECD. Málaflokkurinn er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningarlífs að erlendum mörkuðum, og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, m.a. með fríverslunarsamningum.
2. Að styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera.
3. Að efla hagsmunagæslu Íslands við mótun EES löggjafar og innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Styrkja samstarf sendiskrifstofa og Íslandsstofu og efla samstarf við atvinnulífið m.a. með því að skoða hvernig Íslandsstofa getur betur kynnt Ísland sem heimahöfn rannsóknar- og þróunarverkefna í samræmi við áform ríkisstjórnar. | UTN/Íslandsstofa |
| 2 | 1 og 2 | Setja á fót útflutnings og markaðsráð sem mun marka og samþykkja langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir útflutningsaðstoð og markaðssetningu. | UTN/Íslandsstofa |
| 3 | 1 og 2 | Styrkja menningarstarf sendiskrifstofa í samstarfi við Íslandsstofu, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagsmunaaðila. | UTN/Íslandsstofa |
| 4 | 1 | Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum sem leiða af brotthvarfi Bretlands úr ESB í samræmi við áform ríkisstjórnar. | UTN |
| 5 | 1 | Kynna fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífinu og efla samráð við hagsmunaaðila. | UTN |
| 6 | 1 | Setja heildarstefnu á sviði utanríkisviðskipta, m.a. með það að markmiði að styrkja net viðskiptasamninga og fjölga fríverslunarsamningum, bæði tvíhliða og í samvinnu við önnur EFTA-ríki og afnema viðskiptahindranir. | UTN |
| 7 | 3 | Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES löggjafar. | UTN/Fagráðuneyti |
| 8 | 3 | Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða. | UTN/Fagráðuneyti |
| 9 | 3 | Auka samstarf við önnur EFTA-ríki á fyrri stigum upptökuferlis. | UTN/Fagráðuneyti |

## Fjárheimildir

| 04.20 Utanríkisviðskipti | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 620,1 | 686,0 | 752,0 | 9,6 | 21,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **620,1** | **686,0** | **752,0** | **9,6** | **21,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 686,0 | 752,0 | 9,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **686,0** | **752,0** | **9,6** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 752 m.kr. og hækkar um 66 m.kr. frá gildandi fjárlögum í samræmi við áætlaða hækkun tekna af markaðsgjaldi. Hækkunin tengist fyrrgreindum markmiðum um að tryggja íslensku atvinnulífi greiðan aðgang að erlendum mörkuðum og að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar með markvissu kynningar- og markaðsstarfi erlendis.

Sú fjárhæð sem birtist hér undir þessum lið endurspeglar ekki öll útgjöld utanríkisþjónustunnar vegna utanríkisviðskipta. Fjárhæðin sýnir einungis áætlað markaðsgjald sem rennur lögum samkvæmt til Íslandsstofu. Megnið af fjárheimildum vegna utanríkisviðskipta falla undir málaflokkinn *utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála* og renna til aðalskrifstofu, þýðingamiðstöðvar og sendiskrifstofa.

## 4.3 Samstarf um öryggis- og varnarmál

## Markmið og aðgerðir

Ísland er herlaus þjóð sem tryggir öryggi sitt og varnir með virku samstarfi við önnur ríki. Þátttaka Íslands í starfi Atlantshafsbandalagsins (NATO) og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), virkt samstarf við grannríki á sviði öryggismála og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru meginstoðir í stefnu Íslands um öryggi og varnir landsins. Í samstarfinu felst m.a. gistiríkjastuðningur, loftrýmiseftirlit, loftrýmisgæsla, kafbátaeftirlit, tæknisamstarf og varnaræfingar. Enn fremur ábyrgjast íslensk stjórnvöld rekstur íslenska loftvarnarkerfisins og tengdra upplýsingakerfa og annarra mannvirkja á Íslandi, þ.m.t. mannvirkja á eignalista NATO hér á landi. Málaflokkurinn er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að tryggja að ávallt séu til staðar á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggja á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og

varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.

2. Að tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnarkerfisins og annarra kerfa og mannvirkja á Íslandi.
3. Að tryggja að til staðar sé fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsauka á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

| **Nr.** | **Tengist markmiði nr.** | **Aðgerð** | **Framkvæmdaraðili** |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Tryggja virka þátttöku Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFCO og SÞ á sviði öryggis- og varnarmála og í samræmi við þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 2 | 1 | Tryggja varnarsamstarfið við Bandaríkin t.d. vegna eftirlits með Norður Atlantshafinu. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 3 | 1 | Tryggja nægar fjárveitingar til málaflokksins bæði frá íslenska ríkinu og NATO í samræmi við skuldbindingar. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 4 | 1 | Uppfæra varnaráætlun NATO fyrir Noreg, Ísland og Norður-Atlantshafið og útfæra varnaráætlun fyrir Ísland. Undirbúa og taka þátt í Trident Juncture æfingum sem fara að hluta fram umhverfis Ísland. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 5 | 2 | Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum á Íslandi, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS). | UTN/Landhelgisgæslan |
| 6 | 2 | Tryggja rekstur og reglubundið viðhald tækja og kerfa sem tengjast þátttöku Íslands í samþættu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu NATO við Ísland og eftirliti með hafinu, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvar-kerfið. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 7 | 2 | Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loft-rýmisgæslu og rekstur ratsjárkerfisins. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 8 | 3 | Styrkja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands á öryggis-svæðinu til að takast á við aukningu í loftrýmisgæslu og varnartengdum verkefnum. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 9 | 3 | Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggis-svæðunum. | UTN/Landhelgisgæslan |
| 10 | 1 | Fjölgun borgaralegra sérfræðinga vegna samstöðuaðgerða á vegum NATO. | UTN |

**Fjárheimildir**

| 04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 85,3 | 1.453,7 | 125,7 | -91,4 | 47,4 |
| Rekstrartilfærslur | 876,4 | 96,0 | 1.766,0 | 1.739,6 | 101,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 19,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **981,5** | **1.549,7** | **1.891,7** | **22,1** | **92,7** |
| Rekstrartekjur | - | 109,4 | 111,8 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.440,3 | 1.779,9 | 23,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.549,7** | **1.891,7** | **22,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.891,7 m.kr. og hækkar um 287,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 54,5 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 215 m.kr. á ársgrundvelli í samræmi við ofangreind markmið og aðgerðir og verður sem fyrr alfarið á borgaralegum forsendum. Í fyrsta lagi til að kosta borgaralega sérfræðinga til verkefna hjá NATO og þannig verði mögulegt að fjölga sérfræðingastöðum. Í öðru lagi til að verja í átakssjóði NATO sem samræmast áherslum íslenskra stjórnvalda og forgangsmálum bandalagsins. Í þriðja lagi til að efla gistiríkjastuðning og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli í ljósi aukinna umsvifa þar, meðal annars í tengslum við loftrýmisgæslu og æfingar. Í fjórða lagi vegna kostnaðar tengdu þjóðaröryggisráði sem meðal annars er ætlað að stuðla að fræðslu og útgáfu sem lýtur að málefnum tengdum þjóðaröryggi.
b. Fjárheimild málaflokksins er einnig aukin um 72,5 m.kr. vegna samningsbundinnar endurnýjunar loftvarnarkerfisins árið 2020 sem áætlað er að kosti um 2,9 ma.kr. Ísland hefur gert kröfu um að NATO greiði 75% á móti 25% hlutdeild Íslands sem áætluð er 725 m.kr. og dreifist á 10 ár frá og með árinu 2018. Endanleg niðurstaða um kostnaðarhlutdeild liggur ekki fyrir. Tengist þetta markmiði nr. 2 og aðgerð nr.6.

## 4.4 Þróunarsamvinna

### Markmið og aðgerðir

Meginverkefni málaflokksins er þróunarsamvinna í samstarfi við valin samstarfslönd og svæði, fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök. Verkefnum er sinnt af þróunarsamvinnuskrifstofu ráðuneytisins, tveimur sendiskrifstofum í Afríku, í Malaví og Úganda, og fastanefndum Íslands í New York, Genf, París og Róm.

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Með virkri þátttöku á þessu sviði leitast Ísland við að uppfylla skyldur sínar sem ábyrg þjóð. Þannig taka íslensk stjórnvöld þátt í baráttu alþjóðasamfélagsins gegn fátækt og fyrir friði og betri lífskjörum á heimsvísu. Aðild að Sameinuðu þjóðunum er helsti grundvöllur þróunarsamvinnu Íslands og Heimsmarkmið SÞ um sjálfbæra þróun varða veginn. Málaflokkurinn er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, með jafnrétti að leiðarljósi.
2. Að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar m.a. með nýtingu á íslenskri sérþekkingu.
3. Að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Jafnréttismál: Stuðningur við UN Women í Mósambík, Sýrlandi og Palestínu. Stuðningur við jafnréttissjóð Alþjóðabankans og Jafnréttisskóla HSÞ á Íslandi. Samþætting kynjasjónarmiða í öll verkefni. | UTN |
| 2 | 1 | Menntun: Samstarfsverkefni á sviði grunnmenntunar í Úganda (Buikwe og Kangala) og Malaví (Mangochi). | UTN |
| 3 | 1 | Heilsa: Samstarfsverkefni á sviði heilbrigðiþjónustu með héraðsyfirvöldum í Mangochi héraði í Malaví. Stuðningur við UNICEF í Palestínu og samstarfsverkefni UNICEF og UNFPA um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna. | UTN |
| 4 | 1 | Vatn: Samstarfsverkefni á sviði vatns- og hreinlætisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Úganda (Buikwe) og Malaví (Mangochi). Stuðningur við UNICEF í Mósambík (Zambesía). | UTN |
| 5 | 2 | Fiskimál: Stuðningur við Sjávarútvegsskóla HSÞ á Íslandi og fiskisamstarf innan Alþjóðabankans. | UTN |
| 6 | 2 | Endurnýjanleg orka: Stuðningur við jarðhitarannsóknir í Austur Afríku, Jarðhitaskóla HSÞ á Íslandi, jarðhita- og orkusamstarf innan Alþjóðabankans, SE4ALL og UN Environment. Samstarf við NDF um jarðhitaþjálfun í Mið- og Suður Ameríku. | UTN |
| 7 | 2 | Landgræðsla: Stuðningur við Landgræðsluskóla HSÞ á Íslandi. | UTN |
| 8 | 1, 2 og 3 | Umhverfis- og loftslagsmál: Framlög til Græna loftslagssjóðsins og sjóðs UNFCCC fyrir fátækustu þróunarríkin. Samþætting umhverfissjónarmiða í öll verkefni. | UTN |
| 9 | 3 | Mannúðaraðstoð: Framlög til OCHA, CERF, UNHCR, WFP og ICRC. Rammasamningar og styrkir til borgarasamtaka og áherslustofnana. Eyrnamerkt framlög og liðsafli til áherslustofnana, ICRC, og Alþjóðabjörgunarsveitarinnar/Landsbjargar. | UTN |

**Áhrif aðgerða málaflokks á markmið um jafna stöðu karla og kvenna**

Utanríkisráðuneytið vann jafnréttismat á aðgerðum málaflokksins, sjá nánar í kafla um kynjaða fjárlagagerð. Samandregin niðurstaða matsins er sú að allar aðgerðirnar hafa mögulega áhrif á jafnrétti, flestar eru til þess fallnar að stuðla að jafnrétti og jafnréttissjónarmið eru að jafnaði samþætt útfærslu þeirra.

**Fjárheimildir**

| 04.40 Þróunarsamvinna | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.354,0 | 1.396,8 | 1.822,4 | 30,5 | 34,6 |
| Rekstrartilfærslur | 3.231,4 | 3.430,5 | 3.674,5 | 7,1 | 13,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.585,4** | **4.827,3** | **5.496,9** | **13,9** | **19,9** |
| Rekstrartekjur | - | 136,7 | 139,7 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.690,6 | 5.357,2 | 14,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **4.827,3** | **5.496,9** | **13,9** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 5.496,9 m.kr. og hækkar um 553,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 115,7 m.kr. Miðað er við að 0,26% af vergum þjóðartekjum (VÞT) verði varið til opinberrar þróunaraðstoðar (e. ODA) í heild, þar af fara 0,2% til málefnasviðsins utanríkismál. Til viðbótar útgjöldum í þessum málaflokki koma önnur framlög sem teljast til opinberrar þróunaraðstoðar þ.m.t. stofnfjárframlög sem færast ekki um rekstrarreikning heldur eru eignfærð í efnahagsreikning ríkissjóðs, en þau gætu numið um 450-750 m.kr. á ári, og hluti útgjalda á öðrum málefnasviðum vegna hælisleitenda og móttöku kvótaflóttamanna sem í þessu sambandi er áætlaður um 650 m.kr. árið 2018. Samtals er gert ráð fyrir að framlög sem teljast til opinberrar þróunaraðstoðar samsvari 0,26% af VÞT á árinu 2018. Í samræmi við áform ríkisstjórnar er stefnt að því að auka framlög til opinberrar þróunaraðstoðar á næstu árum og að framlög verði 0,35% af VÞT eftir fimm ár.

**4.5 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs**

Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á ofangreind verkefni.

## Fjárheimildir

| 04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,9 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 1.730,5 | 1.624,5 | 1.474,5 | -9,2 | -14,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.731,4** | **1.624,5** | **1.474,5** | **-9,2** | **-14,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.624,5 | 1.474,5 | -9,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.624,5** | **1.474,5** | **-9,2** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.474,5 m.kr. og lækkar um 51,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá er talin 98,1 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna almennrar verðlags- og gengisuppfærslu frumvarpsins. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir 83,7 m.kr. lækkun á framlögum til uppbyggingarsjóðs EES í samræmi við nýjustu áætlanir frá sjóðnum.
b. Gert er ráð fyrir að aðildargjöld til annarra alþjóðastofnana hækki um 31,8 m.kr. en miðað er við að framlögin fylgi spá um vöxt nafnvirðis þjóðartekna.

# 5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á málefnasviðinu er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Skattar og innheimta.
- Eignaumsýsla ríkisins.
- Fjármálaumsýsla ríkisins.
- Stjórnsýsla ríkisfjármála.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **05.10 Skattar og innheimta** | **7.204,4** | **7.919,1** | **7.906,0** | **-0,2** | **9,7** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 7.204,4 | 7.919,1 | 7.906,0 | -0,2 | 9,7 |
| **05.20 Eignaumsýsla ríkisins** | **8.863,1** | **5.348,1** | **6.078,5** | **13,7** | **-31,4** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 8.863,1 | 5.348,1 | 6.078,5 | 13,7 | -31,4 |
| **05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins** | **3.996,5** | **4.197,8** | **4.285,1** | **2,1** | **7,2** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 3.996,5 | 4.197,8 | 4.285,1 | 2,1 | 7,2 |
| **05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála** | **24.199,9** | **3.425,5** | **3.590,5** | **4,8** | **-85,2** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 24.199,9 | 3.425,5 | 3.590,5 | 4,8 | -85,2 |
| **Samtals** | **44.263,9** | **20.890,5** | **21.860,1** | **4,6** | **-50,6** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 21.860 m.kr. og aukast um 416,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 969,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 742 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 212 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 529 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 163 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var 301 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta þann hluta útgjaldasvigrúmsins sem nemur reiknuðum raunvexti, 138 m.kr., að fullu á móti aðhaldskröfu.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins og er ráðgert að ráðstafa því til verkefna tengdum umbótum í ríkisrekstri, samtals 40 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 553 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 21.860 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 37.900,1 | 19.295,8 | 20.286,6 | 5,1 | -46,5 |
| Rekstrartilfærslur | 496,4 | 665,7 | 660,6 | -0,8 | 33,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 3,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 5.864,3 | 929,0 | 912,9 | -1,7 | -84,4 |
| **Heildarútgjöld** | **44.263,9** | **20.890,5** | **21.860,1** | **4,6** | **-50,6** |
| Rekstrartekjur | - | 7.970,4 | 8.826,7 | 10,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 12.920,1 | 13.033,4 | 0,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **20.890,5** | **21.860,1** | **4,6** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 20.286,6 m.kr og hækka um 990,8 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum munar mest um eftirtaldar breytingar:
   - Átak til að bæta rekstur og þjónustu stofnana með aðkomu sérstaks teymis sem aðstoðar ráðuneyti og stofnanir við að greina tækifæri til úrbóta og koma þeim til framkvæmda.
   - Gert er ráð fyrir hækkun tollafgreiðslugjalda í hlutfalli við aukinn fjölda ferðamanna sem hljóta tollafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli.
   - Framlag til Kjara- og mannauðssýslu ríkisins vegna aukinnar starfsemi.
   - Framlag til umbótamála í starfsemi Fjársýslu ríkisins.

b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 5,1 m.kr. og verða 660,6 m.kr. en eru 665,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2017.

c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 912,9 m.kr. og lækka um 16,1 m.kr. milli ára.

## 5.1 Skattar og innheimta

**Markmið og aðgerðir**

Skattframkvæmd er á hendi embættis ríkisskattstjóra, embættis skattrannsóknarstjóra, embættis tollstjóra og yfirskattanefndar. Starfsemi í málaflokknum er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.
2. Bæta aðgengi, framboð og gæði að upplýsingum um skattamál, m.a. með samræmdari stjórnsýslu skattamála.
3. Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 2 | Sérstakur starfshópur sérfræðinga RSK og tollstjóra með aðkomu FJR leggi drög að sameiginlegri þjónustugátt embættanna og skili tillögum fyrir mitt ár 2018. | FJR, RSK og tollstjóri. |
| 2 | 2 | Endurskoðun samstarfssamnings ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og tollstjóra frá 21. júní 2016 með áherslu á aukin samskipti við ráðuneytið. Teknir upp reglubundnir fundir, a.m.k. tvisvar á ári með stofnununum og FJR; þ.e. í júní og desember. | FJR, RSK, SRS og tollstjóri. |
| 4 | 17.5[1] | Heildarendurskoðun gjaldtöku í samgöngum, svokölluðum grænum sköttum og skattaívilnunum m.a. um vistvæn ökutæki, þannig að skattheimtan þjóni loftslagsmarkmiðum. | FJR í samráði við IRR, ANR og UAR. |
| 5 | 3 | Hafist verður handa við endurskipulagningu innheimtukerfis opinberra gjalda á grundvelli tillagna starfshóps fyrir mitt ár 2018. Frumvarp um innheimtu opinberra gjalda lagt fram á haustþingi 2018. | FJR |
| 6 | 1 | Hert skatteftirlit, efling skattrannsókna og virkari innheimta. Vinnuhópur skili tillögum um hvernig megi bæta skattskil fyrir haustþing 2018. | FJR, RSK og tollstjóri. |
| 7 | | Endurskoðun skattlagningar á tónlist, fjölmiðla og íslenskt ritmál, þ.m.t. bækur. | FJR og MRN |
| 8 | 1 | Útfærsla á tillögum starfshópa um frekari aðgerðir gegn skattundandrætti og skattaskjólum og einnig starfshóps um skattlagningu erlendrar ferðaþjónustu. Frumvarp liggi fyrir á vorþingi 2018. | FJR |
| 9 | 2 | Unnið verður að endurskoðun reglugerðar um skatteftirlit og skattrannsóknir í því augnamiði að skerpa skil milli verkefna RSK og SRS. Verði lokið eigi síðar en 1. júlí 2018. | FJR |

[1] Vísun í markmið 1 í málaflokki 17.5 – stjórnsýsla umhverfismála (aðgerðaáætlun í loftslagsmálum).

## Fjárheimildir

| 05.10 Skattar og innheimta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 7.066,1 | 7.893,5 | 7.879,9 | -0,2 | 11,5 |
| Rekstrartilfærslur | 0,1 | 25,6 | 26,1 | 2,0 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 138,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **7.204,4** | **7.919,1** | **7.906,0** | **-0,2** | **9,7** |
| Rekstrartekjur | - | 935,8 | 935,3 | -0,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 6.983,3 | 6.970,7 | -0,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **7.919,1** | **7.906,0** | **-0,2** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 7.906 m.kr. og lækkar um 261 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 248 m.kr. Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er að 200 m.kr. framlag, sem veitt var embætti Tollstjóra í fjárlögum 2013 til fimm ára vegna endurnýjunar tveggja tollakerfa, fellur niður.

## 5.2 Eignaumsýsla ríkisins

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn heyrir eignaumsýsla ríkisins gagnvart félögum, eignarhald og umsýsla fasteigna, jarðeigna og auðlinda, undir yfirumsjón fjármála- og efnahagsráðuneytis, og opinberar framkvæmdir sem eru á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Auk yfirumsjónar fjármála- og efnahagsráðuneytis er starfsemi málaflokksins í meginatriðum falin Bankasýslu ríkisins, Ríkiseignum og Framkvæmdasýslu ríkisins.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Viðunandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins.
2. Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.
3. Setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Fylgja eftir útgáfu á eigandastefnum og tryggja innleiðingu á þeim meginreglum, viðmiðum og markmiðum sem þar koma fram. | FJR. |
| 2 | 1 | Greina arðsemi, arðsemiskröfu og arðgreiðslumarkmið fyrir stærri fyrirtæki eins og kostur er, út frá sniðmáti fyrir lykilárangursmarkmið. | FJR. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 og 9[2] | 1 | Útfæra og innleiða eigandastefnu fyrir jarðir, lönd, lóðir og auðlindir í eigu ríkisins. | FJR. |
| 6 | 2 | Fyrir liggi fjárfestingaráætlun til 5 ára vegna húsnæðis- og framkvæmdamála ríkisins. | Framkvæmdasýsla ríkisins leiðir verkefnið í samstarfi við FJR. |
| 7 | 2 | Áframhaldandi undirbúningur upptöku markaðsleigu og leigu sem byggð er á kostnaðargrunni fyrir fasteignir ríkisins. | FJR leiðir verkefnið í samráði við Ríkiseignir. |
| 8 | 2 og 3 | Bæta skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnupplýsingakerfi. | Ríkiseignir. |
| 10 | | Unnin verði skýrsla um stöðu, horfur, álitamál og framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem lögð verði fyrir Alþingi til umfjöllunar áður en stefnumarkandi ákvarðanir verða teknar um fjármálakerfið. | FJR |

**Áhrif aðgerða málaflokks á markmið um jafna stöðu karla og kvenna**

Fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur tekið saman upplýsingar um með hvaða hætti aðgerð styður við markmið um jafnrétti. Samandregin niðurstaða jafnréttismats á aðgerðum málaflokksins fyrir árið 2018 er eftirfarandi: Möguleg áhrif á jafnrétti: aðgerðir nr. 1, 2, 3, 6 og 10. Möguleg engin áhrif á jafnrétti: aðgerðir nr. 4, 5, 7 og 8.

Í framhaldinu var metið hvaða leiðir eru færar:

- Skerpt verði á þáttum almennrar eigendastefnu svo hún styðji skýrt við markmið um jafnrétti, auk útfærslu og innleiðingar á framkvæmdaáætlun til að leiðrétta mögulegan halla, sbr. aðgerð nr. 1.
- Öflun kyngreindra gagna, t.d. um kynjahlutfall í stjórnum opinberra fyrirtækja sbr. aðgerð nr. 1.
- Athugun á ólíku vægi eða hagsmunum kynja sbr. aðgerð nr. 2, 3, 6 og 10.

**Fjárheimildir**

| 05.20 Eignaumsýsla ríkisins | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.270,3 | 4.487,4 | 5.233,5 | 16,6 | 60,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,9 | 17,2 | 17,6 | 2,3 | 1.855,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 5.591,9 | 843,5 | 827,4 | -1,9 | -85,2 |
| **Heildarútgjöld** | **8.863,1** | **5.348,1** | **6.078,5** | **13,7** | **-31,4** |
| Rekstrartekjur | - | 4.967,0 | 5.803,9 | 16,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 381,1 | 274,6 | -27,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **5.348,1** | **6.078,5** | **13,7** | - |

[2] Aðgerðir nr. 3 og 9 í málaflokknum í fjármálaáætlun 2018-2022.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 6.078,5 m.kr. og hækkar um 603,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlags-breytingum en þær nema 127,3 m.kr. Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er 670 m.kr. vegna breytinga á útgjöldum sem koma á móti sömu breytingum á sértekjum og öðrum rekstartekjum á málefnasviðinu í heild sinni.

### 5.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins

**Markmið og aðgerðir**

Undir málaflokkinn heyra fjármálalegir og rekstrarlegir innviðir ríkisins og margvísleg grunnþjónusta til stofnana og ráðuneyta, þ.m.t. reikningsskil ríkisaðila, miðlun upplýsinga um fjármál ríkisins og skilvirk greiðslumiðlun, opinber innkaup og kjara- og mannauðsmál ríkisins, og eru á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

Starfsemi málflokksins er í höndum Fjársýslu ríkisins, Rekstrarfélags stjórnarráðsins, Kjararáðs, Ríkiskaupa, auk margvíslegra smærri verkefna. Kjara- og mannauðssýsla er skipulagslega hluti fjármála- og efnahagsráðuneytis. Seðlabanki Íslands sér um framkvæmd og umsýslu lánamála ríkissjóðs samkvæmt samningi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, er banki ríkissjóðs og sér um varðveislu innlendra innstæðna og gjaldeyriseigna.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Bæta rekstur og nýtingu fjármuna ríkisins.
2. Markvissari stjórnun og skipulag hjá stofnunum ríkisins. Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.
3. Bæta faglega stjórnun mannauðs og auka leiðtogahæfni stjórnenda.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1,2 | Að þróa aðferðir og hefja mælingu á framleiðni í stærstu þjónustukerfum hins opinberra. | FJR/framleiðninefnd |
| 2 | 1 | Tilraunaverkefni um innleiðingu og þróun á innkaupakerfi fyrir valdar A-hluta stofnanir. | FJR, Fjársýslan og Ríkiskaup |
| 3 | 1,2 | Áframhaldandi innleiðing rafrænna reikninga og nýting upplýsinga úr þeim til að auka rekstrarlega yfirsýn. | Fjársýslan |
| 4 | 1,2 | Gerð verður þjónustukönnun hjá stofnunum ríkisins á árinu 2018 með það að markmiði að bæta markvisst almannaþjónustu. | FJR |
| 5 | 1 | Birting reikninga á netinu hafin í skrefum og aðgengi almennings að tölulegum gögnum bætt. | FJR og Fjársýslan |
| 6 | 1 | Uppsetning tölvuskýjaumhverfis, undirbúningur fyrir samrekstur upplýsingatæknikerfa og miðlæg innkaup á hugbúnaði hjá ríkinu. | FJR |
| 7 | 2,3 | Unnið að innleiðingu jafnlaunastaðals í ríkisstofnunum. Stærri ríkisstofnanir fái vottun fyrir lok ársins 2018. | FJR |
| 8 | 2,3 | Birting heildstæðrar stjórnendastefnu og verklagsreglna um hæfniþætti og gerð starfsþróunaráætluna fyrir forstöðumenn. Mannauðsmálum ríkisins gefið meira vægi í fjármálaáætlun. | FJR |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9 | 3 | Mat á stöðu og þróun mannaflaþarfar einstakra stofnana til a.m.k. næstu þriggja ára í tengslum við markmið og áherslur í starfsemi stofnunar. Aðgerðaáætlanir unnar á grundvelli matsins. | FJR í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir |

## Fjárheimildir

| 05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.886,2 | 4.111,2 | 4.198,2 | 2,1 | 8,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,2 | 13,1 | 13,4 | 2,3 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 110,1 | 73,5 | 73,5 | 0,0 | -33,2 |
| **Heildarútgjöld** | **3.996,5** | **4.197,8** | **4.285,1** | **2,1** | **7,2** |
| Rekstrartekjur | - | 2.058,2 | 2.073,2 | 0,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.139,6 | 2.211,9 | 3,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **4.197,8** | **4.285,1** | **2,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.285,1 m.kr. og lækkar um 22,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 109,5 m.kr. Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin: 34 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til aukinna umbótamála í starfsemi Fjársýslu ríkisins, sbr. markmið nr. 1 og 2 og aðgerðir nr. 3 og 5.

## 5.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn heyrir stjórnsýsla ríkisfjármála, innleiðing og framkvæmd laga um opinber fjármál, sem miðar að því að styrkja aðgerðir og ná markmiðum sem birtast í málaflokkum þessa málefnasviðs ásamt öðrum málaflokkum á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra.

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytis, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem verða ekki með góðu móti felld undir önnur málefnasvið eða málaflokka.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Farsæl innleiðing og framkvæmd laga um opinber fjármál.
2. Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Tenging kynjaðrar fjárlagagerðar við ferla og stefnumótun við framsetningu fjármálaáætlunar 2019-2023 á grundvelli laga um opinber fjármál. | FJR |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 | Markmið nr. 1–3 í málaflokki 5.3 | Mótun stefnu og aðgerðaáætlunar undir merkjum íslenska upplýsingasamfélagsins og fyrir upplýsingatækniumhverfi ríkisins. | FJR |
| 3 | 1 | Innleiðing hafin á nýju verklagi við framkvæmd fjárlaga hjá 90% ríkisaðila. | FJR |
| 4 | 1 | Vinna hafin við endurnýjun þjóðhagslíkans sem taki meira mið af þróun opinberra fjármála og endurspeglar betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. | FJR |
| 5 | 1 | Samþætting og þróun stoðþjónustu ráðuneyta með flutningi miðlægra verkefna til þjónustueiningar Stjórnarráðsins. | FJR í samstarfi allra ráðuneyta |
| 6 | 1 | Ný framkvæmd, vegna lagabreytinga á mörkuðum tekjum, svo viðkomandi tekjustofnar renni í ríkissjóð og framlög verði veitt til viðkomandi aðila í samræmi við ákvarðanir og forgangsröðun Alþingis. | FJR |
| 7 | 1 | Breytingar á fjárhagskerfi ríkisins vegna laga um opinber fjármál. Nýtt áætlanagerðakerfi fyrir ríkisaðila og endurbætur á fjárlagakerfi Stjórnarráðsins og Alþingis, sem styðja við innleiðingu og framkvæmd laga um opinber fjármál. | FJR |
| 8 | 1 | Þróun útgjaldagreininga á ýmsum þáttum ríkisrekstrar, byggt á bestu fordæmum m.a. af vettvangi OECD. | FJR |
| 9 | 1 | Efling greiningarstarfs og upplýsingamiðlunar, birting opinna reikninga, mánaðarlegra bókhaldsupplýsinga og endurbætt framsetning gagna á vef. | FJR |
| 10 | 2 | Unnin verði drög að skilgreiningu á samfélagsvirði og bættum lífsgæðum í tengslum við markmið (e. output), áhrif (e. outcome) og framfarir (e. end-outcome). | FJR í samvinnu við FOR |

## Fjárheimildir

| 05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 23.677,5 | 2.803,7 | 2.975,0 | 6,1 | -87,4 |
| Rekstrartilfærslur | 495,2 | 609,8 | 603,5 | -1,0 | 21,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 3,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 24,1 | 12,0 | 12,0 | 0,0 | -50,2 |
| **Heildarútgjöld** | **24.199,9** | **3.425,5** | **3.590,5** | **4,8** | **-85,2** |
| Rekstrartekjur | - | 9,4 | 14,3 | 52,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.416,1 | 3.576,2 | 4,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.425,5** | **3.590,5** | **4,8** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.590,5 m.kr. og hækkar um 97,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 67,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

1. Fjárheimild til málaflokksins er aukin um 40 m.kr. vegna átaks til að bæta rekstur og þjónustu stofnana með aðkomu sérstaks teymis sem aðstoðar ráðuneyti og

stofnanir við að greina tækifæri til úrbóta og koma þeim til framkvæmda, sbr. markmið nr. 1–3 og aðgerð 6 í málaflokki 5.3 og aðgerð 2 í málaflokki 5.4. Þá færast málefni upplýsingasamfélagsins, þ.á.m. Ísland.is, til fjármála- og efnahagsráðuneytis frá samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu. Fjárveitingar vegna þessara verkefna verða fluttar á milli ráðuneyta fyrir aðra umræðu frumvarps til fjárlaga ársins 2018 og flytjast til málaflokks 5.4.

2. Þá kemur til 90 m.kr. framlag annars vegar til styrkingar starfsemi Kjara- og mannauðssýslu ríkisins vegna verkefna sem áður voru hjá Kjararáði og nýs fyrirkomulags launamála forstöðumanna ríkisins, sbr. markmið nr. 3 í málaflokki 5.3. Hins vegar er framlagið veitt til eflingar greiningargetu í efnahagsmálum og samræmdri vinnu við endurmat útgjalda (e. spending reviews) á málaflokkum ríkisins, sbr. markmið nr. 4 og 8.

## 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, forsætisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Undir þetta svið heyrir einn málaflokkur sem ber sama heiti og málefnasviðið.

Samkvæmt forsetaúrskurði frá 30. nóvember síðastliðnum flytjast málefni hagskýrslugerðar og upplýsinga um landshagi þ.m.t. málefni Hagstofu Íslands til forsætisráðuneytis frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þá færast málefni upplýsingasamfélagsins til fjármála- og efnahagsráðuneytis frá samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu. Fjárveitingar vegna þessara verkefna verða fluttar á milli ráðuneyta fyrir aðra umræðu frumvarps til fjárlaga ársins 2018 og endurspeglar neðangreind skipting fjárveitinga á milli ráðuneyta því ekki þessa breytingu.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **06.10 Hagskýrslugerð, grunnskr. og uppl.mál .......** | **3.277,3** | **3.600,5** | **3.940,5** | **9,4** | **20,2** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti ........................ | 1.297,5 | 1.403,3 | 1.535,3 | 9,4 | 18,3 |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti ............ | 1.645,6 | 1.882,9 | 2.085,2 | 10,7 | 26,7 |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ..................... | 334,2 | 314,3 | 320,0 | 1,8 | -4,2 |
| **Samtals ....................................................................** | **3.277,3** | **3.600,5** | **3.940,5** | **9,4** | **20,2** |

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 3. 941m.kr. og aukast um 235 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 6,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 340 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 273m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 59 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 72 m.kr. en ráðuneytin ákváðu að nýta 14 m.kr. af 36 m.kr. útgjaldasvigrúmi málefnasviðsins til að mæta aðhaldskröfunni. Eftir stendur útgjaldasvigrúm til nýrra verkefna, 22 m.kr.
c. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 105 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 3. 941 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál breytast milli ára sem hér segir:

| 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.271,6 | 3.600,2 | 3.940,2 | 9,4 | 20,4 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,0 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 5,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **3.277,3** | **3.600,5** | **3.940,5** | **9,4** | **20,2** |
| Rekstrartekjur | - | 962,5 | 1.088,0 | 13,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.638,0 | 2.852,5 | 8,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.600,5** | **3.940,5** | **9,4** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 3.940,2 m.kr og hækka um 340 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 148,4 m.kr. hækkun á framlagi til Þjóðskrár Íslands og 91 m.kr. hækkun til Hagstofu Íslands. Almenn launa- og verðlagsuppfærsla frumvarpsins leiðir til 104,5 m.kr. hækkunar á rekstrarframlögum til málefnasviðsins.
b. **Rekstrartilfærslur** eru samtals 0,3 m.kr. og eru óbreyttar milli ára.

## 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn samanstendur af Þjóðskrá Íslands sem er á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, málefnum upplýsingasamfélagsins sem er á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hagstofu Íslands sem er á forræði forsætisráðuneytis og Landmælingum Íslands sem eru á forræði umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Eftirfarandi þættir varða málefnasviðið:

1. Miðlun upplýsinga og rekstur á grunnskrám um mikilvæg réttindi.
2. Hagskýrslugerð, samræming hagtalna og hagrannsóknir.
3. Rafrænar lausnir, upplýsinga- og þjónustuveitur og útgáfa skilríkja.
4. Grunngerð, öflun, viðhald og miðlun landupplýsinga.
5. Stefnumótun, innleiðing og samræming rafrænnar stjórnsýslu og upplýsingatækni hjá hinu opinbera.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, meðal annars með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.
2. Að ljúka uppsetningu og aðgengi að skilgreindum gagnasettum á grundvelli grunngerðar landupplýsinga (skv. INSPIRE tilskipun3) á Íslandi.
3. Að auka opinbera þjónustu sem byggist á sjálfs-afgreiðslu.
4. Að koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Bæta vinnumarkaðstölfræði, þ.m.t. um framleiðni vinnuafls (m.a. vegna SALEK). | Hagstofa Íslands |
| 2 | 1 | Ljúka við menntunarskrá sem meðal annars nýtist við vinnumarkaðstölfræði og er forsenda rafræns manntals sem vinna hefst við 2019 (m.a. vegna SALEK). | Hagstofa Íslands |
| 3 | 1 | Uppbyggingu á rannsóknarþjónustu Hagstofu þ.m.t. sviðsmyndagreininga fyrir þjóðhagsspá. | Hagstofa Íslands |
| 4 | 1 | Bæta hagtölur um húsnæðismál, ferðaþjónustu, menningarmál og skapandi greinar. | Hagstofa Íslands |
| 5 | 3 | Þróun á leyfisveitingagátt í kjölfar nýlegrar breytingar á lögum nr. 85/2007. | Þjóðskrá Íslands |
| 6 | 3 | Framhald innleiðingar á grunngerð stafrænna landupplýsinga (INSPIRE). | Landmælingar Íslands |
| 7 | 4 | Móta og innleiða skipulag og stefnu um högun opinberra upplýsingakerfa (tækniarkitektúr). | Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti |
| 8 | 3 | Smíði á nýju þjóðskrárkerfi og viðhald á núverandi vinnslukerfi þjóðskrár. Hefja skráningu og miðlun á upplýsingum um staðsetningu einstaklinga í húsi. | Þjóðskrá Íslands |
| 9 | 4 | Kannanir, fræðsluefni, námskeið, ráðgjöf og tæknilegur búnaður meðal annars með tilliti til aukinna krafna um net- og upplýsingaöryggi og persónuvernd. | Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti |
| 10 | 1-4 | Útgáfa og kynning stefnu fyrir málefnasviðið. Undirbúningur að reglulegu stöðumati og endurskoðun stefnu. | SRN, FOR, UAR og FJR |
| 11 | 3 | Endurnýjun á framleiðslukerfi vegabréfa ásamt nýjum vegabréfabókum. | Þjóðskrá Íslands |
| 12 | 3 | Rekstur og þjónusta við samráðsgátt. | Þjóðskrá Íslands |
| 13 | 3 | Átak í birtingu gagna og gagnagrunna frá stofnunum í gáttinni opingogn.is. | Þjóðskrá Íslands |

[3] https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/adgerdaaaetlun-INSPIRE-eitt-skjal.pdf

## Fjárheimildir

| 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.271,6 | 3.600,2 | 3.940,2 | 9,4 | 20,4 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,0 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 5,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **3.277,3** | **3.600,5** | **3.940,5** | **9,4** | **20,2** |
| Rekstrartekjur | - | 962,5 | 1.088,0 | 13,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.638,0 | 2.852,5 | 8,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.600,5** | **3.940,5** | **9,4** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3. 941m.kr. og hækkar um 340 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátalinni 104,5 m.kr. almennri launa- og verðlagsuppfærslu frumvarpsins. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til Þjóðskrár Íslands hækkar um 203,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að meðtöldum 54,7 m.kr. launa- og verðlagsbreytingum og nemur raunhækkun framlags því 148,4 m.kr. Breytingar til hækkunar eru 93,6 m.kr. hækkun á heimild stofnunarinnar til að ráðstafa rekstrartekjum sem hún aflar á grundvelli þjónustugjaldskrár, 77 m.kr. framlag úr ríkissjóði til að mæta kostnaði við fyrsta áfanga í smíði nýs þjóðskrárkerfis, sbr. markmið 3 og aðgerð 8, og 38 m.kr. framlag til reksturs á vefnum island.is. Fjárveiting til reksturs á vefnum hefur til þessa verið veitt Íslenska upplýsingasamfélaginu sem hefur greitt Þjóðskrá fyrir reksturinn. Gert er ráð fyrir að upplýsingasamfélagið hafi þessa fjármuni nú til ráðstöfunar í önnur verkefni á þess vegum. Á móti þessum hækkunum vegur 41 m.kr. lækkun framlags vegna kostnaðar við innkaup og nýtt framleiðslukerfi vegabréfa, sbr. markmið 3 og aðgerð 11, og 19,2 m.kr. vegna aðhaldskröfu umfram nýtt útgjaldasvigrúm í ramma.
b. Framlag til Hagstofu Íslands hækkar um 132 m.kr. Launa- og verðlagsbreytingar nema 41 m.kr. þannig að raunhækkun framlaga er 91 m.kr. Um að ræða 55 m.kr. vegna skuldbindinga stofnunarinnar í tengslum við EES-samninginn, sbr. markmið 1 og aðgerðir 1 og 2 og 50 m.kr. til samræmis við áherslur í stjórnarsáttmála. Er 50 m.kr. sérstaklega ætlað að bæta hagtölur um húsnæðismál, ferðaþjónustu, menningarmál og skapandi greinar sem tengjast þá einnig áherslum í sáttmálanum um þróun mælikvarða um hagsæld og lífsgæði sbr. aðgerð 4 og markmið 1 og 2 að framan. Að lokum er 14 m.kr. lækkun vegna aðhaldskröfu.

# 7 Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á málefnasviðinu er á ábyrgð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum.
- Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **07.10 Vísindi og samkeppnissj. í rannsóknum .......** | **7.198,1** | **7.685,3** | **7.648,8** | **-0,5** | **6,3** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti .............. | 4.417,3 | 4.884,1 | 4.891,6 | 0,2 | 10,7 |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ............ | 2.780,8 | 2.801,2 | 2.757,2 | -1,6 | -0,8 |
| **07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargr. ........** | **5.106,5** | **5.909,4** | **5.941,2** | **0,5** | **16,3** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ............ | 5.106,5 | 5.909,4 | 5.941,2 | 0,5 | 16,3 |
| **Samtals ....................................................................** | **12.304,6** | **13.594,7** | **13.590,0** | **0,0** | **10,4** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 13.410,1 m.kr. og lækka um 127,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 0,9%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 184,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 115,1 m.kr. til lækkunar
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 152,5 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 232,6 m.kr. en ráðuneytin ákváðu að nýta 79,7 m.kr. af 220 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 140,3 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 79,7 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
d. Launa- og verðlagsbreytingar ársins 2018 eru áætlaðar 57,3 m.kr. til lækkunar þannig að heildargjöldin verða 13.410,1 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun rannsókna, nýsköpunar og þekkingargreina breytast milli ára sem hér segir:

| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.656,5 | 2.188,6 | 2.233,6 | 2,1 | 34,8 |
| Rekstrartilfærslur | 2.276,6 | 1.528,1 | 1.596,0 | 4,4 | -29,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 8.231,1 | 9.878,0 | 9.724,4 | -1,6 | 18,1 |
| Fjárfestingarframlög | 140,4 | 0,0 | 36,0 | - | -74,4 |
| **Heildarútgjöld** | **12.304,6** | **13.594,7** | **13.590,0** | **0,0** | **10,4** |
| Rekstrartekjur | - | 1.528,8 | 1.522,5 | -0,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 12.065,9 | 12.067,5 | 0,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **13.594,7** | **13.590,0** | **0,0** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 2.131 m.kr og lækka um 57,6 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um tímabundið framlag, 131 m.kr., til þjálfunarstyrkja vegna kísilvers á Bakka fellur niður ásamt því að leiðréttingar voru gerðar á hagrænni skiptingu á fimm fjárlagaliðum. Útgjöldin voru áður á meðal rekstrarframlaga en eðli kostnaðarins telst til rekstrartilfærsla samkvæmt bókhaldi og er hagræn skipting fjárlaga því leiðrétt til samræmis.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 67,9 m.kr. og verða 1.596 m.kr. en eru 1.528,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um tímabundið framlag, 105 m.kr., til þjálfunarstyrkja vegna kísilvers á Bakka.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 9.647,1 m.kr. og er það 230,9 m.kr. lækkun milli ára. Þar vegur þyngst aðhaldskrafa sem kemur til lækkunar á fjármagnstilfærslum.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 36,0 m.kr. og er það 36,0 m.kr. hækkun milli ára. Þar vegur þyngst leiðrétting á tegundaskiptingu fjárheimildar fjárlagaliðarins Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB til samræmis við bókhald, lækkun framlaga til rammaáætlana ESB vegna gengisþróunar og loks aukin framlög til Innviðasjóðs.

## 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á að framþróun þjóðfélagsins byggi á vísindalegum rannsóknum, staðreyndum og víðtækri þátttöku.

Málaflokkurinn nær yfir starfsemi Vísinda- og tækniráðs og samkeppnissjóði í rannsóknum. Umsýsla málaflokksins er að miklu leyti í höndum Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís). Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu og marka stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum. Þá fellur undir málaflokkinn þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins (ESB), m.a. um menntun, rannsóknir og nýsköpun.

Markmið í málaflokknum er:

1. Fjármögnun rannsókna styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Skilgreina, í víðtæku samráði, samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir, sbr. aðgerð 1 í Stefnu og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019. Á grundvelli vinnunnar verða skilgreind 3-5 áherslusvið þar sem þverfaglegt samstarf um rannsóknir og nýsköpun verður eflt, með þátttöku háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja, einkum með markáætlunum og í gegnum erlent samstarf. | Vísinda- og tækniráð |
| 2 | 1 | Hrinda í framkvæmd Markáætlun til að efla stöðu íslenskrar tungu í tölvum og tækni, sbr. aðgerð 2 í Stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019. Miðar aðgerðin að því að íslenska verði fullgild í stafrænum heimi, sbr. stjórnarsáttmála. | RANNÍS í samráði við Vísinda- og tækniráð |
| 3 | 1 | Gera breytingu á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs til að auka skilvirkni ráðsins og sjóða er því tengjast. Verkefnið verður unnið í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögunum m.a. til að efla möguleika á þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknaráætlunum. Í seinni áfanga lagabreytingarinnar verði unnið að víðtækari stefnumótun á sviðinu í samráði við hagsmunaaðila. | MRN |
| 4 | 1 | Vinna vegvísi um rannsóknarinnviði í samræmi við aðgerð 9 í Stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017-2019, sbr. stjórnarsáttmála. | MRN í samstarfi við RANNÍS |

## Fjárheimildir

| 07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 77,3 | 124,2 | 188,4 | 51,7 | 143,7 |
| Rekstrartilfærslur | 44,2 | 43,1 | 35,0 | -18,8 | -20,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 6.936,2 | 7.518,0 | 7.389,4 | -1,7 | 6,5 |
| Fjárfestingarframlög | 140,4 | 0,0 | 36,0 | - | -74,4 |
| **Heildarútgjöld** | **7.198,1** | **7.685,3** | **7.648,8** | **-0,5** | **6,3** |
| Rekstrartekjur | - | 294,0 | 256,2 | -12,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 7.391,3 | 7.392,6 | 0,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **7.685,3** | **7.648,8** | **-0,5** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 7.571,3 m.kr. og lækkar um 4,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 109,7 m.kr. til lækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til Innviðasjóðs er hækkað um 70 m.kr., sbr. markmið nr. 1.
b. Framlag hækkað um 25 m.kr. vegna hagsmunagæslu vegna samstarfs utan fjórþætta frelsisins í EES samningnum.

## 7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla ýmis verkefni í iðnaði og nýsköpun, s.s. endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritun tónlistar. Tvær stofnanir falla undir málaflokkinn, Einkaleyfastofan og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Við markmiðssetningu málaflokksins var miðað að því að leggja grunn að aukinni nýsköpun og framþróun þekkingar og tækni innan atvinnugreina og hjá stjórnvöldum. Markmið í málaflokknum eru:

1. Aukin framleiðni á grunni nýsköpunar, samkeppni og minni reglubyrði.
2. Aukin hagnýting lausna sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og neikvæðum umhverfisáhrifum.
3. Ný störf skapist í þekkingargreinum.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Framkvæma samkeppnismat á lögum og reglum valinna atvinnugreina. Verkefnið mun hefjast á árinu 2018 og stefnt að því að ljúka því á árinu 2019. | ANR |
| 2 | 1 | Móta tillögur um framkvæmd samkeppnismats við undirbúning lagasetningar. Tillögur settar fram á árinu 2018. | ANR |
| 3 | 1, 2, 3 | Meta árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs og móta aukið hlutverk hans. Mat unnið á árinu 2018 og síðan unnið með reglubundnum hætti á nokkurra ára tímabili. | Rannís |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 1, 3 | Meta umhverfi nýsköpunar, árangur og móta tillögur til úrbóta. Á árinu 2018 hefst undirbúningsvinna ásamt því að skilgreina verkefnið. Stefnt að því að vinna matið 2019. | ANR |
| 5 | 1, 3 | Bæta þjónustu við sókn fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana í alþjóðlega samkeppnissjóði. Á árinu 2018 hefst undirbúningsvinna ásamt því að skilgreina verkefnið. Tillögur lagðar fram á árinu 2019. | ANR |
| 6 | 2, 3 | Greina áhrif þekkingargreina á framþróun atvinnuvega og lausnir til að styðja við umhverfisvernd. Á árinu 2018 hefst undirbúningsvinna og greiningarvinna unnin á seinni hluta sama árs. | ANR |
| 7 | 3 | Efla byggingarrannsóknir. Verkefnið mun hefjast á árinu 2018 og lokið á árinu 2020. | NMÍ |
| 8 | 3 | Auka rannsóknir um þróun og áhrif skapandi greina á umhverfi og samfélag. Á árinu 2018 hefst undirbúningsvinna ásamt því að skilgreina verkefnið. Tillögur tilbúnar fyrir árslok 2018. | ANR |

## Fjárheimildir

| 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.579,2 | 2.064,4 | 2.045,2 | -0,9 | 29,5 |
| Rekstrartilfærslur | 2.232,4 | 1.485,0 | 1.561,0 | 5,1 | -30,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.294,9 | 2.360,0 | 2.335,0 | -1,1 | 80,3 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.106,5** | **5.909,4** | **5.941,2** | **0,5** | **16,3** |
| Rekstrartekjur | - | 1.234,8 | 1.266,3 | 2,6 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.674,6 | 4.674,9 | 0,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.909,4** | **5.941,2** | **0,5** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 5.838,8 m.kr. og lækkar um 123 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 52,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að 41 m.kr. verði forgangsraðað til Nýsköpunarmiðstöðvar til þess að efla byggingarrannsóknir sbr. markmið nr. 3 og aðgerð nr. 7.
b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 131 m.kr. vegna niðurfellingu framlags til þjálfunarstyrkja vegna iðnaðaruppbyggingar.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 105 m.kr. vegna þjálfunarstyrkja vegna iðnaðaruppbyggingar sbr. fjárfestingarsamning vegna ívilnana frá árinu 2014.
d. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 96,5 m.kr.

# 8 Sveitarfélög og byggðamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Framlög til sveitarfélaga.
- Byggðamál.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Hér er annars vegar um að ræða aðlögun vegna uppskiptingar innanríkisráðuneytisins í tvö ráðuneyti, þ.e. dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, og hefur útgjaldatölum reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið skipt upp til samræmis eftir veltu. Hins vegar er um að ræða flutning á verkefnum byggðamála til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en þau heyrðu áður undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Í því sambandi hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu þeirra verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 08 Sveitarfélög og byggðamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **08.10 Framlög til sveitarfélaga** | **21.339,2** | **18.367,9** | **19.778,0** | **7,7** | **-7,3** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 21.179,4 | 18.171,4 | 19.581,5 | 7,8 | -7,5 |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 159,8 | 196,5 | 196,5 | 0,0 | 23,0 |
| **08.20 Byggðamál** | **1.939,9** | **1.900,7** | **1.916,0** | **0,8** | **-1,2** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 1.939,9 | 1.900,7 | 1.916,0 | 0,8 | -1,2 |
| **Samtals** | **23.279,1** | **20.268,6** | **21.694,0** | **7,0** | **-6,8** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 21.694 m.kr. og aukast um 900 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 4,4%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.425 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 nema 896,6 m.kr. til hækkunar. Skýrist það af samsvarandi hækkun framlags á föstu verðlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í samræmi við endurskoðaða áætlun um hækkun lögbundinna framlaga sem reiknast af skattekjum og útsvari.
b. Aðhaldskrafa til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var 30 m.kr., ráðuneytið ákvað að nýta 30 m.kr. af 34 m.kr. útgjaldasvigrúmi rammans til að mæta aðhaldskröfu málefnasviðsins.
c. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 sem eru áætlaðar 525 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 21.694 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar komi spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 08 Sveitarfélög og byggðamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 18,4 | 5,0 | 100,0 | 1.900,0 | 443,5 |
| Rekstrartilfærslur | 23.260,7 | 20.263,6 | 21.594,0 | 6,6 | -7,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **23.279,1** | **20.268,6** | **21.694,0** | **7,0** | **-6,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 20.268,6 | 21.694,0 | 7,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **20.268,6** | **21.694,0** | **7,0** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Engar fjármagnstilfærslur eða fjárfestingarframlög eru í þessu málefnasviði.

a. **Rekstrarframlög** hækka um 95 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um að framlag til sóknaráætlunar landshluta sem var hækkað um 100 m.kr., en framlag til byggðaáætlunar lækkaði um sömu fjárhæð.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 1.330,4 m.kr. og verða 21.594 m.kr. en eru 20.264 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um að gert er ráð fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki um samtals 1,4 ma.kr. vegna endurskoðunar á lögbundnum framlögum sem reiknast af skatttekjum og útsvarstekjum.

## 8.1 Framlög til sveitarfélaga

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn skiptist niður á tvö viðföng: Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og skipulagsmál sveitarfélaga sem er á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðherra.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga og er hlutverk hans að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á tekjum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Skipulagssjóður starfar á grundvelli skipulagslaga og hlutverk hans er að standa straum af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana og þróunarverkefna og rannsókna á sviði skipulagsmála sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana og grunnkorta, s.s. gróður- og vistgerðarkorta.

Meginmarkmið Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er einföldun regluverks, þróun útgjaldamælinga í því skyni að bæta jöfnunaráhrif framlaga sjóðsins og fá betri yfirsýn yfir starfsemi hans.

## Fjárheimildir

| 08.10 Framlög til sveitarfélaga | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 9,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 21.329,4 | 18.367,9 | 19.778,0 | 7,7 | -7,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **21.339,2** | **18.367,9** | **19.778,0** | **7,7** | **-7,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 18.367,9 | 19.778,0 | 7,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **18.367,9** | **19.778,0** | **7,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 19.778 m.kr. og hækkar um 896,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 513,5 m.kr. Breytingar skýrast alfarið af endurskoðun á lögbundnum framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem reiknast af skatttekjum og útsvarstekjum.

## 8.2 Byggðamál

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn byggðamál skiptist í fjögur viðföng sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þ.e. byggðaáætlun, sóknaráætlanir landshluta, Jöfnunarsjóð flutningskostnaðar og Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Ein stofnun tilheyrir málaflokknum sem er Byggðastofnun en hún hefur það hlutverk að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í byggðaáætlun koma fram markmið, mælikvarðar og verkefni tengd byggðamálum. Um sóknaráætlanir landshluta gilda lög nr. 69/2015 og eru átta samningar milli ráðuneytis og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Svæðisbundin flutningsjöfnun var sett á með lögum nr. 160/2011, og hefur það markmið að styðja við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn. Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara starfar samkvæmt lögum nr. 103/1994. Markmið hans er að jafna

flutningskostnað olíuvara á milli landshluta. Lagt er flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands og rennur gjaldið í þann sjóð.

Markmið í málaflokknum eru:

4. Að jafna aðgang að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum um land allt.
5. Styðja við svæði með langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

| **Nr.** | **Tengist markmiði nr.** | **Aðgerð** | **Framkvæmdaraðili** |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 | Stuðningur við innviðauppbyggingu á svæðum sem standa höllum fæti, s.s. varðandi ljósleiðaravæðingu, orkuskipti ofl. | SRN og Byggðastofnun. |
| 2 | 1 | Hefja samstarf við sveitarfélögin um gerð þjónustukorts þar sem aðgengi að opinberri þjónustu yrði kortlagt og réttur landsmanna til grunnþjónustu skilgreindur. | SRN og Byggðastofnun |
| 3 | 1, 2 | Styrkja sóknaráætlanir landshluta. | SRN, önnur ráðuneyti og Byggðastofnun |
| 4 | 1 | Stuðningur við þróunarverkefni á sviði grunnþjónustu, s.s. varðandi fjarheilbrigðisþjónustu. | SRN |
| 5 | 2 | Áframhaldandi stuðningur og þróun á verkefninu Brothættar byggðir. | SRN og Byggðastofnun |
| 6 | 2 | Stuðningur við sértæk verkefni til að treysta búsetu og fjölga störfum í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu ofl. | SRN |
| 7 | 2 | Útfærsla á jöfnun flutningskostnaðar, m.a. vegna verslunar í dreifbýli. | SRN og Byggðastofnun. |
| 8 | 1,2 | Starfshópur mun skoða kosti þess að nýta námslánakerfið og önnur kerfi sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum. | SRN og,<br>MRN |
| 9 | 1 | Söfnun gagna og uppfærsla gagnagrunns fyrir líkan til að spá fyrir um íbúafjölda til 50 ára gert aðgengilegt á heimasíðu Byggðastofnunar. | Byggðastofnun |
| 10 | 1 | Myndræn framsetning upplýsinga í töflum, kortum og skýrslum varðandi íbúaþróun, dreifingu ríkisstarfa, hagtölur landshluta, dreifingu búfjár, stöðugreiningar landshluta og stöðugreiningu landsins. | Byggðastofnun |

## Fjárheimildir

| 08.20 Byggðamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 8,6 | 5,0 | 100,0 | 1.900,0 | 1.062,8 |
| Rekstrartilfærslur | 1.931,3 | 1.895,7 | 1.816,0 | -4,2 | -6,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.939,9** | **1.900,7** | **1.916,0** | **0,8** | **-1,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.900,7 | 1.916,0 | 0,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.900,7** | **1.916,0** | **0,8** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.916 m.kr. og hækkar um 3,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 11,6 m.kr. Fjárheimild til sóknaráætlunar hækkar um 100 m.kr., en á móti lækkar fjárheimild til byggðaáætlunar.

# 9 Almanna- og réttaröryggi

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra og forsætisráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka, en þeir eru:

- Löggæsla.
- Landhelgi.
- Ákæruvald og réttarvarsla.
- Réttaraðstoð og bætur.
- Fullnustumál.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 09 Almanna- og réttaröryggi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **09.10 Löggæsla** | **12.989,5** | **14.122,2** | **15.146,6** | **7,3** | **16,6** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 12.989,5 | 14.122,2 | 15.146,6 | 7,3 | 16,6 |
| **09.20 Landhelgi** | **5.533,2** | **3.944,3** | **4.277,5** | **8,4** | **-22,7** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 5.533,2 | 3.944,3 | 4.277,5 | 8,4 | -22,7 |
| **09.30 Ákæruvald og réttarvarsla** | **1.258,7** | **1.330,6** | **1.532,1** | **15,1** | **21,7** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 219,7 | 242,0 | 305,0 | 26,0 | 38,8 |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 1.039,0 | 1.088,6 | 1.227,1 | 12,7 | 18,1 |
| **09.40 Réttaraðstoð og bætur** | **2.842,9** | **2.129,4** | **2.216,4** | **4,1** | **-22,0** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 2.842,9 | 2.129,4 | 2.216,4 | 4,1 | -22,0 |
| **09.50 Fullnustumál** | **2.331,9** | **1.895,5** | **1.963,2** | **3,6** | **-15,8** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 2.331,9 | 1.895,5 | 1.963,2 | 3,6 | -15,8 |
| **Samtals** | **24.956,2** | **23.422,0** | **25.135,8** | **7,3** | **0,7** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 25.136 m.kr. og aukast um 929 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 4%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.714 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.706 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 617 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.089 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 208 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar um 440 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 232 m.kr. af 280 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til nýrra verkefna til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 48 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 208 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 784 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 25.136 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa eru

leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 09 Almanna- og réttaröryggi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 23.206,5 | 22.816,5 | 24.456,2 | 7,2 | 5,4 |
| Rekstrartilfærslur | 602,9 | 377,2 | 346,9 | -8,0 | -42,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 18,5 | 18,5 | 0,0 | - |
| Fjárfestingarframlög | 1.146,8 | 209,8 | 314,2 | 49,8 | -72,6 |
| **Heildarútgjöld** | **24.956,2** | **23.422,0** | **25.135,8** | **7,3** | **0,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1.742,1 | 2.404,3 | 38,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 21.679,9 | 22.731,5 | 4,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **23.422,0** | **25.135,8** | **7,3** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 24.456,2 m.kr og hækka um 1.639,7 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum munar mest um samtals 611,7 m.kr. hækkun vegna aukins rekstrarumfangs málefnasviðsins sem fjármagnað er með sértekjum, 336,0 m.kr. framlag til að hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota, 70,0 m.kr. framlag til greiðslu sanngirnisbóta til fyrrverandi vistmanna Kópavogshælis og 40,3 m.kr. framlag til Ríkissaksóknara vegna fjölgunar um tvö stöðugildi saksóknara vegna tilkomu Landsréttar.
b. **Rekstrartilfærslur** eru áætlaðar 346,9 m.kr. og er það 30,3 m.kr. lækkun milli ára.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru óbreyttar milli ára.

d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 314,2 m.kr. og hækka um 104,4 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst 100 m.kr. framlag til undirbúnings endurnýjunar þyrluflota Landhelgisgæslunnar.

## 9.1 Löggæsla

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra og nær yfir þá starfsemi stjórnvalda sem varðar öryggi í samfélaginu og að halda uppi lögum og reglu hér á landi.

Undir málaflokkinn fellur starfsemi ríkislögreglustjóra og níu lögregluembætta, þar með talið löggæsla, landamæraeftirlit, endurmenntun lögreglumanna, almannavarnir og leit og björgun á landi. Einnig falla undir málaflokkinn samræmd neyðarsvörun og ýmis löggæslu- og öryggismál svo sem tilkynningaskylda íslenskra skipa og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Besta mögulega þjónustustig.
2. Hæsta mögulega öryggisstig.
3. Traust og heiðarleg lögregla.

| **Nr.** | **Tengist markmiði nr.** | **Aðgerð** | **Framkvæmdaraðili** |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 3 | Hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar. | Ríkislögreglustjóri/lögregluembættin |
| 1 | 1 og 2 | Unnið verði að bættri farþegalistagreiningu lögreglu. | Ríkislögreglustjóri/lögregluembættið á Suðurnesjum |
| 2 | 1,2 og 3 | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnananna. | DMR og lögregluembættin |

### Fjárheimildir

| 09.10 Löggæsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 12.574,3 | 13.665,3 | 14.701,6 | 7,6 | 16,9 |
| Rekstrartilfærslur | 298,7 | 257,1 | 240,8 | -6,3 | -19,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 116,5 | 199,8 | 204,2 | 2,2 | 75,3 |
| **Heildarútgjöld** | **12.989,5** | **14.122,2** | **15.146,6** | **7,3** | **16,6** |
| Rekstrartekjur | - | 961,1 | 1.347,7 | 40,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 13.161,1 | 13.798,9 | 4,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **14.122,2** | **15.146,6** | **7,3** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 15.146,6 m.kr. og hækkar um 452,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 572,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Tímabundið 400 m.kr. framlag til eflingar löggæslu, sem veitt var af Alþingi við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs, er gert varanlegt.
b. Veitt er 298 m.kr. framlag til innleiðingar aðgerðaráætlunar um úrbætur í meðferð kynferðisbrota. Framlagið skiptist í 178 m.kr. framlag til að styrkja innviði lögreglu á sviði rannsóknar kynferðisbrotamála og öllum þáttum málsmeðferðar, 80 m.kr. framlag til uppbyggingar upplýsingatæknikerfis fyrir réttarvörslukerfið og 40 m.kr. tímabundið framlag til uppfærslu rannsóknarhugbúnaðar, upplýsinga og gæðastaðla lögreglu.
c. Framlag til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er lækkað um 20,4 m.kr. vegna flutnings starfsmanns af ákærusviði embættisins til ríkissaksóknara.
d. Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 357,4 m.kr. vegna aukins rekstrarumfangs lögregluembætta sem fjármagnað er með sértekjum.
e. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um samtals 124,3 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

### 9.2 Landhelgi

**Markmið og aðgerðir**

Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra og eru meginverkefni meðal annars löggæsla á hafinu, gæsla fullveldis og landamæraeftirlit á hafinu, leit og björgun á hafi, aðkallandi sjúkraflutningar, sprengjueyðing og sjómælingar.

Undir málaflokkinn fellur ein stofnun, Landhelgisgæsla Íslands, sem sér um öll verkefni málaflokksins, en einnig Landhelgissjóður sem fjármagnar kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslunnar.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Tryggja almannaöryggi, löggæslu og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands í samræmi við öryggis- og þjónustustig.
2. Viðbúnaður í leit og björgun verði í samræmi við öryggis- og þjónustustig.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Undirbúningur vegna fyrirhugaðra endurnýjunar á þyrluflota Landhelgisgæslunnar. | Landhelgisgæsla |
| 2 | 1 | Leitað verði leiða til að koma á vöktun lögsögunnar með AIS (sjálfvirkt auðkenningakerfi skipa) í gegnum gervitungl. | Landhelgisgæsla |
| 3 | 1 | Unnið verður markvisst að mælingum á hafsbotninum við Ísland með nýjustu tækni og í samræmi við áætlun Landhelgisgæslu og samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. | Landhelgisgæsla |

## Fjárheimildir

| 09.20 Landhelgi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.082,6 | 3.925,8 | 4.159,0 | 5,9 | -18,2 |
| Rekstrartilfærslur | 31,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 18,5 | 18,5 | 0,0 | - |
| Fjárfestingarframlög | 418,9 | 0,0 | 100,0 | - | -76,1 |
| **Heildarútgjöld** | **5.533,2** | **3.944,3** | **4.277,5** | **8,4** | **-22,7** |
| Rekstrartekjur | - | 221,2 | 474,3 | 114,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.723,1 | 3.803,2 | 2,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.944,3** | **4.277,5** | **8,4** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.277,5 m.kr. og hækkar um 307,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 25,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Veitt er 100 m.kr. framlag til undirbúnings endurnýjunar þyrluflota Landhelgisgæslunnar sbr. markmið nr. 2 og aðgerð 1. Þrjár þyrlur eru í rekstri í dag, ein í eigu stofnunarinnar (TF-Líf) en TF-Gná og TF-Sýn eru leigðar.
b. Tímabundið 100 m.kr. framlag til Landhelgisgæslunnar, sem veitt var af Alþingi við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs, er gert varanlegt.
c. Fjárheimild málaflokksins er hækkað um 243,3 m.kr. vegna aukins rekstrarumfangs Landhelgisgæslunnar sem fjármagnað er með sértekjum.
d. Framlag Landhelgisgæslunnar er lækkað um 35,4 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

## 9.3 Ákæruvald og réttarvarsla

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra og forsætisráðherra. Skipting stofnana málaflokksins er þannig að ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og ákærustörf lögreglustjóra heyra undir dómsmálaráðherra en á ábyrgð forsætisráðherra eru óbyggðanefnd og ríkislögmaður. Meginverkefni málaflokksins er meðferð ákæruvalds og önnur réttarvarsla.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins og hefur stjórnunar- og eftirlitshlutverki að gegna við meðferð ákæruvalds hjá héraðssaksóknara og lögreglustjórum, sem einnig eru handhafar ákæruvalds.

Óbyggðanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem á grundvelli III.kafla þjóðlendulaga nr. 58/1998 hefur þríþætt hlutverk:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Ríkislögmaður annast rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu, aðstoðar við vandasama samningagerð, en auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt í hvívetna.
2. Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Efling á starfsemi ríkissaksóknara um tvo saksóknara til að mæta auknu álagi með tilkomu Landsréttar. | Ríkissaksóknari |
| 1 | 1 og 2 | Hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar. | Héraðssaksóknari |
| 2 | 1 og 2 | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnananna. | Ríkissaksóknari og héraðssaksóknari |
| 3 | 2 | Efling á starfsemi óbyggðanefndar til að flýta málsmeðferð. | Óbyggðanefnd |

## Fjárheimildir

| 09.30 Ákæruvald og réttarvarsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.257,8 | 1.330,6 | 1.532,1 | 15,1 | 21,8 |
| Rekstrartilfærslur | 0,9 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.258,7** | **1.330,6** | **1.532,1** | **15,1** | **21,7** |
| Rekstrartekjur | - | 7,0 | 18,4 | 162,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.323,6 | 1.513,7 | 14,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.330,6** | **1.532,1** | **15,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.532,1 m.kr. og hækkar um 122,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 78,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til héraðssaksóknara er aukið um 38,0 m.kr. sem ein fjölmargra aðgerða til innleiðingar aðgerðaráætlunar um úrbætur í meðferð kynferðisbrota. Framlaginu er ætlað að styrkja innviði embættisins til að bæta ákærumeðferð kynferðisbrota í samræmi við áherslur sem fram koma í aðgerðaráætluninni.
b. Framlag ríkissaksóknara er hækkað um 40,3 m.kr. vegna fjölgunar um tvö stöðugildi saksóknara til að mæta auknu álagi í tengslum við stofnun Landsréttar, í samræmi við lög nr. 49/2016, um br. á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála, sbr. markmið nr. 1 og 2, og aðgerð 1.
c. Framlag ríkissaksóknara hækkar um 20,4 m.kr. vegna fjölgunar um eitt stöðugildi saksóknara hjá embættinu sem millifært er frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu vegna flutnings starfsmanns af ákærusviði embættisins.
d. Framlag óbyggðanefndar hækkar tímabundið um 28,0 m.kr. til að flýta verklokum Óbyggðanefndar, sbr. markmið nr. 2 og aðgerð 3.
e. Framlag ríkislögmanns er hækkað um 11,0 m.kr. vegna aukins rekstrarumfangs sem fjármagnað er með sértekjum.
f. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um samtals 9,9 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

**9.4 Réttaraðstoð og bætur**
**Markmið og aðgerðir**

Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Til málaflokksins heyrir fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þá sem þurfa að leita réttar síns fyrir dómstólum en hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess, greiðslur til brotaþola vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum, greiðsla kostnaðar sem lögreglustjórar, héraðsdómstólar og ríkissaksóknari greiða öðrum en starfsmönnum viðkomandi embættis vegna rannsóknar og reksturs opinberra mála. Einnig heyrir undir þennan málaflokk sanngirnisbætur sem greiddar eru af ríkissjóði til fyrrverandi vistmanna á Kópavogshæli.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans en rétt er að vekja athygli á því að ekki er fyllilega hægt að sjá fyrir kostnað vegna þessa málaflokks.

## Fjárheimildir

| 09.40 Réttaraðstoð og bætur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.572,9 | 2.027,0 | 2.114,0 | 4,3 | -17,8 |
| Rekstrartilfærslur | 270,0 | 102,4 | 102,4 | 0,0 | -62,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.842,9** | **2.129,4** | **2.216,4** | **4,1** | **-22,0** |
| Rekstrartekjur | - | 427,1 | 435,4 | 1,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.702,3 | 1.781,0 | 4,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **2.129,4** | **2.216,4** | **4,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 2.216,4 m.kr. og hækkar um 48,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 38,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag vegna sanngirnisbóta er aukið tímabundið um 70,0 m.kr. sem varið er til greiðslu sanngirnisbóta til fyrrverandi vistmanna á Kópavogshæli. Í heildina er gert ráð fyrir að bætur verði greiddar til allt að 100 fyrrum vistmanna og að þær falli til á tímabilinu 2017-2019.

b. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um samtals 21,2 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

## 9.5 Fullnustumál

## Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Meginverkefni málaflokksins eru fullnusta refsinga, framkvæmd gæsluvarðahalds, eftirlit með skilorðsbundnum refsingum, innheimta sakarkostnaðar og rekstur fangelsa.

Undir málaflokkinn heyrir Fangelsismálastofnun, sem sér um fullnustu fangelsisrefsinga, hafa eftirlit með skilorðsbundnum refsingum, frestun ákæra, fullnustu vararefsinga, fésekta og framkvæmd gæsluvarðahalds. Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa sem eru fimm talsins og tekur ákvörðun um samfélagsþjónustu, rafrænt eftirlit og reynslulausn svo dæmi séu tekin.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun og að tryggja að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk.

2. Stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu.
3. Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Innleiðing fjölskylduleyfa fyrir fanga. | DMR og Fangelsismálastofnun |
| 2 | 1 og 2 | Fjórðungur óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga verði afplánaður utan fangelsis. | Fangelsismálastofnun |
| 3 | 1 | Aðgerðir sem miða að auknum innheimtuárangri. | DMR og embætti sýslumanns á NV landi |
| 4 | 3 | Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnananna. | DMR og Fangelsismálastofnun |

## Fjárheimildir

| 09.50 Fullnustumál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.718,9 | 1.867,8 | 1.949,5 | 4,4 | 13,4 |
| Rekstrartilfærslur | 1,6 | 17,7 | 3,7 | -79,1 | 131,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 611,4 | 10,0 | 10,0 | 0,0 | -98,4 |
| **Heildarútgjöld** | **2.331,9** | **1.895,5** | **1.963,2** | **3,6** | **-15,8** |
| Rekstrartekjur | - | 125,7 | 128,5 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.769,8 | 1.834,7 | 3,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.895,5** | **1.963,2** | **3,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.963,2 m.kr. og lækkar um 2,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 70,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 14,7 m.kr. til að mæta auknu umfangi við rekstur áfangaheimilisins Verndar sbr. markmið nr. 2 og aðgerð 2.
b. Framlag Fangelsismálastofnunar er lækkað um 17,1 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

## 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka, en þeir eru:

- Persónuvernd
- Trúmál.
- Sýslumenn.
- Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis.
- Útlendingamál.

Málefnasviðið nær yfir starfsemi stjórnvalda sem miðar með einum eða öðrum hætti að því að veita einstaklingum þjónustu og tryggja grundvallarréttindi þeirra.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Hér er annars vegar um að ræða aðlögun vegna uppskiptingar innanríkisráðuneytisins í tvö ráðuneyti, þ.e. dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, og hefur útgjaldatölum reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið skipt upp til samræmis eftir veltu. Hins vegar er um að ræða flutning á verkefnum Neytendastofu yfir til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá innanríkisráðuneytinu. Í því sambandi hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu þeirra verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **10.10 Persónuvernd** | **106,1** | **117,3** | **209,0** | **78,2** | **97,0** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 106,1 | 117,3 | 209,0 | 78,2 | 97,0 |
| **10.20 Trúmál** | **6.410,2** | **6.405,1** | **6.506,7** | **1,6** | **1,5** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 6.410,2 | 6.405,1 | 6.506,7 | 1,6 | 1,5 |
| **10.30 Sýslumenn** | **2.823,8** | **2.780,2** | **2.871,9** | **3,3** | **1,7** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 2.823,8 | 2.780,2 | 2.871,9 | 3,3 | 1,7 |
| **10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis** | **2.079,6** | **1.382,5** | **983,8** | **-28,8** | **-52,7** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 2.079,6 | 1.382,5 | 983,8 | -28,8 | -52,7 |
| **10.50 Útlendingamál** | **2.655,8** | **1.757,1** | **3.673,0** | **109,0** | **38,3** |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 2.655,8 | 1.757,1 | 3.673,0 | 109,0 | 38,3 |
| **Samtals** | **14.075,5** | **12.442,2** | **14.244,4** | **14,5** | **1,2** |

**Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum**

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 14.244 m.kr. og aukast um 1.421 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 11,4%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.802 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 14,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.497 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 10 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.487 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 140 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til sviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 243,6 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 103,6 m.kr. af 178,6 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til nýrra verkefna til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.

d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 75 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 140 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 381 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 14.244 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa eru leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun á málefnasviðinu breytast milli ára sem hér segir:

| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 10.436,8 | 9.002,7 | 10.797,1 | 19,9 | 3,5 |
| Rekstrartilfærslur | 3.617,7 | 3.439,5 | 3.447,3 | 0,2 | -4,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 21,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **14.075,5** | **12.442,2** | **14.244,4** | **14,5** | **1,2** |
| Rekstrartekjur | - | 422,6 | 402,2 | -4,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 12.019,6 | 13.842,2 | 15,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **12.442,2** | **14.244,4** | **14,5** | - |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Annars vegar er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum og hins vegar tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Engar fjármagnstilfærslur eða fjárfestingaframlög eru í þessu málefnasviði.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 10.797,1 m.kr og hækka um 1.794,4 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum munar mest um 1.573,9 m.kr. framlag til að mæta auknum kostnaði vegna fjölgunar hælis-

leitenda, 171,4 m.kr. framlag til kærunefndar útlendingamála til að viðhalda ásættanlegum málshraða úrskurða í málefnum hælisleitenda og 166,6 m.kr. framlag til Útlendingastofnunar, til að viðhalda ásættanlegum málshraða hælisumsókna.

b. **Rekstrartilfærslur** eru áætlaðar 3.447,3 m.kr. og er það 7,8 m.kr. hækkun milli ára.

## 10.1 Persónuvernd

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn fellur starfsemi Persónuverndar sem annast m.a. eftirlit með framkvæmd persónuverndarlaga, úrskurðar í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga og mælir fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Stofnunin leiðbeinir þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, afgreiðir leyfisumsóknir, tekur við tilkynningum og veitir umsagnir við setningu laga og reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd.

Markmið í málaflokknum er:

1. Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.
2. Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Undirbúin fræðsla vegna nýrrar evrópulöggjafar á sviði persónuverndar þar sem upplýst er m.a. um réttindi einstaklinga og skyldur fyrirtækja og stofnana samkvæmt nýjum reglum. | Persónuvernd |
| 2 | 1 og 2 | Undirbúin fræðsla vegna hlutverks persónuverndarfulltrúa sem öllum fyrirtækjum og stofnunum verður skylt að tilnefna samkvæmt nýjum reglum. | Persónuvernd |
| 3 | 1 og 2 | Undirbúa þarf umfangsmiklar breytingar á starfsemi Persónuverndar, þ.e. tölvukerfi, málaskrá, heimasíðu og öllum innviðum, í samræmi við kröfur evrópulöggjafar. | Persónuvernd |
| 4 | 1 og 2 | Efla og styrkja starfsemi Persónuverndar, svo að henni sé kleift að sinna þeim umfangsmiklu verkefnum sem leiða af nýrri Evrópulöggjöf um persónuvernd, m.a. með fjölgun starfsmanna. | Persónuvernd |

## Fjárheimildir

| 10.10 Persónuvernd | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 106,1 | 117,3 | 209,0 | 78,2 | 97,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **106,1** | **117,3** | **209,0** | **78,2** | **97,0** |
| Rekstrartekjur | - | 3,1 | 3,2 | 3,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 114,2 | 205,8 | 80,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **117,3** | **209,0** | **78,2** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 209 m.kr. og hækkar um 86,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 5,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 88 m.kr. til að styrkja starfsemi Persónuverndar þannig að hún verði í stakk búin að mæta áherslum nýrrar Evrópureglugerðar um persónuvernd sbr. markmið nr. 1 og 2, og aðgerðir 3 og 4.
b. Tímabundið 12 m.kr. framlag vegna vinnu við endurbætur á persónuverndarlöggjöf, sem falla átti niður, er framlengt um eitt ár, samanber markmið nr. 1 og 2, og aðgerðir 3 og 4.

## 10.2 Trúmál

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla útgjöld til starfsemi Þjóðkirkjunnar, kirkjumálasjóðs, kristnisjóðs og kirkjugarða. Einnig fellur undir trúmál úthlutun sóknargjalda til safnaða Þjóðkirkjunnar og skráðra lífsskoðunar- og trúfélaga. Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra og byggir m.a. á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og lögum um sóknargjöld.

## Fjárheimildir

| 10.20 Trúmál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.127,2 | 3.100,5 | 3.158,6 | 1,9 | 1,0 |
| Rekstrartilfærslur | 3.262,0 | 3.304,6 | 3.348,1 | 1,3 | 2,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 21,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **6.410,2** | **6.405,1** | **6.506,7** | **1,6** | **1,5** |
| Rekstrartekjur | - | 228,3 | 233,3 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 6.176,8 | 6.273,4 | 1,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **6.405,1** | **6.506,7** | **1,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 6.506,7 m.kr. og lækkar um 67,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 168,8 m.kr. til hækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til kirkjugarða er aukið um 9 m.kr. í samræmi við samkomulag um reiknilíkan fyrir framlaginu. Til viðbótar kemur launa- og verðlagshækkun.
b. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 76,2 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

## 10.3 Sýslumenn

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla ýmis verkefni embætta sýslumanna svo sem persónuréttindi og fjölskyldumál, eignaréttindi og fullnusta krafna. Einstakir sýslumenn fara með sérverkefni á landsvísu, til dæmis ættleiðingar, bætur til þolenda afbrota og útgáfu Lögbirtingablaðsins. Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Embætti sýslumanna eru níu og fara þau með staðbundið framkvæmdarvald ríkisins.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.
2. Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar.
3. Réttindi einstaklinga gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Eyðublöð á heimasíðu sýslumanna gerð rafræn. | Sýslumannaráð |
| 2 | 1 og 2 | Frumvarp um rafrænar þinglýsingar lagt fram. | DMR |
| 3 | 1, 2 og 3 | Unnið verði að frekari þróun á starfsemi sýslumannsembætta í samræmi við skýrslu um greiningu á núverandi skipulagi sýslumannsembættanna, rekstri og samlegðaráhrifum. | DMR/Sýslumannaráð |

## Fjárheimildir

| 10.30 Sýslumenn | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.823,7 | 2.780,2 | 2.871,9 | 3,3 | 1,7 |
| Rekstrartilfærslur | 0,1 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.823,8** | **2.780,2** | **2.871,9** | **3,3** | **1,7** |
| Rekstrartekjur | - | 35,9 | 70,6 | 96,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.744,3 | 2.801,3 | 2,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **2.780,2** | **2.871,9** | **3,3** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 2.871,9 m.kr. og lækkar um 13 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 104,7 m.kr. til hækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 36 m.kr. vegna aukins rekstrarumfangs sem fjármagnað er með sértekjum.
b. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 31,7 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

## 10.4 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

## Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis falla aðalskrifstofa dómsmálaráðuneytis, Stjórnartíðindi, kosningar, Schengen landamærasjóður og ýmis verkefni. Verkefni dómsmálaráðuneytis varða meðal annars dómstóla, réttarfar, almannavarnir, löggæslu, mannréttindi, trúmál og kosningar. Alls eru stofnanir dómsmálaráðuneytisins 30 en undir ráðuneytið heyrir einnig málefni Þjóðkirkjunnar, kirkjugarða og samræmdrar neyðarsvörunar. Málaflokkurinn er á ábyrgð dómsmálaráðherra.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.
2. Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Unnið verður að stefnumótun og skipulagi nýs dómsmálaráðuneytis, skilgreiningu verkferla og gæðastaðla. | DMR |
| 1 | 1 og 2 | Samræming í framkvæmd aðgerðaráætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar. | DMR |

## Fjárheimildir

| 10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.896,4 | 1.249,3 | 884,6 | -29,2 | -53,4 |
| Rekstrartilfærslur | 183,2 | 133,2 | 99,2 | -25,5 | -45,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.079,6** | **1.382,5** | **983,8** | **-28,8** | **-52,7** |
| Rekstrartekjur | - | 121,1 | 69,4 | -42,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.261,4 | 914,4 | -27,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.382,5** | **983,8** | **-28,8** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 983,8 m.kr. og lækkar um 413,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 14,6 m.kr. til hækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 596,8 m.kr. vegna skiptingar stjórnarmálefna innanríkisráðuneytis milli ráðuneyta dómsmála og samgöngu- og sveitarstjórnarmála.
b. Framlag til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis er aukið um 87,6 m.kr. til að mæta viðbótarkostnaði vegna aðskilnaðar innanríkisráðuneytis í tvö ráðuneyti dómsmála og samgöngu- og sveitarstjórnarmála.
c. Framlag til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis er aukið um 20 m.kr. til að styrkja framkvæmd aðgerðaráætlunar um úrbætur í meðferð kynferðisbrota og vinnu við fullgildingu Istanbúl-samningsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar.

d. Framlag vegna kosninga er aukið um 38,1 m.kr. vegna þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við sveitarstjórnarkosningar.
e. Framlag til alþjóðasamstarfs er aukið um 35,6 m.kr. til að mæta kostnaði við skuldbindandi alþjóðasamninga.
f. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 9,7 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar eftir að hluta útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna hefur verið nýtt til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

## 10.5 Útlendingamál

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn fellur starfsemi Útlendingastofnunar og Kærunefndar útlendingamála. Útlendingastofnun annast stjórnsýslumeðferð umsókna og erinda vegna áritana, dvalarleyfa, brottvísana, veitingar ríkisborgararéttar og umsókna um alþjóðlega vernd. Stofnunin ber ábyrgð á þjónustu við umsækjendur um vernd, ýmist með samningum við sveitarfélög eða með eigin móttökuúrræðum. Kostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um vernd er greiddur af sérstökum fjárlagalið sem stofnunin ber ábyrgð á. Þessi kostnaður hefur farið fram úr fjárheimildum ársins 2017 vegna verulegrar vanáætlunar í fjárlagagerð fyrir árið 2017 og áframhaldandi fjölgunar umsókna um vernd frá fordæmalausri fjölgun á síðari hluta ársins 2016. Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnsýslunefnd með valdheimildir sem úrskurðaraðili á æðra stjórnsýslustigi.

Mikil óvissa er um fjölda umsækjenda um vernd en gera má ráð fyrir fjölgun bæði tilhæfulausra umsókna um vernd og einnig umsókna þar sem tilvik eru flóknari. Sveiflum í málaflokknum fylgir tilheyrandi ófyrirsjáanleiki varðandi kostnað. Stefnt er að lækkun kostnaðar við þjónustu með hraðari málsmeðferð. Hins vegar getur hraðari málsmeðferð haft í för með sér meiri kostnaði í byrjun sem lækkar til lengri tíma litið.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.
2. Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Móttökumiðstöð skipulögð ásamt því að unnið verður að frekara samkomulagi við sveitarfélögin um þjónustu. | ÚTL/DMR |
| 2 | 1 og 2 | Samræming ferla milli allra aðila frá móttöku umsókna um alþjóðlega vernd til síðustu afgreiðslu mála svo halda megi markmiðum um skilvirka og skjóta málsmeðferð. | ÚTL |
| 3 | 1 og 2 | Endurskoðun á lögum og reglugerð til að stytta málsmeðferðartíma. | DMR |

**Fjárheimildir**

| 10.50 Útlendingamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.483,4 | 1.755,4 | 3.673,0 | 109,2 | 47,9 |
| Rekstrartilfærslur | 172,4 | 1,7 | 0,0 | -100,0 | -100,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.655,8** | **1.757,1** | **3.673,0** | **109,0** | **38,3** |
| Rekstrartekjur | - | 34,2 | 25,7 | -24,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.722,9 | 3.647,3 | 111,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.757,1** | **3.673,0** | **109,0** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.673 m.kr. og hækkar um 1.828,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 87,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Framlag til hælismála eru aukið um 1.573,9 m.kr. til að mæta viðvarandi fjölgun hælisumsókna. Með viðbótarframlaginu verða heildarframlög til fjárlagaliðarins 2.688,3 m.kr.
b. Framlag til kærunefndar útlendingamála er aukið um 171,4 m.kr. þannig að nefndin standi undir ásættanlegum málshraða úrskurða í málefnum hælisleitenda,
c. Framlag til Útlendingastofnunar er aukið um 166,6 m.kr. þannig að stofnunin geti haldið ásættanlegum málshraða hælisumsókna, auk viðbótarkostnaðar við húsnæði.
d. Niður fellur 18 m.kr. tímabundið framlag til Útlendingastofnunar vegna innleiðingarkostnaðar útlendingalaga.
e. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 22,9 m.kr. til að uppfylla aðhaldskröfu gildandi fjármálaáætlunar, en hluti útgjaldasvigrúms málefnasviðsins til nýrra verkefna er nýttur til að mæta hluta aðhaldskröfunnar.

# 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Samgöngur.
- Fjarskipti. og póstþjónusta.
- Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Hér er um að ræða aðlögun vegna uppskiptingar innanríkisráðuneytisins í tvö ráðuneyti, þ.e. dómsmála-ráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Þannig hefur útgjaldatölum reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið skipt upp sem nemur veltu þeirra verkefna sem skiptast á milli þessara tveggja ráðuneyta.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **11.10 Samgöngur** | **30.696,3** | **33.397,7** | **36.088,7** | **8,1** | **17,6** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 30.696,3 | 33.397,7 | 36.088,7 | 8,1 | 17,6 |
| **11.20 Fjarskipti** | **1.525,5** | **1.356,6** | **1.425,0** | **5,0** | **-6,6** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 1.525,5 | 1.356,6 | 1.425,0 | 5,0 | -6,6 |
| **11.30 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis** | | | **810,3** | **-** | **-** |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | | | 810,3 | - | - |
| **Samtals** | **32.221,8** | **34.754,3** | **38.324,0** | **10,3** | **18,9** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 38.324 m.kr. og aukast um 3.314 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 9,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.570 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 10,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.802 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 296 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 1.808 m.kr.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, eru áætlaðar 256 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 38.324 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 10.556,3 | 11.021,3 | 13.184,9 | 19,6 | 24,9 |
| Rekstrartilfærslur | 3.374,0 | 2.542,0 | 2.438,9 | -4,1 | -27,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.224,8 | 833,0 | 1.022,7 | 22,8 | -16,5 |
| Fjárfestingarframlög | 17.066,7 | 20.358,0 | 21.677,5 | 6,5 | 27,0 |
| **Heildarútgjöld** | **32.221,8** | **34.754,3** | **38.324,0** | **10,3** | **18,9** |
| Rekstrartekjur | - | 1.257,0 | 1.623,6 | 29,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 33.422,3 | 36.700,4 | 9,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 75,0 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **34.754,3** | **38.324,0** | **10,3** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 13.184,9 m.kr og hækka um 2.163,6 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um nýjan málaflokk 11.3 stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, 713 m.kr., en hluti af fjárheimild málaflokks 10.4 stjórnsýsla innanríkismála færist á milli málefnasviða í kjölfar uppskiptingar innanríkisráðuneytis í tvö ráðuneyti. Þá hækkar fjárheimild til ýmissa liða samgangna. Meðal annars hækkar framlag til þjónustu á vegum um 223 m.kr., styrkir til almenningssamganga hækka um 264 m.kr. og fjárheimild til flugvalla og flugleiðsögþjónustu hækkar um 374 m.kr. Þá hækkar framlag til fjarskiptasjóðs vegna viðaukasamnings við fjarskiptafyrirtækið Farice ehf. tímabundið um 62,5 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 103,1 m.kr. og verða 2.438,9 m.kr. en eru 2.542 m.kr. í fjárlögum ársins 2017.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 1.022,7 m.kr. og er það 189,7 m.kr. hækkun milli ára. Breytingin er til komin vegna tilfærslu til Hafnarbótasjóðs, hafnarframkvæmda við endurbyggingu Brjóts á Bolungarvík, dýpkun við hafskipabryggju á Dalvík og smábátahöfn á Skagaströnd.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 21.677,5 m.kr. og er það 1.319,5 m.kr. hækkun milli ára. Helstu breytingar á milli ára eru vegna framkvæmda við Dýrafjarðargöng, alls 2 ma.kr., og 450 m.kr. vegna tvöföldunar brúar á Kvía og tvöföldun brúar á Vatnsnesi. Þá verður um 600 m.kr. varið til framkvæmda við Reykjanesbraut, 200 m.kr. til hringtorgs á Vesturlandsvegi og 250 m.kr. til endurgerðar á síðasta kafla

vegarins á Fróðárheiði. Á móti lækkar framlag vegna framkvæmda sem er að ljúka við Norðfjarðargöng og vegtengingu við Bakka, samtals um 2,2 ma.kr. Framlag vegna stækkunnar Húsavíkurhafnar, 348 m.kr., fellur niður, en á móti hækkar framlag tilframkvæmda við vita og hafnir um 268 m.kr. Fjárheimild hafnabótasjóðs hækkar um 311 m.kr. Framlag til Vestmannaeyjaferju lækkar um 300 m.kr., en ferjan er að fullu fjármögnuð.

## 11.1 Samgöngur

**Markmið og aðgerðir**

Undir málaflokkinn falla allir samgönguinnviðir, framkvæmdir, viðhald og þjónusta við vegi, ríkishluta hafna og sjóvarna, flugvellir, almenningssamgöngur og umferðin sjálf á landi, í lofti og á sjó. Einnig flutningar milli landa og starfsemi íslenskra leyfishafa erlendis, þjónusta við samgönguinnviði, farartækin og stjórnendur þeirra. Leyfisveitingar og eftirlit með farartækjum, skipum, flugvélum og ökutækjum sem og réttindi stjórnenda þeirra. Málaflokkurinn er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Stofnanir samgöngumála eru tvær auk Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Samgöngustofa fer með stjórnsýslu, öryggisáætlanagerð, aðgerðir og eftirlit en Vegagerðin fer með þjónustu, viðhald og framkvæmdir við vegakerfi, almenningssamgöngur, viðhald og rekstur leiðsögukerfa á sjó, hlut ríkisins við sjóvarnir og hafnargerð, auk ýmissa rannsókna. Rannsóknanefnd samgönguslysa starfar sjálfstætt, óháð stjórnvöldum við rannsóknir samgönguslysa. Opinbera hlutfélagið Isavia ohf. annast viðhald, framkvæmdir og þjónustu á flugvallakerfinu, flugumsjón og flugleiðsögu samkvæmt þjónustusamningi.

Í gildi er þingsályktun um samgönguáætlun 2011-2022 og þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018. Í samgönguáætlun koma meðal annars fram markmið og mælikvarðar í samgöngum og tekur þessi greinargerð mið af því og áherslum ríkisstjórnarinnar.

Markmið í málaflokknum eru að samgöngur séu:

1. Öruggar
2. Greiðar
3. Hagkvæmar
4. Umhverfislega sjálfbærar
5. Stuðli að jákvæðri byggðaþróun

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Aukin fræðsla og áróður til erlendra ökumanna. | Samgöngustofa |
| 2 | 1 | Sjálfvirkt hraðaeftirlit með meðalhraðamyndavélum undirbúið. | Vegagerðin |
| 3 | 1 | Efling á slysaskráningu sjóslysa með uppbyggingu rafræns gagnagrunns. | Samgöngustofa |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 1,2 og 3 | Átak í rafrænni stjórnsýslu s.s. rafvæðing bifreiðaskráninga, uppbygging á rafrænni landsskrá flutningsaðila og endurnýjun lögskráningarkerfis sjómanna. | Samgöngustofa |
| 5 | 1 | Uppsetning viðvörunarljósa við einbreiðar brýr. | Vegagerðin |
| 6 | 2,4 og 5 | Ný Vestmannaeyjaferja tekin í notkun. | Vegagerðin |
| 7 | 1- 5 | Unnið að endurbótum á Landeyjarhöfn. | Vegagerðin |
| 8 | 1,2 og 5 | Unnið að framkvæmdum við Dýrafjarðargöng. | Vegagerðin |
| 9 | 1 og 5 | Aukinn stuðningur við endurnýjun hafna. | Vegagerðin |
| 10 | 1,2 og 5 | Aukin áhersla á viðhald innanlandsflugvalla. | Isavia |
| 11 | 2,3,4,5 | Almenningssamgöngur á landsbyggðinni endurmetnar á grundvelli markaðsgreininga með hliðsjón af áframhaldandi samstarfi við landshlutasamtökin. | Vegagerðin |
| 12 | 1,2 | Unnið að fækkun einbreiðra brúa. | Vegagerðin |
| 13 | 1,2 | Lokið að setja bundið slitlag á hringveginn. | Vegagerðin |

## Fjárheimildir

| 11.10 Samgöngur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 9.792,7 | 10.225,7 | 11.597,2 | 13,4 | 18,4 |
| Rekstrartilfærslur | 3.301,2 | 2.496,3 | 2.296,3 | -8,0 | -30,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 612,1 | 317,7 | 517,7 | 63,0 | -15,4 |
| Fjárfestingarframlög | 16.990,3 | 20.358,0 | 21.677,5 | 6,5 | 27,6 |
| **Heildarútgjöld** | **30.696,3** | **33.397,7** | **36.088,7** | **8,1** | **17,6** |
| Rekstrartekjur | - | 1.238,1 | 1.527,6 | 23,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 32.084,6 | 34.561,1 | 7,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 75,0 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **33.397,7** | **36.088,7** | **8,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 36.088,7 m.kr. og hækkar um 2.466,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 224,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Til að stuðla að markmiðum um greiðar og öruggar samgöngur er framlag til þjónustu á vegakerfinu hækkað um samtals 131 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Stefnt er að því að bæta vegmerkingar.
b. Framlag vegna styrkja til almenningssamgangna hækkar um 241 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þörf er á því að bregðast við halla sem safnast hefur upp frá árinu 2010,

m.a. vegna útgjalda sem hafa fallið til vegna Landeyjahafnar og Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs.

c. Framlag til framkvæmda og viðhalds á vegakerfinu hækkar um 1.388 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Framlagið nemur um 19,1 ma.kr. en stefnt er að því að ríflega 8 ma.kr. af henni fari til viðhalds vega, en mörg brýn viðhaldsverkefni bíða.
   Ríkisstjórnin leggur áherslu á að hraða uppbyggingu í vegamálum þannig að á árinu 2018 verði 1,5 ma.kr. varið til viðbótar í framkvæmdir á vegum umfram það sem gert var ráð fyrir í frumvarpi fráfarandi ríkisstjórnar. Um er að ræða sjö framkvæmdir sem snúa fyrst og fremst að umferðaröryggismálum en einnig aðgerðum til að greiða úr umferð og minnka tafir. Leggja á bundið slitlag á síðasta kafla vegarins yfir Fróðárheiði. Auka á umferðaröryggi með því að tvöfalda brýr við Kvíá og við Vatnsnesveg um Tjarnará. Greiða á úr umferðartöfum með þremur framkvæmdum við Reykjanesbraut um Hafnarfjörð og með gerð hringtorgs við Esjumela á Vesturlandsvegi.
d. Framlag til Vestmannaeyjaferju lækkar um 300 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna niðurfellingar tímabundins framlags. Gert er ráð fyrir að framlagið sem eftir stendur nægi fyrir umsamdri lokagreiðslu 2018 vegna nýrrar ferju.
e. Framlag til framkvæmda við vita og hafnir lækka um samtals 80 m.kr. á milli ára. Annars vegar er um að ræða niðurfellingu á tímabundnu 348 m.kr. framlagi vegna stækkunar Húsavíkurhafnar sem er lokið og hins vegar 268 m.kr. hækkun framlags.
f. Framlag til hafnarframkvæmda (hafnabótasjóðs) hækkar um 500 m.kr. frá gildandi fjárlögum.
g. Framlag til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu hækkar um 374 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Stefnt er að því að verja hækkuninni í viðhald flugvalla. Framlag til Samgöngustofu hækkar að raungildi um 302 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Munar þar mest um hækkun á heimild stofnunarinnar til að nýta rekstrartekjur sem stofnunin aflar frá viðskiptavinum sínum á grundvelli þjónustugjaldskrár, en mikil aukning hefur orðið á umsvifum í stjórnsýslu stofnunarinnar. Stefnt er að því að framlaginu verði m.a. varið til að efla öryggismál samgangna og til umbóta í rafrænni stjórnsýslu.

**11.2 Fjarskipti**

**Markmið og aðgerðir**

Öll fjarskipti og póstþjónusta á Íslandi og fjarskipti milli landa og starfsemi íslenskra leyfishafa erlendis falla undir málaflokkinn. Málaflokkurinn er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur meginumsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála. Fjarskiptasjóður úthlutar fjármunum til verkefna með hliðsjón af markmiðum fjarskiptaáætlunar, svo sem til uppbyggingar fjarskiptainnviða á svæðum þar sem markaðs-

brestur er. Íslandspóstur hf. fer fyrir hönd íslenska ríkisins með einkarétt á tiltekinni póstþjónustu og sinnir alþjónustu á sviði póstþjónustu á Íslandi. Í gildi er þingsályktun um fjarskiptaáætlun 2011-2022 þar sem fram koma markmið og mælikvarðar um uppbyggingu fjarskipta hér á landi og tekur þessi greinargerð mið af henni og áherslum ríkisstjórnarinnar.

Helstu markmið í málaflokknum eru:

a. Að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni nettengingu árið 2020.
b. Að auka aðgengi og afköst háhraðafarneta, einkum utan þéttbýlis.
c. Að einkaréttur í pósti verði afnuminn.
d. Að efla netöryggi samkvæmt gildandi netöryggisstefnu og aðgerðaáætlun þar sem höfð verði hliðsjón af mati Háskólans í Oxford á þroskastigi[4] netöryggis hérlendis.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 4 | Innleiðing, endurskoðun og framkvæmd netöryggisstefnu stjórnvalda þar með talið efling netöryggissveitar. Aðgerðir taki mið af niðurstöðum Oxford-skýrslunnar. | SRN, Póst- og fjarskiptastofnun |
| 2 | 3 | Undirbúningur fyrir afnám einkaréttar á póstmarkaði með opnun markaðarins og tryggingu á alþjónustu. | SRN og Póst- og fjarskiptastofnun |
| 3 | 1, 2 | Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskipta-innviða utan markaðssvæða. Ríkið styrkir ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum í gegnum fjarskiptasjóð. Þriðja aðgerðarár af 5. | SRN/ fjarskiptasjóður |
| 4 | 1,2 | Undirbúa innleiðingu 5G tækninnar í íslenskt samfélag sem lið í að mæta áskorunum fjórðu iðnbyltingarinnar. | SRN og Póst- og fjarskiptastofnun |
| 5 | 2 | Öryggi eflt á vegakerfi og fjölförnum ferðamannastöðum með aukinni útbreiðslu farsíma/farnets. | Póst- og fjarskiptastofnun |

## Fjárheimildir

| 11.20 Fjarskipti | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 763,6 | 795,6 | 874,3 | 9,9 | 14,5 |
| Rekstrartilfærslur | 72,8 | 45,7 | 45,7 | 0,0 | -37,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 612,7 | 515,3 | 505,0 | -2,0 | -17,6 |
| Fjárfestingarframlög | 76,4 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **1.525,5** | **1.356,6** | **1.425,0** | **5,0** | **-6,6** |
| Rekstrartekjur | - | 18,9 | 33,6 | 77,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.337,7 | 1.391,4 | 4,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.356,6** | **1.425,0** | **5,0** | - |

[4] (A) Netöryggisstefna; (B) netöryggismenning; (C) netöryggismenntun, þjálfun og hæfni; (D) lagalegt umhverfi netöryggis og (E) staðlar, stofnanir og tækni. Hver grunnflokkur skiptist í nokkra undirflokka og þeir skiptast síðan í þætti.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.425 m.kr. og hækkar um 58 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 10 m.kr. Helsta breyting á milli ára er vegna tímabundinnar 62,5 m.kr. hækkunar á framlagi til Fjarskiptasjóðs vegna viðaukasamnings við fjarskiptafyrirtækið Farice ehf.

## 11.3 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, fastanefndir, ráðstöfunarfé ráðherra, samningur við Slysavarnarskóla sjómanna og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið eða málaflokka. Undirstofnanir ráðuneytisins eru 6 og hlutafélög sem tengjast ábyrgðasviðum ráðuneytisins eru þrjú. Þá heyra tveir sjóðir undir ráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Fjarskiptasjóður. Stjórnarmálefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skipast milli 7 málaflokka á 4 málefnasviðum og eru á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála tók til starfa 1. maí 2017 í kjölfar uppskiptingu innanríkisráðuneytis. Ráðuneytið mun móta stefnu sína, markmið og mælikvarða á næstu misserum.

### Fjárheimildir

| 11.30 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | - | - | 713,4 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | - | - | 96,9 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | - | - | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | - | - | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | - | - | **810,3** | - | - |
| Rekstrartekjur | - | - | 62,4 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | - | 747,9 | - | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | - | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | - | **810,3** | - | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 789 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 21 m.kr. Málaflokkurinn er nýr miðað við gildandi fjárlög en ráðuneytið tók til starfa 1. maí 2017 á grundvelli þingsályktunar um uppskiptingu innanríkisráðuneytis í dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Af þeim sökum er ekki hægt að rekja helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins.

# 12 Landbúnaður

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það skiptist áður í fimm málaflokka en hefur verið einfaldað og skiptist nú í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Stjórnun landbúnaðarmála.
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna sameiningar málaflokka. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið breytt til samræmis eða sem nemur veltu þeirra verkefna sem sameinast.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 12 Landbúnaður | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **12.10 Stjórnun landbúnaðarmála** | **14.374,3** | **15.561,9** | **15.833,4** | **1,7** | **10,2** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 14.374,3 | 15.561,9 | 15.833,4 | 1,7 | 10,2 |
| **12.20 Rannsókn., þróun og nýsköpun í landb.mál.** | **80,5** | **209,2** | **206,3** | **-1,4** | **156,3** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 80,5 | 209,2 | 206,3 | -1,4 | 156,3 |
| **12.50 Landbúnaðarsjóðir** | **595,9** | | | **-** | **-** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 595,9 | | | - | - |
| **Samtals** | **15.050,7** | **15.771,1** | **16.039,7** | **1,7** | **6,6** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 16.039,7 m.kr. og lækka um 97,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 0,6%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 268,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 76,7 m.kr. til lækkunar.

b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 21,1 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 38,1 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta allt útgjaldasvigrúm í rammanum til nýrra verkefna, alls 17 m.kr., til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.

c. Gert er ráð fyrir að allt útgjaldasvigrúm innan ramma málefnasviðsins verði notað til að fella niður hluta af aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins. Á móti kemur að hagrætt var innan málefnasviðsins og 19 m.kr. forgangsraðað m.a. í lífræna ræktun hjá Matvælastofnun. Með innleiðingu nýrra reglna Evrópusambandsins um lífræna ræktun er Matvælastofnun falið nýtt eftirlitshlutverk og er því þörf á viðbótarstarfsmanni til að annast það verkefni.

d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 366,4 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 16.039,7 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018.

Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun landbúnaðar breytast milli ára sem hér segir:

| 12 Landbúnaður | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.628,5 | 1.783,4 | 1.857,2 | 4,1 | 14,0 |
| Rekstrartilfærslur | 13.419,8 | 13.987,7 | 14.182,5 | 1,4 | 5,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 2,4 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **15.050,7** | **15.771,1** | **16.039,7** | **1,7** | **6,6** |
| Rekstrartekjur | - | 463,2 | 467,5 | 0,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.307,9 | 15.572,2 | 1,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **15.771,1** | **16.039,7** | **1,7** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Á málefnasviðinu eru hvorki fjármagnstilfærslur né fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 1.857,2 m.kr og hækka um 73,8 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist að mestu leyti af aðgerðum vegna breytinga á reglum um innflutning á hráu kjöti og eggjum.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 194,8 m.kr. og verða 14.182,5 m.kr. en eru 13.987,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af launa- og verðlagsbreytingum.

**12.1 Stjórnun landbúnaðarmála**

**Markmið og aðgerðir**

Undir málaflokkinn falla verkefni Matvælastofnunar, búvöru- og búnaðarlagasamningar og greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum. Við markmiðssetningu málaflokksins var litið til þess að skapa jafnvægi milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Árleg aukning í framleiðni.

2. Árlegur samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda.
3. Aukin sátt um fyrirkomulag starfsemi landbúnaðar.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Að störfum er starfshópur um endurskoðun búvörusamninga sem mun ljúka vinnu sinni fyrir árslok 2018. Vænta má að á þessum vettvangi muni sérstakir aðlögunarsamningar um nýja starfsemi til sveita verða teknir til umfjöllunar. | ANR |
| 2 | 1 | Undirbúningur er hafinn að skipun starfshóps um gerð matvælastefnu í samræmi við tillögu í skýrslu um Matvælastofnun. Reiknað er með að hópurinn hefji störf á árinu 2018. | ANR |
| 3 | 1 | Unnið verður að heildarendurskoðun löggjafar um dýra-sjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um innflutning dýra og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sem byggir á skýrslu starfshóps um endurskoðun á þessari löggjöf. | ANR |
| 4 | 1 | Undirbúningur fyrir frekari vöktun á áhættuþáttum matvæla-öryggis, m.a. með auknum sýnatökum og nákvæmara eftirliti. | ANR |
| 5 | 1 | Áframhaldandi vinna við þróun upplýsingakerfa og rafrænar lausnir til að bæta stjórnun, gæðaeftirlits og tryggja rekjanleika afurða. | Matvælastofnun |
| 6 | 2 | Unnið verður að því að móta heildstætt ferli um vöktun gróðurs og jarðvegs á Íslandi til að tryggja sjálfbærni landbúnaðar. | ANR |
| 7 | 2 | Kolefnisjöfnun landbúnaðar er hluti af frekari þróun lífhagkerfisins og verður ráðist í sérstakt kolefnisjöfnunarverkefni í samvinnu við bændur. | ANR |
| 8 | 3 | Réttur neytenda verði betur tryggður með áframhaldandi vinnu við undirbúning á þróun og birtingu gagna um frammistöðu fyrirtækja sem framleiða matvæli og fóður. | ANR |
| 9 | 3 | Skipað verður í áhættumatsnefnd á sviði matvæla, fóðurs, áburðar og sáðvöru. | ANR |

## Fjárheimildir

| 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.585,6 | 1.706,3 | 1.801,5 | 5,6 | 13,6 |
| Rekstrartilfærslur | 12.786,3 | 13.855,6 | 14.031,9 | 1,3 | 9,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 2,4 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **14.374,3** | **15.561,9** | **15.833,4** | **1,7** | **10,2** |
| Rekstrartekjur | - | 463,2 | 467,5 | 0,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.098,7 | 15.365,9 | 1,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **15.561,9** | **15.833,4** | **1,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 15.833,4 m.kr. og lækkar um 93,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 365 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 141,9 í samræmi við ákvæði samninga um starfsskilyrði í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju og rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju. Þrátt fyrir lækkanir í ákvæðum samninganna hækka framlög til þeirra en það skýrist af 294,3 m.kr. launa- og verðlagshækkunum. Nettóhækkun vegna samninganna er þannig 152,4 m.kr.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 49 m.kr. vegna breytinga á reglum um innflutning á hráu kjöti og eggjum. Í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins, þar sem skilyrði í íslenskri löggjöf fyrir innflutningi á hráu kjöti og eggjum voru dæmd ólögleg, liggur fyrir að nauðsynlegt er að ráðast í ákveðnar rannsóknir og aðgerðir til að mæta breyttum aðstæðum og draga úr hættu á því, eins og kostur er, að hingað berist sjúkdómsvaldandi bakteríur með innflutningi matvæla. Framlagið stuðlar að bættri vöktun á áhættuþáttum matvælaöryggis sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 4.
c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 15 m.kr. vegna forgangsröðunar innan málefnasviðsins til tölvumála Matvælastofnunar, m.a. sem tengjast búvörusamningum. Framlagið stuðlar að bættum upplýsingum um framleiðni sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 5.
d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 4,8 m.kr. vegna forgangsröðunar innan málefnasviðsins til Matvælastofnunar, m.a. vegna lífrænnar ræktunar í kjölfar innleiðingar nýrra reglna Evrópusambandsins og til þess að auka vöktun á áhættuþáttum matvælaöryggis sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 4. Að auki er 14,2 m.kr. forgangsraðað til Matvælastofnunar innan málaflokksins og framlagið því alls 19 m.kr.
e. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 18,1 m.kr.

## 12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla ýmsir samningar og verkefni í landbúnaði, s.s. vegna landgræðslu og skógræktar í þágu landbúnaðar og hagrannsóknir um landbúnað. Engin stofnun fellur undir málaflokkinn. Við markmiðssetningu málaflokksins var miðað að því að ná fram auknum árangri í þróun vara og starfshátta landbúnaðar.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Aukin nýsköpun í virðiskeðju matvælaframleiðslu m.t.t. tækni, landnotkunar og sjálfbærni.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Hafinn verður undirbúningur að endurskipulagningu og eflingu nýsköpunarumhverfis sjávarútvegs- og landbúnaðar. | ANR |

## Fjárheimildir

| 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 42,9 | 77,1 | 55,7 | -27,8 | 29,8 |
| Rekstrartilfærslur | 37,6 | 132,1 | 150,6 | 14,0 | 300,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **80,5** | **209,2** | **206,3** | **-1,4** | **156,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 209,2 | 206,3 | -1,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **209,2** | **206,3** | **-1,4** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 206,3 m.kr. og lækkar um 4,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

1. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið í eitt ár um 22 m.kr. vegna framlags til hagræðingar í loðdýrafóðurframleiðslu. Um er að ræða uppgjör á verkefni sem ríkisstjórnin samþykkti framlög til, fyrst árið 2004 og síðar framlengingu um þrjú ár, 2009-2011. Vegna aðhaldsaðgerða árið 2009 var greiðslum vegna verkefnisins frestað. Í fjáraukalögum 2016 var veitt 32 m.kr. framlag til verkefnisins og gert ráð fyrir 22 m.kr. framlagi á árinu 2018 svo ljúka megi verkefninu.
2. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 15 m.kr. vegna forgangsröðunar innan málefnasviðsins til Matvælastofnunar vegna tölvumála stofnunarinnar, sbr. markmið málaflokks 12.1 nr. 1.
3. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 4,8 m.kr. vegna forgangsröðunar innan málefnasviðsins til Matvælastofnunar, m.a. vegna lífrænnar ræktunar og aukinnar vöktunar.
4. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 3 m.kr.

# 13 Sjávarútvegur og fiskeldi

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis.
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis** | **1.270,0** | **1.277,1** | **1.341,5** | **5,0** | **5,6** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 1.270,0 | 1.277,1 | 1.341,5 | 5,0 | 5,6 |
| **13.20 Rannsókn., þróun og nýsköpun í sjávarútv.** | **4.140,5** | **5.029,5** | **5.382,9** | **7,0** | **30,0** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 4.140,5 | 5.029,5 | 5.382,9 | 7,0 | 30,0 |
| **Samtals** | **5.410,5** | **6.306,6** | **6.724,4** | **6,6** | **24,3** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.



**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 6.724,4 m.kr. og hækka um 238,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 3,8%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 417,8 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 101 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 62,7 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 110,3 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 47,6 m.kr. af 247,6 m.kr. útgjaldasvigrúm í rammanum til nýrra verkefna til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 200 m.kr., eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 47,6 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 179,6 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 6.724,4 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

## Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun landbúnaðar breytast milli ára sem hér segir:

| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.842,4 | 5.413,5 | 5.738,5 | 6,0 | 18,5 |
| Rekstrartilfærslur | 152,9 | 310,1 | 402,9 | 29,9 | 163,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 415,2 | 583,0 | 583,0 | 0,0 | 40,4 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.410,5** | **6.306,6** | **6.724,4** | **6,6** | **24,3** |
| Rekstrartekjur | - | 2.313,7 | 2.468,9 | 6,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.992,9 | 4.255,5 | 6,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **6.306,6** | **6.724,4** | **6,6** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja og síðasta lagi eru fjárfestingarframlög. Á málefnasviðinu eru ekki fjármagnstilfærslur.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 5.738,5 m.kr og hækka um 325 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst 165 m.kr. tímabundið framlag vegna aukinna rannsókna Hafrannsóknastofnunar.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 92,8 m.kr. og verða 402,9 m.kr. en eru 310,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um 85 m.kr. hækkun vegna leiðréttingar á hagrænni skiptingu framlaga til ýmissa samninga og verkefna í sjávarútvegi. Útgjöldin voru áður meðal rekstrarframlaga en eðli kostnaðarins telst til rekstrartilfærslna samkvæmt bókhaldi og er hagræn skipting fjárlaga því leiðrétt til samræmis.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 583 m.kr. og er það óbreytt milli ára.

## 13.1 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla verkefni Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs, Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis og alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi. Við markmiðssetningu málaflokksins var litið til þess að skapa jafnvægi milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Að tryggja samkeppnishæfni sjávarútvegs á alþjóðlegum mörkuðum.
2. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi og stuðla að kolefnisjöfnun greinarinnar.
3. Að þjóðinni verði tryggður réttlátur hluti af arðsemi sjávarauðlindarinnar og veiðigjöld taki tillit til afkomu í greininni.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Uppbygging hagkvæmrar og skilvirkrar stjórnsýslu fiskeldis innan ráðuneytis og undirstofnana til að bregðast við stórauknum umsvifum í fiskeldi. | ANR |
| 2 | 1 | Unnið að mótun stefnu um aukna þátttöku í alþjóðlegri umræðu um málefni hafsins og forgangsröðun þeirrar þátttöku. Áætlað að drög að stefnu liggi fyrir á árinu 2018. | ANR |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | 1 | Áframhaldandi endurskoðun löggjafar um eftirlit með veiðum og vinnslu sjávarafla, þ.m.t. frekari eftirfylgni og skoðun á vigtun sjávarafla. | ANR |
| 4 | 2 | Stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna m.a. með setningu aflareglna á fleiri stofna og þar með hagstæðari sóknarskilyrðum fyrir fiskiskipaflotan. Tillögur að aflareglum verða unnar á árinu 2018. | Hafrannsóknastofnun |
| 5 | 2 | Vinna við heildstæða áætlun um rannsóknir og vöktun á vistkerfi hafsins. Yfirlit unnið um núverandi stöðu og áætlun um úrbætur. Stefnt er að því að drög liggi fyrir á árinu 2018. | Hafrannsóknarstofnun |
| 6 | 3 | Áframhaldandi vinna við undirbúning á þróun og birtingu gagna um frammistöðu fyrirtækja sem framleiða matvæli og fóður. | ANR |
| 7 | 3 | Endurskoðun gjaldtöku fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda hafsins. | ANR |

## Fjárheimildir

| 13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.186,1 | 1.109,2 | 1.158,7 | 4,5 | -2,3 |
| Rekstrartilfærslur | 83,9 | 167,9 | 182,8 | 8,9 | 117,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.270,0** | **1.277,1** | **1.341,5** | **5,0** | **5,6** |
| Rekstrartekjur | - | 66,8 | 173,3 | 159,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.210,3 | 1.168,2 | -3,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.277,1** | **1.341,5** | **5,0** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.341,5 m.kr. og hækkar um 32 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 32,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 20 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Umhverfissjóðs sjókvíaeldis fyrir árið 2018. Meginmarkmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis og er sjóðurinn liður í því að bregðast við auknum umsvifum í fiskeldi, sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 20 m.kr. vegna aukins ferðakostnaðar hjá Fiskistofu vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og í kjölfar flutnings höfuðstöðva stofnunarinnar, sbr. markmið nr. 1 og aðgerðir 1 og 2.
c. Gert er ráð fyrir að 11 m.kr. verði forgangsraðað innan málaflokksins til þess að efla starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs, m.a. vegna kjarasamninga sjómanna og útgerða.
d. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 8 m.kr.

## 13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla verkefni Hafrannsóknastofnunar, matvælarannsóknir, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og framlög til ýmissa samninga og verkefna í sjávarútvegi, s.s. vegna rannsókna. Við markmiðssetningu var miðað að því að ná fram auknum árangri í starfsemi sjávarútvegs og fiskeldis á grunni rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Aukið umfang rannsókna og nýsköpunar til að auka verðmæti framleiðslu í sjávarútvegi og fiskeldi.
2. Tryggja nauðsynlegar rannsóknir og vöktun á lífríki hafs og ferskvatns.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Rannsóknir á vistkerfi hafsins m.t.t. hagnýtingar villtra fiskistofna, umhverfisþátta og uppbyggingar fiskeldis verða auknar. Áætlað er að kortleggja um 6% af hafsbotninum í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2018, fjölga úthaldsdögum og bæta tækjabúnað rannsóknaskipa og efla líkanagerð og bergmálsmælingar. | Hafrannsóknastofnun |
| 2 | 1 | Unnin verður áætlun um styrkingu innviða til eflingar rannsókna sem miða að aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi. Greindir verða möguleikar til tækniyfirfærslu á milli greina, t.d. eldis og villtra sjávarafurða, en jafnframt á milli sjávarútvegs og landbúanaðar. | Matís |
| 3 | 1 | Undirbúningur og stefnumótun um hvernig best verði staðið að hagnýtingu rekjanleika og gagna í virðiskeðju sjávarfangs með kortlagningu núverandi gagnagrunna, upplýsingasöfnun og samþættingu og úrvinnslu upplýsinga. Greint verður hvernig fyrirliggjandi upplýsingar geta best nýst stjórnvöldum til bættrar auðlindanýtingar, til rannsókna og samfélaginu í heild sinni. | Fiskistofa |
| 4 | 2 | Rannsóknir og vöktun áhrifa fiskeldis á lífríkið sem stuðla að því að við uppbyggingu fiskeldis verði gætt ítrustu varúðar í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. | Hafrannsóknastofnun |

## Fjárheimildir

| 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.656,3 | 4.304,3 | 4.579,8 | 6,4 | 25,3 |
| Rekstrartilfærslur | 69,0 | 142,2 | 220,1 | 54,8 | 219,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 415,2 | 583,0 | 583,0 | 0,0 | 40,4 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.140,5** | **5.029,5** | **5.382,9** | **7,0** | **30,0** |
| Rekstrartekjur | - | 2.246,9 | 2.295,6 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.782,6 | 3.087,3 | 11,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **5.029,5** | **5.382,9** | **7,0** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 5.382,9 m.kr. og hækkar um 206,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 147,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 165 m.kr. vegna framlags til aukinna rannsókna Hafrannsóknastofnunar í samræmi við markmið nr. 1, aðgerð 1. Vegna breyttra hafstrauma og sjávarhita við Ísland hefur útbreiðsla og stofnstærð ýmissa fiskistofna breyst. Sérstaklega eru þessar breytingar hraðar í uppsjávarfiskum. Útbreiðsla loðnu hefur breyst mikið undanfarin ár, mælingar og rannsóknir taka því meiri tíma en áður og eru kostnaðarmeiri. Gert er ráð fyrir að auka rannsóknir með auknu úthaldi rannsóknaskipa.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 90 m.kr. vegna framlags til vöktunar vegna mögulegrar erfðablöndunar frá laxeldi í sjókvíum. Mikilvægt er að fylgja niðurstöðum áhættumats Hafrannsóknastofnunar eftir, sannreyna og uppfæra það reglulega með viðamikilli vöktun. Vöktunin fer fram með myndavél í ám, merkingu á öllum seiðum sem fara í eldi, sýnatöku úr fiskum og seiðum í ám og greiningu á erfðaefni.
c. Tímabundin framlög, samtals 81 m.kr. sem veitt var til Hafrannsóknastofnunar vegna biðlauna á árinu 2017 og til matvælarannsókna vegna stofnkostnaðar sama ár, falla niður og er þeim veitt til nýrra verkefna á árinu 2018.
d. Gert er ráð fyrir að 55 m.kr. verði forgangsraðað til endurnýjunar tölvustýribúnaðar rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar sbr. markmið nr. 1, aðgerð 1. Tölustýrirbúnaðurinn er tæplega 20 ára og er framleiðandinn hættur þjónustu á búnaðinum. Ef búnaðurinn bregst er skipið ónothæft í langan tíma og ógnar þetta rekstraröryggi skipsins.
e. Gert er ráð fyrir að 30 m.kr. verði forgangsraðað til Hafrannsóknastofnunar til þess að styrkja loðnurannsóknir með ráðningu sérfræðinga í líkanagerð og bergmálsmælingum sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1.
f. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 54,7 m.kr.

# 14 Ferðaþjónusta

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Stjórnun ferðamála.
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 14 Ferðaþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **14.10 Stjórnun ferðamála** | **1.227,7** | **949,8** | **1.241,1** | **30,7** | **1,1** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 1.227,7 | 949,8 | 1.241,1 | 30,7 | 1,1 |
| **14.20 Rannsókn., þróun og nýsköpun í ferðamál.** | **697,4** | **761,4** | **890,2** | **16,9** | **27,6** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 697,4 | 761,4 | 890,2 | 16,9 | 27,6 |
| **Samtals** | **1.925,1** | **1.711,2** | **2.131,3** | **24,6** | **10,7** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 2.131,3 m.kr. og aukast um 423,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 24,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 420,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 24,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 55 m.kr. til hækkunar.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 31,9 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 34 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 2 m.kr. af 402 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til nýrra verkefna til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 400 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 2 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
d. Launa- og verðlagsbreytingar ársins 2018 eru áætlaðar 3 m.kr. til lækkunar þannig að heildargjöldin verða 2.131,3 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 14 Ferðaþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 478,8 | 440,3 | 469,2 | 6,6 | -2,0 |
| Rekstrartilfærslur | 712,2 | 694,9 | 897,7 | 29,2 | 26,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 714,4 | 576,0 | 745,4 | 29,4 | 4,3 |
| Fjárfestingarframlög | 19,7 | 0,0 | 19,0 | - | -3,6 |
| **Heildarútgjöld** | **1.925,1** | **1.711,2** | **2.131,3** | **24,6** | **10,7** |
| Rekstrartekjur | - | 17,7 | 23,2 | 31,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.693,5 | 2.108,1 | 24,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.711,2** | **2.131,3** | **24,6** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 469,2 m.kr og hækka um 28,9 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 27,5 m.kr. hækkun vegna leiðréttinga á hagrænni skiptingu framlaga til verkefna í ferðaþjónustu. Útgjöldin voru áður meðal rekstrar- og fjármagnstilfærsla en eðli kostnaðarins telst til rekstrarframlaga samkvæmt bókhaldi og er hagræn skipting fjárlaga því leiðrétt til samræmis.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 202,8 m.kr. og verða 897,7 m.kr. en eru 694,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um 235 m.kr. hækkun á framlagi til rannsókna og ýmissa tilfallandi verkefna í ferðaþjónustu, m.a. til að efla samninga við markaðsstofur landshlutanna.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætlaðar 745,4 m.kr. og er það 169,4 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um að 600 m.kr. tímabundin lækkun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða gengur til baka á liðinn og að 400 m.kr. framlag er flutt úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna innviðaáætlunar.
d. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 19 m.kr. og er það 19 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um leiðréttingar á hagrænni skiptingu.

## 14.1 Stjórnun ferðamála

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla verkefni Ferðamálastofu og styrkveitingar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Markmið í málaflokknum eru:

1. Árleg aukning framleiðni.
2. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
3. Viðhalda jákvæðu viðhorfi til ferðaþjónustu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Endurskoða skipan ferðamála til að auka skilvirkni og yfirsýn stjórnsýslu greinarinnar og samhæfingu aðgerða. Verkefnið er þegar hafið og verður í vinnslu allt kjörtímabilið. M.a. verður lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan ferðamála á 147. löggjafarþingi 2017-2018. | ANR |
| 2 | 1, 2, 3 | Móta langtímastefnu um þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu. Verkefnið kallar á víðtækt samráð. Fyrstu tillögur verða settar fram á árinu 2018 og lagðar fyrir Alþingi í formi tillögu til þingsályktunar á 148. löggjafarþingi 2018-2019. | ANR |
| 3 | 3 | Gera aðgerðaráætlun um samhæfingu öryggismála, löggæslu, heilsugæslu og samgangna m.t.t. ferðaþjónustu. Verkefnið er á undirbúningsstigi og hefst af fullum krafti á árinu 2018. | ANR |

### Fjárheimildir

| 14.10 Stjórnun ferðamála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 293,0 | 235,5 | 337,4 | 43,3 | 15,2 |
| Rekstrartilfærslur | 200,6 | 138,3 | 139,3 | 0,7 | -30,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 714,4 | 576,0 | 745,4 | 29,4 | 4,3 |
| Fjárfestingarframlög | 19,7 | 0,0 | 19,0 | - | -3,6 |
| **Heildarútgjöld** | **1.227,7** | **949,8** | **1.241,1** | **30,7** | **1,1** |
| Rekstrartekjur | - | 17,7 | 23,2 | 31,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 932,1 | 1.217,9 | 30,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **949,8** | **1.241,1** | **30,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.241,1 m.kr. og hækkar um 283,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að 80 m.kr verði forgangsraðað tímabundið innan málaflokksins til eflingar markaðsstofa landshlutanna sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 2.

b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 600 m.kr. þar sem tímabundin lækkun hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða gengur til baka á málaflokkinn.
c. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 400 m.kr. þar sem framlag er flutt úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna innviðaáætlunar sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 2 og 3.
d. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 16,7 m.kr.

## 14.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum

**Markmið og aðgerðir**

Undir málaflokkinn falla framlög til ýmissa samninga og verkefna í rannsóknum, þróun og nýsköpun innan ferðaþjónustunnar. Markmið í málaflokknum eru:

1. Aukið umfang rannsókna og nýsköpunar í ferðamálum m.t.t. sjálfbærni og aukins virðisauka.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Meta fyrirkomulag greininga, rannsókna og þróunarstarfs s.s. með tilliti til gagnaöflunar, forgangsröðunar, fyrirkomulags verkefna og fjármögnunar. Skilgreina þarf verkefnið nánar áður en hægt er að hefja markvissa vinnu sem mun fara fram á kjörtímabilinu. | ANR |
| 2 | 1 | Auka rannsóknir m.a. um umbætur, þróun, vöxt og áhrif ferðaþjónustu á umhverfi og samfélag, auk sviðsmyndagreininga til skemmri og lengri tíma. Verkefnið er yfirstandandi og stefnt að því að ljúka því á kjörtímabilinu. | ANR |
| 3 | 1 | Endurmeta þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að stuðla að markvissari áætlanagerð, þekkingaröflun og skilvirkri stjórnsýslu. Vinna við verkefnið hefst á árinu 2018 og stefnt að því að ljúka henni á árinu 2019. | ANR |

**Áhrif aðgerða málaflokks á markmið um jafna stöðu karla og kvenna**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur reynt að leggja mat á með hvaða hætti aðgerðir málaflokksins styðja við markmið um jafnrétti. Áætlaðar aðgerðir vegna ársins 2018 eru þrjár talsins. Samandregin niðurstaða er sú að allar aðgerðirnar hafi möguleg áhrif á jafnrétti. Skortur er þó á gögnum og því erfitt að draga ályktanir en lagt er til að gagna verði aflað samhliða útfærslu á aðgerðunum. Sjá nánar um jafnréttismat aðgerða í kafla um kynjaða fjárlagagerð.

## Fjárheimildir

| 14.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í ferðamálum | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 185,8 | 204,8 | 131,8 | -35,6 | -29,1 |
| Rekstrartilfærslur | 511,6 | 556,6 | 758,4 | 36,3 | 48,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **697,4** | **761,4** | **890,2** | **16,9** | **27,6** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 761,4 | 890,2 | 16,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **761,4** | **890,2** | **16,9** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 890,2 m.kr. og hækkar um 139,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 11 m.kr. til lækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 155 m.kr. til að efla rannsóknir og til annarra brýnna verkefna í ferðaþjónustu sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 2.
b. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 15,2 m.kr.

# 15 Orkumál

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á málefnasviðinu er á ábyrgð ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar. Undir það fellur einn málaflokkur sem ber heitið stjórnun og þróun orkumála.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 15 Orkumál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **15.10 Stjórnun og þróun orkumála** | **3.934,0** | **3.724,5** | **4.060,0** | **9,0** | **3,2** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 3.934,0 | 3.724,5 | 4.060,0 | 9,0 | 3,2 |
| **Samtals** | **3.934,0** | **3.724,5** | **4.060,0** | **9,0** | **3,2** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 4.060 m.kr. og aukast um 268,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 7,2%. Þegar einnig er tekið tillit til

áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 335,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 286,4 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 150 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 136,4 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 67,7 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 74,5 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 6,8 m.kr. af 206,8 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til nýrra verkefna til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 200 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 6,8 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 66,8 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 4.060 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 15 Orkumál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 883,4 | 765,0 | 748,8 | -2,1 | -15,2 |
| Rekstrartilfærslur | 3.050,6 | 2.959,5 | 3.311,2 | 11,9 | 8,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.934,0** | **3.724,5** | **4.060,0** | **9,0** | **3,2** |
| Rekstrartekjur | - | 243,6 | 222,5 | -8,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.480,9 | 3.837,5 | 10,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.724,5** | **4.060,0** | **9,0** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Á málefnasviði orkumála eru hvorki fjárfestingarframlög né fjármagnstilfærslur.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 748,8 m.kr og lækka um 16,2 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 62,1 m.kr. lækkun vegna leiðréttingar á hagrænni skiptingu framlaga til notenda utan samveitna. Útgjöldin hafa verið talin meðal rekstrarframlaga í fjárlögum en eðli kostnaðarins telst til rekstrartilfærslna samkvæmt bókhaldi og er hagræn skipting fjárlaga því leiðrétt til samræmis. Helstu breytingar til hækkunar rekstrarframlaga eru samtals 40,5 m.kr. til ýmissa verkefna, s.s. til að vinna að orkuskiptum og greina möguleika á smávirkjunum á landsvísu, sem stuðla að því að ná markmiðum málefnasviðsins.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 351,7 m.kr. og verða 3.311,2 m.kr. en eru 2.959,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um tímabundið 308 m.kr. framlag vegna stofnstyrkja til nýrra hitaveitna.

## 15.1 Stjórnun og þróun orkumála

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla verkefni Orkustofnunar og Orkusjóðs, niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku auk ýmissa samninga og verkefna í orkumálum, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs. Við markmiðssetningu var litið til þess að skapa jafnvægi milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta. Markmið í málaflokknum eru:

1. Tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á almennum markaði.
2. Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands.
3. Jafna orkukostnað vegna dreifingar á raforku á landsvísu.
4. Lágmarkskröfur um afhendingaröryggi raforku gildi um allt land.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdar-aðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Tryggja orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku með því að skýra ábyrgð og hlutverk aðila með lagabreytingu. Skipuð var nefnd á árinu 2017 sem skilar niðurstöðum fyrir árslok 2018. | ANR |
| 2 | 1,2,3 | Skilgreina verkefni og undirbúa miðlun þekkingar um mikilvægi hugverkaverndar í orkumálum sem geti hafist árið 2019. | ANR |
| 3 | 1 | Langtímaorkustefna verður sett fyrir 2021 í samráði við alla þingflokka. Í henni verði byggt á áætlaðri orkuþörf til langs tíma miðað við stefnu stjórnvalda, til að mynda um orkuskipti, og hvernig megi tryggja raforkuframboð fyrir almenning og atvinnulíf. | ANR |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 2 | Vinna að orkuskiptum í samræmi við aðgerðaáætlun á grunni þingsályktunar. Unnið að þeim áföngum að fyrir árslok 2018 verði hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa 8% í samgöngum og 0,2% í sjávarútvegi og skyldri starfsemi. Er þessi aðgerð í samræmi við það sem fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að stefnt sé að kolefnishlutlausu Íslandi fyrir 2040. Enn fremur að uppbygging flutnings- og dreifikerfi raforku geti í framtíðinni stutt við áætlanir um orkuskipti sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna. | ANR |
| 5 | 2 | Áframhaldandi þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um jarðhitanýtingu og hitaveituvæðingu, m.a. undirbúningur jarðvarmaþings (the World Geothermal Congress) sem haldið verður í Hörpu árið 2020. | ANR |
| 6 | 3 | Nýta og greina tækifæri til að draga úr raforkunotkun kyntra hitaveitna. Áframhaldandi starf. | ANR |
| 7 | 3 | Settur starfshópur sem greina á möguleika á smávirkjunum (undir 10MW) á landsvísu og staðbundnum lausn. í orkumálum. | ANR/OS |
| 8 | 4 | Tvær nefndir, Vestfjarðanefnd og Norðausturnefnd, skila ársskýrslum um mat á endurbótum til að tryggja orkuöryggi svæða sem búa við skert afhendingaröryggi. | OS |

## Fjárheimildir

| 15.10 Stjórnun og þróun orkumála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 883,4 | 765,0 | 748,8 | -2,1 | -15,2 |
| Rekstrartilfærslur | 3.050,6 | 2.959,5 | 3.311,2 | 11,9 | 8,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.934,0** | **3.724,5** | **4.060,0** | **9,0** | **3,2** |
| Rekstrartekjur | - | 243,6 | 222,5 | -8,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.480,9 | 3.837,5 | 10,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.724,5** | **4.060,0** | **9,0** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.060 m.kr. og hækkar um 268,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 66,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 308 m.kr. vegna stofnstyrkja til nýrra hitaveitna. Framlagið er til þess að mæta áætlaðri fjárþörf til stofnstyrkja á næstu árum og er liður í því að ná markmiði 3 um jöfnun orkukostnaðar vegna dreifingar raforku á landsvísu.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 156,5 m.kr. vegna niðurgreiðslna húshitunar til að mæta þróun notkunar og verðs og stuðla að jöfnun orkukostnaðar sbr. markmið 3.

c. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 25 m.kr. vegna vinnu við afmörkun landgrunns Reykjaneshryggjar vegna kröfu Íslands til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna.
d. Gert er ráð fyrir að 20 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins verði forgangsraðað til þess að greina möguleika á smávirkjunum (undir 10MW) á landsvísu og staðbundnum lausnum í orkumálum, sbr. markmið nr. 3 og aðgerð 7.
e. Ráðgert er að 10 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins verði forgangsraðað til orkuskipta í samræmi við aðgerðaáætlun á grunni þingsályktunar, sbr. markmið nr. 2 og aðgerð 4.
f. Gert er ráð fyrir að 7,5 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málaflokksins verði forgangsraðað til þess að tryggja orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku með því að skýra ábyrgð og hlutverk aðila, sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1.
g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 20 m.kr. í samræmi við áætlaðar tekjur af jöfnunargjaldi sem er ætlað að standa undir kostnaði við jöfnun dreifingar raforku.
h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 150 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags vegna varmadælna í Vestmannaeyjum.
i. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 67,7 m.kr.

## 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Markaðseftirlit og neytendamál.
- Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins árs og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Fyrir þetta málefnasvið er um að ræða aðlögun vegna flutnings á verkefnum Neytendastofu yfir til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá innanríkisráðuneytinu.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála og nýsköpunar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **16.10 Markaðseftirlit og neytendamál** | **2.700,3** | **2.933,8** | **3.113,8** | **6,1** | **15,3** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 659,7 | 708,0 | 744,1 | 5,1 | 12,8 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 2.040,6 | 2.225,8 | 2.369,7 | 6,5 | 16,1 |
| **16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar** | **1.624,5** | **1.427,8** | **1.508,7** | **5,7** | **-7,1** |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 1.624,5 | 1.427,8 | 1.508,7 | 5,7 | -7,1 |
| **Samtals** | **4.324,8** | **4.361,6** | **4.622,5** | **6,0** | **6,9** |

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 4.622,5 m.kr. og aukast um 205,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 4,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 260,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 200,2 m.kr. til hækkunar.

b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 44,3 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans var hins vegar 83 m.kr. en ráðuneytin ákváðu að nýta 39 m.kr. af 89 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til nýrra verkefna til að fella í staðinn niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.

c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 50 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 39 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.

d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 55 m.kr. þannig að heildargjöldin verða 4.622,5 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála og nýsköpunar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.783,9 | 4.155,5 | 4.416,0 | 6,3 | 16,7 |
| Rekstrartilfærslur | 540,9 | 197,2 | 206,5 | 4,7 | -61,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 8,9 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.324,8** | **4.361,6** | **4.622,5** | **6,0** | **6,9** |
| Rekstrartekjur | - | 253,2 | 239,4 | -5,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.108,4 | 4.383,1 | 6,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **4.361,6** | **4.622,5** | **6,0** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 4.416 m.kr og hækka um 260,5 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 166,6 m.kr. hækkun rekstrargjalda Fjármálaeftirlitsins sem fjármögnuð eru með eftirlitsgjaldi, tímabundið 32 m.kr. framlag til skoðunar á samkeppnishindrunum OECD og breytingar vegna endurskoðaðrar áætlunar á tekjum.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 9,3 m.kr. og verða 206,5 m.kr. en eru 197,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2017.
c. **Fjármagnstilfærslur** lækka um 8,9 m.kr. milli ára vegna breyttrar hagrænnar skiptingar.

## 16.1 Markaðseftirlit og neytendamál

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla málefni markaðseftirlits og neytendamála. Þrjár stofnanir falla undir málaflokkinn, Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa. Við markmiðssetningu málaflokksins var miðað að því að treysta alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á grunni skilvirks og trúverðugs markaðseftirlits. Markmið í málaflokknum eru:

1. Aukið gegnsæi, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.
2. Aukin umhverfisvitund og úrlausnir á grunni markaðseftirlits og samkeppni.
3. Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 3 | Uppfæra rafræna þjónustugátt FME til að einfalda skil gagna, fyrirspurna og erinda. | FME |
| 2 | 3 | Endurskoða lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. | FJR |
| 3 | 1 | Kaup á eftirlitskerfi með viðskiptum á verðbréfamarkaði | FME |
| 4 | 1, 3 | Athugun á aukinni hagkvæmni og skilvirkni við gagnasöfnun í samstarfi Fjármálaeftirlits, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóra. | FJR |
| 5 | 1, 3 | Mat á þekkingu stjórnenda fyrirtækja á meginreglum samkeppnislaga framkvæmt á árinu 2018. | Samkeppniseftirlitið |
| 6 | 1, 3 | Efla almenna fræðslu um áhrif markaðseftirlits á efnahagslífið. Á árinu 2018 verður verkefnið skilgreint og sett af stað á haustdögum sama ár. | Neytendastofa |
| 7 | 1, 2, 3 | Endurskoða skipan neytendamála. Verkefnið undirbúið, skilgreint og sett af stað á árinu 2018. | ANR |

## Fjárheimildir

| 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.692,1 | 2.933,8 | 3.105,5 | 5,9 | 15,4 |
| Rekstrartilfærslur | 8,2 | 0,0 | 8,3 | - | 1,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.700,3** | **2.933,8** | **3.113,8** | **6,1** | **15,3** |
| Rekstrartekjur | - | 99,0 | 99,8 | 0,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.834,8 | 3.014,0 | 6,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **2.933,8** | **3.113,8** | **6,1** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.113,8 m.kr. og hækkar um 161,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 18,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 166,6 m.kr. vegna hækkunar rekstrargjalda Fjármálaeftirlitsins sem fjármögnuð eru með eftirlitsgjaldi, sbr. markmið nr. 1.

b. Gert er ráð fyrir að 15 m.kr. verði forgangsraðað innan málaflokksins til að efla Samkeppniseftirlitið, sbr. markmið nr. 3 og aðgerð 5.
c. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 28,5 m.kr.

## 16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

### Markmið og aðgerðir

Undir málaflokkinn falla verkefni aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og rekstur Sjávarútvegshússins.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Bætt stefnumótun, vandaðri áætlanagerð og markvissara árangursmat.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Greina fyrirkomulag áætlanagerðar með tilliti til laga um opinber fjármál m.a. um forgangsröðun verkefna til lengri tíma, stjórnun og eftirlit. | ANR |
| 2 | 1 | Samræma söfnun og úrvinnslu gagna um efnahag, afkomu og starfsemi atvinnuvega. Á árinu 2017 var settur á fót starfshópur. Á árinu 2018 verður búið að skilgreina gagnagrunn og gagnaöflun hefst. | ANR |
| 3 | 1 | Stefna að alþjóðlegri viðurkenningu faggildingar og greina kosti þess að nýta faggiltar skoðunarstofur við opinbert efirlit. Stefnt að því að allri grunnvinnu verði lokið á árinu 2018. | Einkaleyfastofan |
| 4 | 1 | Greina stöðu og skýra yfirsýn um þróun, starfsemi og áhrif þjónustugreina í hagkerfinu. Aðgerðin kemur í kjölfar aðgerðar nr. 2 og stefnt að því að verkefnið hefjist á árinu 2019. | ANR |
| 5 | 1 | Endurskoða fyrirkomulag upplýsingamiðlunar um matvæli og réttindi neytenda. Settur á fót starfshópur ANR, MAST, Matís og Neytendastofu sem gerir tillögu til ráðherra um heppilegt fyrirkomulag. Störfum hópsins mun ljúka fyrir árslok 2018. | ANR |
| 6 | 1 | Einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífs. | ANR |
| 7 | 1 | Greina möguleika einstakra atvinnuvega til að draga úr umhverfisáhrifum starfsemi. Þverfaglegt verkefni ANR sem tengist verkefnum UAR um samdrátt í losun gróðurhúsaloftegunda. Starfshópur ANR verður settur á fót á árinu 2018 undir forystu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. | ANR |

## Fjárheimildir

| 16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.091,8 | 1.221,7 | 1.310,5 | 7,3 | 20,0 |
| Rekstrartilfærslur | 532,7 | 197,2 | 198,2 | 0,5 | -62,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 8,9 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.624,5** | **1.427,8** | **1.508,7** | **5,7** | **-7,1** |
| Rekstrartekjur | - | 154,2 | 139,6 | -9,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.273,6 | 1.369,1 | 7,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.427,8** | **1.508,7** | **5,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.508,7 m.kr. og hækkar um 44,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 36,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að 32 m.kr. verði forgangsraðað innan málaflokksins til verkefnis um samkeppnishindranir (OECD) sbr. markmið nr. 1 og aðgerð nr. 6.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30,5 m.kr. vegna endurskoðaðrar tekjuáætlunar hjá tveimur eftirlitsnefndum, sbr. markmið nr. 1 og aðgerð nr. 6.
c. Aðhaldskrafa málaflokksins að teknu tilliti til reiknaðs raunvaxtar nam 15,8 m.kr.

## 17 Umhverfismál

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra umhverfis- og auðlindamála. Það skiptist í fimm málaflokka, en þeir eru:

- Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.
- Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.
- Meðhöndlun úrgangs.
- Varnir gegn náttúruvá.
- Stjórnsýsla umhverfismála.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Fyrir þetta málefnasvið er um að ræða aðlögun vegna flutnings á málefnum Þingvallaþjóðgarðs frá forsætisráðuneytinu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 17 Umhverfismál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla** | **3.846,4** | **3.946,6** | **4.405,3** | **11,6** | **14,5** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 3.846,4 | 3.946,6 | 4.405,3 | 11,6 | 14,5 |
| **17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands** | **3.124,2** | **3.291,4** | **3.310,5** | **0,6** | **6,0** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 3.124,2 | 3.291,4 | 3.310,5 | 0,6 | 6,0 |
| **17.30 Meðhöndlun úrgangs** | **3.721,9** | **3.764,1** | **4.494,1** | **19,4** | **20,7** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 3.721,9 | 3.764,1 | 4.494,1 | 19,4 | 20,7 |
| **17.40 Varnir vegna náttúruvá** | **1.304,6** | **1.255,3** | **1.249,0** | **-0,5** | **-4,3** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 1.304,6 | 1.255,3 | 1.249,0 | -0,5 | -4,3 |
| **17.50 Stjórnsýsla umhverfismála** | **3.304,2** | **3.339,9** | **3.800,5** | **13,8** | **15,0** |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 3.304,2 | 3.339,9 | 3.800,5 | 13,8 | 15,0 |
| **Samtals** | **15.301,3** | **15.597,3** | **17.259,4** | **10,7** | **12,8** |

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 17.259 m.kr. og aukast um 1.405 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 9,0%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.662 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 10,7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.575 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu framlög til ýmissa tímabundinna verkefna, alls 384 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 90 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað var með í forsendum rammans nam 232 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 142 m.kr. af útgjaldasvigrúmi í rammanum á móti hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 304 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 257 m.kr. þannig að heildargjöldin verða 17.259 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 17 Umhverfismál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 9.967,8 | 10.152,7 | 10.914,5 | 7,5 | 9,5 |
| Rekstrartilfærslur | 3.392,6 | 3.170,4 | 4.289,6 | 35,3 | 26,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.106,4 | 1.108,5 | 1.102,2 | -0,6 | -0,4 |
| Fjárfestingarframlög | 834,5 | 1.165,7 | 953,1 | -18,2 | 14,2 |
| **Heildarútgjöld** | **15.301,3** | **15.597,3** | **17.259,4** | **10,7** | **12,8** |
| Rekstrartekjur | - | 3.428,4 | 3.415,7 | -0,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 12.168,9 | 13.843,7 | 13,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **15.597,3** | **17.259,4** | **10,7** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða og síðasta lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 10.914,5 m.kr og hækka um 761,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 242 m.kr. aukningu á framlagi til Úrvinnslusjóðs í tengslum við vænta aukningu á úrvinnslugjaldi, 109 m.kr. í tengslum við lög um stjórn vatnamála, 69 m.kr. til áætlunar um vernd og orkunýtingu landssvæða, 36 m.kr. vegna friðlýsingar landsvæða, 50 m.kr. vegna aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og til nýs loftslagsráðs og 18 m.kr. til styrkingar á úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 1.119,2 m.kr. og verða 4.289,6 m.kr. en eru 3.170,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um 660 m.kr. í tengslum við gerð landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og 488 m.kr. aukningu á framlagi til Endurvinnslunnar ehf. í tengslum við áætlun um aukningu í skila- og umsýslugjaldi frá fyrra ári.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 1.102,2 m.kr. og er það 6,3 m.kr. lækkun milli ára.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 953,1 m.kr. og er það 212,6 m.kr. lækkun milli ára. Þar vegur þyngst að tímabundið 150 m.kr. framlag til eins árs vegna fjármögnunar á smíði þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi fellur nú brott úr ramma

málefnasviðsins. Þá lækkar tímabundið framlag vegna fjármögnunar á smíði þjóðgarðsmiðstöðvar á Kirkjubæjarklaustri um 25 m.kr.

### 17.1 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

### Markmið og aðgerðir

Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru: náttúruverndaraðgerðir, rekstur náttúruverndarsvæða, innviðauppbygging og landvarsla, gróður- og jarðvegsvernd, stöðvun eyðingar jarðvegs og gróðurs, eftirlit með nýtingu lands, endurheimt raskaðra vistkerfa, þar með talið birkiskóga, og uppbygging og sjálfbær nýting skóga.

Ríkisaðilar sem heyra undir málaflokkinn eru: Skógræktin, Landgræðsla ríkisins, Vatnajökulsþjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, auk þess sem hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar fellur undir hann.

Í málaflokknum eru sett tvö markmið er koma fram í fjármálaáætlun 2018 – 2022:

1. Að tryggja náttúrulega sjálfbærni skilgreindra náttúruverndarsvæða meðal annars með uppbyggingu innviða til að verjast ágangi ferðafólks þannig að náttúran megi þróast sem mest á eigin forsendum.
2. Að framkvæma heildstætt mat á sjálfbærni nýtingar gróður- og jarðvegsauðlinda og að fyrir liggi á hverjum tíma upplýsingar um losun og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

Aðgerðir sem settar hafa verið fyrir næsta fjárlagaár eru:

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdar-aðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Innleiðing og framkvæmd mats samkvæmt samræmdu matskerfi fyrir náttúruverndarsvæði. Á árinu 2018 er ráðgert að Umhverfisstofnun muni ljúka við að meta alla áfangastaði innan friðlýstra svæða og endurskoða og uppfæra matsaðferðina með hliðsjón af reynslu. Þessi aðgerð er í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. | Umhverfisstofnun |
| 2 | 1 | Framkvæmd innviðaáætlunar á grunni sjálfbærniviðmiða. Á árinu 2018 er verða veitt framlög til innviða til verndar náttúrunni í samræmi við framkvæmdaáætlun og þá forgangsröðun og fjármuni sem verða til ráðstöfunar. Þessi aðgerð er í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. | UAR |
| 3 | 2 | Vinna viðmið um vistkerfisnálganir fyrir áætlanagerð og framkvæmdir tengdum endurheimt vistkerfa/landnýtingu. | UAR |
| 4 | 2 | Innleiðing á vöktun á stöðu og nýtingu gróður- og jarðvegsauðlindar. Unnið hefur verið að mótun aðferða og áætlunum um framkvæmd. Á árinu 2018 er ráðgert að mat á ástandi og nýtingu lands hefjist. | Landgræðsla ríkisins |

### Áhrif aðgerða málaflokks á markmið um jafna stöðu karla og kvenna

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um með hvaða hætti aðgerðir málaflokksins styðja við markmið um jafnrétti, sjá nánar í kafla um kynjaða fjárlagagerð. Samandregin niðurstaða jafnréttismatsins er sú að aðgerð númer 2 hafi möguleg

áhrif á jafnrétti en aðgerðir númer 3 og 5 mögulega engin áhrif. Útfærsla aðgerða tekur mið af matinu og skoðað er hvernig hægt verður að styðja við markmið um jafnrétti. Til að mynda með öflun kyngreindra tölfræðigagna eða skilgreindum verkþáttum.

**Fjárheimildir**

| 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.755,7 | 2.482,1 | 2.507,4 | 1,0 | -9,0 |
| Rekstrartilfærslur | 452,6 | 445,6 | 1.091,6 | 145,0 | 141,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 638,1 | 1.018,9 | 806,3 | -20,9 | 26,4 |
| **Heildarútgjöld** | **3.846,4** | **3.946,6** | **4.405,3** | **11,6** | **14,5** |
| Rekstrartekjur | - | 835,3 | 859,7 | 2,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.111,3 | 3.545,6 | 14,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.946,6** | **4.405,3** | **11,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.405,3 m.kr. og hækkar um 380 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 78,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 660 m.kr. til framkvæmdar innviðaáætlunar til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 2.
b. Niðurfelling tímabundins 150 m.kr. framlags til eins árs vegna Þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi.
c. Lækkun tímabundins framlags vegna þjóðgarðsmiðstöðvar á Kirkjubæjarklaustri um 25 m.kr.
d. Niðurfelling tímabundinna framlaga til Skógræktarinnar að fjárhæð 39 m.kr.
e. Niðurfelling 25 m.kr. tímabundins framlags til Hekluskóga. Á móti kemur 10 m.kr. ný fjárveiting til verkefnisins.
f. Hagræðingarkrafa á málaflokkinn er 50 m.kr.

## 17.2 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

### Markmið og aðgerðir

Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru: grunnrannsóknir á náttúru og auðlindum Íslands, vöktun á náttúruvá og náttúru landsins, vöktun áhrifa landnýtingar og á umhverfisþætti, miðlun og hagnýting rannsókna.

Ríkisaðilar sem heyra undir málaflokkinn eru: Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn.

Í málaflokknum eru sett þrjú markmið er koma fram í fjármálaáætlun 2018 – 2022:

1. Að efla og þétta mælanet vöktunarkerfa vegna náttúruvár til að geta vaktað allar veigamestu tegundir náttúruvár á helstu stöðum á landinu þannig að hægt sé að gefa út viðvaranir í því skyni að vernda líf og eignir landsmanna og auka öryggi ferðafólks.
2. Að tryggja að á hverjum tíma liggi fyrir aðgengilegar upplýsingar um ástand náttúrunnar og upplýsingar um berg- og jarðgrunna landsins sem nauðsynlegur grunnur að sjálfbærri nýtingu jarðrænna auðlinda.
3. Að auka viðnámsþol og aðlögunargetu vegna loftslagstengdrar hættu og náttúruhamfara og að vinna grunn að því að hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem í framtíðinni verði meðal annars felldar inn í landsbundnar áætlanir, stefnumál og skipulag.

Aðgerðir sem settar hafa verið fyrir næsta fjárlagaár eru:

| **Nr.** | **Tengist markmiði nr.** | **Aðgerð** | **Framkvæmdaraðili** |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Móta áætlun um eflingu vöktunarkerfa vegna náttúruvár. | Veðurstofa Íslands. |
| 2 | 2 | Móta áætlun um vöktun á náttúru Íslands og skráningu berg- og jarðgrunna. | Náttúrufræðistofnun Íslands. |
| 3 | 3 | Móta áætlun um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga. | Veðurstofa Íslands. |

## Fjárheimildir

| 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.910,1 | 3.105,6 | 3.135,2 | 1,0 | 7,7 |
| Rekstrartilfærslur | 196,1 | 185,8 | 175,3 | -5,7 | -10,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 18,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **3.124,2** | **3.291,4** | **3.310,5** | **0,6** | **6,0** |
| Rekstrartekjur | - | 1.598,1 | 1.555,2 | -2,7 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.693,3 | 1.755,3 | 3,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.291,4** | **3.310,5** | **0,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.310,5 m.kr. og lækkar um 69 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 88,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 10 m.kr. í tengslum við vöktunaráætlun vegna náttúruvár og rannsókna á áhrifum loftslagsbreytinga, sbr. markmið nr. 1 og 3 og aðgerðir 1 og 3.

b. Niðurfellt tímabundið 85 m.kr. framlag hjá Veðurstofu Íslands í tengslum við gerð áhættumats vegna vatns- og sjávarflóða og eldgosa. Á móti falla niður jafn háar rekstrartekjur hjá stofnuninni.
c. Fjárheimild málaflokksins aukin um 10 m.kr. í tengslum við vöktun við Mývatn.
d. Hagræðingarkrafa á málaflokkinn er 24 m.kr.

## 17.3 Meðhöndlun úrgangs

### Markmið og aðgerðir

Helsta verkefni málaflokksins er að leggja á tiltekna vöruflokka úrvinnslu- og/eða skilagjald til að skapa hagræn skilyrði fyrir viðeigandi nýtingu úrgangs til að draga úr sóun, svo sem með endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu og stuðla þannig að lágmarks förgun.

Aðilar sem heyra undir málaflokkinn eru Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan hf.

Fyrir málaflokkinn hefur verið sett eitt markmið í fjármálaáætlun 2018 – 2022:

1. Að endurskoða stefnu og markmið fyrir endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs sem ber úrvinnslu- og/eða skilagjald er miðar að því að geta sett fram frekari markmið til að ná mælanlegum árangri í að minnka förgun úrgangs.

Aðgerðir sem settar hafa verið fyrir næsta fjárlagaár eru:

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Framkvæmd aðgerðaáætlunar til að draga úr notkun plastpoka 2016-2018. Felur m.a. í sér samstarfsverkefni með Samtökum verslunar og þjónustu (t.d. setning gjalds á alla burðarpoka og fræðslu og kynningu fyrir almenning) og að til staðar sé einföld og markviss flokkun úrgangs sem dregur úr notkun plastpoka. Þessi aðgerð er í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. | UAR |
| 2 | 1 | Kannað verði að innleiða mengunarbótaregluna vegna fjölpósts. | UAR |

## Fjárheimildir

| 17.30 Meðhöndlun úrgangs | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.399,0 | 1.602,1 | 1.844,1 | 15,1 | 31,8 |
| Rekstrartilfærslur | 2.322,9 | 2.162,0 | 2.650,0 | 22,6 | 14,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.721,9** | **3.764,1** | **4.494,1** | **19,4** | **20,7** |
| Rekstrartekjur | - | 70,0 | 70,0 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.694,1 | 4.424,1 | 19,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.764,1** | **4.494,1** | **19,4** | - |

a. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.494,1 m.kr. og hækkar um 730 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar: Aukning um 488 m.kr. á framlagi til Endurvinnslunnar ehf. í tengslum við áætlun um aukningu í skila- og umsýslugjaldi frá fyrra ári.
b. Aukning um 242 m.kr. á framlagi til Úrvinnslusjóðs í tengslum við áætlaða aukningu á úrvinnslugjaldi frá fyrra ári.

## 17.4 Varnir gegn náttúruvá

### Markmið og aðgerðir

Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru: gerð hættumats vegna ofanflóða, frumathugun og hönnun varnarmannvirkja og uppbygging og viðhald varnarmannvirkja. Einnig falla tímabundið undir málaflokkinn gerð hættumats vegna eldgosa, vatns- og sjávarflóða. Einn ríkisaðili, Ofanflóðasjóður, tilheyrir málaflokknum.

Í málaflokknum er tilgreint eitt markmið í fjármálaáætlun 2018 – 2022:

1. Að ljúka öllum yfirstandandi og ráðgerðum framkvæmdum (níu til tíu talsins) við gerð ofanflóðavarna fram til ársloka 2022 í því skyni að auka lífsgæði landsmanna er búa við vá vegna ofanflóða.

Aðgerðir sem settar hafa verið fyrir næsta fjárlagaár eru:

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Ljúka við yfirstandandi framkvæmdir.<br>Um er að ræða tvö verkefni á Ísafirði, eitt verkefni í Vesturbyggð, eitt verkefni í Fjallabyggð og eitt verkefni í Fjarðabyggð. | Ofanflóðasjóður |

### Fjárheimildir

| 17.40 Varnir vegna náttúruvá | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 19,8 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 1.106,4 | 1.108,5 | 1.102,2 | -0,6 | -0,4 |
| Fjárfestingarframlög | 178,4 | 146,8 | 146,8 | 0,0 | -17,7 |
| **Heildarútgjöld** | **1.304,6** | **1.255,3** | **1.249,0** | **-0,5** | **-4,3** |
| Rekstrartekjur | - | 660,0 | 660,0 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 595,3 | 589,0 | -1,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.255,3** | **1.249,0** | **-0,5** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.249 m.kr. og lækkar um 6,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna hagræðingarkröfu.

### 17.5 Stjórnsýsla umhverfismála

**Markmið og aðgerðir**

Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru: stjórnsýsla náttúruverndarmála, mat á verndargildi og friðlýsingar, að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, að tryggja heilnæmt umhverfi og öruggar neysluvörur, umsjón með mannvirkjagerð, brunavörnum, rafmagnsöryggi og eftirlit með byggingarvörum, skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum, miðlun upplýsinga til almennings, þátttökuréttindi almennings og að tryggja réttláta málsmeðferð, loftslagsmál, stjórn vatnamála, fráveitumál og fleira.

Ríkisaðilar sem heyra undir málaflokkinn eru: aðalskrifstofa umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Umhverfisstofnun, Mannvirkjastofnun, Skipulagsstofnun, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Í málaflokknum eru sett þrjú markmið er koma fram í fjármálaáætlun 2018 – 2022:

1. Að ljúka mótun aðgerðaáætlunar á árinu 2018 er miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
2. Að stuðla að aukinni náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða.
3. Að auka rafræna stjórnsýslu og skilvirkni í stjórnsýslunni.

Aðgerðir sem settar hafa verið fyrir næsta fjárlagaár eru:

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Móta aðgerðaáætlun í loftlagsmálum er nær til ársins 2030 og til að vinna vegvísi um hvernig Ísland getur orðið kolefnishlutlaust fyrir árið 2040 og er í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. | UAR |
| 2 | 3 | Þróun rafrænnar byggingargáttar er að mestu lokið og á árinu 2018 verður hún tekin til prófunar og innleiðingar. Innleiðingu rafrænnar rafmagnsöryggisgáttar er að mestu lokið en unnið verður rekstri og áframhaldandi þróun hennar ár árinu 2018. | Mannvirkjastofnun |
| 3 | 3 | Innleiðing á rafrænni gátt fyrir skráningaskylda starfsemi á á sviði hollustuhátta, mengunarvarna og úrgangs. | Umhverfisstofnun |
| 4 | 3 | Undirbúningur, innleiðing og hefja móttöku á stafrænum skipulagsáætlunum sveitarfélaga. | Skipulagsstofnun |
| 5 | 2 | Leggja fram þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. | UAR |
| 6 | 2 | Vinna að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. | Umhverfisstofnun |
| 7 | 2 | Undirbúningur að stofnun miðhálendisþjóðgarðs en þessi aðgerð er í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. | UAR |
| 8 | 3 | Fjölgun stöðugilda til að ná niður málahalla Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Þessi aðgerð er í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. | Úrskurðarnefnd |
| 9 | 2 | Aukin áhersla á framkvæmd friðlýsinga landsvæða í verndarflokki Rammaáætlunar og skv. náttúruverndaráætlun. Þessi aðgerð er í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála. | UAR |

## Fjárheimildir

| 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.883,2 | 2.962,9 | 3.427,8 | 15,7 | 18,9 |
| Rekstrartilfærslur | 421,0 | 377,0 | 372,7 | -1,1 | -11,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.304,2** | **3.339,9** | **3.800,5** | **13,8** | **15,0** |
| Rekstrartekjur | - | 265,0 | 270,8 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.074,9 | 3.529,7 | 14,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.339,9** | **3.800,5** | **13,8** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.800,5 m.kr. og hækkar um 370 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 90,6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

1. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. vegna aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og til nýs loftslagsráðs sem hefur m.a. það hlutverk að gera vegvísi um hvernig Ísland getur orðið kolefnishlutlaust fyrir árið 2040, sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1.
2. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 12 m.kr. í tengslum við birtingu á stafrænu skipulagi sveitarfélaga sbr. markmið 2 og aðgerð 4.
3. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 12 m.kr. í tengslum við undirbúning að stofnun miðhálendisþjóðarðs sbr. markmið 3 og aðgerð 7.
4. Tímabundin 69,2 m.kr. aukning í tengslum við gerð áætlunar um vernd og orkunýtingu landssvæða.
5. Tímabundin 20 m.kr. aukning í tengslum við gerð fyrsta strandssvæðisskipulags á Íslandi.
6. Aukning um 109 m.kr. í tengslum við lög um stjórn vatnamála.
7. Aukning um 36 m.kr. í tengslum við átaksverkefni vegna friðlýsinga landsvæða í verndarflokki Rammaáætlunar auk friðlýsinga skv. náttúruverndaráætlun.
8. Aukning um 18 m.kr. til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til að vinna á málahalla og tryggja lögbundin afgreiðslutíma.
9. Hagræðingarkrafa á málaflokkinn er 9,7 m.kr.

## 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál

**Skilgreining málefnasviðs**

Stjórnarmálefni á þessu málefnasviði ber undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Málefnasviðið skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Safnamál.
- Menningarstofnanir.
- Menningarsjóðir.
- Íþrótta- og æskulýðsmál.

Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í skapandi samfélagi. Þess vegna skiptir máli að allir landsmenn geti notið lista og menningar og tekið þátt í slíku starfi. Hið sama á við um íþrótta- og æskulýðsstarf, það gegnir veigamiklu hlutverki í farsælu og heilbrigðu samfélagi. Í samræmi við þetta eru meginmarkmið með starfsemi á málefnasviðinu eftirfarandi: Vernda menningar- og náttúruminjar og menningararfleifð en jafnframt stuðla að góðu aðgengi og miðlun á menningu og listum. Jafna og bæta tækifæri til nýsköpunar í íslenskri menningar- og listastarfsemi óháð búsetu og uppruna. Auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf, þ.m.t. afreksíþróttir.

Meginhluti menningarstarfs í landinu er í höndum einstaklinga eða samtaka þeirra, án opinberrar íhlutunar um inntak og tilhögun starfseminnar. Að frátöldum rekstri nokkurra veigamikilla stofnana lýtur hlutverk ríkisins á þessu sviði einkum að því að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir föngum að slíkt frumkvæði fái notið sín.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Þannig hafa útgjaldatölur reikningsríkisreiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá ráðuneyti en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneyti sem tekur við verkefnum. Fyrir þetta málefnasvið er um að ræða aðlögun vegna flutnings á málefnum þjóðmenningar frá forsætisráðuneytinu yfir til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þá hafa útgjöld málefnasviðsins einnig verið aðlöguð á sama hátt vegna tilfærslu á málaflokknum *íþrótta- og æskulýðsmál* af málefnasviðinu *fjölmiðlun* yfir á þetta málefnasvið.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **18.10 Safnamál** | **3.118,2** | **3.458,5** | **3.856,8** | **11,5** | **23,7** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 3.118,2 | 3.458,5 | 3.856,8 | 11,5 | 23,7 |
| **18.20 Menningarstofnanir** | **4.354,6** | **4.538,8** | **4.900,2** | **8,0** | **12,5** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 9,8 | | | - | -100,0 |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 4.344,8 | 4.538,8 | 4.900,2 | 8,0 | 12,8 |
| **18.30 Menningarsjóðir** | **3.457,6** | **3.197,7** | **3.944,9** | **23,4** | **14,1** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 3.457,6 | 3.197,7 | 3.944,9 | 23,4 | 14,1 |
| **18.40 Íþrótta- og æskulýðsmál** | **919,3** | **1.021,1** | **1.129,5** | **10,6** | **22,9** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 919,3 | 1.021,1 | 1.129,5 | 10,6 | 22,9 |
| **Samtals** | **11.849,7** | **12.216,1** | **13.831,4** | **13,2** | **16,7** |

## Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, til dæmis þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** menningar, lista, íþrótta- og æskulýðsmála árið 2018 eru áætluð 13.831,1 m.kr. og aukast um 1.381,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 11,3%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.615 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 13,2%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 978 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu framlög til ýmissa tímabundinna verkefna, alls 53 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 191,7 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins, sem reiknað var með í forsendum rammans, var hins vegar 242,3 m.kr. Ráðuneytið ákvað að nýta 50,6 m.kr. af 698,7 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til að fella niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 648 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 50,6 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018 sem eru áætlaðar 234 m.kr. þannig að heildargjöldin verða 13.831,1 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

## Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun til menningar, lista, íþrótta- og æskulýðsmála breytast milli ára sem hér segir:

| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 6.967,2 | 7.312,2 | 7.876,8 | 7,7 | 13,1 |
| Rekstrartilfærslur | 4.413,2 | 4.477,4 | 5.239,4 | 17,0 | 18,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 455,8 | 196,4 | 623,1 | 217,3 | 36,7 |
| Fjárfestingarframlög | 13,5 | 230,1 | 92,1 | -60,0 | 582,2 |
| **Heildarútgjöld** | **11.849,7** | **12.216,1** | **13.831,4** | **13,2** | **16,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1.342,9 | 1.387,0 | 3,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 10.873,2 | 12.444,4 | 14,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **12.216,1** | **13.831,4** | **13,2** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 7.876,8 m.kr og hækka um 564,6 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mestu um 243 m.kr. framlag til Hörpu.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 762 m.kr. og verða 5.239,4 m.kr. en eru 4.477,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar í fyrsta lagi mest um 450 m.kr. framlag til að byggja upp innviði í íslenskri máltækni og í öðru lagi 80 m.kr. hækkun í Kvikmyndasjóð og í þriðja lagi 100 m.kr. hækkun í Afrekssjóð.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 92,1 m.kr. og er það 138 m.kr. lækkun milli ára. Þar vegur þyngst leiðrétting á tegundaskiptingu fjárheimildar Húsafriðunarsjóðs til samræmis við bókhald.
d. **Fjárfestingartilfærslur** eru áætlaðar 623,1 m.kr. og er það 426,7 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega í fyrsta lagi þyngst 290 m.kr. vegna sýningarhalds Náttúruminja-safns Íslands, í öðru lagi leiðrétting á tegundaskiptingu fjárheimildar Húsafriðunar-sjóðs til samræmis við bókhald og í þriðja lagi millifærslur frá forsætisráðuneytinu vegna Fornminjasjóðs og Húsafriðunarsjóðs, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 1/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

### 18.1 Safnamál

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á að fólk fái notið menningararfsins og að hann verði varðveittur til framtíðar og miðlað til landsmanna, sérstaklega ungu kynslóðarinnar.

Undir málaflokkinn fellur starfsemi safna á vegum ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignar-stofnana og annarra aðila. Á vegum ríkisins eru rekin 10 söfn og 46 söfn eru í eigu annarra aðila sem njóta viðurkenningar skv. ákvæðum safnalaga. Undir málaflokkinn heyra einnig málefni almenningsbókasafna, héraðsskjalasafna og annarra safna sem ekki falla undir safnalög og loks málefni sem tengjast fjárhagslegum stuðningi við starfsemi safna á öllum sviðum, m.a. í gegnum samninga og úthlutanir úr lögbundnum sjóðum.

Helstu stofnanir eru: Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Hljóðbókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Gljúfrasteinn – Hús skáldsins. Hugað verður að því að styrkja starfsemi höfuðsafnanna þriggja; Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.
2. Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur til að stuðla að markvissri verndun hans.
3. Efla rannsóknir og skráningu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Stuðla að auknu samstarfi eða sameiningu safna í samráði við hagsmunaaðila og gera nauðsynlegar lagabreytingar til þess. | MRN |
| 2 | 1 | Stuðla að betra aðgengi að náttúruarfi þjóðarinnar með uppbyggingu sýningaraðstöðu náttúruminja. Þetta verður gert með því að styrkja Náttúruminjasafn Íslands til að opna eigin sýningu í Perlunni í samræmi við stjórnar-sáttmála. | MRN |
| 3 | 1 | Skilgreina árangursvísa um framboð menningarsögulegs efnis á stafrænu formi og setja viðmið. Verið er að vinna úr niðurstöðum skýrslu um varðsveislu menningar-arfleiðar á stafrænu formi sem tilbúin var í júní 2017. | MRN |
| 4 | 2 | Greina stöðu og þarfir fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu. | MRN |
| 5 | 2 | Styrkja skráningu safnmuna í Sarp með markvissum áherslum í úthlutun styrktarsjóða. | Sjóðir |
| 6 | 3 | Styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna. | Söfn og sjóðir |

## Fjárheimildir

| 18.10 Safnamál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.965,5 | 3.009,8 | 3.229,8 | 7,3 | 8,9 |
| Rekstrartilfærslur | 187,3 | 394,0 | 283,4 | -28,1 | 51,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 22,8 | 5,8 | 294,7 | 4.981,0 | 1.192,5 |
| Fjárfestingarframlög | -57,4 | 48,9 | 48,9 | 0,0 | -185,2 |
| **Heildarútgjöld** | **3.118,2** | **3.458,5** | **3.856,8** | **11,5** | **23,7** |
| Rekstrartekjur | - | 479,6 | 495,4 | 3,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.978,9 | 3.361,4 | 12,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.458,5** | **3.856,8** | **11,5** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.856,8 m.kr. og hækkar um 304,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlags-breytingum sem eru 93,6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Þjóðminjasafn Íslands er flutt til mennta- og menningarmálaráðuneytis frá forsætisráðuneyti samkvæmt forsetaúrskurði nr. 1/2017 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.
b. Gert er ráð fyrir 290 m.kr. vegna sýningarhalds Náttúruminjasafns Íslands, sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 2.
c. Fjárheimildir málaflokksins hækka um 102,4 m.kr. til að styrkja rekstur ríkissafna svo að þau séu betur í stakk búin til að fylgja eftir markmiðum málaflokksins.
d. Niður falla 10 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
e. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun í útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 71,6 m.kr.
f. Framlag í varasjóð málaflokksins er hækkað um 8,3 m.kr. og verður 16,6 m.kr.

**18.2 Menningarstofnanir**
**Markmið og aðgerðir**

Áhersla er lögð á að fleiri landsmenn njóti menningar og lista og að þátttaka í menningar- og listastarfsemi verði almenn.

Ríkið rekur eða er í samvinnu við aðra um rekstur menningarstofnana og veitir fjárhagslegan stuðning. Stofnanirnar skapa m.a. undirstöðu fyrir aðra menningar- og listastarfsemi í landinu á viðkomandi sviði og þjóna landsmönnum öllum auk þess sem sumar þeirra sinna stjórnsýslu á sínu sviði.

Helstu stofnanir eru: Minjastofnun Íslands, Íslenski dansflokkurinn, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Markmið í málaflokknum er:

1. Bæta verndun og aðgengi að menningu og listum svo fleiri landsmenn fái notið þeirra.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Verkefnahópur mun greina stöðu og framtíðarþörf menningarstofnana fyrir húsnæði og búnað. Í framhaldi verður gerð áætlun um uppbyggingu. | MRN |
| 2 | 1 | Útfæra og hrinda í framkvæmd könnun (ánægjuvog) á nýtingu þeirrar þjónustu sem sótt er til menningarstofnana. | MRN |
| 3 | 1 | Bjóða upp á listviðburði í grunnskólum og menningarhúsum víða um land. | MRN og stofnanir |
| 4 | 1 | Verkefnahópur mun afla upplýsinga til að skilgreina árangursvísa og setja viðmið í samráði við stofnanir og hagsmunaaðila. Í framhaldi verða tillögur lagðar fyrir ráðherra. | MRN |

**Fjárheimildir**

| 18.20 Menningarstofnanir | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.846,9 | 4.206,3 | 4.549,6 | 8,2 | 18,3 |
| Rekstrartilfærslur | 453,0 | 302,1 | 319,9 | 5,9 | -29,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 1,0 | 4,9 | 5,2 | 6,1 | 420,0 |
| Fjárfestingarframlög | 53,7 | 25,5 | 25,5 | 0,0 | -52,5 |
| **Heildarútgjöld** | **4.354,6** | **4.538,8** | **4.900,2** | **8,0** | **12,5** |
| Rekstrartekjur | - | 806,7 | 835,0 | 3,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.732,1 | 4.065,2 | 8,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **4.538,8** | **4.900,2** | **8,0** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.900,2 m.kr. og hækkar um 238,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 122,5 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Minjastofnun Íslands er flutt til ráðuneytisins frá forsætisráðuneyti samkvæmt forsetaúrskurði nr. 1/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.
b. Gert er ráð fyrir 243 m.kr. framlagi til Hörpu vegna endurskoðunar á rekstri. Viðauki varð gerður við samkomulag ríkisins, Reykjavíkurborgar og Hörpu ohf. frá 2013 sl. vor, um tímabundið framlag 2017 til að mæta lausafjárvanda félagsins. Endurskoðun er enn ekki lokið og því þarf að gera ráð fyrir sambærilegu tímabundnu framlagi árið 2018 og 2017.
c. Þá hækka fjárheimildir málaflokksins um 130,7 m.kr. til að styrkja stofnanir til að fylgja eftir markmiði málaflokksins sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1, 2, 3 og 4.
d. Niður falla 40 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
e. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun í útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 92,7 m.kr.
f. Framlag í varasjóð málaflokksins er hækkað um 10,7 m.kr. og verður 21,9 m.kr.

## 18.3 Menningarsjóðir

## Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á að úthlutanir úr menningarsjóðum stuðli að fjölbreyttri og öflugri menningar- og listastarfsemi. Varðveisla og viðhald íslenskrar tungu er eitt af meginviðfangsefnum til framtíðar og aðkallandi að íslenska verði gjaldgeng í stafrænum heimi.

Hlutverk stjórnvalda er að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningarstarfs. Til að stuðla að þessu úthlutar ríkið fjárveitingum í gegnum

lögbundna sjóði eða á grundvelli auglýsingar, þ.e. öðrum fjárveitingum en þeim sem renna til ríkisstofnana, eða eru bundnar í samningum við einkaaðila vegna stuðnings við ákveðin verkefni á sviði menningar og lista. Þeir eiga að stuðla að því að fagleg og sjálfstæð listastarfsemi geti átt sér stað sem og samfellu í listastarfsemi. Úthlutun styrkja úr þeim sjóðum byggir á opnu umsóknarferli og tillögum faglegra úthlutunarnefnda sem byggja á jafningjamati. Tilgangur með starfslaunum til listamanna er að efla listsköpun í landinu, sbr. ákvæði laga þar að lútandi.

Um starfsemi innan málaflokksins gilda 14 sérlög og reglur um lögbundna og aðra sjóði. Helstu sjóðir málaflokksins eru fornminjasjóður, húsafriðunarsjóður, myndlistarsjóður, launasjóðir listamanna, kvikmyndasjóður, útflutningssjóður íslenskrar tónlistar, bókasafnssjóður höfunda, tónlistarsjóður, hljóðritasjóður tónlistar, starfsemi atvinnuleikhúsa og starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu með viðeigandi hætti á grundvelli íslenskrar málstefnu.
2. Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í íslenskum listum og menningu.
3. Efla íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu.

| **Nr.** | **Tengist markmiði nr.** | **Aðgerð** | **Framkvæmdaraðili** |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 | Byggja upp innviði íslenskrar máltækni í opnum aðgangi þannig að íslenska verði fullgild í stafrænum heimi í samræmi við stjórnarsáttmála. Fyrir liggur verkáætlun um máltækni fyrir íslensku 2018–2022, þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu innviða, nýsköpun í máltækni og samstarf og klasamyndun. | MRN og stofnanir |
| 2 | 2 | Einfalda sjóða- og stuðningskerfi menningar og lista í því skyni að styrkja áfram faglega starfslauna- og verkefnasjóði listamanna í samræmi við stjórnarsáttmála. Starfshópi um bókmenningarstefnu hefur verið falið að skoða íslenska bókaútgátu og aðstæður hennar. | MRN |
| 3 | 2 | Verkefnahópur mun afla upplýsinga og móta stefnu um skiptingu framlaga til sjóða. Í framhaldi verða tillögur lagðar fyrir ráðherra. | MRN |
| 4 | 2 | Gera áætlun um málrækt og stuðning við notkun íslensku á öllum sviðum. | MRN og stofnanir |
| 5 | 3 | Hafinn verður undirbúningur að endurskoðun á heildarstuðningi ríkisins við kvikmyndagerð. | MRN |

## Fjárheimildir

| 18.30 Menningarsjóðir | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 129,2 | 62,3 | 62,3 | 0,0 | -51,8 |
| Rekstrartilfærslur | 2.980,5 | 2.818,3 | 3.565,5 | 26,5 | 19,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 330,7 | 161,4 | 299,4 | 85,5 | -9,5 |
| Fjárfestingarframlög | 17,2 | 155,7 | 17,7 | -88,6 | 2,9 |
| **Heildarútgjöld** | **3.457,6** | **3.197,7** | **3.944,9** | **23,4** | **14,1** |
| Rekstrartekjur | - | 56,6 | 56,6 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.141,1 | 3.888,3 | 23,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.197,7** | **3.944,9** | **23,4** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.944,9 m.kr. og hækkar um 731,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 16,2 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fornminjasjóður og Húsafriðunarsjóður eru fluttir til mennta- og menningarmálaráðuneyti frá forsætisráðuneytinu samkvæmt forsetaúrskurði nr. 1/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.
b. Gert er ráð fyrir 450 m.kr. til máltækniverkefnis sbr. markmið nr. 1 og 2 og aðgerð 1. Auk þessa er fyrirhugað að nýta 100 m.kr. af safnlið. Þá er fyrirhugað að Markáætlun komi að fjármögnun verkefnisins. (sjá málaflokkinn *vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum*).
c. Fjárheimildir málaflokksins hækka um 80 m.kr. til að styrkja Kvikmyndasjóð sbr. markmið nr. 3. Samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð árin 2016–2019 sem undirritað var 27. október 2016 gerir ráð fyrir að framlag til Kvikmyndasjóðs hækki um 90 m.kr. árið 2019. Í fjármálaáætlun 2018-2022 er ekki sérstaklega gert ráð fyrir þeirri hækkuninni og endurspeglast það í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi þar sem sýndar eru áætlaðar fjárveitingar fyrir árin 2019 og 2020. Í fjármálaáætlun 2019–2023 verður gert ráð fyrir að fjárheimild málefnasviðsins verði hækkaðar til að unnt verði að standa við samkomulagið.
d. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun í útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 24,1 m.kr.
e. Framlag í varasjóð málaflokksins er hækkað um 8,1 m.kr. og verður 16,6 m.kr.

Í tengslum við gildistöku laga um opinber fjármál voru gerðar breytingar til að einfalda framsetningu stofnana og verkefna í fylgiriti sem birt var samhliða fjárlagafrumvarpi 2017. Rétt er að vekja athygli á því að í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi 2018 eru færðir til baka á

eldra viðfang sjóðir og verkefni sem þarf að gera upp sérstaklega með sjálfstæðum rekstrar- og efnahagsreikningi.

## 18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál

**Markmið og aðgerðir**

Áhersla er lögð á aukið heilbrigði landsmanna og bætt lífsgæði. Sérstök áhersla verður lögð á forvarnir og lýðheilsu, m.a. verður í því skyni áfram stutt við frjáls félagasamtök til að byggja upp grasrótar- og afreksstarf.

Starfsemi í málaflokknum er að mestu leyti á hendi frjálsra félaga og félagasamtaka sem og sveitarfélaga, í samstarfi við ríkið, enda byggist hún að stórum hluta á sjálfboðastarfi og eigin fjármögnun. Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga skv. íþróttalögum er að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði og tilgangur æskulýðslaga er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi og skapa sem bestu aðstæður fyrir börn og ungmenni til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Samningar eru gerðir um framlög til helstu heildarsamtaka.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.
2. Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk svo hægt sé að standa fyrir sambærilegu afreksstarfi og gert er í nágrannalöndum Íslands.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Íþróttasamtök skili reglulega tölum um iðkendur í skipulögðu íþróttastarfi. Ráðuneytið fær árlega upplýsingar frá ÍSÍ. | Íþróttasamtök |
| 2 | 1 | Æskulýðsfélög skili reglulega tölum um þátttakendur og fjölda á leiðtoganámskeiðum. Ráðuneytið fær árlega upplýsingar frá æskulýðsfélögum. | Æskulýðsfélög |
| 3 | 1 | Verkefnahópur mun afla upplýsinga, skilgreina árangursvísa og setja viðmið í samráði við hagsmunaaðila. Í framhaldi verða tillögur lagðar fyrir ráðherra. | MRN |
| 4 | 1 og 2 | Gera lyfjaeftirlit að sjálfstæðri einingu. | MRN og ÍSÍ |
| 5 | 2 | Vinna að uppbyggingu þjóðarleikvangs í Laugardal, sbr. stjórnarsáttmála. | FOR, MRN, Reykjavíkurborg og íþróttahreyfingin. |

## Fjárheimildir

| 18.40 Íþrótta- og æskulýðsmál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 25,6 | 33,8 | 35,1 | 3,8 | 37,1 |
| Rekstrartilfærslur | 792,4 | 963,0 | 1.070,6 | 11,2 | 35,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 101,3 | 24,3 | 23,8 | -2,1 | -76,5 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **919,3** | **1.021,1** | **1.129,5** | **10,6** | **22,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.021,1 | 1.129,5 | 10,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.021,1** | **1.129,5** | **10,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.129,5 m.kr. og hækkar um 107 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum 1,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. til að styrkja Afrekssjóð sbr. markmið nr. 2. Samkomulag um fjármögnun Afrekssjóðs ÍSÍ sem undirritað var 28. júlí 2016 gerir ráð fyrir að framlag til sjóðsins hækki um 100 m.kr. árið 2019. Í fjármálaáætlun 2018-2022 er ekki sérstaklega gert ráð fyrir hækkuninni og endurspeglast það í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi þar sem sýndar eru áætlaðar fjárveitingar fyrir árin 2019 og 2020. Í fjármálaáætlun 2019–2023 verður gert ráð fyrir að fjárheimild málefnasviðsins verði hækkaðar til að unnt verði að standa við samkomulagið.
b. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun í útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 3,4 m.kr.
c. Framlag í varasjóð málaflokksins er hækkað um 2,1 m.kr. og verður 4,3 m.kr.

# 19 Fjölmiðlun

## Skilgreining málefnasviðs

Stjórnarmálefni á þessu málefnasviði ber undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Undir það heyrir einn málaflokkur sem ber sama heiti og málefnasviðið.

Meginmarkmið með starfsemi á málefnasviðinu eru eftirfarandi: Lagaumgjörð íslenskra fjölmiðla tryggi fjölræði á markaði. Miðlun og framboð á efni verði fjölbreytt og sérstaklega gætt að íslensku og menningarlegu efni sem gefur innsýn í íslenskt samfélag.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð að tilfærslu á málaflokknum *íþrótta- og æskulýðsmál* af þessu málefnasviði yfir á málefnasviðið *menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál*. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu málaflokksins.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 19 Fjölmiðlun | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **19.10 Fjölmiðlun** | **3.852,1** | **3.955,4** | **4.164,6** | **5,3** | **8,1** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 3.852,1 | 3.955,4 | 4.164,6 | 5,3 | 8,1 |
| **Samtals** | **3.852,1** | **3.955,4** | **4.164,6** | **5,3** | **8,1** |

## Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** til málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 4.165 m.kr. og aukast um 208 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 5,2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 210 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær eru 208 m.kr. til hækkunar.
b. Engin tímabundin framlög falla niður.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 1 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
d. Ekki er gerð breyting á útgjaldasvigrúm þessa málefnasviðs.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 2 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 4.165 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir launa vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 19 Fjölmiðlun | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.852,1 | 3.955,4 | 4.164,6 | 5,3 | 8,1 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.852,1** | **3.955,4** | **4.164,6** | **5,3** | **8,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.955,4 | 4.164,6 | 5,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.955,4** | **4.164,6** | **5,3** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind eftir hagrænni skiptingu þeirra. Hér er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum.

**Rekstrarframlög** eru áætluð 4.164,6 m.kr og hækka um 209,2 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 198 m.kr. hækkun til Ríkisútvarpsins til samræmis við tekjuáætlun um innheimtar tekjur af útvarpsgjaldi.

## 19.1 Fjölmiðlun

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á aðgengi að fjölbreyttu fræðslu-, menningar- og afþreyingarefni og óheft aðgengi að fjölbreyttum og óháðum upplýsingum.

Aðkoma ríkisins að málum tengdum fjölmiðlum markast annars vegar af lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og hins vegar af lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013. Fjölmiðlanefnd hefur umsjón með framkvæmd fjölmiðlalaga og Ríkisútvarpið hefur með höndum fjölmiðlun í almannaþágu samkvæmt ákvæðum laga nr. 23/2013 og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti þar að lútandi. Stofnanir sem heyra undir málaflokkinn eru Fjölmiðlanefnd og Ríkisútvarpið.

Markmið laga um fjölmiðlun er m.a. að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum auk þess að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með fjölmiðlum og annast daglega stjórnsýslu. Ríkisútvarpinu er meðal annars ætlað að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlun í almannaþágu eins og nánar er kveðið á um í samningi við ráðherra.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Auka fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.
2. Auka innlenda dagskrárgerð og framboð af íslensku barna- og menningarefni.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Einfalda stjórnsýslu fjölmiðlanefndar með breytingu á fjölmiðlalögum nr. 38/2011. | MRN |
| 2 | 2 | Auka meðframleiðslu, framleiðslu og kaup Ríkisútvarpsins ohf. á íslensku barna- og menningarefni og innlendu efni frá sjálfstæðum framleiðendum. | Ríkisútvarpið |

## Fjárheimildir

| 19.10 Fjölmiðlun | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.852,1 | 3.955,4 | 4.164,6 | 5,3 | 8,1 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.852,1** | **3.955,4** | **4.164,6** | **5,3** | **8,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.955,4 | 4.164,6 | 5,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.955,4** | **4.164,6** | **5,3** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.164,6 m.kr. og hækkar um 207,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum 1,6 m.kr. almennum launa- og verðlagsbreytingum. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 198 m.kr. sem veitt er til Ríkisútvarpsins og er í samræmi við tekjuáætlun um innheimtar tekjur af útvarpsgjaldi og litið svo á að tekjur af útvarpsgjaldinu séu markaðar Ríkisútvarpinu. Annars vegar er um að ræða hækkun vegna þess að fleiri greiða útvarpsgjald og hins vegnar er um að ræða hækkun á útvarpsgjaldi úr 16.800 kr. í 17.100 kr. Um er að ræða hækkun eins og er með önnur krónutölugjöld skv. tekjuáætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
b. Þá eru 10,6 m.kr. af fjárheimildum til málaflokksins veittar til Fjölmiðlanefndar svo hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu betur.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun útgjalda er veitt 0,4 m.kr. af fjárheimild málaflokksins.

# 20 Framhaldsskólastig

## Skilgreining málefnasviðs

Stjórnarmálefni á þessu málefnasviði ber undir mennta- og menningarmálaráðherra. Málefnasviðið skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Framhaldsskólar.
- Tónlistarfræðsla.
- Vinnustaðanám og styrkir.
- Jöfnun námskostnaðar.

Öflugt menntakerfi er forsenda framfara. Skapandi og gagnrýnin hugsun, læsi og þátttaka í lýðræðissamfélagi verður áfram undirstaða íslenska skólakerfisins. Lögð verður rík áhersla á að efla menntun í landinu með hagsmuni samfélagsins alls að leiðarljósi. Unnið verður að því að efla nýsköpun og þróun á öllum skólastigum enda er menntun kjarninn í nýsköpun til framtíðar. Meginmarkmið með starfsemi á málefnasviðinu er að brautskráðir nemendur úr framhaldsskólum landsins verði virkir þátttakendur í samfélaginu, vel undirbúnir undir þátttöku á vinnumarkaði og fyrir fræðilegt og starfstengt háskólanám.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 20 Framhaldsskólastig | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **20.10 Framhaldsskólar** | **26.744,8** | **28.889,0** | **29.922,0** | **3,6** | **11,9** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 26.665,3 | 28.889,0 | 29.922,0 | 3,6 | 12,2 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 79,5 | | | - | -100,0 |
| **20.20 Tónlistarfræðsla** | **520,0** | **536,7** | **545,3** | **1,6** | **4,9** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 520,0 | 536,7 | 545,3 | 1,6 | 4,9 |
| **20.30 Vinnustaðanám og styrkir** | **255,2** | **245,0** | **242,6** | **-1,0** | **-4,9** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 255,2 | 245,0 | 242,6 | -1,0 | -4,9 |
| **20.40 Jöfnun námskostnaðar** | **542,2** | **627,7** | **628,6** | **0,1** | **15,9** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 542,2 | 627,7 | 628,6 | 0,1 | 15,9 |
| **Samtals** | **28.062,2** | **30.298,4** | **31.338,5** | **3,4** | **11,7** |

## Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** framhaldsskólastigs árið 2018 eru áætluð 31.338,5 m.kr. og aukast um 455,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 1,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.040,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 nema 375,1 m.kr. til hækkunar. Um er að ræða 400 m.kr. hækkun á framlagi til framhaldsskóla auk áætlaða hækkun sértekna um 25 m.kr. sem falla undir málefnasviðið.
b. Ekki er gert ráð fyrir niðurfellingum á tímabundnum framlögum.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 605,0 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 685,6 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 584,4 m.kr. þannig að heildargjöldin verða 31.338,5 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir launa vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun framhaldsskólastigs breytast milli ára sem hér segir:

| 20 Framhaldsskólastig | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 25.305,9 | 27.676,8 | 28.730,1 | 3,8 | 13,5 |
| Rekstrartilfærslur | 2.286,0 | 2.084,7 | 2.098,2 | 0,6 | -8,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 9,0 | 292,2 | 286,4 | -2,0 | 3.082,2 |
| Fjárfestingarframlög | 461,3 | 244,7 | 223,8 | -8,5 | -51,5 |
| **Heildarútgjöld** | **28.062,2** | **30.298,4** | **31.338,5** | **3,4** | **11,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1.523,3 | 1.531,2 | 0,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 28.775,1 | 29.807,3 | 3,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **30.298,4** | **31.338,5** | **3,4** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. Rekstrarframlög eru áætluð 28.730,1 m.kr og hækka um 1.053,3 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Er þeim ætlað að bæta innviði framhaldsskólakerfisins. Gert er ráð fyrir auknu fjárframlagi sem skiptist í útskriftaframlag og þjónustuframlag í nýju reiknilíkani fyrir framhaldsskóla.
b. Rekstrartilfærslur hækka um 13,5 m.kr. og verða 2.098,2m.kr. en eru 2.084,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2017.
c. Fjármagnstilfærslur eru áætlaðar 286,4 m.kr. og er það 5,8 m.kr. lækkun milli ára.
d. Fjárfestingarframlög eru áætluð 223,8 m.kr. og er það 20,9 m.kr. lækkun milli ára. Um er að ræða breytingar á sértekjum.

## 20.1 Framhaldsskólar

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á að efla menntunarstig þjóðarinnar og samkeppnishæfara atvinnulíf. Iðnnám og verk- og starfsnám verður eflt í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags.

Meginverkefni málaflokksins er rekstur, kennsla og nám á framhaldsskólastigi. Um málaflokkinn gilda lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þau taka til opinberra framhaldsskóla og annarra framhaldsskóla, bæði skóla sem hlotið hafa viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi og skóla sem ekki eru viðurkenndir. Skólarnir bjóða ýmist upp á almennt eða sérhæft nám. Undir málaflokkinn fellur einnig starfsþróun kennara, námskrárgerð og innleiðing aðalnámskrár.

Framhaldsskólar vinna að menntun nemenda þannig að þeir verði ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi og geti tekist á við áframhaldandi nám og störf. Um 50 skólar sem bjóða nám á framhaldsskólastigi fá framlög úr ríkissjóði á grunni mismunandi tegunda samninga við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar af bjóða 30 þeirra heildstætt nám skv. aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólasamningar hafa verið gerðir við opinbera framhaldsskóla, þjónustu- og skólasamningar um fjárframlög til kennslu eru gerðir við viðurkennda einkarekna framhaldsskóla og rekstrarsamningar um fjárframlög til kennslu við skóla sem ekki eru viðurkenndir af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.
2. Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.
3. Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám.

| **Nr.** | **Tengist markmiði nr.** | **Aðgerð** | **Framkvæmdaraðili** |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Gera aðgerðaáætlun til að sporna gegn brotthvarfi á grundvelli niðurstaðna úr skimunum meðal nýnema. Útbúnar verða upplýsingar sem geta nýst öllum framhaldsskólum. Verkefnið hófst 2015 og því lýkur 2019. | Menntamálastofnun |
| 2 | 2 | Innleiða og þróa áfram reiknilíkan framhaldsskóla. Liður í því er að veita sérstakt útskriftarframlag og þjónustuframlag. Útskriftaframlagi er ætlað að hvetja til þess að fleiri nemendur í framhaldsskóla útskrifist á tilsettum tíma. Þjónustuframlagi er ætlað að styðja betur við nemendur í brotthvarfshættu. | MRN |
| 3 | 2 | Kortleggja framhaldsskóla: Gera ítarlega greiningu á stöðu og þróun þeirra um land allt. Lykiltölur verða skilgreindar, ákveðið hvernig þeim verði safnað til framtíðar og tillögur gerðar um þróun framhaldsskólakerfisins. Lögð verður áhersla á aukin gæði náms og þjónustu, skilvirkari starfsemi og hagkvæmari rekstur framhaldsskóla landsins. Verkefnið hófst 2017 og því lýkur 2018. | MRN |
| 4 | 2 | Stuðla að samvinnu framhaldsskóla um heildstætt og fjölbreytt námsframboð, stoðþjónustu og stjórnsýslu. | MRN |
| 5 | 3 | Átak er í staðfestingu námsbrautalýsinga í þeim tilgangi að allir nemendur stundi nám á staðfestum námsbrautum. Það er liður í því að auka gæði náms og þjónustu. Lögð er áhersla á að ekki síðar en frá og með haustönn 2018 útskrifist framhaldsskólanemendur, sem stunda nám í löggiltu starfsnámi, einungis af staðfestri námsbraut og ekki síðar en haustið 2019 útskrifist allir nemendur í bóknámi af staðfestri námsbraut. Hið fyrrnefnda er liður í eflingu iðnnáms og verk- og starfsnáms í samræmi við stjórnarsáttmála. | Skólar sem bjóða starfsnám |
| 6 | 3 | Skipuleggja og innleiða rafrænar ferilbækur í starfsnámi, í samráði við hagsmunaaðila, í þeim tilgangi að efla iðnnám | MRN |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | og verk- og starfsnám í samræmi við stjórnarsáttmála. Verkefnið hófst 2017 og áætluð verklok eru 2020. | |
| 7 | 3 | Efla stjórnsýslu starfsmenntunar, í því skyni að efla iðnnám og verk- og starfsnám í samræmi við stjórnarsáttmála. Unnin verður stöðugreining í samvinnu við haghafa á núverandi skipulagi og framkvæmd á vinnustaðanámi. Jafnframt verður gerð úttekt á vinnustaðanámssjóði, sjá málaflokkinn *vinnustaðanám og styrkir*. Á grundvelli niðurstöðu stöðugreiningar verða gerðar tillögur til ráðherra. | MRN |
| 8 | 2 og 3 | Endurskoða lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og tilheyrandi reglugerðir, m.a. vegna laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og niðurstaðna úr aðgerðum 5 og 6. Verkefnið hefst árið 2018 og stefnt á að lagafrumvarp liggi fyrir vorið 2019. | |

## Fjárheimildir

| 20.10 Framhaldsskólar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 25.296,6 | 27.676,8 | 28.730,1 | 3,8 | 13,6 |
| Rekstrartilfærslur | 977,9 | 675,3 | 681,7 | 0,9 | -30,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 9,0 | 292,2 | 286,4 | -2,0 | 3.082,2 |
| Fjárfestingarframlög | 461,3 | 244,7 | 223,8 | -8,5 | -51,5 |
| **Heildarútgjöld** | **26.744,8** | **28.889,0** | **29.922,0** | **3,6** | **11,9** |
| Rekstrartekjur | - | 1.523,3 | 1.531,2 | 0,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 27.365,7 | 28.390,8 | 3,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **28.889,0** | **29.922,0** | **3,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 29.922,0 m.kr. og hækkar um 476,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 557,0 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er ráðstafað í samræmi við breyttan forgang í ramma. Gert er ráð fyrir að annars vegar 800 m.kr. af nýju fé til málefnasviðsins og hins vegar 400 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2017 til framhaldsskóla, verði ráðstafað í samræmi við áherslur um endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að 645 m.kr. verði ráðstafað til þjónustuframlags og 400 m.kr. til útskriftarframlags. Þá er gert ráð fyrir að 155 m.kr. verði veittar til framhaldsskóla sem í fyrsta lagi hafa þegar lokið styttingu náms til stúdentsprófs; í öðru lagi hófu innleiðingu síðar en aðrir skólar eða í þriðja lagi eru enn í vexti. Fjárveitingunni verður varið til þess að framlag á hvern ársnemenda í skólunum hækki í takt við það sem almennt gerist hjá öðrum framhaldsskólum.

b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 277,1 m.kr. í samræmi við forsendur fjármálaáætlunar 2018–2022 um reiknaðan raunvöxt.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 576,8 m.kr.

## 20.2 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, þau taka til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks skv. lögunum. Ríki og sveitarfélög hafa gert samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng. Gildistími samkomulagsins er 1. janúar 2016 til 31. desember 2018 og mun endurskoðun fara fram á árinu 2018. Í lögunum er m.a. kveðið á um að tónlistarskólar skuli kenna eftir námskrá sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Aðalnámskráin skiptist í almennan hluta og greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

### Fjárheimildir

| 20.20 Tónlistarfræðsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 520,0 | 536,7 | 545,3 | 1,6 | 4,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **520,0** | **536,7** | **545,3** | **1,6** | **4,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 536,7 | 545,3 | 1,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **536,7** | **545,3** | **1,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 545,3 m.kr. og lækkar um 5,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 13,9 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af 5,4 m.kr. hækkun vegna reiknaðs raunvaxtar málaflokksins og 10,7 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði á útgjaldaramma.

## 20.3 Vinnustaðanám og styrkir

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á að úthlutanir úr sjóðnum stuðli að fleira sérhæfðu starfsfólki á vinnumarkaði og samkeppnishæfara atvinnulífi. Stefnt er að því að skoða starfsemi og úthlutanir úr vinnustaðanámssjóði, m.a. með gagnsæi í huga.

Undir málaflokkinn falla lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun úr vinnustaðanámssjóði. Til að skerpa á tilgangi sjóðsins og áherslu ráðuneytisins um eflingu starfsmenntunar er áformað árið 2018 að skoða starfsemi og úthlutanir úr sjóðnum með tilliti til markmiðs þrjú í málaflokknum *framhaldsskólar*, um að nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám og aðgerðar nr. 7 um eflingu stjórnsýslu starfsmenntunar. Í framhaldi verður tekin ákvörðun um næstu skref. Er þetta í samræmi við eflingu iðnnáms og verk- og starfsnáms, sbr. stjórnarsáttmála.

### Fjárheimildir

| 20.30 Vinnustaðanám og styrkir | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 255,2 | 245,0 | 242,6 | -1,0 | -4,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **255,2** | **245,0** | **242,6** | **-1,0** | **-4,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 245,0 | 242,6 | -1,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **245,0** | **242,6** | **-1,0** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 242,6 m.kr. og lækkar um 2,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast annars vegar af 2,5 m.kr. hækkun vegna reiknaðs raunvaxtar málaflokksins og hins vegar af 4,9 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði á útgjaldaramma.

## 20.4 Jöfnun námskostnaðar

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki nr. 79/2003. Námsstyrkir eru veittir til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins stýra að hluta til úthlutun námsstyrkja.

### Fjárheimildir

| 20.40 Jöfnun námskostnaðar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 9,3 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 532,9 | 627,7 | 628,6 | 0,1 | 18,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **542,2** | **627,7** | **628,6** | **0,1** | **15,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 627,7 | 628,6 | 0,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **627,7** | **628,6** | **0,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 628,6 m.kr. og lækkar um 12,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 13,5 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af 12,6 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði á útgjaldaramma.

# 21 Háskólastig

## Skilgreining málefnasviðs

Stjórnarmálefni á þessu málefnasviði ber undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Málefnasviðið skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Háskólar.
- Rannsóknarstofnanir á háskólastigi.
- Stuðningur við námsmenn.

Öflugt menntakerfi er forsenda framfara. Skapandi og gagnrýnin hugsun, læsi og þátttaka í lýðræðissamfélagi verður áfram undirstaða íslenska skólakerfisins. Lögð verður rík áhersla á að efla menntun í landinu með hagsmuni samfélagsins alls að leiðarljósi. Unnið verður að því að efla nýsköpun og þróun á öllum skólastigum enda er menntun kjarninn í nýsköpun til framtíðar. Meginmarkmið með starfsemi á málefnasviðinu eru: Að framsæknar og skilvirkar háskólastofnanir skapi þekkingu, varðveiti hana og miðli til samfélags og nemenda. Þær verði í ríkum tengslum við þjóðfélagið og nærsamfélög um allt land og virkar í alþjóðlegu mennta-, vísinda- og fræðasamfélagi. Brautskráðir nemendur verði vel undirbúnir undir þátttöku í atvinnu- og þjóðlífi.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 21 Háskólastig | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **21.10 Háskólar** | **28.512,5** | **30.254,3** | **33.018,1** | **9,1** | **15,8** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 28.512,5 | 30.254,3 | 33.018,1 | 9,1 | 15,8 |
| **21.20 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi** | **3.081,3** | **3.372,1** | **3.350,8** | **-0,6** | **8,7** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 2.861,6 | 3.140,5 | 3.176,9 | 1,2 | 11,0 |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 219,7 | 231,6 | 173,9 | -24,9 | -20,8 |
| **21.30 Stuðningur við námsmenn** | **8.113,3** | **7.965,9** | **7.965,9** | **0,0** | **-1,8** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 8.113,3 | 7.965,9 | 7.965,9 | 0,0 | -1,8 |
| **Samtals** | **39.707,1** | **41.592,3** | **44.334,8** | **6,6** | **11,7** |

## Útgjaldarammi – heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** háskólastigs árið 2018 eru áætluð 44.334,8 m.kr. og aukast um 1.953,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 4,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.742,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,6%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.883,7 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu framlög til ýmissa tímabundinna verkefna, alls 806 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.077,7 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 4,6 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins sem reiknað er með í forsendum rammans er 831,8 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 827,2 m.kr. af 1.707,9 m.kr. útgjaldasvigrúmi í rammanum til að fella niður hluta af aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 880,7 m.kr. eftir að útgjaldasvigrúmið hefur verið lækkað um 827,2 m.kr. aðhaldskröfu sem gerð er til málefnasviðsins. Vakin er athygli á því að 540 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstur háskólastigins sem kom inn í 2. umræður fjárlagafrumvarps 2017, er gert varanlegt. Framlagið var hluti af 1.078 m.kr. tímabundnu framlagi til að styrkja háskólastigið en 538 m.kr. voru til tímabundinna verkefna og falla niður.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 788,7 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 44.334,8 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018

samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar komi spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 21 Háskólastig | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 28.491,7 | 31.554,5 | 33.774,8 | 7,0 | 18,5 |
| Rekstrartilfærslur | 9.734,0 | 8.857,8 | 8.760,0 | -1,1 | -10,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 20,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 1.461,2 | 1.180,0 | 1.800,0 | 52,5 | 23,2 |
| **Heildarútgjöld** | **39.707,1** | **41.592,3** | **44.334,8** | **6,6** | **11,7** |
| Rekstrartekjur | - | 9.207,3 | 9.408,4 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 32.385,0 | 34.926,4 | 7,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **41.592,3** | **44.334,8** | **6,6** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. Rekstrarframlög eru áætluð 33.774,8 m.kr. og hækka um 2.220,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Er þetta liður í því að Ísland nái meðaltali OECD-ríkjanna er varðar fjármögnun háskólastigsins fyrir árið 2020 og Norðurlanda árið 2025. Þar munar mest um að:

- Fjárveitingar til kennslu í háskólum hækka um 1.468,8 m.kr.
- Fjárveitingar til rannsóknastarfsemi í háskólum hækka um 274,5 m.kr.
- Fjárveitingar upp á 269 m.kr. eru veittar til að styrkja rekstrargrunn háskóla og rannsóknastofnana.
- Fjárveiting upp á 390 m.kr. er veitt til að styrkja Aldarafmælissjóð Háskóla Íslands.
- Millifærsla fjárheimilda frá innanríkisráðuneyti vegna háskólanáms í lögreglufræðum er 43,7 m.kr.
- Framlag í varasjóði málaflokka er 86 m.kr.

- Niður falla 1.346 m.kr. framlög vegna tímabundinna verkefna.

b. Rekstrartilfærslur lækka um 97,8 m.kr. og verða 8.760 m.kr. en eru 8.857,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar vega þyngst 210 m.kr. tímabundin framlög sem falla niður.

c. Fjárfestingarframlög eru áætluð 1.800 m.kr. og er það 620 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til byggingar Húss íslenskra fræða.

**21.1 Háskólar**

**Markmið og aðgerðir**

Áhersla er lögð á að gæði í starfsemi háskóla standist alþjóðlegar kröfur og að starfsemin stuðli m.a. að framsæknu samfélagi og samkeppnishæfu atvinnulífi. Fyrirhugað er að endurskoða reglur um fjárveitingar til háskóla. Gera má ráð fyrir að þessi endurskoðun leiði til breytinga á skiptingu fjármagns á stofnanir og verkefni árin 2019, 2020 og árin þar á eftir. Er áætlun um þróun fjárframlaga sem kynnt er í fylgiriti fyrir árin 2019 og 2020 sett fram með fyrirvara um þetta.

Meginverkefni málaflokksins er rekstur, kennsla, rannsóknir og nám á háskólastigi. Undir málaflokkinn falla lög um háskóla nr. 63/2006 og lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólar eru sjálfstæðar menntastofnanir sem sinna kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar og lista. Þeir stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Þeir eru hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi og styrkja innviði íslensks samfélags og efla samkeppnisstöðu þess.

Háskólar hér á landi eru sjö. Opinberir háskólar eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli. Háskólinn á Hólum og einkareknir háskólar eru Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst. Einnig er vísað til málaflokksins *vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum*.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Auka gæði í starfsemi háskóla, rannsóknarstofnana og þekkingarsetra til hagsbóta fyrir nemendur (sjá einnig markmið 2).
2. Efla samstarf háskóla og tengsl við önnur skólastig, atvinnulíf og samfélag.
3. Bæta nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Endurskoða reglur nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. Starfshópur verður stofnaður til að endurskoða reiknilíkan háskóla með það fyrir augum að styðja betur við gæði í háskólastarfi, sbr. aðgerð 5 í stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2017–2019. Tillögur starfshópsins munu liggja fyrir 2018 og breytingar á reiknilíkani verði innleiddar í þrepum fyrir árin 2019-2022. Fyrirhugað er að endurskoða | MRN |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | reglur um fjárveitingar til háskóla. Gera má ráð fyrir að þessi endurskoðun leiði til breytinga á skiptingu fjármagns á stofnanir og verkefni árin 2019, 2020 og árin þar á eftir. Er áætlun um þróun fjárframlaga sem kynnt er í fylgiriti fyrir árin 2019 og 2020 sett fram með fyrirvara um þetta. | |
| 2 | 1 | Endurskoða lög um háskóla nr. 63/2006 og lög um opinbera háskóla nr. 85/2008, m.a. vegna laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Við endurskoðunina verður horft til viðameiri breytinga er tengjast stjórnskipulagi og stefnumótun háskóla til næstu ára. Áformað er vinnan hefjist á árinu 2018 og að niðurstöður hennar liggi fyrir á árinu 2019. | MRN |
| 3 | 1, 2 | Efla íslenska háskóla með auknum fjárframlögum til rannsókna til að auka vísindastarf og styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni háskólanna. | MRN og háskólar |
| 4 | 1, 2 | Efla rannsóknir í listum og skapandi greinum með auknum fjárframlögum til rannsókna við Listaháskóla Íslands til að stuðla að sókn hans í samkeppnissjóði. | Listaháskóli Íslands |
| 5 | 1, 2 | Gera úttekt á lögreglunámi á háskólastigi, í því skyni að efla starfsnám, sbr. stjórnarsáttmála. Námið var fært á háskólastig 2016 og er markmið úttektarinnar að kanna hvort námið standist faglegar kröfur til háskólanáms í lögreglufræðum. | Gæðaráð íslenskra háskóla |
| 6 | 2 | Vinna þróunarverkefni um fagháskólanám. Háskólar fengu, á árinu 2017 framlag til tilraunaverkefna um fagháskólanám, þ.e. til stuttra námsleiða með atvinnutengd lokamarkmið, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Vinnu við verkefnið lýkur vorið 2019 og munu niðurstöður þess nýtast til að kanna fýsileika fagháskólanáms. Þessari vinnu er ætlað að efla verk- og starfsnám í samræmi við stjórnarsáttmála. | Háskólar í samstarfi við atvinnulíf |
| 7 | 3 | Starfshópur MRN vinnur, í samráði við hagsmunaaðila, að aðgerðaráætlun um nýliðun kennara til framtíðar og er áformað er að hún liggi fyrir um mitt ár 2018. Í framhaldi hefst vinna við breytingar á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008 og reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Er þetta liður í því að bregðast við kennaraskorti í samræmi við stjórnarsáttmála. | MRN |

**Áhrif aðgerða málaflokks á markmið um jafna stöðu karla og kvenna**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur tekið saman upplýsingar um með hvaða hætti aðgerðir málaflokksins styðja við markmið um jafnrétti, sjá nánar í kafla um kynjaða fjárlagagerð. Niðurstaða matsins er sú að aðgerðir númer 2, 3, 4 og 5 hafi möguleg áhrif á jafnrétti en aðgerð númer 1 ekki. Á árinu verður skoðað frekar hvernig hver aðgerð fyrir sig stuðli að jafnrétti og metið hvaða leiðir verði farnar í framhaldinu. Niðurstöður eru nýttar til að þróa skilgreinda verkþætti.

## Fjárheimildir

| 21.10 Háskólar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 26.073,7 | 28.775,8 | 30.878,2 | 7,3 | 18,4 |
| Rekstrartilfærslur | 984,6 | 298,5 | 339,9 | 13,9 | -65,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 3,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 1.451,2 | 1.180,0 | 1.800,0 | 52,5 | 24,0 |
| **Heildarútgjöld** | **28.512,5** | **30.254,3** | **33.018,1** | **9,1** | **15,8** |
| Rekstrartekjur | - | 7.944,5 | 8.113,4 | 2,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 22.309,8 | 24.904,7 | 11,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **30.254,3** | **33.018,1** | **9,1** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 33.018,1 m.kr. og hækkar um 2.052,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum, að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 710,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.468,8 m.kr. með því að hækka verð tiltekinna reikniflokka í reiknilíkani sbr. markmið nr. 1.
b. Framlag til fjárfestinga er aukið um 590 m.kr. vegna byggingar Húss íslenskra fræða. Um er að ræða tímabundið framlag en gert er ráð fyrir að framlög vegna framkvæmdarinnar verði 3,8 ma.kr. á árabilinu 2017-2020.
c. Framlag til rannsóknastarfsemi í háskólum hækkar um 274,5 m.kr. sbr. markmið nr. 1 og 2.
d. Framlag til fjárfestinga og viðhalds er aukið tímabundið um 250 m.kr. Um er að ræða heimild til að ráðstafa framlagi frá Happdrætti Háskóla Íslands. Hækkunin kemur í stað tímabundins 250 m.kr. framlags sem fellur niður.
e. Framlag til að styrkja Aldarafmælissjóð Háskóla Íslands er hækkað um 390 m.kr.
f. Tímabundin framlög til að styrkja innviði og stoðþjónustu fámennra háskóla eru 80 m.kr., sbr. markmið nr. 1 og 2.
g. Fjárveiting að upphæð 43,7 m.kr., verða millifærðar frá innanríkisráðuneyti vegna lögreglunáms á háskólastigi, sbr. markmið nr. 1 og 2.
h. Niður falla 538 m.kr. til ýmissa tímabundinna verkefna. Framlagið er hluti af 1.078 m.kr. tímabundnu framlagi til að styrkja háskólastigið sem kom inn í 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2017, en 540 m.kr. af framlaginu sem ætlað var til að styrkja rekstur háskólastigsins er gert varanlegt. Framlag í varasjóð málaflokksins er 78,5 m.kr.
i. Framlag í varasjóð málaflokksins er 78,5 m.kr.
j. Áætlaðar launa- og verðlagshækkanir eru 710,9 m.kr.

## 21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á samkeppnishæfari vísinda- og fræðastarfsemi og hagnýtingu rannsókna.

Meginverkefni málaflokksins er rannsóknarstarfsemi á háskólastigi. Hún er fjölþætt og er ætlað að efla þekkingar- og nýsköpun á ólíkum fræðasviðum auk þess að varðveita og miðla þekkingu. Mikið samstarf og í sumum tilvikum formleg tengsl eru milli einstakra háskóla, stofnana og þekkingarsetra sem falla undir rannsóknarstarfsemi á háskólastigi. Undir málaflokkinn falla þrjár rannsóknarstofnanir sem vinna í nánum tengslum við Háskóla Íslands; Raunvísindastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Enn fremur tilheyrir Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands málaflokknum en hún skapar aðstöðu til rannsókna og háskólamenntunar á landsbyggðinni og starfar innan vébanda Háskólans. Undir málaflokkinn falla átta rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetur á landsbyggðinni. Einnig er vísað til málaflokksins *háskólar*.

Markmið í málaflokknum er:

1. Efla tengsl þekkingarsetra á landsbyggðinni við háskóla og rannsóknarstofnanir, staðbundið atvinnulíf og samfélag.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Kortleggja starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra og í kjölfarið móta stefnu um starfsemi þeirra, í samráði við setrin, nærsamfélag þeirra og háskóla. Áformað er að vinnan hefjist veturinn 2017–2018 og starfshópur ráðuneytis skili tillögum í byrjun árs 2019. | MRN |

### Fjárheimildir

| 21.20 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.418,0 | 2.778,7 | 2.896,6 | 4,2 | 19,8 |
| Rekstrartilfærslur | 636,1 | 593,4 | 454,2 | -23,5 | -28,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 17,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Fjárfestingarframlög | 10,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **3.081,3** | **3.372,1** | **3.350,8** | **-0,6** | **8,7** |
| Rekstrartekjur | - | 1.262,8 | 1.295,0 | 2,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.109,3 | 2.055,8 | -2,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.372,1** | **3.350,8** | **-0,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.350,8 m.kr. og lækkar um 99,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 77,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárveiting til rannsóknastofnana á háskólastigi eru aukin um 94 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn þeirra, sbr. markmið 1 í málaflokki 21.1.
b. Tímabundið framlag, 55 m.kr., er vegna undirbúnings sýningar í Húsi íslenskra fræða, gæðaúttekta á háskólastiginu, innleiðingar landsaðgangs að hugbúnaði til textaskimunar og fleiri verkefna.
c. Niður falla 268 m.kr. vegna tímabundinna verkefna.
d. Framlag í varasjóð málaflokks er 7,5 m.kr.
e. Áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar eru 77,8 m.kr.

## 21.3 Stuðningur við námsmenn

### Markmið og aðgerðir

Meginverkefni málaflokksins er fjárhagslegur stuðningur við námsmenn. Undir málaflokkinn falla lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 (LÍN) og er megintilgangur þeirra að tryggja tækifæri til náms óháð efnahag.

Meginmarkmið málaflokksins er jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum. Stefnt er að því að skoða kosti þess að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Ráðist verður í endurskoðun námslánakerfisins, í samstarfi við námsmannahreyfingarnar, þar sem lögð verður áhersla á jafnrétti til náms, skilvirkni og námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd í samræmi við stjórnarsáttmála. | MRN |

### Fjárheimildir

| 21.30 Stuðningur við námsmenn | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 8.113,3 | 7.965,9 | 7.965,9 | 0,0 | -1,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **8.113,3** | **7.965,9** | **7.965,9** | **0,0** | **-1,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 7.965,9 | 7.965,9 | 0,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **7.965,9** | **7.965,9** | **0,0** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 7.965,9 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum 2017.

## 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

### Skilgreining málefnasviðs

Stjórnarmálefni á þessu málefnasviði ber undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Málefnasviðið skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Leikskóla- og grunnskólastig.
- Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig.
- Stjórnsýsla mennta- og menningarmála.

Öflugt menntakerfi er forsenda framfara. Skapandi og gagnrýnin hugsun, læsi og þátttaka í lýðræðissamfélagi verður áfram undirstaða íslenska skólakerfisins. Lögð verður rík áhersla á að efla menntun í landinu með hagsmuni samfélagsins alls að leiðarljósi. Unnið verður að því að efla nýsköpun og þróun á öllum skólastigum enda er menntun kjarninn í nýsköpun til framtíðar. Meginmarkmið málefnasviðsins eru eftirfarandi: Nemendur af yngstu skólastigum og úr framhaldsfræðslu verði þátttakendur í samfélaginu og vel undirbúnir undir frekara nám. Umhverfi og stuðningur stuðli að öflugu starfi á sviði mennta og vísinda, lista og menningar, fjölmiðlunar og íþrótta- og æskulýðsmála.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **22.10 Leikskóla- og grunnskólastig** | **270,8** | **284,3** | **269,2** | **-5,3** | **-0,6** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 270,8 | 284,3 | 269,2 | -5,3 | -0,6 |
| **22.20 Framh.fræðsla og menntun ófl. á skólastig** | **1.998,8** | **2.009,5** | **2.015,6** | **0,3** | **0,8** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 1.998,8 | 2.009,5 | 2.015,6 | 0,3 | 0,8 |
| **22.30 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála** | **2.776,2** | **2.956,1** | **3.055,9** | **3,4** | **10,1** |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 2.776,2 | 2.956,1 | 3.055,9 | 3,4 | 10,1 |
| **Samtals** | **5.045,8** | **5.249,9** | **5.340,7** | **1,7** | **5,8** |

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 5.340,7 m.kr. og lækka um 38,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til -0,7%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 90,8 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,7%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 nema 29,4 m.kr. til hækkunar. Um er að ræða millifærslu framlaga vegna flutnings verkefna er varða þjóðmenningu frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis.
b. Ekki er gert ráð fyrir að tímabundin framlög falli niður.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 70,3 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Aðhaldskrafan til málefnasviðsins, sem reiknað var með í forsendum rammans, var hins vegar 100 m.kr. en ráðuneytið ákvað að nýta 30 m.kr. af 32 m.kr. útgjaldasvigrúmi í ramman-um á móti aðhaldskröfunni, fremur en að stofna til nýrra útgjalda.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 2 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 129,7 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 5.340,7 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

## Útgjaldarammi – hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun annarra skólastiga og stjórnsýslu mennta- og menninga breytast milli ára sem hér segir:

| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menn.mála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.230,1 | 3.504,8 | 3.584,7 | 2,3 | 11,0 |
| Rekstrartilfærslur | 1.815,7 | 1.745,1 | 1.756,0 | 0,6 | -3,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **5.045,8** | **5.249,9** | **5.340,7** | **1,7** | **5,8** |
| Rekstrartekjur | - | 745,5 | 731,4 | -1,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.504,4 | 4.609,3 | 2,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **5.249,9** | **5.340,7** | **1,7** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 3.584,7 m.kr og hækka um 79,9 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Á meðal breytinga er 29,4 m.kr. hækkun á framlagi til aðalskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna breytts skipulags Stjórnarráðsins á þann hátt að mál er varða þjóðmenningu flytjast frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 10,9 m.kr. og verða 1.756,0 m.kr. en eru 1.745,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2017.

## 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig

### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á að nemendur verði virkir þátttakendur í samfélaginu og hafi öðlast hæfni til að stunda nám á næsta skólastigi.

Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri, kostnaði, stefnu, skipulagi, eftirliti, innra og ytra mati og miðlun upplýsinga um leikskóla og grunnskóla. Ráðuneytið fer með yfirstjórn á leikskóla- og grunnskólastigi eins og lög kveða nánar á um. Það setur aðalnámskrár, fer með ytra mat og eftirlit, annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólastarf og lagaframkvæmd á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum og eigin könnunum. Það hefur

úrskurðarvald í tilteknum tegundum ágreiningsmála í grunnskólum. Ríkið leggur grunnskólum til námsgögn en samkvæmt tímabundnu samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, frá apríl 2016, bera sveitarfélögin ábyrgð á að fjármagna og reka námsgagnasjóð. Ríkið styður þróunarstarf gegnum þróunarsjóð námsgagna og sprotasjóð og er með samning við samtök höfundarréttarfélaga sem heimilar skólum að ljósrita höfundarréttarvarið efni.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri.
2. Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum.
3. Efla gerð og útgáfu námsgagna fyrir nemendur á skólaskyldualdri.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerðir 2018 | Framkvæmdar-aðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Breyta inntaki samræmdra könnunarprófa til samræmis við áherslur aðalnámskrár. | Menntamála-stofnun |
| 2 | 1 | Útbúa samræmdan leiðarvísi fyrir móðurmálskennslu á leikskóla- og grunnskólastigi í samræmi við framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. | MRN |
| 3 | 2 | Vinna samkvæmt aðgerðaáætlun um eftirfylgni úttektar á menntun án aðgreiningar í samvinnu við stýrihóp, með fulltrúum þriggja ráðuneyta og öllum helstu hagsmunaaðilum skólasamfélagsins, að þeim aðgerðum sem áætlaðar eru á árinu 2018. Á árinu 2018 verður m.a. lögð áhersla á að kortleggja verkefni á leik- og grunnskólastigi og fjármögnun þeirra. | MRN |
| 4 | 2 | Gera úttekt á gæðum og umfangi þjónustu náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Áætlað er að niðurstöður liggi fyrir haustið 2018 og á grunni þeirra verður ákveðið hver brugðist verður við. | MRN |
| 5 | 2 | Kynna og innleiða viðmið um gæði frístundastarfs fyrir yngri grunnskólanemendur, sem unnin voru á árinu 2017, í samvinnu við sveitarfélög þannig að kynning og innleiðing nái til allra hagsmunaaðila. | MRN |
| 6 | 1 og 3 | Fjölga námsgögnum sem gefin eru út í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 og 2013. Sérstök áhersla verður á eflingu útgáfu námsgagna fyrir nemendur sem nota táknmál, í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. | Menntamála-stofnun |

## Fjárheimildir

| 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 17,1 | 117,2 | 100,8 | -14,0 | 489,5 |
| Rekstrartilfærslur | 253,7 | 167,1 | 168,4 | 0,8 | -33,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **270,8** | **284,3** | **269,2** | **-5,3** | **-0,6** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 284,3 | 269,2 | -5,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **284,3** | **269,2** | **-5,3** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 269,2 m.kr. og lækkar um 21,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 20 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar í útgjaldaramma málefnasviðsins, samanber markmið 1 og 2 í málaflokknum *stjórnsýsla mennta- og menningarmála*.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2,8 m.kr. í samræmi við forsendur fjármálaáætlunar áranna 2018–2022 um reiknaðan raunvöxt.
c. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 3,9 m.kr.

### 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig
### Markmið og aðgerðir

Áhersla er lögð á aukna starfshæfni fullorðinna, hærra menntunarstig þjóðarinnar og samkeppnishæfara atvinnulíf.

Framhaldsfræðsla tengist samstarfi ríkisins og samtaka á vinnumarkaði og samtaka um málefni fatlaðra. Starfsemin er að mestu hjá sjálfseignarstofnunum og félögum. Ráðuneytið ber ábyrgð á almennri stefnumótun í samráði við hagsmunaaðila, almennri stjórnsýslu og gæðaeftirliti, viðurkenningu fræðsluaðila sem er í höndum Menntamálastofnunar og málefnum Fræðslusjóðs sem fjármagnar starfsemi framhaldsfræðslu. Símenntunarmiðstöðvar eru 11 og tekur starfsemi þeirra mið af styrktarsamningum við ráðuneytið. Undir málaflokkinn falla Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Fjölmennt, símenntunarmiðstöð sem þjónar fullorðnum fötluðum á grundvelli samnings við ráðuneytið.

Markmið í málaflokknum er:

1. Auðvelda einstaklingum sem ekki hafa lokið formlegu námi eftir grunnskóla, að afla sér viðurkenndrar menntunar/starfsréttinda.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Endurskoða lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, m.a. í því skyni að setja skýran ramma um starfsemi fræðsluaðila og samstarf við atvinnulífið, sbr. stjórnarsáttmála. Áætlað er að drög að frumvarpi um fullorðinsfræðslu liggi fyrir á árinu 2018. | MRN |

## Fjárheimildir

| 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 513,9 | 558,2 | 537,0 | -3,8 | 4,5 |
| Rekstrartilfærslur | 1.484,9 | 1.451,3 | 1.478,6 | 1,9 | -0,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.998,8** | **2.009,5** | **2.015,6** | **0,3** | **0,8** |
| Rekstrartekjur | - | 108,2 | 100,2 | -7,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.901,3 | 1.915,4 | 0,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **2.009,5** | **2.015,6** | **0,3** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 2.015,6 m.kr. og lækkar um 37,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 43,8 m.kr.

Breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af annars vegar 10,2 m.kr. lækkun vegna áætlaðra breytinga sértekna og hins vegar 27,5 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði á útgjaldaramma.

## 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála

### Markmið og aðgerðir

Stjórnarmálefni ráðuneytisins falla undir 17 málaflokka. Kveðið er á um heimildir og skyldur ráðherra í almennum lögum og 45 sérlögum. Ráðherra fer með yfirstjórn stjórnvalda sem heyra undir almennar stjórnunarheimildir hans og hefur eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum þeirra. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) er m.a. ætlað að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Starfsemi Rannís tengist öllum málefnasviðum ráðuneytisins. Menntamálastofnun er m.a. ætlað að stuðla að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Undir stjórnsýslu mennta- og menningarmála fellur einnig þátttaka í norrænni samvinnu og er samningur í gildi við Norræna félagið á Íslandi.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Efla stefnumótun á grundvelli góðra gagna og samráðs við hagsmunaaðila.
2. Koma á innra eftirliti í ráðuneytinu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Endurskipuleggja greiningarvinnu ráðuneytisins og tryggja aðgengi að áreiðanlegum gögnum. | MRN |
| 2 | 2 | Gerðar verða sex innra eftirlits úttektir og unnið að umbótum í samræmi við niðurstöður. | MRN |
| 3 | 3 | Unnið verður að reglugerð fyrir Menntamálastofnun. | MRN |
| 4 | 3 | Lagarammi um starfsemi Rannís verður endurskoðaður. | MRN |

## Fjárheimildir

| 22.30 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.699,1 | 2.829,4 | 2.946,9 | 4,2 | 9,2 |
| Rekstrartilfærslur | 77,1 | 126,7 | 109,0 | -14,0 | 41,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.776,2** | **2.956,1** | **3.055,9** | **3,4** | **10,1** |
| Rekstrartekjur | - | 637,3 | 631,2 | -1,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.318,8 | 2.424,7 | 4,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **2.956,1** | **3.055,9** | **3,4** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 3.055,9 m.kr. og hækkar um 19,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 79,9 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 56,4 m.kr. til að fylgja breyttu skipulagi Stjórnarráðsins um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta er varða þjóðmenningu sem flytjast frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þá er gert ráð fyrir að efla stefnumótun og að koma á innra eftirliti í ráðuneytinu, sbr. markmið málaflokksins.

b. Fjárheimildin lækkar um 21,6 m.kr. vegna áætlaðra breytinga sértekna sem falla undir málaflokkinn.

c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 28,1 m.kr. í samræmi við forsendur fjármálaáætlunar 2018–2022 um reiknaðan raunvöxt.

d. Til að mæta aðhaldsmarkmiði um 2% lækkun á útgjaldaramma er fjárheimild málaflokksins lækkuð um 38,9 m.kr.

# 23 Sjúkrahúsþjónusta

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta.
- Almenn sjúkrahúsþjónusta.
- Erlend sjúkrahúsþjónusta.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016-2018.

| 23 Sjúkrahúsþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta** | **70.277,3** | **72.860,7** | **80.073,6** | **9,9** | **13,9** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 70.277,3 | 72.860,7 | 80.073,6 | 9,9 | 13,9 |
| **23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta** | **8.270,0** | **8.129,1** | **9.155,5** | **12,6** | **10,7** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 8.270,0 | 8.129,1 | 9.155,5 | 12,6 | 10,7 |
| **23.30 Erlend sjúkrahúsþjónusta** | **2.384,4** | **2.009,3** | **2.324,7** | **15,7** | **-2,5** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 2.384,4 | 2.009,3 | 2.324,7 | 15,7 | -2,5 |
| **Samtals** | **80.931,7** | **82.999,1** | **91.553,8** | **10,3** | **13,1** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 91.554 m.kr. og aukast um 5.899,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 7,1%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 8.554,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 10,3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 5.891 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 30 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 5.861 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 470 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 508,9 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 2.654,8 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 91.553,8 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 23 Sjúkrahúsþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 74.050,1 | 77.499,9 | 83.539,2 | 7,8 | 12,8 |
| Rekstrartilfærslur | 2.716,9 | 2.063,6 | 2.379,0 | 15,3 | -12,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 4.164,7 | 3.435,6 | 5.635,6 | 64,0 | 35,3 |
| **Heildarútgjöld** | **80.931,7** | **82.999,1** | **91.553,8** | **10,3** | **13,1** |
| Rekstrartekjur | - | 5.999,7 | 6.785,7 | 13,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 76.999,4 | 84.768,1 | 10,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **82.999,1** | **91.553,8** | **10,3** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka. Um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 83.539,2 m.kr og hækka um 6.039,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 1.099 m.kr. fjárheimild vegna áætlaðs raunvaxtar í veittri þjónustu, 640 m.kr. hækkun á gjaldaheimild samhliða hækkun á tekjuheimild, 247 m.kr. til reksturs nýs sjúkrahótels. Launa- og verðlagsbætur rekstrarliða nema samtals um 2.770 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 315,4 m.kr. og verða 2.379 m.kr. en eru 2.063,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um rúmlega 413 m.kr. fjárveitingar vegna aukinnar þjónustu sem ekki var innan bundinna útgjalda. Þá lækka launa- og verðlagsbætur fjárheimildina um 127,4 m.kr. vegna styrkingar krónunnar.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru engar á málefnasviðinu.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 5.635,6 m.kr. og er það 2.200 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til uppbyggingar á nýjum spítala við Hringbraut og framlög til tækjakaupa. Á móti fellur niður tímabundin fjárveiting vegna kaupa á línuhraðal sem veitt var á fjárlögum yfirstandandi árs.

## 23.1 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Með sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu er átt við alla sjúkrahúsþjónustu sem ekki telst almenn sjúkrahúsþjónusta. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita sérhæfða sjúkrahúsþjónustu hér á landi. Hlutverk þessara sjúkrahúsa er að veita heilbrigðisþjónustu meðal annars sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda. Í ýmsum tilvikum leita sjúklingar á bráðamóttöku sérhæfðra sjúkrahúsa vegna vanda sem jafn vel eða betur mætti leysa hjá heilsugæslu. Einnig dvelja sjúklingar í ýmsum tilvikum á spítala eftir að meðferð lýkur vegna þess að viðeigandi úrræði skortir eftir útskrift. Stefnt er að því að fækka þessum tilvikum þannig að sjúklingar fái úrlausn mála á réttum stað í heilbrigðisþjónustunni.

Markmið málaflokksins eru:

1. Skilvirkari þjónusta fyrir sjúklinga á sérhæfðum sjúkrahúsum.
2. Sérhæfð sjúkrahús á Íslandi standist samanburð við sambærileg sjúkrahús á öðrum Norðurlöndum.
3. Stytting biðtíma eftir tilteknum aðgerðum og meðferðum.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Ljúka stefnu um sérhæfða sjúkrahúsþjónustu og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu. | VEL |
| 2 | 2 | Hefja byggingu meðferðarkjarna við Hringbraut samkvæmt fyrirliggjandi áætlun og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | Hlutafélag um byggingu nýs Landspítala |
| 3 | 1 | Auka formlega samvinnu milli heilbrigðisstofnana um veitingu þjónustu og rekstrarlega þætti. | VEL og heilbrigðisstofnanir |
| 4 | 2 | Ljúka vali á gæða- og árangursviðmiðum sem eru samanburðarhæf við mælikvarða sérhæfðra sjúkrahúsa á öðrum Norðurlöndum. | Embætti landlæknis |
| 5 | 3 | Fjölga ákveðnum skurðaðgerðum með hliðsjón af ráðleggingum frá Embætti landlæknis. | Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri |
| 6 | 3 | Fjölga starfsfólki á göngudeild Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans í samræmi við stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að hrinda Geðheilbrigðisáætlun til 2020 í framkvæmd og fjármagna hana. | Landspítali |
| 7 | 1 | Vinna að innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu. | VEL og heilbrigðisstofnanir |
| 8 | 1,2 og 3 | Endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. | VEL |

## Fjárheimildir

| 23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 65.850,2 | 69.438,5 | 74.650,4 | 7,5 | 13,4 |
| Rekstrartilfærslur | 332,5 | 54,3 | 54,3 | 0,0 | -83,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 4.094,6 | 3.367,9 | 5.368,9 | 59,4 | 31,1 |
| **Heildarútgjöld** | **70.277,3** | **72.860,7** | **80.073,6** | **9,9** | **13,9** |
| Rekstrartekjur | - | 5.114,8 | 5.881,3 | 15,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 67.745,9 | 74.192,3 | 9,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **72.860,7** | **80.073,6** | **9,9** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 80.074 m.kr. og hækkar um 4.766,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.446,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin nettó um 1.271 m.kr. vegna byggingar nýs Landspítala. Helstu verkefni næsta árs eru fullnaðarhönnun meðferðarkjarna, fullnaðarhönnun rannsóknarhúss og fullnaðarhönnun bílastæða-, tækni- og skrifstofuhúsnæðis. Jafnframt er gert ráð fyrir að hefja byggingu meðferðarkjarna.
b. Gjalda- og tekjuheimild málaflokksins er hækkuð um samtals 640 m.kr. Þar af nemur hún 80 m.kr. hjá Sjúkrahúsi Akureyrar og 560 m.kr. hjá Landspítala. Með hækkuninni er meðal annars verið að mæta aukinni þjónustu við erlenda ferðamenn.
c. Tímabundin fjárveiting að fjárhæð 1.000 m.kr. vegna viðhaldsverkefna á byggingum Landspítala tengdri myglu er framlengd til 2018. Auk þess hækkar fjárheimild spítalans til almennra viðhaldsverkefna um 400 m.kr.
d. Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu er 1% og nemur um 693 m.kr. Hjá Sjúkrahúsi Akureyrar hækkar fjárveiting um 75 m.kr. og hjá Landspítala um 597 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir 330 m.kr. hækkun til að mæta raunvexti í rekstri Landspítala. Um 21 m.kr. kemur á óskipta liði málaflokksins.
e. Gert er ráð fyrir samtals 388 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Þar af eru um 41 m.kr. hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri og um 332 m.kr. hjá Landspítala.
f. Gert er ráð fyrir um 247 m.kr. vegna reksturs sjúkrahótels á lóð Landspítala við Hringbraut sem hefur verið í byggingu síðastliðin tvö ár og verður það tekið í notkun í kringum næstu áramót.
g. Til reksturs jáeindaskanna á Landspítala er fyrirhugað að veita 340 m.kr. en tækið verður tekið í notkun síðar á þessu ári.

h. Gert er ráð fyrir 330 m.kr. hækkun framlags til reksturs útskriftardeildar á Landakoti.
i. Framlag til tækjakaupa hækkar um 392 m.kr. Auk þess er veitt tímabundin 225 m.kr. fjárveiting til Landspítala til að kaupa tæki fyrir Brjóstamiðstöð sem starfsrækt er á sjúkrahúsinu. Framlög til málaflokksins hækka um 200 m.kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu.
j. Framlög til málaflokksins hækka um 300 m.kr. til að efla mönnun í sjúkrahúsaþjónustu.
k. Framlög til málaflokksins hækka um 20 m.kr. til að auka þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis.
l. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. hækkun til málaflokksins til að undirbúa eflingu göngudeildar á Landspítala.
m. Millifærðar eru 119 m.kr. af málaflokknum *lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* til reksturs Brjóstamiðstöðvar hjá Landspítala.
n. Framlag til málaflokksins hækkar um 60 m.kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu á BUGL í samræmi við geðheilbrigðisstefnu.
o. Tímabundið 500 m.kr. framlag til kaupa á línuhraðli fellur niður.
p. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar um 2.447 m.kr.

### 23.2 Almenn sjúkrahúsþjónusta

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Með almennri sjúkrahúsþjónustu er átt við almennar lyflækningar, hjúkrun, slysamóttöku, endurhæfingu og nauðsynlega stoðdeildarþjónustu. Almenn sjúkrahúsþjónusta er veitt á heilbrigðisstofnunum í heilbrigðisumdæmum, á Landspítala og á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Helstu stofnanir eru Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands. Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Markmið málaflokksins er:

1. Aukinn aðgangur sjúklinga að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu sem hægt er að veita á sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Ljúka stefnu um sjúkrahúsþjónustu á sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu. | VEL |
| 2 | 1 | Meta þörf fyrir mismunandi sérfræðiþjónustu á heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins | VEL |
| 3 | 1 | Fjölga ákveðnum skurðaðgerðum með hliðsjón af ráðleggingum frá Embætti landlæknis. | Heilbrigðisstofnanir |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4 | 1 | Auka formlega samvinnu milli heilbrigðisstofnana um veitingu þjónustu og rekstrarlega þætti. | VEL og heilbrigðis-stofnanir |
| 5 | 1 | Vinna að innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu. | VEL og heilbrigðis-stofnanir |
| 6 | 1 | Endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. | VEL |

## Fjárheimildir

| 23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 8.199,9 | 8.061,4 | 8.888,8 | 10,3 | 8,4 |
| Rekstrartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 70,1 | 67,7 | 266,7 | 293,9 | 280,5 |
| **Heildarútgjöld** | **8.270,0** | **8.129,1** | **9.155,5** | **12,6** | **10,7** |
| Rekstrartekjur | - | 884,9 | 904,4 | 2,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 7.244,2 | 8.251,1 | 13,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **8.129,1** | **9.155,5** | **12,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 9.155,5 m.kr. og hækkar um 703,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 322,5 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður raunvöxtur í málaflokknum nemur 1% eða samtals 76 m.kr.
b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 340 m.kr. vegna breytinga á tegundasundurliðun hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Fjárveitingin er millifærð af málaflokknum *hjúkrunar- og dvalarrými*.
c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 130 m.kr. vegna breytinga á tegundasundurliðun hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Fjárveitingin er millifærð af málaflokknum *hjúkrunar- og dvalarrými*.
d. Aukið framlag til tækjakaupa heilbrigðisstofnana á landsbyggð nemur 200 m.kr.
e. Gert er ráð fyrir samtals 42 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í aðhald í útgjöldum ríkissjóðs.
f. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar um 323 m.kr.

## 23.3 Erlend sjúkrahúsþjónusta

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Til erlendrar sjúkrahúsþjónustu telst brýn meðferð sem veitt er erlendis og sjúkrakostnaður sem til fellur vegna veikinda og slysa á erlendri grundu. Sjúkratryggingar Íslands annast umsýslu og afgreiðslu þessara mála.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir fyrir hann.

## Fjárheimildir

| 23.30 Erlend sjúkrahúsþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 2.384,4 | 2.009,3 | 2.324,7 | 15,7 | -2,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.384,4** | **2.009,3** | **2.324,7** | **15,7** | **-2,5** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.009,3 | 2.324,7 | 15,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **2.009,3** | **2.324,7** | **15,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 2.324,7 m.kr. og hækkar um 429,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 114,4 m.kr. til lækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum mála flokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður 1% kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 20,1 m.kr.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 449,9 m.kr. til að mæta áætluðum raunvexti umfram bundin útgjöld.
c. Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins lækki um 40,2 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda. Aðhaldskrafan nemur 2% af fjárheimild ársins 2017.
d. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 114 m.kr. til lækkunar sem kemur til vegna styrkingar krónunnar gagnvart helstu viðskiptagjaldmiðlum.

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Heilsugæsla.
- Sérfræðiþjónusta og hjúkrun.
- Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.
- Sjúkraflutningar.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016-2018.

| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **24.10 Heilsugæsla** | **19.898,2** | **21.920,0** | **23.800,0** | **8,6** | **19,6** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 19.898,2 | 21.920,0 | 23.800,0 | 8,6 | 19,6 |
| **24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun** | **14.040,5** | **14.633,3** | **16.367,9** | **11,9** | **16,6** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 14.040,5 | 14.633,3 | 16.367,9 | 11,9 | 16,6 |
| **24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun** | **3.331,9** | **3.153,1** | **5.279,4** | **67,4** | **58,5** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 3.331,9 | 3.153,1 | 5.279,4 | 67,4 | 58,5 |
| **24.40 Sjúkraflutningar** | **2.188,3** | **2.330,3** | **2.454,0** | **5,3** | **12,1** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 2.188,3 | 2.330,3 | 2.454,0 | 5,3 | 12,1 |
| **Samtals** | **39.458,9** | **42.036,7** | **47.901,3** | **14,0** | **21,4** |

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 47.901 m.kr. og aukast um 4.396 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 10,5%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.865 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 14%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 4.178,2 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 50 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 4.128,2 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 513 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 780 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 1.469 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 47.901 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af áætluðum breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

## Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 21.823,6 | 23.958,8 | 25.806,1 | 7,7 | 18,2 |
| Rekstrartilfærslur | 17.635,3 | 18.046,0 | 22.063,9 | 22,3 | 25,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 31,9 | 31,3 | -1,9 | - |
| **Heildarútgjöld** | **39.458,9** | **42.036,7** | **47.901,3** | **14,0** | **21,4** |
| Rekstrartekjur | - | 1.393,5 | 1.492,4 | 7,1 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 40.643,2 | 46.408,9 | 14,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **42.036,7** | **47.901,3** | **14,0** | - |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. Rekstrarframlög eru áætluð 25.806 m.kr og hækka um 1.847,3 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um launa- og verðlagsbætur auk 860 m.kr. hækkun framlags til málaflokks heilsugæslu, til að styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðisþjónustunni. Jafnframt hækka rekstrarframlög um 60 m.kr. til verkefna sem samþykkt voru í þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.
b. Rekstrartilfærslur hækka um 4.018 m.kr. og verða 22.064 m.kr. en eru 18.046 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um kerfislægan vöxt í tilfærsluliðum og framlög til að mæta veikleikum í sjúkratryggingum.
c. Fjárfestingarframlög eru áætluð 31,3 m.kr. og er það 0,6 m.kr. lækkun milli ára í samræmi við aðhaldsmarkmið.

## 24.1 Heilsugæsla

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Almennt er miðað við að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga innan heilbrigðisþjónustunnar. Undir starfsemi heilsugæslunnar falla almennar lækningar, hjúkrun, þar með talin heimahjúkrun, heilsuvernd og

forvarnir, bráða- og slysamóttaka og önnur heilbrigðisþjónusta sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

Heilsugæsluþjónusta er veitt á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslusviði heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma og hjá einkaaðilum sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Markmið málaflokksins eru:

1. Skilvirkari þjónusta fyrir sjúklinga sem leita til heilsugæslu.
2. Betri aðgangur sjúklinga að fjölbreyttri geðheilbrigðisþjónustu óháð efnahag og búsetu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 og 2 | Ljúka stefnu um heilsugæslu og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu. | VEL |
| 2 | 1 | Styrkja og þróa áfram nýtt fjármögnunarlíkan. | VEL |
| 3 | 1 | Auka hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í þróun heilsugæsluþjónustu á landsvísu. | VEL |
| 4 | 1 | Fjölga faghópum sem starfa á heilsugæslunni og auka teymisvinnu í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðisþjónustunni. | Heilsugæslustöðvar |
| 5 | 2 | Fjölga sálfræðingum, geðheilsuteymum og meðferðarúrræðum við geðvanda í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að hrinda geðheilbrigðisáætlun í framkvæmd og fjármagna hana. | VEL |
| 6 | 1 og 2 | Vinna að innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu. | VEL og heilbrigðisstofnanir |
| 7 | 1 | Endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. | VEL |

## Fjárheimildir

| 24.10 Heilsugæsla | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 19.876,0 | 21.875,4 | 23.756,0 | 8,6 | 19,5 |
| Rekstrartilfærslur | 22,2 | 12,7 | 12,7 | 0,0 | -42,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 31,9 | 31,3 | -1,9 | - |
| **Heildarútgjöld** | **19.898,2** | **21.920,0** | **23.800,0** | **8,6** | **19,6** |
| Rekstrartekjur | - | 1.183,1 | 1.268,3 | 7,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 20.736,9 | 22.531,7 | 8,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **21.920,0** | **23.800,0** | **8,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 23.800 m.kr. og hækkar um 1.048 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 832,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður raunvöxtur málaflokksins er 218 m.kr.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 700 m.kr. til að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðisþjónustunni.
c. Gert er ráð fyrir að veitt verði 60 m.kr. framlag til málaflokksins til verkefna sem samþykkt voru í þingsályktun um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.
d. Framlög til málaflokksins hækka um 60 m.kr. til að mæta auknu álagi í þjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
e. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnun Austurlands hækki um samtals 85,2 m.kr. gegn samsvarandi hækkun í sértekjum.
f. Millifærðar verða 36,9 m.kr. milli málefnasviða til tiltekinna verkefna. Þjónusta við börn með ADHD röskun tilheyrir heilsugæslunni. Millifærð er 49,5 m.kr. af málaflokk 25.20 Endurhæfingarþjónusta. Millifærðar eru samtals 12,6 m.kr. til verkefna hreyfiseðla frá málaflokki 24.10 til Reykjalundar, sem tilheyrir málaflokknum *endurhæfingarþjónusta* og Landspítala, undir málaflokkinn *sérhæfð sjúkrahúsþjónusta*. Auk þess eru millifærðar fjárheimildir innan málaflokksins til að efla starfsemi heilsugæslunnar, s.s. heimahjúkrun, sálfræðiþjónustu, sjúkraflutninga hjá tilteknum heilbrigðisstofnunum og verkefni innan heilsugæslunnar með hreyfiseðla.
g. Þá lækka rekstrarframlög um 111,1 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.
h. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 832,4 m.kr.

**24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun**
**Markmið og aðgerðir**

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Sérfræðiþjónustu og hjúkrun utan sjúkrahúsa veita sérgreinalæknar, hjúkrunarfræðingar, tannlæknar, sálfræðingar og ljósmæður. Þjónustan er almennt veitt á grundvelli samninga við Sjúkratryggingar Íslands og nær til meðferðar og rannsókna. Starfsemi sjúkrahótels fellur einnig undir þennan málaflokk. Sjúkrahótel er ætlað þeim sjúklingum sem dvelja þurfa fjarri heimili vegna meðferða eða rannsókna. Einnig þeim sem lokið hafa sérhæfðri meðferð en eru enn í virkri meðferð og geta ekki dvalið á heimili sínu eða búa fjarri sérhæfðu sjúkrahúsi.

Markmið í málaflokknum eru:

1. Greiðsluþátttaka sjúklinga í heilbrigðisþjónustu minnkuð í áföngum.
2. Jafn aðgangur sjúklinga um land allt að sérfræðiþjónustu og hjúkrun óháð búsetu og efnahag.

3. Auka hlutfall þeirra sjúklinga sem fá sérhæfða hjúkrun á heimilum sínum í samræmi við mat á þörf.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Ljúka stefnu um sérfræðiþjónustu og hjúkrun og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu. | VEL |
| 2 | 2 | Endurskoða fyrirkomulag og kröfur á veitingu sérfræðiþjónustu utan sjúkrahúsa. | VEL |
| 3 | 2 | Meta þörf á sérfræðiþjónustu í hverju heilbrigðisumdæmi í samvinnu við heilbrigðisstofnanir. | VEL |
| 4 | 2 | Hefja starfsemi sjúkrahótels á lóð Landspítala. | VEL |
| 5 | 2 | Vinna að innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu. | VEL og heilbrigðisstofnanir |
| 6 | 3 | Gera áætlun um eflingu sérhæfðrar heimahjúkrunar í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um aukna áherslu á heimahjúkrun. | VEL |

## Fjárheimildir

| 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 115,1 | 178,2 | 11,6 | -93,5 | -89,9 |
| Rekstrartilfærslur | 13.925,4 | 14.455,1 | 16.356,3 | 13,2 | 17,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **14.040,5** | **14.633,3** | **16.367,9** | **11,9** | **16,6** |
| Rekstrartekjur | - | | | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 14.633,3 | 16.367,9 | 11,9 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **14.633,3** | **16.367,9** | **11,9** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 16.368 m.kr. og hækkar um 1.315,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 418,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður 1% kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 144,6 m.kr.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 1.775,3 m.kr. til að mæta áætluðum raunvexti.
c. Framlög til málaflokksins hækka um 500 m.kr. til að draga úr kostnaði aldraðra og öryrkja við tannlæknaþjónustu.
d. Gert er ráð fyrir að veitt verði 232 m.kr. framlag vegna kerfislægs vaxtar í tannlækningum og lækniskostnaði, sem ekki er tekið tillit til í bundnum útgjöldum.
e. Gert er ráð fyrir 70 m.kr. viðbótarframlagi til málaflokksins til að hefja skimun vegna ristilskrabbameins.

f. Millifærðar eru 950 m.kr. af málaflokknum á málaflokkinn *sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun*. Um er að ræða fjárveitingu til nýs greiðsluþátttökukerfis í heilbrigðisþjónustunni. Auk þess eru millifærðar 250 m.kr. innan málaflokksins, á lækniskostnað til að mæta kostnaði við nýtt greiðsluþátttökukerfi.
g. Gert er ráð fyrir 165 m.kr. millifærslu af málaflokknum yfir á málefnasviðið *sjúkrahúsþjónusta*. Rekstur sjúkrahótels verður á lóð Landspítala.
h. Þá lækka framlög til málaflokksins um 292,8 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.
a. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 418,7 m.kr.

## 24.3 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun utan sjúkrahúsa veita sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar og talmeinafræðingar, almennt á grundvelli samninga við Sjúkratryggingar Íslands. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands heyrir einnig undir þennan málaflokk.

Markmið málaflokksins er:

1. Aukið aðgengi sjúklinga að þverfaglegri endurhæfingu innan og utan stofnana óháð eðli vanda.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Ljúka stefnu um sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu. | VEL |
| 2 | 1 | Auka aðgengi að þverfaglegri endurhæfingu samanber m.a. markmið um fjölgun faghópa í heilsugæslu í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðisþjónustunni. | VEL, og heilsugæslustöðvar. |

### Fjárheimildir

| 24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 428,0 | 389,1 | 408,0 | 4,9 | -4,7 |
| Rekstrartilfærslur | 2.903,9 | 2.764,0 | 4.871,4 | 76,2 | 67,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.331,9** | **3.153,1** | **5.279,4** | **67,4** | **58,5** |
| Rekstrartekjur | - | 210,4 | 224,1 | 6,5 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.942,7 | 5.055,3 | 71,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **3.153,1** | **5.279,4** | **67,4** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 5.279,4 m.kr. og hækkar um 2.005 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 121,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður 1% kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 25,4 m.kr.
b. Reiknaður raunvöxtur á rekstrarliði málaflokksins er 6,2 m.kr.
c. Gert er ráð fyrir 297,4 m.kr. til málaflokksins til að mæta veikleikum í rekstri í þjálfun.
d. Gert er ráð fyrir að veitt verði 780 m.kr. framlag vegna kerfislægs vaxtar sem ekki er tekið tillit til í bundnum útgjöldum.
e. Millifærðar eru 950 m.kr. á málaflokkinn til að mæta kostnaði við nýtt greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustunni.
f. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands hækki um 8,9 m.kr. gegn samsvarandi hækkun í sértekjum.
g. Þá lækka framlög til málaflokksins um 63 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.
h. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 121,3 m.kr.

### 24.4 Sjúkraflutningar

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Til sjúkraflutninga teljast allir flutningar sjúkra og slasaðra utan sjúkrahúsa, á landi og í lofti. Þjónustan er veitt af aðilum sem starfa samkvæmt samningum eða á vegum heilbrigðisstofnana. Undir þennan málaflokk falla einnig ferðir innanlands sem greiddar eru á grundvelli reglugerðar um ferðakostnað.

Markmið málaflokksins er:

1. Sjúklingar eigi greiðan aðgang að sjúkraflutningum óháð búsetu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Ljúka stefnu um sjúkraflutninga og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu. | VEL |
| 2 | 1 | Skipa starfshóp sem vinni þarfagreiningar fyrir hvert heilbrigðisumdæmi og skili tillögum til ráðherra fyrir mitt ár 2018. | VEL |

## Fjárheimildir

| 24.40 Sjúkraflutningar | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.404,5 | 1.516,1 | 1.630,5 | 7,5 | 16,1 |
| Rekstrartilfærslur | 783,8 | 814,2 | 823,5 | 1,1 | 5,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **2.188,3** | **2.330,3** | **2.454,0** | **5,3** | **12,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.330,3 | 2.454,0 | 5,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **2.330,3** | **2.454,0** | **5,3** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 2.454 m.kr. og hækkar um 27 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 96,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður raunvöxtur málaflokksins er 15,2 m.kr.
b. Reiknuð magnaukning í tilfærsluliðum málaflokksins er 7,9 m.kr.
c. Tímabundið 50 m.kr. framlag sem veitt var við aðra umræðu fjárlaga 2017 til samninga um sjúkraflutninga fellur niður.
d. Framlög til málaflokksins hækka um 100 m.kr. til að mæta aukinni eftirspurn í sjúkraflutningum.
e. Þá lækka framlög til málaflokksins um 46,1 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.
f. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 96,7 m.kr.

## 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými
- Endurhæfingarþjónusta

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016-2018.

| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými** | **37.179,9** | **40.471,7** | **41.618,6** | **2,8** | **11,9** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 37.179,9 | 40.471,7 | 41.618,6 | 2,8 | 11,9 |
| **25.20 Endurhæfingarþjónusta** | **4.658,1** | **4.999,8** | **5.218,0** | **4,4** | **12,0** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 4.658,1 | 4.999,8 | 5.218,0 | 4,4 | 12,0 |
| **Samtals** | **41.838,0** | **45.471,5** | **46.836,6** | **3,0** | **11,9** |

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.



**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 46.836,6 m.kr. og lækka um 107,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 0,2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.365,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 428,2 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög, alls 700 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 271,8 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 315,6 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 479,9 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 1.472,6 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 46.836,6 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

## Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 39.556,4 | 42.200,8 | 43.280,2 | 2,6 | 9,4 |
| Rekstrartilfærslur | 710,7 | 571,5 | 1.127,0 | 97,2 | 58,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.175,5 | 1.228,2 | 1.518,4 | 23,6 | 29,2 |
| Fjárfestingarframlög | 395,4 | 1.471,0 | 911,0 | -38,1 | 130,4 |
| **Heildarútgjöld** | **41.838,0** | **45.471,5** | **46.836,6** | **3,0** | **11,9** |
| Rekstrartekjur | - | 2.479,0 | 2.547,8 | 2,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 42.992,5 | 44.288,8 | 3,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **45.471,5** | **46.836,6** | **3,0** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess

og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 43.280,2 m.kr og hækka um 1.079,4 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um framlag til nýrra hjúkrunarrýma og endurmats launa og verðlags til hækkunar og til lækkunar vegur þyngst leiðrétting á tegundarskráningu rekstrartilfærslna og færslu á fjárlagasundurliðun milli sviða innan heilbrigðisstofnana.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 555,5 m.kr. og verða 1.127 m.kr. Þar munar mest um leiðréttingu á tegundaskráningu tilfærslna til rekstrar hjúkrunarheimila.
c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 1.518,4 m.kr. og er það 290,2 m.kr. hækkun milli ára. Þar vega þyngst aukin framlög til Framkvæmdasjóðs aldraðra vegna fjölgunar gjaldenda.
d. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 911 m.kr. og er það 560 m.kr. lækkun milli ára. Þar er um að ræða áætlað framlag í samræmi við fyrirliggjandi áætlun um byggingu nýrra hjúkrunarheimila.

## 25.1 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Undir málaflokkinn falla hjúkrunar- og dvalarheimili og hjúkrunar- og dvalarrými á heilbrigðisstofnunum. Þá falla dagdvöl og Framkvæmdasjóður aldraðra undir málaflokkinn. Hjúkrunarrými eru ætluð einstaklingum, óháð aldri, sem eru of lasburða til sjálfstæðrar búsetu á eigin heimili þrátt fyrir aðstoð. Dvalarrými eru ætluð öldruðu fólki, 67 ára og eldra, sem ekki er fært um að búa á eigin vegum þrátt fyrir heimaþjónustu. Dagdvöl er ætluð fólki 67 ára og eldra. Boðið er upp á almenna dagdvöl, dagdvöl fyrir heilabilaða og dagdvöl með endurhæfingu. Framkvæmdasjóður aldraðra stuðlar að uppbyggingu og eflingu öldrunarþjónustu um land allt.

Helstu stofnanir á vegum ríkisins með hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými eru: Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Sunnuhlíð Kópavogi og Sólvangur Hafnarfirði. Auk þess rekur Landspítalinn hjúkrunardeild á Vífilsstöðum með fjármagni af fjárlagalið hjúkrunarrýma.

Markmið málaflokksins eru:

1. Þjónusta í samræmi við færni og heilsu.
2. Betri aðgangur að hjúkrunarrýmum fyrir þá sem hafa þörf fyrir slíkt úrræði.
3. Betri aðbúnaður í hjúkrunarrýmum.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Ljúka stefnu um hjúkrunar- dvalar- og dagdvalarrými og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL |
| 2 | 1 | Ljúka samningum um rekstur og þjónustu dagdvalarrýma. | Sjúkratryggingar Ísl. |
| 3 | 1 og 2 | Fjölga hjúkrunar- og dagdvalarrýmum í samræmi við fyrirliggjandi áætlun. | VEL |
| 4 | 2 og 3 | Fjölga hjúkrunarrýmum þar sem aðbúnaður er í samræmi við viðmið ráðuneytisins. | Rekstraraðilar hjúkrunarrýma |
| 5 | 1,2 og 3 | Endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. | VEL |

## Áhrif aðgerða málaflokks á markmið um jafna stöðu karla og kvenna

Velferðarráðuneytið vann jafnréttismat á aðgerð númer 3 innan málaflokksins, sjá nánar um jafnréttismat aðgerða í kafla um kynjaða fjárlagagerð. Samandregin niðurstaða matsins er sú að konur eru hlutfallslega fleiri en karlar í hjúkrunarrýmum (u.þ.b. 2/3 hlutar íbúa konur, 1/3 karlar) og starfsmenn eru einnig að stærstum hluta konur. Allar aðgerðir sem miða að því að bæta aðbúnað á hjúkrunarheimilum hafa því meiri áhrif á konur en karla.

Í dag eru ekki samræmd inntökuskilyrði í dagdvalarrými milli þjónustuveitenda né samræmd skráning. Af þeim sökum eru kyngreind gögn ekki aðgengileg fyrir þessa þjónustu. Áform eru um að ljúka rammasamningi og lýsingu á þjónustukröfum fyrir almenn og sérhæfð dagdvalarrými og fjölga þeim svo í áföngum næstu árin í samræmi við þörf. Endurskoða þarf lagaumgjörð og inntökuskilyrði og bæta eftirlit og skráningu þannig að greina megi samsetningu þjónustuþega með tilliti til ýmissa þátta, svo sem kyns og aldurs og meta áhrif þjónustunnar á mismunandi hópa aldraðra.

## Fjárheimildir

| 25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 34.983,7 | 37.277,5 | 38.294,2 | 2,7 | 9,5 |
| Rekstrartilfærslur | 625,3 | 495,0 | 895,0 | 80,8 | 43,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 1.175,5 | 1.228,2 | 1.518,4 | 23,6 | 29,2 |
| Fjárfestingarframlög | 395,4 | 1.471,0 | 911,0 | -38,1 | 130,4 |
| **Heildarútgjöld** | **37.179,9** | **40.471,7** | **41.618,6** | **2,8** | **11,9** |
| Rekstrartekjur | - | 2.479,0 | 2.547,8 | 2,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 37.992,7 | 39.070,8 | 2,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **40.471,7** | **41.618,6** | **2,8** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 41.618,6 m.kr. og lækkar um 155,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlags-

breytingum en þær nema 1.302,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður raunvöxtur málaflokksins er 368,9 m.kr.
b. Gert er ráð fyrir 814,6 m.kr. til reksturs nýrra hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum sem eru í byggingu.
c. Gert er ráð fyrir 39,1 m.kr. í fjölgun dagdvalarrýma í samræmi við markmið í málaflokknum um að veita þjónustu í samræmi við færni og heilsu.
d. Gert er ráð fyrir að veitt verði 70 m.kr. framlag til málaflokksins til reksturs hjúkrunarrýma fyrir einstaklinga með mjög sérhæfðar hjúkrunar- og umönnunarþarfir.
e. Gert er ráð fyrir 170 m.kr. til að styrkja biðdeild aldraðra á Vífilsstöðum og fjölga rýmum sem hluti af aðgerðum vegna fráflæðisvanda LSH.
f. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild hjúkrunarrýma hækki um 64 m.kr. gegn samsvarandi hækkun í sértekjum.
g. Millifærðar verða fjárheimildir frá málaflokknum *hjúkrunar- dvalar- og dagdvalarrými* til málaflokksins *almenn sjúkrahúsaþjónusta.* Um er að ræða tilfærslu á fjárheimildum frá hjúkrunarsviði til sjúkrasviðs innan tveggja heilbrigðisstofnana, 340 m.kr. hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands og 130 m.kr. hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands.
h. Tímabundnar fjárheimildir vegna fráflæðisvanda LSH og vegna fækkunar tvíbýla á hjúkrunarheimilinum, samtals 700 m.kr, eru felldar niður.
i. Gert er ráð fyrir að framlög til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækki um 263,7 m.kr.
j. Í samræmi við byggingaráætlun hjúkrunarheimila er gert ráð fyrir að kostnaður lækki um 560 m.kr.
k. Þá lækka rekstrarframlög um 215,5 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.
l. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 1.302,1 m.kr.

## 25.2 Endurhæfingarþjónusta

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Tilgangurinn með endurhæfingu er að endurhæfa fólk, óháð aldri, sem er með færniskerðingu af völdum veikinda, slysa eða annarra vandamála. Endurhæfingarrými eru rekin á grundvelli þjónustusamninga ríkisins við rekstraraðila og á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu. Einnig er endurhæfing í boði í sérstökum rýmum á hjúkrunarheimilum, bæði í sólarhrings- og dagþjónustu.

Markmið málaflokksins er:

1. Aðgangur að endurhæfingu í samræmi við þörf.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Ljúka stefnu um endurhæfingarþjónustu og hefja innleiðingu hennar samkvæmt heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL |

## Fjárheimildir

| 25.20 Endurhæfingarþjónusta | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.572,7 | 4.923,3 | 4.986,0 | 1,3 | 9,0 |
| Rekstrartilfærslur | 85,4 | 76,5 | 232,0 | 203,3 | 171,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.658,1** | **4.999,8** | **5.218,0** | **4,4** | **12,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.999,8 | 5.218,0 | 4,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **4.999,8** | **5.218,0** | **4,4** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 5.218 m.kr. og hækkar um 47,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 170,5 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður raunvöxtur málaflokksins er 1,9 m.kr.
b. Gert er ráð fyrir 190 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn endurhæfingarstofnana.
c. Millifærðar er 5,4 m.kr. fjárheimildir frá málaflokknum *heilsugæsla* til þessa málaflokks vegna hreyfiseðla og 49,5 m.kr. til málaflokksins *heilsugæsla* frá þessum málaflokki vegna þjónustu við börn með ADHD röskun.
d. Þá lækka rekstrarframlög um 100,1 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.
e. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 170,5 m.kr.

# 26 Lyf og lækningavörur

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Lyf.
- Lækningatæki.
- Hjálpartæki.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016-2018.

| 26 Lyf og lækningavörur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **26.10 Lyf** | **15.613,1** | **13.586,2** | **17.715,2** | **30,4** | **13,5** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 15.613,1 | 13.586,2 | 17.715,2 | 30,4 | 13,5 |
| **26.30 Hjálpartæki** | **4.249,9** | **3.538,8** | **4.793,8** | **35,5** | **12,8** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 4.249,9 | 3.538,8 | 4.793,8 | 35,5 | 12,8 |
| **Samtals** | **19.863,0** | **17.125,0** | **22.509,0** | **31,4** | **13,3** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.



**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 22.509 m.kr. og aukast um 6.034,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 35,2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.384 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 31,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 5.515,4m.kr. til hækkunar. Þar er annars vegar um að ræða áætluð umframútgjöld á yfirstandandi ári og hins vegar áætlaður raunvöxtur í S-merktum lyfjum, almennum lyfjum og í hjálpartækjum.
b. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 342,6 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 861,6 m.kr.
d. Launa- og verðlagsbreytingar ársins 2018, eru áætlaðar 650,4 m.kr. til lækkunar. Þar vega þyngst áhrif af áætluðum breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 26 Lyf og lækningavörur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 7.331,1 | 6.062,8 | 8.992,4 | 48,3 | 22,7 |
| Rekstrartilfærslur | 12.531,9 | 11.062,2 | 13.516,6 | 22,2 | 7,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **19.863,0** | **17.125,0** | **22.509,0** | **31,4** | **13,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 17.125,0 | 22.509,0 | 31,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **17.125,0** | **22.509,0** | **31,4** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 8.992,4 m.kr og hækka um2.929,6 m.kr frá fjárlögum

þessa árs. Þar munar mest um kerfislægan vöxt að upphæð 2.653 m.kr. og kostnað við innleiðingu nýrra lyfja að upphæð 700 m.kr. Á móti kemur verðlagsreikningur og aðhaldskrafa í S-merktum lyfjum, samtals að upphæð 423,4 m.kr. til lækkunar.

b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 2,454,4 m.kr. og verða 13.516,6 m.kr. en eru 11.062,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um endurmat í ljósi útgjalda umfram áætlanir fjárlaga 2017, samtals 1.670,3 m.kr. í lyfjakostnaði og 1.353,7 m.kr. í kostnaði vegna hjálpartækja Á móti koma 569,6m.kr. til lækkunar vegna gengisáhrifa og aðhaldskröfu.

## 26.1 Lyf

**Markmið og aðgerðir**

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Lyfjamál snúa meðal annars að framleiðslu, dreifingu, notkun og sölu lyfja og skyldra vara (blóð, frumur og vefir). Grundvallarmarkmið lyfjalaga eru að tryggja nægilegt framboð lyfja sem og tryggja gæði, öryggi, virkni lyfja og góða þjónustu. Einnig að auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna gegn óhóflegri notkun þeirra og halda kostnaði í lágmarki.

Eftirfarandi aðilar koma með einum eða öðrum hætti að stjórnsýslu og framkvæmd verkefna á sviði lyfjamála: Lyfjastofnun, Lyfjagreiðslunefnd, Embætti landlæknis og Sjúkratryggingar Íslands. Auk þess hefur Landspítali með höndum undirbúning og framkvæmd útboða fyrir opinberar heilbrigðisstofnanir og sóttvarnalækni. Spítalinn hefur einnig með höndum gerð klínískra leiðbeininga, áætlanagerð og eftirfylgni varðandi notkun S-merktra lyfja sem og kennslu og þjálfun heilbrigðisstétta sem að lyfjamálum koma. Auk framantalinna aðila má nefna að Geislavarnir ríkisins hafa eftirlit með geislavirkum efnum, þar með talið geislavirkum lyfjum og Matvælastofnun hefur eftirlit með ávísunum dýralækna á dýralyf og með lyfjanotkun í landbúnaði.

Markmið málaflokksins eru:

1. Betri aðgangur allra landsmanna að nauðsynlegum lyfjum.
2. Dregið úr mis- og ofnotkun geð- og verkjalyfja í þeim flokkum þar sem notkun er tvöfalt meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Bæta ferli innleiðinga nýrra lyfja, styrkja innkaup, útboð og samningsstöðu um verð lyfja meðal annars í samstarfi við Norðurlöndin og önnur Evrópulönd. | VEL |
| 2 | 1 | Vinna að því að tryggja aðgang að lyfjum jafnt á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu. Í samræmi við lyfjastefnu til 2022 verði lögð sérstök áhersla á staði þar sem þjónusta hefur verið takmörkuð. | Lyfjastofnun |
| 3 | 1 og 2 | Koma á fót klínískum lyfjagagnagrunni. | Lyfjastofnun |
| 4 | 2 | Setja starfshóp á laggirnar sem geri tillögur að leiðum til að draga úr of- og misnotkun geð- og verkjalyfja. | VEL |

## Fjárheimildir

| 26.10 Lyf | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 7.250,8 | 6.062,8 | 8.992,4 | 48,3 | 24,0 |
| Rekstrartilfærslur | 8.362,3 | 7.523,4 | 8.722,8 | 15,9 | 4,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **15.613,1** | **13.586,2** | **17.715,2** | **30,4** | **13,5** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 13.586,2 | 17.715,2 | 30,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **13.586,2** | **17.715,2** | **30,4** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 17.715,2 m.kr. og hækkar um 4.751,55 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 622,5 m.kr. til lækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður magnvöxtur til málaflokksins er 257,1 m.kr. og er hann 1% á fjárheimild síðasta árs vegna almennra lyfja og 3% vegna S-merktra lyfja.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 3.379m.kr. til að mæta áætluðum umframútgjöldum á yfirstandandi ári í lyfjakostnaði og hafa að óbreyttu áhrif á næsta ár. Þar af eru 1.351,3 m.kr. vegna almennra lyfja og 2.027,8 m.kr. vegna S-merktra lyfja. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins, samtals 687,1 m.kr., sem verður notað til að mæta mögulegum magnvexti í lyfjakostnaði umfram reiknaðan magnvöxt samkvæmt forsendum fjármálaáætlunar sbr. lið a.
c. Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins hækki um 700 m.kr. vegna kostnaðar við innleiðingu nýrra S-merktra lyfja á árinu 2018.
d. Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins lækki um 271,8 m.kr. í samræmi við lækkun ríkisútgjalda. Aðhaldskrafan nemur 2% af fjárheimild ársins 2017.
e. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 622,5 m.kr. til lækkunar.

## 26.2 Lækningatæki

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Meginverkefni hans snúa að framleiðslu, sölu, markaðssetningu, markaðseftirliti, viðhaldi og notkun lækningatækja og eftirliti heilbrigðisyfirvalda með þeim. Lyfjastofnun annast eftirlit með lækningatækjum.

Markmið málaflokksins er:

1. Koma í veg fyrir að notendur lækningatækja verði fyrir tjóni og tryggja að framleiðsla, viðhald og notkun lækningatækja sé í samræmi við bestu fagþekkingu á hverjum tíma.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Efla skráningu og eftirlit með sölu, framleiðslu og notkun lækningatækja. | Lyfjastofnun |

## 26.3 Hjálpartæki

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Meginverkefni hans er að sjá fólki með skerta færni fyrir hjálpartækjum til að auðvelda því athafnir daglegs lífs og að takast á við umhverfi sitt. Einnig að auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu og auðvelda umönnun. Sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á styrk til að útvega sér nauðsynleg hjálpartæki. Úthlutun hjálpartækja er að mestu leyti á hendi Hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands.

Markmið málaflokksins er:

1. Betri aðgangur að hjálpartækjum.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| **1** | **1** | Móta stefnu um aðgang að hjálpartækjum sem verði hluti af heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu. | Sjúkratryggingar Íslands |

### Fjárheimildir

| 26.30 Hjálpartæki | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 80,3 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 4.169,6 | 3.538,8 | 4.793,8 | 35,5 | 15,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.249,9** | **3.538,8** | **4.793,8** | **35,5** | **12,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 3.538,8 | 4.793,8 | 35,5 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **3.538,8** | **4.793,8** | **35,5** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.793,8 m.kr. og hækkar um 1.282,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 27,9 m.kr. til lækkunar. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður 1% kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 35,4 m.kr.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 1.143,8 m.kr. til að mæta áætluðum umframútgjöldum vegna hjálpartækja á yfirstandandi ári og hafa að óbreyttu áhrif á næsta ár.

c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 174,5 m.kr.
d. Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins lækki um 70,8 m.kr. í samræmi við lækkun ríkisútgjalda. Aðhaldskrafan nemur 2% af fjárheimild ársins 2017.
e. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 27,9 m.kr. til lækkunar.

# 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka, en þeir eru:

- Bætur skv. lögum um almannatryggingar – örorkulífeyrir.
- Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð – örorka.
- Málefni fatlaðs fólks.
- Aðrar örorkugreiðslur.
- Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

Málaflokkurinn jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra en aðrir málaflokkar eru á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016–2018.

| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **27.10 Bætur skv. lögum um almannatr., örorkulíf.** | **34.428,4** | **36.412,9** | **41.027,9** | **12,7** | **19,2** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 34.428,4 | 36.412,9 | 41.027,9 | 12,7 | 19,2 |
| **27.20 Bætur skv. lögum um félagsl. aðst., örorka** | **12.309,3** | **13.451,1** | **15.430,8** | **14,7** | **25,4** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 12.309,3 | 13.451,1 | 15.430,8 | 14,7 | 25,4 |
| **27.30 Málefni fatlaðs fólks** | **310,5** | **360,5** | **493,2** | **36,8** | **58,8** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 310,5 | 360,5 | 493,2 | 36,8 | 58,8 |
| **27.40 Aðrar örorkugr. (Önnur velf.mál, lífeyristr.)** | **-181,1** | **78,0** | **161,6** | **107,2** | **-189,2** |
| 08 Velferðarráðuneyti | -181,1 | 78,0 | 161,6 | 107,2 | -189,2 |
| **27.50 Jöfnun á örorkubyrði alm. lífeyrissjóða** | **3.614,2** | **4.160,0** | **4.527,0** | **8,8** | **25,3** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 3.614,2 | 4.160,0 | 4.527,0 | 8,8 | 25,3 |
| **Samtals** | **50.481,3** | **54.462,5** | **61.640,5** | **13,2** | **22,1** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 61.641 m.kr. og aukast um 4.695 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 8,6%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 7.178 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 13,2%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 4.494 m.kr. til hækkunar. Þar vega þyngst annars vegar áætluð umframútgjöld á yfirstandandi ári sem skýrast einkum af fjölgun örorkulífeyrisþega umfram forsendur fjárlaga og hins vegar útgjöld vegna áætlunar um fjölgun örorkulífeyrisþega milli ára.
b. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 201 m.kr.
c. Verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 2.483,2 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 61.640,5 m.kr. Þar vega áætlaðar hækkanir á bótum almannatrygginga þyngst en þær nema 4,7% frá og með 1. janúar 2018.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins *örorku og málefna fatlaðs fólks* breytist milli ára sem hér segir:

| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | -186,2 | 360,5 | 177,2 | -50,8 | -195,2 |
| Rekstrartilfærslur | 50.667,5 | 54.102,0 | 61.463,3 | 13,6 | 21,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **50.481,3** | **54.462,5** | **61.640,5** | **13,2** | **22,1** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 54.462,5 | 61.640,5 | 13,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **54.462,5** | **61.640,5** | **13,2** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 177,2 m.kr og lækka um 183,3 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um leiðréttingu tegundaskiptingu fjárheimilda til samræmis við bókhald að fjárhæð 316 m.kr. til lækkunar.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 7.361,3 m.kr. og verða 61.463,3 m.kr. en eru 54.102 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um launa-, gengis- og verðlagsreikning á bótaflokka almannatrygginga að fjárhæð 2.483,2 m.kr. og hækkun vegna leiðréttingu á tegundaskiptingu að upphæð 316 m.kr. Einnig er gert er ráð fyrir 1.585 m.kr. hækkun í útgjaldaskuldbindingum tilfærslukerfa ráðuneytisins sem leiðir af endurmati vegna lýðfræðilegrar þróunar og breytingum á fjölda örorkulífeyrisþega umfram áætlanir.

**27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir**
**Markmið og aðgerðir**

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Örorkulífeyrir er greiddur til þeirra sem metnir hafa verið til 75% örorku að lágmarki þegar aðrar tekjur þeirra eru undir tilteknu viðmiði og að uppfylltum skilyrðum um búsetu hér á landi. Þeir sem hafa verið metnir að lágmarki til 50% örorku en þó aldrei meira en 74% örorku geta fengið örorkustyrk samkvæmt ákvæðum laganna. Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna sem falla undir málaflokkinn.

Markmið málaflokksins eru:

1. Einföldun örorkulífeyriskerfis almannatrygginga með fækkun bótaflokka og sameiningu frítekjumarka.
2. Starfsgetumat komi í stað læknisfræðilegs örorkumats þegar það getur átt við þannig að meiri áhersla verði lögð á getu fólks til starfa.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Undirbúa breytingar á lögum um almannatryggingar, þannig að einfaldara verði að reikna út fjárhæð lífeyrisins að teknu tillit til annarra tekna. | VEL |
| 2 | 1 | Stöðva víxlverkanir í samspili örorkubóta almanna-trygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða. | FJR |
| 3 | 2 | Undirbúa breytingar á lögum um almannatryggingar, þannig að tekið verði upp starfsgetumat í þeim tilvikum sem það getur átt við í stað læknisfræðilegs örorkumats. | VEL |
| 4 | 2 | Greina mögulegar aðgerðir til að draga úr nýgengi örorku. | VEL |

**Áhrif aðgerða málaflokks á markmið um jafna stöðu karla og kvenna**

Velferðarráðuneytið vann jafnréttismat á aðgerð númer 3 innan málaflokksins, sjá nánar um jafnréttismat aðgerða í kafla um kynjaða fjárlagagerð. Samandregin niðurstaða matsins er sú að öryrkjum af báðum kynjum hefur fjölgað undanfarin ár en frá 1. maí 2015 til 1. maí 2017 hefur körlum með 75% örorkumat fjölgað um rúmlega 7% og konum um rúmlega 8%. Um 49% fleiri konur en karlar eru með 75% örorkumat. Unnið er að greiningu á orsökum þess að öryrkjum er að fjölga svo mikið og verður þar horft sérstaklega til mismunandi áhrifaþátta hjá körlum og konum í ljósi þess að mun fleiri konur eru metnar með örorku. Með því að leggja áherslu á kynbundnar orsakir örorku, ef greining leiðir þær í ljós, er hægt að bregðast við í samræmi við það.

Ríkisstjórnin mun efna til samráðs við forsvarsmenn örorkulífeyrisþega um breytingar á bótakerfinu með það að markmiði að skapa sátt um að einfalda kerfið, tryggja framfærslu örorkulífeyrisþega og efla þá til samfélagsþátttöku. Í því samráði munu stjórnvöld fyrst og fremst ræða við Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp og stefna að því að ljúka þeirri vinnu sem fyrst. Fyrsta skref af hálfu stjórnvalda verður að skipuleggja framboð hlutastarfa hjá hinu opinbera fyrir fólk með skerta starfsgetu en á síðari stigum er mikilvægt að atvinnulífið taki virkan þátt í því verkefni. Í því sambandi verður sérstaklega horft til atvinnumöguleika kynjanna og hvernig starfskraftar jafnt karla sem kvenna nýtist sem allra best þannig að styðja megi fólk til virkrar þátttöku í samfélaginu og þannig draga úr fjölda þeirra sem þiggja þurfa örorkubætur sér til framfærslu.

## Fjárheimildir

| 27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 34.428,4 | 36.412,9 | 41.027,9 | 12,7 | 19,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **34.428,4** | **36.412,9** | **41.027,9** | **12,7** | **19,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 36.412,9 | 41.027,9 | 12,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **36.412,9** | **41.027,9** | **12,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 41.027,9 m.kr. og hækkar um 2.783,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.831,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins hækki um 546,2 m.kr. vegna áætlunar um fjölgun örorkulífeyrisþega um 1,5% milli.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 2.241 m.kr. til að mæta áætluðum raunvexti sem skýrist annars vegar af umframútgjöldum yfirstandandi árs og hins vegar af ráðstöfun á útgjaldasvigrúmi til að mæta mögulegri fjölgun öryrkja umfram lýðfræðilega þróun á komandi ári.
c. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 1.831,8 m.kr.

## 27.2 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

## Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra og felur að mestu leyti í sér greiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Undir málaflokkinn falla bótaflokkarnir endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót, uppbót til framfærslu, uppbætur vegna kostnaðar og bifreiðakostnaður. Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna sem falla undir málaflokkinn.

Markmið málaflokksins er:

1. Aukið vægi starfsendurhæfingar og endurhæfingarlífeyris í því skyni að draga úr nýgengi örorku og þannig fjölga þeim sem hefja störf eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Undirbúa breytingu á lögum um félagslega aðstoð þar sem meðal annars verði kveðið á um endurhæfingarbætur, tengingu við virka starfsendurhæfingu og einföldun bótakerfis. | VEL |
| 2 | 1 | Undirbúa lengingu greiðslutímabils endurhæfingarlífeyris. | VEL |
| 3 | 1 | Halda áfram vinnu faghóps að um starfsgetumat og samspil þess við örorkulífeyri. | VEL |

## Fjárheimildir

| 27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 12.309,3 | 13.451,1 | 15.430,8 | 14,7 | 25,4 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **12.309,3** | **13.451,1** | **15.430,8** | **14,7** | **25,4** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 13.451,1 | 15.430,8 | 14,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **13.451,1** | **15.430,8** | **14,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 15.430,8 m.kr. og hækkar um 1.338,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 641,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins hækki um 123,3 m.kr. vegna áætlunar um fjölgun bótaþega um 1-3% milli ára, mismunandi eftir bótaflokkum, sem tekur mið af lýðfræðilegri þróun.
b. Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins aukist um 270 m.kr. í kjölfar breytinga á lögum um félagslega aðstoð og varða breytingar á almannatryggingakerfinu. Þar er gert ráð fyrir sérstakri hækkun framfærsluviðmiðs þannig að framfærsluviðmið þeirra örorkulífeyrisþega sem búa einir verði 300 þús.kr. á mánuði frá og með 1. janúar 2018.
c. Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins aukist um 870 m.kr. til að mæta áætluðum raunvexti umfram bundin útgjöld en öryrkjum hefur fjölgað umfram áætlanir undanfarin ár.
d. Gert er ráð fyrir að verja 75,0 m.kr. vegna aðgerða til að draga úr nýgengi örorku. Um er að ræða lengingu á tímabili sem greiða má endurhæfingarlífeyri og koma þessir fjármunir af almennu útgjaldasvigrúmi.
e. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 641,4 m.kr.

## 27.3 Málefni fatlaðs fólks

### Markmið og aðgerðir

Málefnasviðið er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Það fjallar um málefni fatlaðs fólks sem falla undir velferðarráðuneytið en meginþungi þjónustunnar er á hendi sveitarfélaganna. Á hendi velferðarráðuneytisins eru breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um málefni fatlaðs fólks með miklar stuðningsþarfir og frumvarp til laga um breytingar á lögum á félagsþjónustu sveitarfélaga.

Markmið málaflokksins eru:

1. Heildræn þjónusta við fatlað fólk, bæði fyrir börn og fullorðna, stuðli að sjálfstæði, valdeflingu og þátttöku til jafns við aðra.
2. Stuðlað verði að sjálfstæðu lífi fatlaðs fólks og þátttöku á vinnumarkaði.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Rannsaka hvernig almennur vinnumarkaður og opinberar stofnanir mæta ólíkum þörfum fatlaðs starfsfólks og hvaða hindranir standa í vegi fyrir atvinnuþátttöku (B1 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021). | VEL |
| 2 | 2 | Málstjóri samhæfi aðstoð ólíkra þjónustukerfa í samráði við hinn fatlaða með valdeflandi hætti á grundvelli einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar (F1 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021). | VEL, sveitarfélög, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins |
| 3 | 2 | Lögfesta notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). | VEL, Sveitarfélög, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins |
| 4 | 2 | Notendaráð starfi á öllum þjónustusvæðum. | VEL, sveitarfélög, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins |
| 5 | 2 | Setja á fót landshlutateymi svo að þjónusta við fötluð börn verði veitt í nærumhverfi þeirra. Eitt teymi verði stofnað árið 2018. (G3 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021) | VEL, sveitarfélög, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins |

### Fjárheimildir

| 27.30 Málefni fatlaðs fólks | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 100,7 | 360,5 | 177,2 | -50,8 | 76,0 |
| Rekstrartilfærslur | 209,8 | 0,0 | 316,0 | - | 50,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **310,5** | **360,5** | **493,2** | **36,8** | **58,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 360,5 | 493,2 | 36,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **360,5** | **493,2** | **36,8** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 493,2 m.kr. og hækkar um 130 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að 70 m.kr. verði varið til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA), sbr. markmið 2 og aðgerð 3. Áformað er að auka fjármagn til þjónustunnar í áföngum fram til ársins 2022.
b. Gert er ráð fyrir að 30 m.kr. verði varið að efla starfsemi réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
c. Í samræmi við áform um lögfestingu á frístundaþjónustu við fatlaða nemendur í grunn- og framhaldsskólum eru áætlaðar 30 m.kr. til verkefnisins.
d. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 2,7 m.kr.

**27.4 Aðrar örorkugreiðslur (önnur velferðarmál, lífeyristryggingar)**

Gert er ráð fyrir að undir þennan málaflokk falli „óskiptur liður v/öryrkja“. Um er að ræða kostnað við framkvæmd starfsgetumats sem ætla má að verði hærri en vegna gerðar örorkumata. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

**Fjárheimildir**

| 27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.) | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | -286,9 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 105,8 | 78,0 | 161,6 | 107,2 | 52,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **-181,1** | **78,0** | **161,6** | **107,2** | **-189,2** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 78,0 | 161,6 | 107,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **78,0** | **161,6** | **107,2** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 161,6 m.kr. og hækkar um 76,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 7,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Reiknaður kerfislægur vöxtur til málaflokksins er 2,3 m.kr.
b. Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins hækki um 74 m.kr. vegna áætlaðra umframútgjalda á yfirstandandi ári.
c. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 7,3 m.kr.

## 27.5 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Undir málaflokkinn heyrir jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða og er viðfangsefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Fjárframlagi hefur verið veitt úr ríkissjóði til að jafna mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða frá árinu 2007 í samræmi við lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Frá árinu 2010 hefur framlagið numið 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds og runnið til allra lífeyrissjóða. Markmið og aðgerðir hafa ekki verið skilgreind fyrir málaflokkinn

### Fjárheimildir

| 27.50 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 3.614,2 | 4.160,0 | 4.527,0 | 8,8 | 25,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **3.614,2** | **4.160,0** | **4.527,0** | **8,8** | **25,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 4.160,0 | 4.527,0 | 8,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **4.160,0** | **4.527,0** | **8,8** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 4.527 m.kr. og hækkar um 367 m.kr. frá gildandi fjárlögum, í samræmi við endurskoðaða áætlun um innheimtar tekjur af tryggingagjaldi á árinu 2018.

# 28 Málefni aldraðra

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra.
- Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, öldrun.
- Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016–2018.

| 28 Málefni aldraðra | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **28.1 Bætur skv. lögum um alm.tr., lífeyrir aldr. ...........** | **46.192,5** | **61.983,1** | **69.772,2** | **12,6** | **51,0** |
| 08 Velferðarráðuneyti ................................................ | 46.192,5 | 61.983,1 | 69.772,2 | 12,6 | 51,0 |
| **28.2 Bætur skv. lögum um félagsl. aðstoð öldrun .........** | **4.472,3** | **5.324,7** | **6.451,8** | **21,2** | **44,3** |
| 08 Velferðarráðuneyti ................................................ | 4.472,3 | 5.324,7 | 6.451,8 | 21,2 | 44,3 |
| **28.3 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta. ........** | **21,3** | **25,0** | **25,0** | **0,0** | **17,4** |
| 08 Velferðarráðuneyti ................................................ | 21,3 | 25,0 | 25,0 | 0,0 | 17,4 |
| **Samtals ..........................................................................** | **50.686,1** | **67.332,8** | **76.249,0** | **13,2** | **50,4** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 76.429 m.kr. og aukast um 5.580 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 8,3%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 8.916 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 13,2%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 5.330 m.kr. til hækkunar. Þar vega þyngst annars vegar útgjöld vegna áætlunar um fjölgun ellilífeyrisþega milli ára og hins vegar áætluð umframútgjöld á yfirstandandi ári sem rekja má til vanmats á útgjöldum vegna kerfisbreytinga í almannatryggingakerfinu sem tóku gildi 1. janúar sl.
b. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað við hækkun á frítekjumarki atvinnutekna ellilífeyrisþega.
c. Verðlagshækkanir ársins 2018 eru áætlaðar 3.336,4 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 76.429 m.kr. Þar er um að ræða hækkanir á bótum almannatrygginga en þær nema almennt 4,7% frá og með 1. janúar 2018.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytist milli ára sem hér segir:

| 28 Málefni aldraða | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 505,7 | 25,0 | 3,5 | -86,0 | -99,3 |
| Rekstrartilfærslur | 50.180,4 | 67.307,8 | 76.245,5 | 13,3 | 51,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **50.686,1** | **67.332,8** | **76.249,0** | **13,2** | **50,4** |
| Rekstrartekjur | - | 2,1 | 2,1 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 67.330,7 | 76.246,9 | 13,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **67.332,8** | **76.249,0** | **13,2** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 3,5 m.kr og lækka um 21,5 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Ástæða breytingar er leiðrétting á tegundaskiptingu fjárheimilda til samræmis við bókhald og því ekki um eiginlega lækkun að ræða.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 8.937,7 m.kr. og verða 76.245,5 m.kr. en eru 67.307,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um hækkun á bótum almannatrygginga að upphæð 3.336,4 m.kr. og 1.998,8 m.kr. hækkun á útgjaldaskuldbindingum tilfærslukerfa málefnasviðsins vegna spár um fjölgun ellilífeyrisþega milli ára til samræmis við lýðfræðilega þróun. Þá er einnig gert ráð fyrir 1.500 m.kr. hækkun útgjalda milli ára vegna áætlaðra umframútgjalda á yfirstandandi ári og 1.350 m.kr. vegna frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrisþega

## 28.1 Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

## Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Undir málaflokkinn falla bótaflokkarnir ellilífeyrir og ráðstöfunarfé. Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna sem falla undir málaflokkinn.

Markmið málaflokksins eru:

1. Aukin atvinnuþátttaka aldraðra og möguleiki á sveigjanlegum starfslokum.
2. Hækkun heildartekna ellilífeyrisþega.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 2 | 1 | Innleiða sveigjanleg starfslok sem lögfest voru með lögum nr. 116/2016. | VEL |
| 3 | 2 | Lögfesta frítekjumark vegna atvinnutekna aldraðra í 100 þús. kr. á mánuði frá 1. janúar 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL |

## Fjárheimildir

| 28.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 455,7 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 45.736,8 | 61.983,1 | 69.772,2 | 12,6 | 52,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **46.192,5** | **61.983,1** | **69.772,2** | **12,6** | **51,0** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 61.983,1 | 69.772,2 | 12,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **61.983,1** | **69.772,2** | **12,6** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 69.772,2 m.kr. og hækkar um 4.709,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.079,6 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins aukist um 1.859,5 m.kr. til að mæta áætlaðri fjölgun ellilífeyrisþega á milli ára.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 1.500 m.kr. vegna áætlaðra umframútgjalda á yfirstandandi ári. Um er að ræða áhrif af breytingum á almannatryggingakerfinu sem tóku gildi 1. janúar 2017 en þær fólust m.a. í einföldun bótakerfis, einum meginbótaflokki og lækkun frítekjumarka.
c. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 1.350 m.kr. vegna sérstaks frítekjumarks á atvinnutekjur ellilífeyrisþega sem áætlað er að verði 100 þús.kr. á mánuði frá 1. janúar 2018.
d. Loks nema áætlaðar verðlagsbreytingar 3.079,6 m.kr. til hækkunar.

## 28.2 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun

## Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Undir málaflokkinn falla bótaflokkarnir heimilisuppbót, uppbót á lífeyri og bifreiðakostnaður. Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna sem falla undir málaflokkinn.

Engin markmið hafa verið sett í þessum málaflokki fyrir árið 2018 en vænta má breytinga í tengslum við þær aðgerðir sem lýst er í málaflokki 28.1.

**Fjárheimildir**

| 28.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 47,0 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| Rekstrartilfærslur | 4.425,3 | 5.324,7 | 6.451,8 | 21,2 | 45,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **4.472,3** | **5.324,7** | **6.451,8** | **21,2** | **44,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.324,7 | 6.451,8 | 21,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **5.324,7** | **6.451,8** | **21,2** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 6.451,8 m.kr. og hækkar um 870,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 256,8 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Gert er ráð fyrir að framlög aukist um 140,3 m.kr. vegna spár um áætlaða fjölgun ellilífeyrisþega milli ára eða 1-3% eftir einstökum bótaflokkum.
b. Framlög til málaflokksins hækka um 730 m.kr. vegna viðbótarhækkunar til ellilífeyrisþega þannig að bætur þeirra ellilífeyrisþega sem halda einir heimili verði 300 þús.kr. frá og með 1. janúar 2018 til samræmis við yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar frá árinu 2016 í tengslum við breytingar á almannatryggingakerfinu.
c. Áætlaðar verðlagsbreytingar nema 256,8 m.kr.

### 28.3 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Undir málaflokkinn fellur eingöngu eftirlaunasjóður aldraðra. Eftirlaunasjóður greiðir lífeyri til þeirra sem fæddir eru 1915 eða fyrr og maka þeirra sem njóta lítilla eða engra réttinda úr lífeyrissjóði. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

## Fjárheimildir

| 28.3 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta. | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3,0 | 25,0 | 3,5 | -86 | 17 |
| Rekstrartilfærslur | 18,3 | 0,0 | 21,5 | - | 18 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingartilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **21,3** | **25,0** | **25,0** | **0** | **17** |
| Rekstrartekjur | - | 2,1 | 2,1 | 0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 22,9 | 22,9 | 0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **25,0** | **25,0** | **0** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 25 m.kr. og breytist ekki milli ára.

# 29 Fjölskyldumál

**Skilgreining málefnasviðs**

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra að undanskildum bótum vegna veikinda og slysa er heyra undir heilbrigðisráðherra, barnabótum sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra, Embætti umboðsmanns barna sem heyrir undir forsætisráðuneytið og meðlögum samkvæmt lögum nr. 76/2003 sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Málefnasviðið skiptist í sjö málaflokka, en þeir eru:

- Barnabætur.
- Fæðingarorlof.
- Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð.
- Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn.
- Bætur til eftirlifenda.
- Bætur vegna veikinda og slysa.
- Málefni innflytjenda og flóttafólks.

Vakin er athygli á því að framsetning á útgjöldum málefnasviðsins hefur verið aðlöguð vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Fyrir þetta málefnasvið er um að ræða aðlögun vegna uppskiptingar innanríkisráðuneytisins í tvö ráðuneyti, þ.e. dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Þannig hefur útgjaldatölum reiknings liðins ár og gildandi fjárlaga verið skipt upp sem nemur veltu þeirra verkefna sem skiptast á milli þessara tveggja ráðuneyta.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016–2018.

| 29 Fjölskyldumál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **29.10 Barnabætur** | **9.579,8** | **10.743,0** | **10.528,0** | **-2,0** | **9,9** |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 9.579,8 | 10.743,0 | 10.528,0 | -2,0 | 9,9 |
| **29.20 Fæðingarorlof** | **9.296,6** | **10.357,0** | **11.571,8** | **11,7** | **24,5** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 9.296,6 | 10.357,0 | 11.571,8 | 11,7 | 24,5 |
| **29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð** | **353,3** | **395,2** | **418,0** | **5,8** | **18,3** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 353,3 | 395,2 | 418,0 | 5,8 | 18,3 |
| **29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn** | **5.605,0** | **6.084,6** | **6.604,2** | **8,5** | **17,8** |
| 01 Forsætisráðuneyti | 45,9 | 52,7 | 54,3 | 3,0 | 18,3 |
| 08 Velferðarráðuneyti | 5.327,9 | 5.753,4 | 6.258,3 | 8,8 | 17,5 |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | 231,2 | 278,5 | 291,6 | 4,7 | 26,1 |
| **29.50 Bætur til eftirlifenda** | **410,1** | **481,0** | **503,6** | **4,7** | **22,8** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 410,1 | 481,0 | 503,6 | 4,7 | 22,8 |
| **29.60 Bætur vegna veikinda og slysa** | **1.454,7** | **1.857,1** | **1.966,0** | **5,9** | **35,1** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 1.454,7 | 1.857,1 | 1.966,0 | 5,9 | 35,1 |
| **29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna** | **255,9** | **153,1** | **410,8** | **168,3** | **60,5** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 255,9 | 153,1 | 410,8 | 168,3 | 60,5 |
| **Samtals** | **26.955,4** | **30.071,0** | **32.002,4** | **6,4** | **18,7** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.



**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 32.002 m.kr. og aukast um 1.544 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 5,1%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.931 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,4%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.250 m.kr. til hækkunar.
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 50 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 1.200 m.kr.
c. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 669 m.kr.
d. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 324 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 387 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 32.002 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir hækkunum á bótum almannatrygginga sem falla undir málefnasviðið. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

## Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun breytast milli ára sem hér segir:

| 29 Fjölskyldumál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.278,2 | 3.432,3 | 3.783,5 | 10,2 | 15,4 |
| Rekstrartilfærslur | 23.674,1 | 26.638,7 | 27.993,9 | 5,1 | 18,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 3,1 | 0,0 | 225,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **26.955,4** | **30.071,0** | **32.002,4** | **6,4** | **18,7** |
| Rekstrartekjur | - | 152,9 | 124,1 | -18,8 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 29.918,1 | 31.878,3 | 6,6 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **30.071,0** | **32.002,4** | **6,4** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í þrjá þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í þriðja lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 3.783,5 m.kr og hækka um 351,2 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 250 m.kr. framlag til móttöku flóttamanna og 150 m.kr. framlag til búsetuúrræða fyrir börn sem stríða við alvarlegar þroska- og geðraskanir. Breytingar sem leiða af hagrænni skiptingu, endurmati á umfangi starfsemi og millifærslum milli fjárlagaliða leiða til 115 m.kr. útgjaldalækkunar. Þá lækka rekstrarframlög um 51 m.kr. í samræmi við markmið um sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um ríkisfjármálin. Launa- og verðlagsbætur nema 99,9 m.kr.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 1.355,2 m.kr. og verða 27.993,9 m.kr. en eru 26.638,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um 739 m.kr. framlag í Fæðingarorlofssjóð til hækkunar á hámarksgreiðslum til foreldra í fæðingarorlofi. Í öðru lagi hækka framlög í Fæðingarorlofssjóð um 453 m.kr. til að mæta áhrifum kjarasamninga á greiðslur úr sjóðnum og til að mæta hækkun á mótframlagi í lífeyrissjóði. Í þriðja lagi leiðir endurmat á útgjöldum vegna umönnunargreiðsla til 250 m.kr. hækkunar. Þá er, í fjórða lagi, felld niður tímabundin heimild að fjárhæð 50 m.kr. Í fimmta lagi lækka rekstrartilfærslur um 273,4 m.kr. í samræmi við markmið um sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um ríkisfjármálin. Launa- og verðlagsbætur nema 287,1 m.kr.
c. **Fjárfestingarframlög** eru áætluð 225 m.kr. Um er að ræða framlag til byggingar nýs meðferðarheimilis fyrir börn og unglinga.

### 29.1 Barnabætur

Málaflokkurinn er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra en undir hann heyra barnabætur. Embætti ríkisskattsstjóra annast framkvæmd barnabóta.

Markmið og aðgerðir hafa ekki verið skilgreind fyrir málaflokkinn.

## Fjárheimildir

| 29.10 Barnabætur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 9.579,8 | 10.743,0 | 10.528,0 | -2,0 | 9,9 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **9.579,8** | **10.743,0** | **10.528,0** | **-2,0** | **9,9** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 10.743,0 | 10.528,0 | -2,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **10.743,0** | **10.528,0** | **-2,0** | **-** |

Í fjármálaáætlun fyrir tímabilið 2018-2022 var gert ráð fyrir að barnabætur yrðu nálægt 10,5 ma.kr. á árinu 2018 og er sú áætlun óbreytt í frumvarpinu. Á þessu ári nema þær um 9,6 ma.kr. Það þýðir að útgjöld til barnabóta hækka um tæplega 10% milli ára í krónum talið. Þá er miðað við að tekjuviðmiðunarmörk þeirra hækki í takt við launaþróun 2016-2017 samkvæmt nóvemberspá Hagstofunnar eða kringum 7%, en bótafjárhæðir heldur meira, eða um 8,5%.

## 29.2 Fæðingarorlof

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Málaflokkurinn tekur til greiðslna samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Lögin taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs og eiga við um foreldra sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi. Þá taka lögin einnig til réttinda foreldra utan vinnumarkaðar og í námi til fæðingarstyrks. Fæðingarorlofssjóður sem er í vörslu Vinnumálastofnunar ákvarðar réttindi og annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Stefnt er að því að lengja fæðingarorlof og hækka hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Markmið málaflokksins er:

1. Dregið verði úr röskun á tekjuinnkomu foreldra í fæðingarorlofi.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Breyta reglugerð þannig að mánaðarlegar hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi hækki í 520.000 kr. vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2018. Áfangahækkun sem er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL |

## Fjárheimildir

| 29.20 Fæðingarorlof | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 169,5 | 105,1 | 107,5 | 2,3 | -36,6 |
| Rekstrartilfærslur | 9.127,1 | 10.251,9 | 11.464,3 | 11,8 | 25,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **9.296,6** | **10.357,0** | **11.571,8** | **11,7** | **24,5** |
| Rekstrartekjur | - | 1,2 | 1,2 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 10.355,8 | 11.570,6 | 11,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **10.357,0** | **11.571,8** | **11,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 11.571,8 m.kr. og hækkar um 1.175,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 39,4 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a) Fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs er aukin um 739 m.kr. til hækkunar á hámarksgreiðslum til foreldra í fæðingarorlofi sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1.
b) Fjárheimild sjóðsins hækkar um 453 m.kr., annars vegar, til að mæta áhrifum kjarasamninga frá árinu 2015 á greiðslur til foreldra úr sjóðnum og hins vegar viðbótarútgjöldum sem leiða af hækkun mótframlags í lífeyrissjóði í 11,5% frá miðju ári 2018.
c) Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði lækkuð um 17,7 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um ríkisfjármál.
d) Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 39,4 m.kr.

### 29.3 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Málaflokkurinn tekur til mæðra- og feðralauna og endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar réttindi og greiðir bætur samkvæmt lögunum. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

## Fjárheimildir

| 29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 353,3 | 395,2 | 418,0 | 5,8 | 18,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **353,3** | **395,2** | **418,0** | **5,8** | **18,3** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 395,2 | 418,0 | 5,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **395,2** | **418,0** | **5,8** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 418 m.kr. og hækkar um 22,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af nema launa- og verðlagsbreytingar 18,8 m.kr., sem svarar til 4,8% hækkunar bótafjárhæða. Mismunurinn, 4 m.kr., leiðir af áætluðum breytingum á fjölda viðtakenda bóta.

## 29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra að undanskildu Embætti umboðsmanns barna sem heyrir undir forsætisráðherra og meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003 sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Málaflokkurinn skiptist í 9 undirflokka, þar með talið barnavernd, þjónustu ríkisstofnana við fatlað fólk, ráðgjöf vegna skuldsettra heimila, meðlagsgreiðslur og bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, svo sem umönnunargreiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

Málaflokkurinn er víðfeðmur og áskoranir margar, ekki síst á sviði stjórnsýslu barnaverndar og aðstoðar við ungt fólk sem hefur fengið örorku- eða endurhæfingarlífeyri, en geðraskanir eru langalgengasta ástæða örorkumats hjá ungu fólki og mikil fjölgun í þeim hópi. Mikilvægt er að nýta endurhæfingu með sem skilvirkustum hætti fyrir þennan hóp ungs fólks. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar sýna að stór hluti hópsins hefur fengið óviðunandi stuðning á yngri árum bæði heima og í skóla. Mikilvægt er að mæta áskorunum með því að efla forvarnir og snemmtæka íhlutun, styrkja grunnþjónustu, og bæta stjórnsýslu, með meðal annars með vel skilgreindum gæðaviðmiðum og leiðbeiningum til að styrkja þjónustu og auka öryggi hennar. Hafa þarf heildarsýn að leiðarljósi við skipulagningu og veitingu þjónustu, auka og efla teymisvinnuráðgjöf, leiðbeiningar og aðgengi að viðtalsmeðferð.

Helstu stofnanir sem falla undir málaflokkinn eru: Barnaverndarstofa, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Embætti umboðsmanns barna, Embætti umboðsmanns skuldara og Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Markmið málaflokksins eru:

1. Spornað verði gegn fátækt.
2. Bætt gæði og aukið öryggi í félagsþjónustu og barnavernd.
3. Aukinn stuðningur við ungt fólk með geðvanda.
4. Heildstæðari stuðningur við börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Unnið verði að innleiðingu tillagna nefndar, sem endurskoðaði kerfi barnabóta, vaxtabóta, barnalífeyris og húsnæðisbóta þar sem fjárhagslegum stuðningi verði beint með markvissari hætti að tekjulægri hópum. | VEL |
| 1. | 2. | Unnið verði sérstaklega að forvörnum til að fyrirbyggja fátækt með áherslu á fátækt barna. Jafnframt verði unnið að því að bæta stöðu þeirra sem búa við fátækt í dag. | VEL |
| 2 | 2 | Stofna sérstaka stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun á sviði barnaverndar og félagsþjónustu. | VEL |
| 3 | 2 | Vinna áfram að undirbúningi nýs meðferðarheimilis fyrir börn. Hönnunarsamkeppni verði lokið fyrir 1. júní 2018 og deiliskipulag liggi fyrir á sama tíma. | VEL |
| 4 | 3 | Auka aðgengi ungs fólks með geðvanda að endurhæfingu. Samhliða verði fjárhagslegur stöðugleiki styrktur meðan á endurhæfingu stendur. | VEL |
| 5 | 4 | Efla PMTO þjónustu á sviði barnaverndar með þremur nýjum þjónustusvæðum. | Barnaverndarstofa |
| 6 | 4 | Styrkja þjónustu og úrræði sveitarfélaga fyrir börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir, sem sökum fötlunar þurfa sérsniðin búsetuúrræði. | VEL |
| 7 | 4 | Stuðla að því að sveitarfélögin skipi sérstakan málstjóra þegar mörg þjónustukerfi koma að þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. | VEL |

## Fjárheimildir

| 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.897,9 | 3.174,7 | 3.202,8 | 0,9 | 10,5 |
| Rekstrartilfærslur | 2.704,0 | 2.909,9 | 3.176,4 | 9,2 | 17,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 3,1 | 0,0 | 225,0 | - | 7.158,1 |
| **Heildarútgjöld** | **5.605,0** | **6.084,6** | **6.604,2** | **8,5** | **17,8** |
| Rekstrartekjur | - | 86,7 | 57,9 | -33,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 5.997,9 | 6.546,3 | 9,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **6.084,6** | **6.604,2** | **8,5** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 6.604,2 m.kr. og hækkar um 307,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 211,7 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 250 m.kr. vegna endurmats á umönnunargreiðslum til foreldra sem eiga börn sem glíma við fötlun eða alvarleg veikindi.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 150 m.kr. til þjónustu og búsetuúrræða fyrir börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Um er að ræða börn sem sökum fötlunar þurfa sérsniðin búsetuúrræði með mikilli og samfelldri þjónustu stofnana ríkis og sveitarfélaga, sbr. markmið 4, aðgerð 6.
c. Vegna byggingar nýs meðferðarheimilis fyrir börn og unglinga, sbr. markmið 3 og aðgerð 3, hækkar fjárheimildin um 150 m.kr. Gert er ráð fyrir að verkframkvæmd dreifist á þrjú ár frá 2018-2020 og að heildarkostnaður nemi 500 m.kr.
d. Millifærðar eru 40,6 m.kr. á málaflokkinn *stjórnsýsla velferðarmál* vegna áforma um að koma á fót sérstakri stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun með félagslegri þjónustu og barnavernd, sbr. markmið 4 og aðgerð 5.
e. Í samræmi við áætlun um rekstur og umfang í starfsemi embættis umboðsmanns skuldara lækkar fjárheimild embættisins um 60 m.kr.
f. Felld er niður tímabundin heimild í fjárlögum 2017 að fjárhæð 50 m.kr. til félagasamtaka.
g. Breyting á gjaldaheimild stofnunar samhliða breytingum á sértekjum leiða til 30 m.kr. lækkunar á fjárheimild málaflokksins.
h. Gert er ráð fyrir að útgjöld stofnana og verkefna verði lækkuð um 51,6 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
i. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 211,7 m.kr.

**29.5 Bætur til eftirlifenda**

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Málaflokkurinn tekur til barnalífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar og maka- og umönnunarbóta, dánarbóta og barnalífeyris vegna menntunar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar réttindi og greiðir bætur samkvæmt lögunum. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

## Fjárheimildir

| 29.50 Bætur til eftirlifenda | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Rekstrartilfærslur | 410,1 | 481,0 | 503,6 | 4,7 | 22,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **410,1** | **481,0** | **503,6** | **4,7** | **22,8** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 481,0 | 503,6 | 4,7 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **481,0** | **503,6** | **4,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 503,6 m.kr. og hækkar um 22,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkunin skýrist alfarið með launa- og verðlagsbreytingum.

## 29.6 Bætur vegna veikinda og slysa

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Málaflokkurinn tekur til bóta samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, lögum um slysatryggingar og lögum um sjúklingatryggingu. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

## Fjárheimildir

| 29.60 Bætur vegna veikinda og slysa | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 144,5 | 12,4 | 75,7 | 510,5 | -47,6 |
| Rekstrartilfærslur | 1.310,2 | 1.844,7 | 1.890,3 | 2,5 | 44,3 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **1.454,7** | **1.857,1** | **1.966,0** | **5,9** | **35,1** |
| Rekstrartekjur | - | 65,0 | 65,0 | 0,0 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 1.792,1 | 1.901,0 | 6,1 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **1.857,1** | **1.966,0** | **5,9** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.966 m.kr. og hækkar um 23,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 85,2 m.kr. Breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af tveimur tilefnum. Annars vegar 60,8 m.kr. hækkun sem leiðir af áætlaðri magnaukningu milli ára og hins vegar 37,1 m.kr. lækkunar í samræmi við aðhaldsmarkmið.

## 29.7 Málefni innflytjenda og flóttafólks

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra og tekur annars vegar til innflytjenda sem koma hingað til atvinnuþátttöku, náms og fjölskyldusameiningar og hins vegar til flóttafólks sem fengið hefur alþjóðlega vernd hér landi, hvort sem það er fyrir tilstuðlan stjórnvalda og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna eða á eigin vegum. Einstaklingum sem hafa fengið alþjóðlega vernd og dvalarleyfi vegna mannúðarástæða hefur fjölgað umtalsvert á undanförnum árum og er nú unnið að því að samræma móttöku flóttafólks óháð því með hvaða hætti það kemur til landsins. Þá hefur fylgdarlausum börnum sem koma til landsins einnig fjölgað verulega. Helstu framkvæmdaraðilar í málaflokknum eru auk velferðarráðuneytisins, sveitarfélög, félagasamtök, Fjölmenningarsetur og Vinnumálastofnun.

Markmið málaflokksins eru:

1. Ísland taki í ríkari mæli þátt í að koma til móts við flóttamannavanda heimsins með aukinni og markvissari móttöku flóttafólks.
2. Bætt þjónusta við flóttafólk.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Fjölga kvótaflóttamönnum sem Ísland tekur á móti í samstarfi við Flóttamannastofnun SÞ, í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL |
| 2 | 1 | Innleiða tillögur nefndar um fyrirkomulag heildstæðrar móttöku flóttafólks í því skyni að tryggja samræmi í þjónustu óháð því hvort það komi sem kvótaflóttafólk eða á eigin vegum. | VEL |
| 3 | 2 | Fyrirmynd að móttökuáætlunum fyrir sveitarfélög liggi fyrir árið 2018. | VEL |
| 4 | 2 | Samræmdar grunnupplýsingar um þjónustu við innflytjendur og réttindi þeirra liggi fyrir árið 2018 á helstu tungumálum. | Fjölmenningarsetur |
| 5 | 2 | Samræmt fræðsluefni fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga liggi fyrir 2018. | VEL |

## Fjárheimildir

| 29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 66,3 | 140,1 | 397,5 | 183,7 | 499,5 |
| Rekstrartilfærslur | 189,6 | 13,0 | 13,3 | 2,3 | -93,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **255,9** | **153,1** | **410,8** | **168,3** | **60,5** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 153,1 | 410,8 | 168,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **153,1** | **410,8** | **168,3** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 410,8 m.kr. og hækkar um 248,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 9,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

1. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 250 m.kr. til móttöku á flóttamönnum í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sbr. markmið nr. 1 og aðgerð 1.
2. Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins lækki um 3 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í gildandi fjármálaáætlun.
3. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 9,3 m.kr.

# 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Vinnumál og atvinnuleysi.
- Vinnumarkaður.

Undir málaflokkinn vinnumál og atvinnuleysi heyra Atvinnuleysistryggingasjóður, Vinnumálastofnun, Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, Ábyrgðasjóður launa, vinnumál, starfsendurhæfing og starfsendurhæfingarsjóðir. Undir málaflokkinn vinnumarkaður heyra vinnuvernd, Vinnueftirlit ríkisins og Embætti ríkissáttasemjara.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og málaflokka þess á tímabilinu 2016-2018.

| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **30.10 Vinnumál og atvinnuleysi** | **14.613,3** | **15.783,4** | **17.959,3** | **13,8** | **22,9** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 14.613,3 | 15.783,4 | 17.959,3 | 13,8 | 22,9 |
| **30.20 Vinnumarkaður** | **861,1** | **1.096,2** | **1.202,0** | **9,7** | **39,6** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 861,1 | 1.096,2 | 1.202,0 | 9,7 | 39,6 |
| **Samtals** | **15.474,4** | **16.879,6** | **19.161,3** | **13,5** | **23,8** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.




**Heildargjöld** á málefnasviðinu árið 2018 eru áætluð 19.161 m.kr. og aukast um 1.583 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 9,4%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.282 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 13,5%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 1.451 m.kr. til hækkunar.
b. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 219 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 87 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
d. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 698 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 19.161 m.kr. Þar vega þyngst annars vegar áform um hækkanir á bótum atvinnuleysistrygginga og hins vegar áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun á málefnasviðinu vinnumarkaður og atvinnuleysi breytast milli ára sem hér segir:

| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.940,5 | 3.190,1 | 4.089,0 | 28,2 | 3,8 |
| Rekstrartilfærslur | 11.533,9 | 13.689,5 | 15.072,3 | 10,1 | 30,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **15.474,4** | **16.879,6** | **19.161,3** | **13,5** | **23,8** |
| Rekstrartekjur | - | 2.101,1 | 2.172,2 | 3,4 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 14.778,5 | 16.989,1 | 15,0 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **16.879,6** | **19.161,3** | **13,5** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 4.089 m.kr og hækka um 898,9 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um millifærslu af rekstrartilfærslum að fjárhæð 671,6 m.kr. Um er að ræða leiðréttingu á fjárheimild til samræmis við bókhald. Í öðru lagi er ráðstafað af útgjaldasvigrúmi samtals 137,1 m.kr. til áherslumála og verkefna á vegum stofnana.
b. **Rekstrartilfærslur** hækka um 1.382,8 m.kr. og verða 15.072,3 m.kr. en eru 13.689,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um 1.453,8 m.kr. hækkun útgjalda hjá Atvinnuleysistryggingasjóði til samræmis við spá Hagstofu Íslands um breytingar á atvinnuleysi milli áranna 2017 og 2018. Í öðru lagi lækka rekstrartilfærslur um 671,6 m.kr. vegna fyrrnefndrar millifærslu yfir á rekstrarframlög. Í þriðja lagi nema launa- og verðlagsbætur rekstrartilfærslna alls 594,4 m.kr.

## 30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Málaflokkurinn tekur til aðstoðar við fólk í atvinnuleit, mats á vinnufærni þess og skipulags virkra vinnumarkaðsaðgerða, auk starfsendurhæfingar. Enn fremur tekur málaflokkurinn til atvinnuleyfa hér á landi fyrir ríkisborgara ríkja utan EES sem og tiltekins eftirlits á vinnumarkaði. Vinnumálastofnun annast framkvæmd málaflokksins.

Markmið málaflokksins eru:

1. Einstaklingsmiðaður stuðningur við fólk í atvinnuleit. Atvinnuleitendur geti fundið starf, hafið þátttöku í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, fengið starfsþjálfunarsamning eða hafið nám að meðaltali innan við níu mánuðum frá því að þeir skráðu sig án atvinnu hjá Vinnumálastofnun.
2. Hærra hlutfall þátttakenda í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, sem áætlað er að hafi meira en 25% starfsgetu, hafi fundið starf, fengið starfsþjálfunarsamning eða hafið nám innan við tólf mánuðum eftir að virk atvinnuleit hófst með aðstoð Vinnumálastofnunar.
3. Auka atvinnuþátttöku öryrkja á vinnumarkaði.
4. Einfaldara umsóknarferli vegna atvinnuleyfa fyrir sérfræðinga utan EES.
5. Laun og önnur starfskjör erlendra starfsmanna á vinnumarkaði verði í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Hrinda af stað átaksverkefni með það að markmiði að atvinnuleitandi njóti einstaklingsmiðaðrar þjónustu þegar við níu mánaða atvinnuleysi. | Vinnumálastofnun |
| 2 | 1 | Greina ástæður þess að atvinnuleitandi hafi verið í níu mánuði í virkri atvinnuleit án þess að fá vinnu og þá metið hvort ástæða sé til að leita eftir starfsþjálfunarsamningi eða þjónustu VIRK. Í kjölfarið verði komið á reglulegu greiningarfyrirkomulagi. | Vinnumálastofnun |
| 3 | 2 | Leggja fram frumvarp til laga í því skyni að efla atvinnutengda starfsendurhæfingu. | VEL |
| 4 | 2 | Heimila að gerðir verði þríhliða starfsþjálfunarsamningar í allt að ár milli Vinnumálastofnunar, atvinnuleitanda og vinnuveitanda þar sem endurhæfingarbætur verði greiddar beint til vinnuveitanda sem aftur greiði atvinnuleitanda laun samkvæmt kjarasamningi. | Vinnumálastofnun |
| 5 | 3 | Hefja átak við að finna störf fyrir fólk með skerta starfsgetu og að vinnusamningum við öryrkja fjölgi. | Vinnumálastofnun |
| 6 | 4 | Skipa nefnd í því skyni að leita leiða til að einfalda umsóknarferli vegna atvinnuleyfa fyrir sérfræðinga utan EES. | VEL |
| 7 | 5 | Leggja fram frumvarp til laga þar sem kveðið verði á um nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum í því skyni að gera Vinnumálastofnun betur kleift að sinna lögbundnu eftirliti á grundvelli viðkomandi laga, svo sem með því að laun og önnur starfskjör erlendra starfsmanna á vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi. | VEL |

## Fjárheimildir

| 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 3.079,6 | 2.247,8 | 3.027,8 | 34,7 | -1,7 |
| Rekstrartilfærslur | 11.533,7 | 13.535,6 | 14.931,5 | 10,3 | 29,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **14.613,3** | **15.783,4** | **17.959,3** | **13,8** | **22,9** |
| Rekstrartekjur | - | 1.735,6 | 1.768,0 | 1,9 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 14.047,8 | 16.191,3 | 15,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **15.783,4** | **17.959,3** | **13,8** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 17.959,3 m.kr. og hækkar um 1.514,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 661,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1.453,8 m.kr. í ljósi spár um breytingar á atvinnuleysi milli áranna 2017 og 2018. Áætlunin byggir á spá Hagstofu Íslands um að atvinnuleysi verði 3,2% árið 2018 samanborið við 2,8% á yfirstandandi ári.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 65 m.kr. í samræmi við markmið 1 og aðgerðir 1 og 2 um einstaklingsmiðaða þjónustu og atvinnutengda starfsendurhæfingu.
c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 81 m.kr. til að fjölga vinnusamningum öryrkja sbr. markmið nr. 3 og aðgerð 5.
d. Í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin lækka útgjöld málaflokksins um 66,3 m.kr.
e. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 661,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysisbætur hækki um 4,7% á árinu 2018.

## 30.2 Vinnumarkaður

## Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Undir málaflokkinn heyrir vinnuvernd, sáttamiðlun á vinnumarkaði, Vinnueftirlit ríkisins og Embætti ríkissáttasemjara.

Markmið málaflokksins eru:

1. Öflugri umgjörð og aukinn stöðugleiki á vinnumarkaði.
2. Fækkun vinnuslysa.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Skipa sérstaka launatölfræðinefnd með fulltrúum stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins. | VEL |
| 2 | 1 | Innleiða fyrirbyggjandi sáttamiðlun hjá Embætti ríkissáttasemjara. | Ríkissáttasemjari |
| 3 | 1 | Vinna launatölfræðiupplýsingar hjá Embætti ríkissáttasemjara í því skyni að bæta enn frekar þjónustu embættisins við sáttamiðlunarstörf. | Ríkissáttasemjari |
| 4 | 1 | Gera átak í því að kalla samninganefndir atvinnurekenda og launafólks fyrr að samningaborðinu vegna kjarasamninga sem verða lausir undir lok árs 2018 og í byrjun árs 2019 ásamt því að bjóða upp á fræðslu fyrir samninganefndir. | Ríkissáttasemjari |
| 5 | 2 | Auka forvarnastarf, þar á meðal fræðslu um orsakir vinnuslysa í einstökum starfsgreinum. | Vinnueftirlit ríkisins |
| 6 | 2 | Rannsaka hugsanleg tengsl aðstæðna á vinnustöðum, þar á meðal skipulag vinnunnar, vinnuálag og forvarnir, við brottfall fólks af vinnumarkaði og innkomu þess í almannatryggingakerfið. | VEL |
| 7 | 2 | Í fyrirtækjaeftirliti Vinnueftirlits ríkisins verði hafin aukin áhersla á þætti í skipulagi vinnunnar sem geta leitt til aukins álags á starfsfólk og þekkta áhættuþætti í tengslum við stoðkerfisvanda ásamt því að eftirlit með vinnutíma starfsmanna verði eflt. | Vinnueftirlit ríkisins |

Mikilvægt er að tryggja launajafnrétti á vinnumarkaði. Stefnt er að því að tryggja með lagasetningu að starfsfólk á vinnumarkaði hljóti jafna meðferð innan sama vinnustaðar án tillits til kyns, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, kynhneigðar, kynvitundar eða annarra þátta. Nánari umfjöllun um markmið og aðgerðir í tengslum við launajafnrétti er að finna í kafla 32.2 Jafnréttismál.

## Fjárheimildir

| 30.20 Vinnumarkaður | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 860,9 | 942,3 | 1.061,2 | 12,6 | 23,3 |
| Rekstrartilfærslur | 0,2 | 153,9 | 140,8 | -8,5 | - |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **861,1** | **1.096,2** | **1.202,0** | **9,7** | **39,6** |
| Rekstrartekjur | - | 365,5 | 404,2 | 10,6 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 730,7 | 797,8 | 9,2 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **1.096,2** | **1.202,0** | **9,7** | **-** |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 1.202 m.kr. og hækkar um 68,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 37,1 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. til að efla umgjörð við gerð kjarasamninga hjá embætti ríkissáttasemjara sbr. markmið nr. 1-2 og aðgerðir 1-3.
b. Gjaldaheimildir málaflokksins hækka um 30 m.kr. á móti samsvarandi hækkunum á tekjum stofnana.
c. Til að mæta raunaukningu í rekstri eru fjárheimildir málaflokksins hækkaðar um 9,4 m.kr.
d. Í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin lækka útgjöld málaflokksins um 20,7 m.kr.
e. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 37,1 m.kr.

# 31 Húsnæðisstuðningur

## Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Undir því er einn málaflokkur sem ber sama heiti og málefnasviðið. Viðfangsefni málefnasviðsins heyra undir velferðarráðuneytið að undanskildum vaxtabótum og stuðningi til kaupa á fyrstu íbúð sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins á tímabilinu 2016-2018.

| 31 Húsnæðisstuðningur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **31.10 Húsnæðisstuðningur** | **23.774,7** | **14.349,8** | **13.392,6** | **-6,7** | **-43,7** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 2.753,4 | 8.211,8 | 9.392,6 | 14,4 | 241,1 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 21.021,3 | 6.138,0 | 4.000,0 | -34,8 | -81,0 |
| **Samtals** | **23.774,7** | **14.349,8** | **13.392,6** | **-6,7** | **-43,7** |

## Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.



**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 13.393 m.kr. og lækka um 957 m.kr. frá fjárlögum 2017, eða sem svarar til 6,7%. Útgjaldabreytingin skýrist af eftirfarandi tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem nema alls 515 m.kr. til lækkunar. Í öðru lagi fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 159 m.kr. Nettólækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 674 m.kr. Í þriðja lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld um 287 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022. Loks bætast við, í fjórða lagi, laun- og verðlagshækkanir og ráðstöfun af útgjaldasvigrúmi samtals að fjárhæð 3,6 m.kr. Heildargjöldin eru því áætluð 13.393 m.kr.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 31 Húsnæðisstuðningur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 17,7 | 135,4 | 136,3 | 0,7 | 670,1 |
| Rekstrartilfærslur | 5.330,3 | 12.555,9 | 10.289,5 | -18,1 | 93,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 18.426,7 | 1.500,0 | 2.966,8 | 97,8 | -83,9 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 158,5 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **23.774,7** | **14.349,8** | **13.392,6** | **-6,7** | **-43,7** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.015,9 | 14.058,7 | -6,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -666,1 | -666,1 | 0,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **14.349,8** | **13.392,6** | **-6,7** | - |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru og þriðja lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga. Í fjórða lagi er hér fjallað um fjárfestingarframlög.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 136,3 m.kr og hækka um 0,9 m.kr frá fjárlögum þessa árs.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 2.266,4 m.kr. og verða 10.289,5 m.kr. en eru 12.555,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2017. Þar munar mest um að framlag til vaxtabóta lækkar um 2.015 m.kr, sjá síðar. Í öðru lagi er gerð 251 m.kr. aðhaldskrafa í samræmi við markmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.

c. **Fjármagnstilfærslur** eru áætlaðar 2.966,8 m.kr. og er það 1.466,8 m.kr. hækkun milli ára. Þar vegur þyngst 1.500 m.kr. hækkun fjárheimildar til greiðslu stofnframlaga vegna nýrra félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka. Hækkun framlagsins tekur mið af því að hægt verði að tryggja framgang þess verkefnis að byggðar/ keyptar verði 2.300 félagslegar leiguíbúðir á árunum 2016-2019. Á móti vegur að gert er ráð fyrir 33,2 m.kr. lækkun fjárheimildar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

d. **Fjárfestingarframlög** falla alfarið niður. Veitt var tímabundin heimild á árinu 2017 að fjárhæð 158,5 m.kr. til greiðslu vaxtamunar hjá Íbúðalánasjóði vegna lána til félagslegra leiguíbúða, skv. 37. gr. laga um húsnæðismál, eins og sú lagagrein var fyrir gildistöku laga um almennar íbúðir.

## 31.1 Húsnæðisstuðningur

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Undir málaflokkinn falla vaxtabætur, stuðningur til kaupa á fyrstu íbúð, húsnæðisbætur og leiguíbúðir, þar á meðal almennar íbúðir. Ríkisskattstjóri annast framkvæmd vaxtabóta og stuðnings til kaupa á fyrstu íbúð. Vinnumálastofnun annast framkvæmd húsnæðisbóta og Íbúðalánasjóður framkvæmd stofnframlaga vegna almennra íbúða.

Markmið málaflokksins eru:

a. Landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform.

b. Húsnæðisstuðningi verði í ríkari mæli beint að tekjulægri hópum óháð uppruna tekna. Þar verði sérstaklega horft til tekjulágra leigjenda og fyrstu kaupenda.

c. Jafnvægi verði náð svo fljótt sem auðið er á fasteignamarkaði og nýbyggingar fasteigna verði í samræmi við aukna þörf á markaði. Leitast verði við að eðlilegt framboð verði á húsnæði sem henti þörfum ólíkra hópa samfélagsins.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 2 | Úrvinnsla tillagna nefndar sem skipuð var til að endurskoða meðal annars húsnæðisstuðning í formi vaxta- og húsnæðisbóta með það að markmiði að fjárhagslegum stuðningi verði í ríkari mæli beint að lægri tekjuhópum óháð uppruna teknanna. | VEL |
| 2 | 1 | Fjármagna stofnframlög til byggingar 600 nýrra almennra íbúða. | Íbúðalánasjóður |
| 3 | 1 | Skoða sérstaklega úrræði fyrir lægri tekjuhópa sem ekki ráða við eiginfjárhlutfall fasteignakaupa. | VEL |
| 4 | 1 | Fjármagna fleiri námsmannaíbúðir. | Íbúðalánasjóður |
| 5 | 3 | Samræma húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. | Íbúðalánasjóður |
| 6 | 1 | Auka fræðslu til leigusala og leigjenda og gagnsæi í markaðsupplýsingum á leigumarkaði með það að markmiði að fleiri íbúðir skili sér í langtímaleigu. | VEL |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 7 | 1 | Fjölga sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk. | VEL |
| 8 | 1 | Greining á umsóknum húsnæðiskaupenda um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, samanborið við nýtingu séreignasparnaðar samkvæmt eldra úrræði.[1] | FJR |

## Fjárheimildir

| 31.10 Húsnæðisstuðningur | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 17,7 | 135,4 | 136,3 | 0,7 | 670,1 |
| Rekstrartilfærslur | 5.330,3 | 12.555,9 | 10.289,5 | -18,1 | 93,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 18.426,7 | 1.500,0 | 2.966,8 | 97,8 | -83,9 |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 158,5 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Heildarútgjöld** | **23.774,7** | **14.349,8** | **13.392,6** | **-6,7** | **-43,7** |
| Rekstrartekjur | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 15.015,9 | 14.058,7 | -6,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -666,1 | -666,1 | 0,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **14.349,8** | **13.392,6** | **-6,7** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 13.393 m.kr. og lækkar um 957 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á fjárheimildum eru eftirfarandi:

a. Hækkun um 1.500 m.kr. til greiðslu stofnframlaga vegna nýrra félagslegra leiguíbúða. En í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði árið 2015 gaf þáverandi ríkisstjórn út yfirlýsingu um aðgerðir í húsnæðismálum. Í yfirlýsingunni voru gefin fyrirheit um byggingu allt að 2.300 félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka á fjórum árum. Til að tryggja framgang þessa verkefnis hækkar framlagið því um 1.500 m.kr., þannig að til ráðstöfunar verða 3.000 m.kr. árið 2018 og gert er ráð fyrir að sama fjárhæð verði til ráðstöfunar 2019, sbr. markmið nr. 1 og aðgerð nr. 2 í málaflokknum.

b. Framlag til vaxtabóta lækkar um 2.015 m.kr. En gert er ráð fyrir að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta verði 4 ma.kr. á árinu 2018 og er þá miðað við sömu reiknireglur og viðmiðunarfjárhæðir og giltu á þessu ári.

[1] Nánari umfjöllun um stuðning á fyrstu íbúð er að finna í umfjöllun um tekjuskatt í frumvarpinu.

## 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra og félags- og jafnréttismálaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit.
- Jafnréttismál.
- Stjórnsýsla velferðarmála.

Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit er á ábyrgð heilbrigðisráðherra, jafnréttismál á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra og stjórnsýsla velferðarmála á ábyrgð heilbrigðisráðherra og félags- og jafnréttismálaráðherra.

Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| **32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit** | **2.570,8** | **2.617,5** | **2.874,5** | **9,8** | **11,8** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 2.570,8 | 2.617,5 | 2.874,5 | 9,8 | 11,8 |
| **32.20 Jafnréttismál** | **201,5** | **242,3** | **244,5** | **0,9** | **21,3** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 201,5 | 242,3 | 244,5 | 0,9 | 21,3 |
| **32.30 Stjórnsýsla velferðarmála** | **5.052,0** | **5.442,8** | **5.669,6** | **4,2** | **12,2** |
| 08 Velferðarráðuneyti | 5.052,0 | 5.442,8 | 5.669,6 | 4,2 | 12,2 |
| **Samtals** | **7.824,3** | **8.302,6** | **8.788,6** | **5,9** | **12,3** |

### Útgjaldarammi - heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem rakin eru í framhaldinu. Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins en sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefnasviðsins í fjármálaáætlun.




**Heildargjöld** málefnasviðsins árið 2018 eru áætluð 8.788,6 m.kr. og hækka um 264,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2017, eða sem svarar til 3,2%. Þegar einnig er tekið tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 486,1, m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,9%. Útgjaldabreytingum milli ára má skipta í eftirtalda þætti:

a. Ýmsar breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2018 en þær nema alls 145,4m.kr. til hækkunar
b. Á móti hækkun útgjaldaskuldbindinga í a-lið falla niður í frumvarpinu tímabundin framlög til ýmissa verkefna, alls 30 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 115,4 m.kr.
c. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld um 163,9 m.kr. á árinu 2018 í samræmi við markmið sem sett voru í fjármálaáætlun 2018-2022.
d. Gert er ráð fyrir útgjaldasvigrúmi innan ramma málefnasviðsins sem verður notað til að veita framlög í ný eða aukin verkefni, samtals 313,4 m.kr.
e. Launa- og verðlagshækkanir ársins 2018, sem eru áætlaðar 221,2 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 8.789 m.kr. Þar vega þyngst áætlaðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga sem gerðir voru árið 2016, bæði áhrif á ársgrundvelli vegna hækkana á árinu 2017 og þær hækkanir sem áætlað er að taki gildi á árinu 2018 samkvæmt forsendum frumvarpsins. Fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa verða leiðréttar í samræmi við ofmat á verðlagshækkunum í forsendum fjárlaga 2017. Því til viðbótar kemur spá um almennar verðbreytingar til ársins 2018. Auk þess er tekið tillit til áhrifa af breytingum á gengi krónunnar í útgjöldum sem greidd eru í erlendri mynt.

**Útgjaldarammi - hagræn skipting útgjalda**

Útgjöld, fjárheimildir og fjármögnun málefnasviðsins breytast milli ára sem hér segir:

| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 6.833,2 | 7.439,9 | 7.998,4 | 7,5 | 17,1 |
| Rekstrartilfærslur | 902,9 | 862,7 | 790,2 | -8,4 | -12,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 88,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **7.824,3** | **8.302,6** | **8.788,6** | **5,9** | **12,3** |
| Rekstrartekjur | - | 1.387,3 | 1.370,7 | -1,2 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 6.915,5 | 7.417,9 | 7,3 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | -0,2 | 0,0 | -100,0 | - |
| **Samtals fjármögnun** | **-** | **8.302,6** | **8.788,6** | **5,9** | **-** |

Útgjöld málefnasviðsins eru hér greind í tvo þætti eftir hagrænni skiptingu þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða rekstrarframlög, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignastofnunum og einkaaðilum. Í öðru lagi eru tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í rekstrartilfærslur og hins vegar fjármagnstilfærslur sem veittar eru til fjárfestinga.

a. **Rekstrarframlög** eru áætluð 7.998,4 m.kr og hækka um 558,5 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Þar munar mest um 69 m.kr. framlag vegna 1% reiknaðs raunvaxtar í rekstri.
b. **Rekstrartilfærslur** lækka um 72,4 m.kr. og verða 790,3 m.kr. en eru 862,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2017.

## 32.1 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

### Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra en lögð er áhersla á víðtæka samvinnu varðandi málefni sem eiga sameiginlega tengifleti svo sem vegna forvarna. Undir málaflokkinn falla aðgerðir hins opinbera til að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga, þjóðfélagshópa og þjóðarinnar í heild.

Helstu verkefni eru á sviði lýðheilsu og forvarna þ.m.t. sóttvarna og geislavarna. Einnig eftirlit í heilbrigðisþjónustu, sjúkraskrár, lífvísindi, starfsréttindi og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Unnið hefur verið að gerð geðheilbrigðisstefnu, krabbameinsáætlunar, lýðheilsustefnu með áherslu á börn og ungmenni til 18 ára aldurs, stefnu í áfengis- og vímuvörnum og stefnu í tóbaksvörnum í samstarfi við hagsmunaðila. Helstu

stofnanir sem sjá um framkvæmd málaflokksins eru: Embætti landlæknis, Lyfjastofnun og Geislavarnir ríkisins.

Markmið málaflokksins eru:

1. Efling heilsu og heilbrigðra lifnaðarhátta.
2. Öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna aukið.
3. Hagkvæmni, skilvirkni og gæði heilbrigðisþjónustu aukin.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1, 2 og 3 | Fella núgildandi stefnu í málaflokknum að nýrri heildstæðri stefnu í heilbrigðisþjónustu í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL |
| 2 | 1 | Styðja við og fjölga heilsueflandi samfélögum samkvæmt áherslum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu lýðheilsu og forvarna | Embætti landlæknis |
| 3 | 1 | Auka aðgengi að ráðgjöf um heilsueflingu samanber m.a. markmið um fjölgun faghópa í heilsugæslu. | VEL, Embætti landlæknis og heilsugæslustöðvar. |
| 4 | 1 | Fylgja eftir aðgerðaáætlun frá árinu 2013 til að draga úr tíðni offitu auk annarra aðgerða til að styrkja jákvæða heilsuhegðun. | Embætti landlæknis og heilsugæslan |
| 5 | 1 | Fela verkefnisstjórn að fylgja eftir og forgangsraða tillögum ráðgjafahóps um krabbameinsáætlun 2016-2020. | VEL |
| 6 | 1 | Hefja skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi í aldurshópnum 60-69 ára. | Sjúkratryggingar Íslands, og Krabbameinsfélag Íslands |
| 7 | 1 | Skipa starfshóp til að gera aðgerðaáætlun í áfengis-, vímuefna- og tóbaksvörnum í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um eflingu lýðheilsu og forvarnir | Embætti landlæknis |
| 8 | 1 | Skipa samráðsvettvang sbr. tillögu starfshóps í skýrslu um leiðir til að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu í íslensku samfélagi. | VEL |
| 9 | 1 og 3 | Leggja fram frumvörp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynheilbrigði og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir á grundvelli skýrslu starfshóps. | VEL |
| 10 | 2 og 3 | Halda áfram uppbyggingu rafrænnar skráningar, rafrænnar sjúkraskrár og þróunar rafrænna samskipta með áherslu á öruggan aðgang sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrárupplýsingum. Þar með talið vegna sjúkraflutninga, fjarheilbrigðisþjónustu og þjónustukannana. | Embætti landlæknis |
| 11 | 2 og 3 | Auka áherslu á gæðamál og vottun gæðakerfa í eftirliti með notkun geislatækja og geislavirkra efna. | Geislavarnir ríkisins |
| 12 | 2 og 3 | Innleiða notkun gæðakerfa og gæðavísa hjá veitendum heilbrigðisþjónustu með sérstakri áherslu á minni stofnannir, sbr. reglugerð. | Embætti landlæknis |

## Fjárheimildir

| 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 2.257,6 | 2.338,3 | 2.594,7 | 11,0 | 14,9 |
| Rekstrartilfærslur | 270,0 | 279,2 | 279,8 | 0,2 | 3,6 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 43,2 | 0,0 | 0,0 | - | -100,0 |
| **Heildarútgjöld** | **2.570,8** | **2.617,5** | **2.874,5** | **9,8** | **11,8** |
| Rekstrartekjur | - | 519,9 | 538,8 | - | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 2.097,6 | 2.335,7 | 11,4 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **2.617,5** | **2.874,5** | **9,8** | - |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2018 er áætluð 2.874,5 m.kr. og hækkar um 188,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 68,3 m.kr. Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 250 m.kr. vegna áframhaldandi uppbyggingar rafrænnar sjúkraskrár sbr. markmið nr. 2 og 3 og aðgerð 9.
b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um samtals 50 vegna uppsetningar lyfjagagnagrunns, rekstur klínísks lyfjagagnagrunns auk eftirlits með lækningatækjum.
c. Reiknaður 1% raunvöxtur málaflokksins nemur 22,9 m.kr.
d. Þá lækka framlög um 52,3 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið sem sett voru í áætlun um ríkisfjármálin.
e. Loks nema áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar 68,3 m.kr.

## 32.2 Jafnréttismál

## Markmið og aðgerðir

Málaflokkurinn er á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Velferðarráðuneytið fer með yfirstjórn málaflokksins og hefur reglulegt samráð við önnur ráðuneyti um verkefni á sviði kynjajafnréttismála. Velferðarráðuneytið fer einnig með stjórnsýslu og starfsemi Jafnréttissjóðs Íslands og framkvæmdasjóðs jafnréttismála. Undir málaflokkinn falla aðgerðir hins opinbera á sviði jafnréttismála, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum, og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019 (lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016). Jafnréttisstofa annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála í umboði félags- og jafnréttismálaráðherra og Jafnréttisráð er ráðherra til ráðgjafar. Hlutverk Jafnréttisstofu er jafnframt að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið málaflokksins eru:

1. Jafnrétti á vinnumarkaði. Að uppræta kynbundinn launamun í samræmi við lagaskyldur og alþjóðlegar skuldbindingar.
2. Samþætting jafnréttissjónarmiða. Mótun heildstæðrar áætlunar um samþættingu jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og ákvörðunartöku.
3. Dregið úr heimilisofbeldi, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi með auknu og efldu samstarfi milli menntakerfisins, réttarvörslukerfisins og velferðarkerfisins.
4. Draga úr mismunun í samfélaginu.

| Nr. | Tengist markmiði nr. | Aðgerð | Framkvæmdaraðili |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Undirbúa lögfestingu jafnlaunavottunar s.s. skilgreina viðmið og kröfur til vottunarstofa vegna vottunar jafnlaunakerfa, halda námskeið um innleiðingu jafnlaunastaðals. | VEL og FJR |
| 2 | 1 | Ráðuneyti og stofnanir ríkisins innleiði jafnlaunastaðal og undirgangist jafnlaunavottun í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL og FJR |
| 3 | 2 | Semja framkvæmdaáætlun um leiðir til að brjóta upp kynbundið náms- og starfsval. | VEL |
| 4 | 2 | Endurskoða lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og stjórnsýslu jafnréttismála. | VEL |
| 5 | 2 | Gera heildstæða áætlun um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunartöku ráðuneyta og stofnana ríkisins og undirbúa innleiðingu. | VEL, jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna. |
| 6 | 3 | Hefja innleiðingu áætlunar um aðgerðir gegn ofbeldi samkvæmt samstarfsyfirlýsingu fjögurra ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Fullgilda Istanbúl alþjóðasáttmálann í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL, dómsmálaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið |
| 7 | 4 | Innleiðing tveggja evróputilskipana: a) Um jafna meðferð á vinnumarkaði, b) um jafna meðferð utan vinnumarkaðar á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna. | VEL |
| 8 | 4 | Innleiðing framkvæmdaáætlunar í málefnum hinsegin fólks í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. | VEL |

Jafnréttismál tengjast fleiri málaflokkum en þessum. Fjallað er um aðgerðir sem tengjast jafnréttismálum undir öðrum málaflokkum. Á það við aðgerðir s.s. hækkun greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi, aðgerðum í málefnum fatlaðra og hinsegin fólks sem og innleiðing mismunatilskipana Evrópusambandsins.

## Fjárheimildir

| 32.20 Jafnréttismál | Reikningur 2016 m.kr. | Fjárlög 2017 m.kr. | Frumvarp 2018 m.kr. | Br. frá fjárlögum % | Br. frá reikn. % |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 105,6 | 132,5 | 135,0 | 1,9 | 27,8 |
| Rekstrartilfærslur | 95,9 | 109,8 | 109,5 | -0,3 | 14,2 |
| Fjármagnstilfærslur | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| Fjárfestingarframlög | 0,0 | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Heildarútgjöld** | **201,5** | **242,3** | **244,5** | **0,9** | **21,3** |
| Rekstrartekjur | - | 21,7 | 22,2 | 2,3 | - |
| Framlag úr ríkissjóði | - | 220,6 | 222,3 | 0,8 | - |
| Viðskiptahreyfingar | - | 0,0 | 0,0 | - | - |
| **Samtals fjármögnun** | - | **242,3** | **244,5** | **0,9** | - |

